This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

ÚTSKÝRING

M TRÚ KATÓLSKU KIRKJUNNAR Í ÞEIM

RÚARATRIÐUM, ÞAR SEM ÁGREININGR ER

MILLI HENNAR OG MÓTMÆLANDA.

„Hverfið aptr til dómsins, því þessir menn hafa borið rangan vitnisburð móti henni“.
Daníel, XIII, 49.

ÚTGEFENDR:

HINIR KATÓLSKU PRESTAR Í REYKJAVÍK.

1865.

Catholic Church, Rome.

THE NEW YORK
PUBLIC LIBRARY
722903 A
ASTOR, LENOX AND
TILDEN FOUNDATIONS
R 1934 L

Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS. E. ÞÓRÐAR

FORMÁLI.

Góðir Íslendingar!

Yðr er sjálfsagt kunnug sagan um hina skírlífu Súsönnu, þessa aðdáanlegu konu, er trúuð var og hreinlíf öllum fremr. Hún kaus heldr grimman og vanvirðulegan dauða, en að láta að vilja óhlutvandra dómanda. Þessir hræsnisfullu dómendr höfðu ekki vílað fyrir sèr, að ákæra hana fyrir glæp, er þeir sjálfir höfðu skrökvað upp; þeim hafði ekki tekizt að leiða þessa afbragðskonu afvega, en þar á móti höfðu þeir verið heppnari í því að geta útvegað sèr ljúgvitni gegn henni, og það gekk áfellisdómr yfir henni, og það var rètt komið að því, að lífláta hana. Þá bað hún auðmjúklega til Drottins, og Drottinn heyrði bænir hennar og andvarpanir; og á leiðinni til aftökustaðarins kom fram ungmenni, Daníel að nafni, er kallaði hárri röddu og mælti: »Èg er saklaus af þessu blóði«. En alt fólkið snèrist að honum og sagði: «hvað er það, er þú segir»? En hann gekk mitt á meðal þeirra og mælti: »Eru Ísraelssynir svo heimskir? hafið þèr dæmt til dauða Ísraelsdóttur, án þess að rannsaka og án þess að hafa fengið vissu? *Hverfið aptr til dómsins, því þessir menn hafa borið rangan vitnisburð á móti henni*», og þèr skuluð komast að raun um, að falsvitni hafa vilt sjónir fyrir yðr.

Katólska Kirkjan, sú Kirkja, er hefir nú staðið ör*ugg og óbifanleg* upp í meir en átján aldir, trúlega og

einarðlega kennandi allan þann sannleika, er henni hafi verið af blíðum Frelsara vorum og guðlegum Brúðgum sínum, Jesú Kristi, á hendr falinn, hún, er hefir jafnan verið skír og hrein öllum fremr, og trúföst við Stofnan sinn og sannleika hans, hún, er hefir þrátt fyrir ofsóknir harðstjóranna og ákafa trúarvillumanna farið sinn veg með trausti og drengskap, hvílandi, sem hún er, á örmum Drottins, hún er þessi aðdáanlega Súsanna, er hlutdrægir og ranglátir dómendr hafa dæmt og dæma dauðaseka og vilja til líflátsdraga. En vitnisburðrinn er falsk og vitnunum kemr ekki saman í vitnisburði sínum.

Katólska Kirkjan, sú Kirkja, er hefir gjört að kristnum allar þær þjóðir undir sólinni, er þekt hafa eða enn þekkja Frelsara vorn; sú Kirkja, ó góðir Íslendingar, er leiddi feðr yðar úr flokki heiðinna manna, er ekki þektu sannan Guð; hún, er flutti þeim »*hreinan og ó meingaðan*« lærdóm, og leiddi þá til ákjósanlegrar siðferðisbetrunar, hún hefir nú í mein en þrjú hundruð á verið ámæli undirorpin og kenning hennar verið ómaklega afbökuð og rangfærð. En það er þessi kenning sem, þá er hún er skoðuð í öllum sínum einfaldleika og hátign, er í öllum greinum í fullri samkvæmni við hi Ritningu og heilbrigða skynsemi kristinna manna. Ó vinir hennar finna til þess með sjálfum sèr, að þeir get engu áorkað gegn henni, þá er þeir taka hana eins og hún er í sjálfri sèr, og þeir hafa því tekið það til bragðs að bera henni á brýn ýmsar kenningar, er hún sjálf hefi viðbjóð á, og ýmsar hègiljur og vitleysur, er hverg heima eiga, nema að eins í illvilja þeirra og blindu hatri þeir gjöra að athlægi tíðagjörðir þessarar Kirkju og bænahald hennar, er svo vel eru löguð eptir anda náð*arboðskaparins og* fullkomlega samkvæm þörfum krist

inna hjartna. Kennimannsstètt hennar draga þeir niðr í saurinn og bera henni á brýn allskonar lesti, enda hina örgustu; og hafi einhverjir þeir fundizt á þeim átján öldum, er nú eru liðnar frá upptökum Kirkjunnar, er gjört hafi sinni helgu köllun vanvirðu með hegðun sinni, þá hafa menn ekki horft í að ýkja tölu þessara manna, og að bera það upp á alla, er að eins einstakir voru valdir að, og gjört þannig úlfalda úr mýflugu. Menn grafa nú upp og bera katólsku Kirkjunni á ný á brýn allar þær hègiljur og dáraskap, og allar þær óvenjur og vitleysur, er heiðnir menn á fyrri öldum gáfu henni að sök og eignuðu henni. Eg gæti orðið margorðr um þetta sorglega efni, og það er langt frá mèr að fara með nokkrar ýkjur; en eru margir hèr á landi, er ekki hafa alt hingað til látið sèr telja trú um það, og ekki hafa haft þá hugmynd um játendr katólsu Kirkjunnar, að þeir trúi að eins á Guð og á Maríu, en ekki á Jesú Krist? að þeir tilbiðji Helga menn og Páfann? að katólskir prestar selji mönnum fyrir fè fyrirgefningu syndanna? að þeir banni mönnum aðgang að Guðs orði og jafnvel hafi enga þýðingu h. Ritningar á þjóðmálunum[1], og margt annað þesshättar?

---

1) Það er það, sem menn heyra að einlægt er verið að ítreka, og menn lesa í „Æfisögu Lúters“ eptir J. Árnason (bls. 7): „Andlegrar stèttar menn (hjá Katólskum fyrir daga Lúters) leituðust þá við af ásettu ráði að halda Ritningunni leyndri fyrir alþýðu, svo að hún gæti ekki komizt að, hversu kenningar Páfatrúarmanna voru fráleitar hennî“. En þó er það auðsætt fyrir þá menn, er hafa kynt sèr einhverja ögn í sögunni, að þessi ummæli eru eigi til annars en til að slá upp í augun á alþýðu. Allir vita, að prentverkið *var fundið upp mjög* litlu fyrir miðju 15. aldar (vèr tölum

Góðir Íslendíngar! Eg leyfi mèr að ávarpa yðr nafni Drottins vors og Frelsara, fyrir hvers orði þèr bei ið virðingu, í nafni sannleikans, hvers þèr leitið rækileg og með alúð, í nafni svo margra yðar ágætustu forfeðr og landsmanna, hinna góðu byskupa Ísleifs Gissurarsona Gissurar Ísleifssonar, Þorláks Runólfssonar, Magnúss Einarssonar, Jóns Ögmundssonar, Ketils Þorsteinssona Bjarnar Gilssonar og fleiri annara, er, með því að leggj alt sitt fram og með því að gefa sig alla við sinni háleit köllun, komu algjörlega á kristni hèr í landi, fengu henr fastan fót, og komu því til leiðar, að trúarbrögðin vor hrein, og siðferðið gott öllum vonum framar, eins o einn af yðar ágætustu sagnariturum, er vissulega er lang frá því að vera vilhallr Katólskum, kemst að orði[1].

---

hèr að eins um það, er gjörzt hefir síðan prentverkið var uppfundið en þegar siðabótin byrjaði, höfðu hinir katólsku andlegrar stèttar men gjört meira en 20 útleggingar af hinum h. Bókum á nærri öllu tungum, er þá voru talaðar í katólskum löndum. Svo að vèr töl um fram að eins nokkrar af þeim, þá voru fyrir daga Lúters þýðingar á þýzku, alls í 12 útgáfum; 3 þýðingar á ítölsku í mörg um útgáfum; 4 þýðingar á gotnesku og frönsku í fjölda af útgá um; 2 þýðingar á belgisku í fleirum útgáfum; 4 þýðing á böhmisku, o. s. frv. Ef nokkur kynni að vilja þekkja aðr þýðingar á næstum því öllum þjóðmálum heimsins, í fleirum ú gáfum, í sjálfri Rómaborg, þá má sjá „Bibliotheca Sacra“ ept Lelong, Bokmer, Leipzig, 1709, og „Lorð Shrewbury's letter to Lo Bexley“, note appended, p. 90. Sjá „Controversial Catechism“ l Keenan c. XXXIII. Svona hafa þá andlegrar stèttar menn hjá Ka ólskum, fyrir daga Lúters, „leitazt við AF ÁSETTU RÁÐI að hal Ritningunni LEYNDRI fyrir alþýðu“!!!

1) Finnr byskup fer þessum orðum um ástand kristindómsins *Íslandi, þegar þeir* byskupar sátu að stóli, er vèr höfum hèr nefn

nafni allra þeirra ávarpa eg yðr og segi: *Hverfið aptr til dómsins*[1], og þèr skuluð komast að raun um, að *falsvitni hafa vilt sjónir fyrir yðr.* Já, hverfið aptr til dómsins, en með hreinan og einlægan huga, og í þeim tilgangi að leita sannleikans í öllu í augliti Drottins; hverfið aptr, litizt um og rannsakið, en rannsakið með alvörugefni og ýtarlega, hlutdrægnislaust og með jöfnu geði fyrir augliti Drottins og samvizku yðar, rannsakið, segi eg, hina sönnu og hreinu kenningu katólsku Kirkjunnar, þessarar Móðurkirkju, er ranglátir dómendr hafa slitið yðr frá með falsvitnum og valdi; hverfið aptr til dómsins með þessum tilfinningum innan brjósts, og þèr munuð komast til þeirrar viðrkenningar, að lærdómr vor er hinn sami á þessum tíma, sem hann hefir jafnan verið alt frá dögum Postulanna, sá sami, sem hann var, þá er hann var viðtekinn á Íslandi, og hann var þá eptir vitnisburði byskups Finns Jónssonar »hreinn og ómeingaðr»; hinn sami, sem hann var, þá er hann snèri feðrum yðar og

---

Res ecclesiasticae tam doctrinae puritate, quam morum innocentia ultra spem floruisse videntur. Per. 2, sec. 1., cap. 1. § 3.

1) Og fylgið í því dæmi mjög margra hinna lærðustu og merkustu og æðstu embættismanna, bæði lærðra og leikmanna, í öllum prótestantiskum löndum, er hafa horfið aptr og hverfa aptr til dómsins og komizt að raun um, að falsvitni höfðu vilt sjónir fyrir þeim, og með Guðs hjálp snèru sèr og snúa sèr aptr til móðurkirkjunnar hinnar katólsku. Í Englandi, Þýzkalandi, Svisslandi og hinum prótestantisku löndum í Ameríku hafa menn sèð og sjá mikinn fjölda manna, sem voru og eru hinir lofsverðustu sakir dygða sinna og kunnáttu, og sem, eptir vitnisburði sjálfra trúarbræðra þeirra, voru ljós og sómi trúarflokka sinna, menn hafa sèð og sjá, segi eg, þá vera svo veglynda að aðhyllast sannleikann í hinni gömlu og miklu katólsku Kirkju.

leiddi þá úr heiðnum sið, og til þess siðferðisástands er að óskum var. Að vísu veit eg það, að yðr hvorki er nè hefir verið kent á þessa leið, en eg vil spyrja hvern yðar, er vill heyra rödd samvizkunnar og skynseminnar og veit, hvað hèr er um að ræða, hjá hverjum eiga menn að læra það, hver að sè kenning vor? Eiga menn að læra það hjá fjandmönnum hennar? Er það hjá þeim er ekki þekkja hana nema að eins af því, er ritað hefir verið gegn henni? Eiga menn að leita þessarar þekkingar í þeim afbökunum, er fjandmenn vorir svo ómaklega hafa lagt inn í kenningu katólsku Kirkjunnar, í því skyni að gjöra hana óvinsæla? Er það ekki miklu fremr hjá oss er höfum, að eg svo að orði kveði, inn drukkið frá barnæsku hina helgu lærdóma hennar, og höfum varið gjörvöllu lífi voru til þess að komast niðr í, og til þess að hugsa út í þessa lærdóma, er vèr höfum um hönd á hverjum degi og á hverri stundu, og kennum almenningi?

Það er þá með fullu trausti, að eg ávarpa yðr með þessum orðum: »Góðir Íslendingar, *hverfið aptr til dóms-ins,* því *þessir menn hafa borið rangan vitnisburð í móti katólsku Kirkjunni*». Eg skal útlista fyrir yðr hina katólsku kenningu, hina sömu, er kemr frá Postulunum og geymd hefir verið og varðveitt frá einni öld til annarar fyrir aðstoð H. Anda, hina sömu, er innihelzt og framsett er í ritum Postulanna og þeirra helgu Kirkjufeðra á öllum öldum kristninnar, þá sömu, er allar katólskar þjóðir hafa þann dag í dag enn þá um hönd, þá sömu, er finst í öllum bókum, er útbreiddar eru um víða veröld; enda gefr það öllum að skilja, að vèr getum ekki framsett þessa kenningu öðruvís en hún er í raun og rèttri veru.

Í þessu riti voru höfum vèr orðið að útlista þau *aðalatriði í trú* vorri, er einkum hafa orðið fyrir aðkasti

g mótmælum. Það er nefnilega alkunnigt, að fyrir
im árum er komin út bók hèr á landi, er, undir því
firskyni, að hún ætli sèr að bera saman kenningar kat-
lsku og prótestantisku trúarinnar, frá upphafi til enda
kki er annað en kærurit gegn katólsku Kirkjunni. Þessi
ók hefir, þá er á alt er litið (og það verðr hver maðr,
r hefir lesið hana, að játa), ekki mikið til síns ágætis;
ví hún er í rauninni ekki annað en upptekning og ó-
kipulegr samtíningr af öllu því, er hefir verið ritað gegn
atólsku Kirkjunni, og því höfum vèr orðið nokkuð ýtar-
egar en ella að fara, í útlistun vorri, orðum um þær aðal-
nótbárur og mótmæli, er í bók þessari koma fram gegn
ærdómi vorum og kenningu. Það er auðsætt, að þétta
it vort ekki er ákærurit, heldr leiðrètting, ekki heldr
öksemdaleiðsla, heldr útskýring. Vèr höfum orðið á
umum stöðum að fara út í æsar, til þess að geta rekið
ær mótbárur, er ella mundu hafa orðið rèttum skiln-
ngi á kenningu vorri til fyrirstöðu; en vèr höfum við
aft alla þá stillingu og hógværð, er oss var unt. Þeir,
r lesa þetta rit, geta getið því nærri, að vèr munum
pt hafa orðið að ganga frá sjálfum oss, til þess að láta
kki koma fram meir, en góðu hófi gegndi, þá alt of
naklegu og eðlilegu þykkju, er hlaut að vakna hjá oss,
r vèr sáum svo mikla vankunnáttu, er sameinuð var svo
niklum sjálfbirgingskap, svo mikla óeinlægni, er sam-
ara var svo milku þori. Eg vona, að eg, með Guðs hjálp,
afi getað komizt hjá öllu því, er meitt gæti eða móðgað
nína fráskildu bræðr, er hafa skipað sèr gegn oss í mót-
stöðumannaröð, og gjöra sèr, sem slíkir, eptir að þeir
istæðulaust hafa sagt sig úr félagskap við oss, alt af far
im, að afmynda og afbaka kenningu vora, til þess að
inna fráhvarfi þeirra einhverja rèttlætingu. Það, er eg

hefi sagt, það hefi eg sagt þykkju- og reiðilaust, og Guð er þess vitni, að vèr biðjum af öllu hjarta fyrir þeim, er hallmæla oss, og árnum þeim hjá Guði alls þess góðs, er vèr árnum sjálfum oss, eins og blíðr Frelsari vor kendi oss þá er hann sagði: »Eg bý'ð, að þèr elskið óvini yðar, blessið þá, er yðr bölva, gjörið þeim gott, er hata yðr, og biðjið fyrir þeim, er rógbera yðr og ofsækja[1]«.

Höfundrinn að »Sam.« segir bls. 32: »Katólskir »menn voru settir (af prótestantiskum ágreiningsguðfræð»ingum) í röð með Gyðingum og Tyrkjum, heiðingjum »og guðleysingjum, og menn (o: Prótestantar) vildu eng»an sannleika játa hjá öðrum, ef þeim kom ekki saman »við trúarjátningu Prótestanta. *Þessi ósannyrmi vilti »mjög sjónir fyrir mönnum, og gjörði þá óhæfilega til »að meta meiningar annara rèttvíslega*«. Og þetta á sèr enn þá stað, og sjálfr höfundrinn að »Sam.«, þó hann dæmi það rangt hjá öðrum, notar sömu aðferð að miklu leyti víða í bók sinni, svo viltar sè sjónir fyrir mönnum hèr á landi, og Íslendingar gjörðir óhæfilegir til að meta meiningar katólskra manna rèttvíslega. En lesarinn mun komast að raun um, að í þessu voru riti ekki finnast nein slík meiðandi orð eða ummæli um vera fráskildu bræðr, er koma fyrir svo að kalla á hverju blaði í »Sam.«, ummæli, er að því, er oss virðist, ekkert sanna annað en það, að þeir, er viðhafa þau ástæðulaust og ekki fyrirverða sig að því, ekki búa yfir hreinum huga, og að öðru leyti stendr það stöðugt, að sannleikrinn þarf ekki á slíkum vopnum eða vörn að halda.

En yfir alt fram og einkanlega biðjum vèr þá Ís-

1) *Matt. V, 44.*

lendinga, er alvara býr í brjósti, og lesa þetta rit vort með því hugarfari, sem vèr höfum haft, er vèr sömdum það, og vilja hafa eitthvert gagn af að lesa það, vèr biðjum þá innilega, að þeir lesi ekki þetta rit vort, fyrr en þeir eru búnir að biðja Guð af öllu hjarta um, að hann leiði þá í allan sannleika, fyrr en þeir eru búnir að biðja hann með einlægni og auðmýkt, að hann af ríkdómi náðar sinnar gefi þeim sitt ljós til að skilja það, er satt er, og styrk sinn til að elska og játa það.

Vèr tökum það fram fyrir lesendr vora, að allar þær tilvitnanir, er vèr höfum tilgreint úr ritum hinna h. Kirkjufeðra, er lifðu á þeim fyrstu öldum kristninnar, standa í því safni af ritum Kirkjufeðranna, er eign er prestaskólans í Reykjavík, og þeir, er skilja latínu og grísku, geta borið oss vitni um, að þetta sè rètt hermt.

Í greinum h. Ritningar höfum vèr fylgt frumritinu, eðr og einhverri íslenzkri útgáfu, þegar enginn eðlilegr mismunr sýndist vera milli hennar og frumritsins.

Hvað málið á ritgjörð þessari snertir, vona eg, að góðfýsi lesarans ekki taki hart á því. það má nærri geta, að eg, sem útlendr maðr, opt muni hafa átt örðugt með að koma orðum að hugsunum mínum, og það sèr í lagi að einstökum guðfræðislegum orðatiltækjum á íslenzku, en eg vona, að mèr hafi þó tekizt að gjöra mig nokkurn veginn skiljanlegan fyrir lesöndum mínum, og get eg þá þakkað það velvildarsamri aðstoð nokkurra hèrlendra og heiðraðra góðvina minna, er eg í því skyni votta mína þakklátu viðrkenningu.

Að lyktum óska eg, kæru lesendr, til Guðs af öllu

hjarta mínu, að hann veiti yðr sína blessun, og gefi y hreint hjarta, er dýrki sannleikann og leiti hans yfir á hluti fram, og fylgi honum, hvað sem við liggr.

Athugasemd. Til vísbendingar fyrir lesara getum vèr þess, að, þá er vèr vitnum til höfundar »Sa anburdar«, höfum vèr ýmist táknað bók hans með bó stafnum: S., ýmist með bókstöfunum: Sam., eða: Sa anb., en tilgreint um leið blaðsíðutöluna.

Reykjavík 16. júním. 1865.

YFIRLIT EFNISINS.

I. Þáttr.

Bls.

Um grundvallarkenningu katólsku Kirkjunnar .... 1.

1. Kapítuli.

Um Kirkjuna ..... 1.

1. grein.

Um stofnun Kirkjunnar ..... 8.

1. atriði. Efnið, sem valið var til stofnunar Kirkjunnar ..... 12.

2. atriði. Lögun Kirkjunnar eða fyrirkomulag hennar 26.

3. atriði. Innblástr og líf Kirkjunnar ..... 48.

2. grein.

Um Skoðun hinna fyrstu alda Kristninnar á Kirkjunni 71.

1. atriði. Hinir elztu kirkjufeðr hafa viðrkent alment æðra vald Páfanna ..... 80.

2. atriði. Þeir fjórir fyrstu almennu Kirkjufundir hafa viðrkent æðra vald Páfanna ..... 96.

3. atriði. Kirkjusöguritarar hinna fyrstu alda viðrkenna yfirveldi Páfanna ..... 102.

2. Kapítuli.

Um reglu trúarinnar, eða um h. Ritningu og Traditíónina ..... 108.

1. grein.

Um Traditíónina og um samband hennar við h. Ritningu ..... 116.

Bls.

2. grein.

Um útskýring á reglu trúarinnar ..... 130.

II. Þáttr.

Um kenningar katólsku Kirkjunnar sèr í lagi .... 149.

1. Kapituli.

Um andlega lífið ..... 150.

1. grein.

Um mannsins upphaflega ástand og fráfall hans 150.

2. grein.

Um rèttlætinguna ..... 157.

3. grein.

Um verðleik verkanna ..... 161.

4. grein.

Um fullnægjugjörðir og aflát ..... 167.

2. Kapituli.

Um þau meðöl, sem veita, efla og varðveita andlega lífið, eða um Sakramentin ..... 174.

1. grein.

Um Skírnina ..... 183.

2. grein.

Um staðfestinguna ..... 184.

3. grein.

Um h. Kvöldmáltíð ..... 186.

1. atriði. Um verulega nærveru Jesú Krists í h. Kvöldmáltíð og um eðlisbreytinguna 187.

2. atriði. Um h. Messufórn ..... 195.

3. atriði. Um nautn hinnar h. Kvöldmáltíðar í hvorritveggja mynd ..... 203.

4. grein.

Um Skripta-Sakramentið ..... 209.

Bls

5. grein.

Um hina síðustu Smurningu 217

6. grein.

Um Vígslu - Sakramentið 219

7. grein.

Um Hjónabandið 221

III. Þáttr.

Um dýrkunarlærdóm katólsku Kirkjunnar 227

1. Kapituli.

Um Guðsþjónustuna 227

2. Kapituli.

Um Helga menn 242

1. grein.

Um tignun og áköllun Helgra manna 242

2. grein.

Um Myndir og Helga dóma 251

Eptirmáli 256

LEIÐRÉTTINGAR:

1	ofanmáls.	Fyrsti les:	Fyrri
	Og þannig á að lesa á hinum eptirfylgjandi blaðsíðum.		
1_{16}	þetta	les:	En þetta
9_{13}	sem er	—	er, sem
9_{15}	sinna	—	hennar
9_{18}	sinn	—	hennar
11_{3}	En vorn	—	Enn voru
11_{4}	menn?	—	menn.
36_{19}	„syndirnar“ falli burt.		
38_{6}	því seinna hefir Jesús Kristr	—	Jesús Kristr hefir því seinna
39_{29}	Epíkúríusar	—	Epíkúrusar
50_{10}	hennar	—	hans
68_{18}	tollheimtumönnum. Það leiðir	les:	tollheimtumönnum, leiðir það
69_{7}	er	—	(er
69_{10}	sína. Í	—	sína), í. „þeirri“ falli burt.
108_{10}	Annar	—	Síðari
	Sömuleiðis á að lesa „Síðari“ fyrir „Annar“ á hinum eptirfylgjandi blaðsíðum ofanmáls.		
108_{24}	bætist við: 1. Tim. III, 15.		
141_{18}	bætist við: og er auðsèð, að það er ónóg.		
175_{30}	hlessun-	les:	blessun-
230_{5}	sama	—	hinum sanna
236_{12}	sama	—	sanna

Fáeinar aðrar prentvillur, er eigi raska meiningunni, höfum vèr eigi kært oss um að tilfæra.

Fyrsti þáttr.

Um grundvallarkenningu katólsku kirkjunnar.

FYRSTI KAPÍTULI.

Um kirkjuna

Endrlausnarverk mannkynsins var fullkomnað, heimrinn var friðþægðr við skapara sinn, nýtt siðferðislegt líf var áunnið mannkyninu, uppsprettu hreinsunar og helgunar var upp lokið, er renna skyldi því í skaut, og miskunnsemi og rèttlæti Guðs höfðu komið sèr saman um sáluhjálp mannanna.

Hvílíkt undr máttar og ástar hafði þurft, til þess er hèr var komið! Öll einkenni Guðdómsíns höfðu lýst sèr í þessu mikla verki, og krossinn Jesú Krists, sem hafði verið skoðunarsviðið, þar sem þetta kom fram, hafð sèð blóðið renna af undum Drottins.

Þetta mikla kraptaverk var enn hulinn leyndardómr hjá hinum þrem persónum Guðdómsins; öll jörðin var ókunnug lausn sinni, og þó gat þessi endrlausn ekki orðið veruleg eðr ávaxtarsöm fyrir hana, nema hún fengi hluttekning í þessum leyndardómi, er lauk upp fyrir henni dyrum hjálpræðisins. Testamentinu, er kallaði mannkynið til hinnar himnesku arfleifðar, var lokað, það þurfti að brjóta upp innsigli þess, út breiða það og útlista, láta heiminn meðtaka það og færa sèr ávexti þess í *nyt.*

Þetta var yfirnáttúrlegt verk alt eins og endrlau arverkið hafði verið; en án þessa verks varð þó er lausnin sjálf árangrslaus. Guðdómrinn hafði ekki st nema eitt fet, ef svo má að orði kveða; annað var e sem hann einn gat gjört; því það var eigi minni m á regluleysi manneðlisins og lærdómi krossins, held á milli krossins og náttúru Drottins, sem á honum h lífið látið.

Sjáið þá þessa kenningu svo leyndardómsfulla, fráfælandi, svo vitlausa í fyrsta áliti, og svo hryllilega í manneðlið! Og þó á nú að draga mannkynið til her og laða það að henni. Það á að sannfæra um hana þ heim, sem hefir dýrkað sem guði allar þær girndir hún krossfestir; það á að flytja hana frá aftökustaði í hallir keisaranna; það á að greiða henni jafnan inn í höfuð heimspekingsins og barnsins, inn í hj herrans og þrælsins, inn í hina lèttúðarfullu Cori borg og eyðiskóga villuþjóðanna, til Gyðinga og til h ingja; það á í einu orði að fá allar mannlegar veru að taka trúna án greinarmunar. Geta menn skilið, slíkt fyrirtæki geti fengið framgang? Takið hina földustu hugsun, hina lèttustu skyldu og reynið til innræta hana jafnfastlega í hug og hjarta fáum mö um! Yðr tekst það ekki. Andi mannsins er svo gómlegr, svo hvikull, hneigist svo mjög að því sem sèrstaklegt, og er svo óvinveittr allri yfirdrottnun; hj hans er svo breytingagjarnt, svo fult af sjálfu sèr, þèr getið eigi náð yfirráðum yfir því. Hvað mun verða um fjölmarga sannleika og fjölmargar skyldur koma fram sem hjáræna og harðindi? Hvað ætli verði, þegar á jafnfastlega að innræta slíka lærdóma *fáum útvöldum* lærisveinum, heldr öllum mönnum

greinarmunar, eins og þeir koma fyrir, vitrir eða fávísir, vegstórir eða lítilfjörlegir, mentaðir eða ómentaðir? Hvílík næring fyrir sundrlyndi, hjátrú og ofsóknir! Hve margar kenningar munu eigi spretta af þessari kenningu, hve mörg guðspjöll munu verða sniðin eptir þessu eina Guðspjalli handa venjunni og til hæginda fyrir hverja girnd, hvern hleypidóm? Hve margar villur, hversu mörg heimskupör, hvílíkr fjöldi fráskilinna trúarflokka! Hvar verðr hina sönnu kenningu að finna á þessum ólgusjó andmælanna? Hver mun gæta forða hennar, og á hverjum einkennum munu menn þekkja hana. Hver einkenni yfirvalds og hver sannfæringarmeðöl mun hún hafa öðlazt til þess að bera hærra hlut, til að sameina aptr sálir mannanna, og til að láta sig þekkjast hvervetna ljóslega og öfluglega, þá er hugsanirnar eru algjörlega á ringulreið, eins og ólgusjór, og girndirnar gangast að í æðislegri orustu? Hugrinn hörfar undan þessum óskapnaði, og getr eigi fundið annað að styðjast við, en að kristin kenning, ofrseld þannig hinum sundrlimandi áhrifum mannlegs anda, hefði vissulega hvorfið, að það hefði að öllum líkindum eigi fundizt tveir menn, sem hefði getað komið sèr saman um hana, og að, ef til vill, alls enginn hefði þorað að takast á hendr að flytja hana.

Og þó höfum vèr ekki enn nema að hálfu leyti bent á þá örðugleika, er trúnni voru til tálmanar, því það átti eigi einungis að flytja fagnaðarboðskapinn öllum mönnum, er á jörðunni bjuggu á dögum Jesú Krists, heldr öllum kynþáttum, er þar kæmi hver eptir annan alt til aldaloka, hversu sundrleitir sem væri siðir þeirra og uppfræðing, stjórnarskipanir þeirra, mentir og þarfir. Það var alt fram á vora daga, er lifum á 19. öld, og *sem erum svo ólíkir þeim* ættliðum, sem undan oss eru

komnir, að íþróttum, vísindum og iðnaði, að hinu taur lausa hugarflugi og takmarkalausa ákafa. Það var alt þeirra manna, sem eptir oss koma um millíónir ár sem það, ef til vill, verðr veitt að sjá nýja jörð og ný himna, að þessi lærdómr átti að flytjast og halda áfram brjótast í gegnum svo margar byltingar og breytinga nýjungar og aldahrun, og halda sèr einn ósnertr, ein óbeygjanlegr, einn nægilegr og ónumbreytanlegr mitt þessum straumi, sem alt hrífr með sèr.

Vèr ályktum þá með fullkominni vissu, að ef þa þurfti Guð til að skapa heiminn, Guð til að endrleys hann, þá þurfti líka Guð til að snúa honum til trúar innar og helga hann.

Hinar þrjár persónur Guðdómsins, óaðgreinanleg sameinaðar í einni og sömu veru, hafa án efa ver samhuga í allri stjórn hins siðferðislega heims. Ó það er hinn sami Guð, hinn eini og aleini Guð, se hefir skapað oss, endrkeypt og helgað, en til þe að birtast því áþreifanlegar mannlegu eðli, hefir þei þóknazt að birtast hver eptir aðra á sèrstaklegan hátt þrem verkum, sem eru, eins og þær, aðgreind í fram komu sinni, og reyndar ein og hin sömu í eðli sín Faðirinn hefir auðsýnt máttinn í sköpuninni, sonrin miskunnsemina í endrlausninni; Heilögum Anda var þ ætlað, að treysta og fullgjöra sáluhjálp vora í hinni mik frumstofnan Kirkjunnar, Kirkjunnar, sem er meðalgan ari milli vor og Jesú Krists, eins og Jesús Kristr meðalgangari milli hennar og Guðs, og sem algjö þannig eining vora og helgun í Guði samkvæmt þessu fögru orðum, er hinn h. Páll ávarpar hana með: »A er yðar, þèr eruð Jesú Krists, og Jesú *Kristr er Guðs*«.

Guðdómrinn auglýsir sig að vísu eigi með ómótstæðilegum vitnisburði í þessum þrem verkum, og því eru til guðleysingjar, er ekki sjá Guð í náttúrunni, eingyðismenn[1], er ekki sjá Guð í Jesú Kristi, og að síðustu trúvillingar, er ekki sjá Guð í Kirkjunni; en guðleg speki vildi þetta þannig, til þess að reyna vilja vorn og prófa trú vora, og æfa hana með leyndardóminum, og neyða oss með því til að snúa oss frá hlutum holdsins og tímans, til að leiða oss til andlegra hluta og eilífðarinnar; því þegar sálin hefir þannig losað sig með sínum tilverknaði úr hinni þykku þoku, er hylr fyrir henni sjón Guðs, finnr hún hann smámsaman og gjörist gagntekin af tilfinningunni um nærveru hans, alt þar til er hún ekki fær skilið í, að svo blindaðar sálir skuli vera til, að þær sjái hann ekki.

Fyrir þá sömu sök, gætið þess vel, er þessi nærvera Guðdómsins í fyrstunni meir hulin og heimtar trú, sem er því gaumgæfilegri, sem stig fullkomnunar þeirrar, er hún kallar oss til, er æðra! Þar af leiðir, að tilgangr trúarinnar á Guð, á Jesúm Krist og á Kirkjuna, er hefir í för með sèr skyldur, sem smámsaman verða þrengri og þrengri, verðr meir og meir hulinn, og að svo virðist sem torveldara sè, að trúa á Kirkjuna en Jesúm Krist, og á Jesúm Krist heldr en Guð! En þessi trú verðr og, þegar henni er fylgt til enda, að þeirri skilningslind, er frjóvgar allar aðrar sannfæringar vorar, og gefr þeim þá undirstöðu, er þær vantaði jafnvel um hin órækustu sannindi. Til þess að trúa vel, verða menn að trúa öllu[2], og ef til samans tekið meira er af

1) Það eru þeir menn, sem eigi trúa á þrenninguna, en að einungis ein persóna sè í Guði. 2) Það er að skilja: innan takmarka hinnar *sönnu trúar.*

villumönnum en eingyðismönnum, meira af Krists endum en guðleysingjum, geta menn sèð, að afl innar er í öfugu hlutfalli við tölulegt hlutfall áhan hennar, og að, ef satt skal segja, það eru ekki katólskir, sem hafa styrkva trú.

Í þessu er alt vel sjálfu sèr samkvæmt, og spaklega skipað: »Trúin er svo mikilvægr hlutr, »Pascal, að það er rèttlátlegt, að þeir, sem ekk »hafa fyrir að leita hennar, ef hún er óljós, sè »henni. Menn hefði ekki ástæðu til að kvarta, »hún væri svo, að menn ekki gæti fundið hana, þó »leituðu hennar. En nú er þessu eigi svo varið, »Guð hefir sett merkjanleg einkenni í Kirkjunni, »gjöra hana kunna öllum þeim, er leita hennar »hreinum hug; og þó hefir hann engu að síðr »kennimerki þessi, svo að hann verðr eigi öðrum »en þeim, sem leita Kirkjunnar af öllu hjarta. E »hagsmuni geta þá trúarleysingjarnir dregið sèr af þ »þegar þeir í hirðuleysi því, er þeir sj »kveða sig við hafa, í því að leita sannleikans, »upp, að ekkert sýni sèr hann, fyrst að þessi di »sem þeir eru í, og sem þeir bregða Kirkjunn »gjörir ekki annað en að staðfesta það, sem Kirkj »sagt hafa, án þess að snerta hitt, og því fer svo »að dimma þessi steypi kenningunni, að hún þ »móti staðfestir hana»[1].

Drottinn hefir sannarlega sett merkjanleg ein í Kirkju sinni, til þess að láta þá þekkja sig, sem hans. Þeir sem líta svo á hana, að þeir um lei annars hugar, eða áðr hafa fengið óvild á henni, s

1) Pascal: Pensées. Pascal (Blaise) nafnfrægr frakkneskr *undr † 1662.*

eigi annað en mannlega stofnan, er reist sè á trúarákafa, og styðjist við stjórnkænsku, og hafi eigi nema ímyndað vald yfir sálum mannanna, þeir sem eigi líta á annað, þar sem um hana er að gjöra, en veikleika hennar, og bíða eptir því, að hún út af slokni. En þeir, sem líta á hana einföldu auga og uppfræddu í sönnum vísindum, sem hefir við þessa rannsókn hina háu óhlutdrægni, hina skynsamlegu alvöru, sem þetta átján hundruð ára verk útheimtir, er Nero[1] og Diocletianus[2] hafa spjótum stungið, og sem lifir þó enn og lyptir sínu helga höfði yfir rústir hundraða ýmislegra ríkja, er hörðust um stund móti því, og nú liggja öll við fætur þess, þeir, segi eg, finna þar, gegnum hulu mannlegra tilviljana, viðburð, sem er yfirnáttúrlegr í grundvelli sínum, fyrirtæki, sem er svo vel stofnað og svo vel framhaldið í byrjun sinni og framkvæmd, og í öllum afleiðingum sínum alt fram á vora daga og í öllum fyrirburðum í hinum ókomna tíma, að menn verða þar að viðrkenna guðlega speki og guðlegt vald.

Hèr kemr nú fyrir oss sú nauðsyn að skipta rannsóknum vorum, sökum þess, hve málið er umfangsmikið. Til þess að vera trúir fyrirætlan vorri, verðum vèr nú sem stendr að binda oss við að rannsaka hina innri tilhögun Kirkjunnar til þess að skoða hana frá rótum sínum sem stofnun. Vèr verðum einnig að gefa oss undir taumhald rèttrar aðferðar, og kunna að laga í hendi oss svo mikilfenglegt umtalsefni, ef vèr eigum að

1) Nero (Cajus Claudius), Rómverjakeisari, kom til ríkis ár. 54 e. Kr. Hann ofsótti kristna menn með óheyrilegri grimd. — 2) Diocletianus (Cajus Valerius) varð Rómverja keisari ár. 284; undir hans stjórn geisaði hin ákafasta ofsókn, meiri og grimmari en allar hinar fyrri.

fá vel yfir það tekið. Þetta er hinn eini vegr til að
alt, til að rannsaka alt til hlítar. Katólska Kirkjan
ekki nema einn hlut, og það er að vera iðkuð.
tímar, þegar menn hafa haft mest á móti henni,
verið þeir, þegar menn hafa þekt minst til hennar.
er ekkert nema orðagjálfr og háðglósur, hlutir sem
ert sanna, er hafa vakið fordóma gegn henni. En
mitt þetta á að vera fyrir katólsku Kirkjuna hjá öl
alvörugefnum mönnum hinn sterkasti og rèttasti af
um fordómum, fordómr, sem ekki er lengi að brey
í vissu, þegar menn vilja rannsaka hana nákvæmleg
rótum sínum með hinni þolinmóðu ást á sannleikan
sem er hið fyrsta skilyrði fyrir rannsókn hans, eins
hún veitir manni hinn fyrsta rètt til að eignast hann

1. grein.
Um stofnun Kirkjunnar.

Hvað er Kirkjan?

Kirkjan er heild, er kennir hverju trúa skuli, sk
fyrir, hvað gjöra skuli, veitir andleg hjálparmeðöl og
argjafir, oss til siðferðislegrar endrfæðingar í Jesú Kr
og skipar sjálfri sèr með lögum síns eiginn aga[1].

---

1) Eg álít nauðsynlegt hèr að athuga, að Kirkjan í þeirr
skýringu, sem hèr er gefin, er að eins skoðuð sem sýnilegt fèla
þetta er gjört með vilja, af því það er einmitt það efni, ser
ágreiningsefni milli Katólskra og Prótestanta. Þar sem þeim „
yfir höfuð saman í hinni yfirgripsmestu þýðingu á Kirkju, að
sè samfèlag trúaðra, sem tengjast sín á milli andl
trúareiningu, og lýsa henni á ytri hátt í trúarjátnin
(S. 37), og því getum vèr eigi skilið, að menn geti borið oss á
að vèr „steypum saman því ytra og því innra, gjörum það an
líkamlegt, það ósýnilega sýnilegt. það mannlega guðlegt“ (S. 4

Stærð umdæmis hennar er heimrinn, varanlegleiki hennar tíminn sjálfr.

Í henni eru Páfinn, sem er hennar æðsti forráðamaðr, samkunda kardínálanna, sem eru kjörhöfðingjar hennar, byskuparnir, sem eru yfirstjórnendr í skattlöndum kirkjunnar, prestarnir, sem beinlínis eru afhendingarmenn trúarinnar til hinna trúuðu, og hinir trúuðu sjálfir, sem fyrir trú sína hafa þátt í öllum atriðum rúms og tíma, í þeirri yfirvaldseiningu, sem innifelst í Páfadóminum.

Framkvæmdarvald Kirkjunnar er einkum hjá Páfanum, sem hefir í sèr sameinaða uppsprettulind alls valds í trúarefnum, og sem er hinn æðsti yfirhöfðingi Kirkjunnar, í hinu nánasta sambandi við hana, mitt á meðal allra preláta sinna og lærifeðra, og eins og framkvæmdarmaðr þeirra dóma, er sameiginlega hafa verið upp kveðnir eða samþyktir, hefir meðvitund um óbrigðulleika sinn. Þessi óbrigðulleiki á þannig heima hjá hirðurunum sameinuðum við yfirhirði sinn Páfann, hvort sem byskuparnir koma saman á almennan fund, og að Páfinn samþykkir úrskurði þessa fundar, það er það, sem menn þá kalla dóm hinnar samansöfnuðu Kirkju, eðr að Páfinn fram ber trúarfræðislegan úrskurð sem yfirhöfðingi Kirkjunnar með samþykki annara byskupa, er dreifðir eru víðsvegar um hinn katólska alheim, og sem annaðhvort skýra frá þessu sínu samþykki með orðum, eða veita það þegjandi, og það er það, sem menn kalla dóm hinnar dreifðu Kirkju.

Það hafa að eins verið 21 almennir Kirkjufundir um allan aldr kristninnar, og er hinn síðasti þeirra fundrinn í Trient. Þeir voru tíðari í fyrstu, af því þá var *meira leitað* á trúarfræðisreglur hennar. En nú

þegar villulærdómarnir hafa tæmt örvamæli sinn gegn henni og veitt henni tækifæri til að útlista sig um öll atriði, er síðr þörf á slíkri óvanalegri aðferð til að skera úr málunum.

Stofnun Kirkjunnar nær frá hinum mikla Píusi níunda, sem nú sitr í Postullegu sæti, alt upp til Pètrs og hinna ellefu Postula, sem hann var oddviti fyrir. Þessi yfirráð Pètrs og eptirkomenda hans alt fram á vora daga er sögulegr viðburðr, hinn bezt sannaði og almennast viðrkendi sem verið getr[1]. Tvö augljós spor glöggari og glöggari eptir því sem menn ganga fram eptir til uppruna kristindómsins koma fyrir til að skýra þetta áríðandi atriði: hið fyrra eru villulærdómarnir, sem optlega voru endrteknir á þessu tímabili, og leiddu svo í ljós, með því að þeir voru svo ungir, hinn forna aldr og yfirburði þess grundvallar, er þeir vildu niðrbrjóta, og urðu þannig eins og blys, ætluð til að lýsa fyrir hinni eptirkomandi öld framhaldi hinnar miklu Kirkju, eins og sjálfir heiðingjarnir nefndu hana. Hið annað spor er samhljóðan vitnisburða Kirkjufeðranna, þessara ágætu og spöku fræðimanna á fyrstu öldum kristninnar, sem með gagnstöðu sinni gegn villulærdómunum, er þeir börðust við, söfnuðust umhverfis hið Postullega sæti og kunngjörðu hver í kapp við annan yfirvald þess, þar eð það væri óslítanlega samanbundið við Pètr, hinn fyrsta hring í keðju Pápanna. Á þessum grundvelli og með þessum fulltingingum birtist oss yfirvald Rómabyskupa þannig, að sannanirnar fyrir forgöngurètti þess margfaldast einmitt við fjarlægð þess, og öll andmæli, sem eptirkomendr hinna fjarlægustu alda hefði

1) Það munum vèr sanna, seinna í þessari grein, með órækum rökum.

getað fært gegn þessu máli, sviptast fyrir fram vopnum sínum.

En vorn þeir Pètr og hinir ellefu Postular að eins menn? Ef menn hèldi sèr við það, þá væri stofnun Kirkjunnar í sjálfu sèr beinlínis mannlegr viðburðr. En sjáið hina guðlegu uppsprettu, hið yfirnáttúrlega upphaf, sem ekki einungis hefir helgað og ábyrgzt vald Pètrs, heldr líka vald eptirkomenda hans, og sem gjörir mönnum það undr skiljanlegt, að heimrinn snèri sèr til friðarboðskaparins, og að Kirkjan, sem hefir leitt heiminn á þessa leið og varðveitt hann á henni, hèlzt stöðugt við.

Hèr ber fyrir oss þá sjón, er maklegust er alla sjóna að vekja eptirtekt mannlegs anda, það er að skilja sköpun Kirkjunnar, bygging og framsetning þessa mikla skips, sem ekki skelfist fyrir ofviðrunum, eins og Sókrates[1] kemst að orði um hana í óskum sínum; þessa skips, sem ætlað er til að flytja sannleikann yfir hina ókyrru hafgýgi villunnar, til að bera hann gegnum aldirnar, og færa hann að höfn eilífðarinnar eins ósaurgaðan og hann þaðan kom.

Þeir sem eigi líta öðruvísi á Kirkjuna, en hún hafi til orðið af tilviljan, hún sè einungis afleiðing af stjórnkænsku presta, viðburðr, er orðið hafi af kringumstæðunum, og sem eptir á stæri sig af uppruna sínum, gjöri þeir svo vel að veita þessu efni óhlutdrægt athygli, og segi þeir síðan, hvort hægt er að ímynda sèr nokkurn hlut betr fyrirsèðan, spaklegar hugsaðan eðr fullkomlegar niðrskipaðan frá byrjun sinni (það er að segja, frá því Jesús Kristr hugsaði sèr það), til að framleiða allar sínar afleiðingar til hinna fjarlægustu tíma, þrátt fyrir alla mannlega mótspyrnu, og það með þeim meðölum,

1) *Socrates, alkunnugr grískr heimspekingr † ár. 400. f. Kr.*

er engin líkindi veita til framkvæmdar þessa heims fyrirtækjum, og það fyrir krapt þess valds, sem þóknast að láta guðdóm sinn skína í veikleika vorum, og að ná framgöngu, án þess vèr eigum þar hlutdeild í.

Það er sagt í fyrstu bók Móisis, þegar Guð vildi skapa manninn, að hann tók leir jarðar og myndaði úr honum líkama, og blès síðan lífsanda í andlit honum, og veitti honum með því sína mynd og líkingu.

Þegar Jesús Kristr skapaði Kirkjuna, gjörðist nú nokkuð þessu áþekt. Þar eru í raun rèttri þrír hlutir, eins og í sköpun mannsins, sem aðgæta þarf:

1. efnið, sem valið var;
2. lögun sú, er því var gefin;
3. innblástrinn og lífið.

1. atriði: Efnið, sem valið var til stofnunar kirkjunnar.

Þegar Jesús eitt sinn gekk fram með litla sjónum í Galíleu, segir guðspjallið, sá hann fiskimenn og sagði til þeirra: »Fylgið mèr, og eg mun gjöra yðr að manna veiðurum«.

Sjáið hèr efnið, hina fyrstu undirstöðu til stofnunar Kirkjunnar, þessarar stofnunar, sem á að bera blys sannleikans yfir heim allan, láta vitsmuni heimspekinganna til skammar verða, lægja veldisvöndu keisaranna fyrir krossinum, setjast á Capitolium og ráða yfir heiminum takmarkalaust og endalaust. Það eru ekki voldugir menn eða auðugir, ekki hraustir menn eða færir, sem eiga að starfa að þessu fjarska-stóra fyrirtæki; það eru lítilmenni, fákunnandi, fátækir og ósiðaðir, það eru fiskimenn, sem ekkert eiga í eigu sinni nema net sín, og ekkert kunna *að en fara* með þau, í einu orði, leir jarðar.

það eru þessir menn, sem eptir hinum háfleygu líkingarorðum lausnarans eiga að taka heiminn í net sín.

Veikleikinn, sem var þessum mönnum eiginlegr, var að öðru leyti slíkt aðalatriði, er Jesús Kristr hafði í huga, þá er hann valdi þessa menn, að þegar hann gaf þeim fyrirskipanir sínar til að sigra heiminn, bauð hann þeim sem einkennis-skilyrði fyrir því, að sending þeirra skyldi takast, að þeir skyldu halda áfram að vera veikir eptir mannlegum skilningi og eigi fá að láni neina jarðneska hjálp eðr vél eðr verju: Jesús sendi sína tólf Postula, eptir að hann hafði gefið þeim eptirfylgjandi skipanir: »Eigi skuluð þér hafa gull, silfr eðr aðra »peninga í beltum yðrum, nè taka með yðr á veginn »nestismat, eigi tvennan klæðnað, eða skó, eða staf. »Þegar einhver eigi vill veita yðr viðtöku nè hlýða kenn»ingu yðar, þá farið burt af því heimili eðr þeim stað, »og hristið duptið af fótum yðrum, svo að það sè vitn»isburðr gegn þeim. Eg sendi yðr sem sauði meðal »úlfa. Mennirnir munu láta yðr koma fram á þingum »sínum, og munu láta húðstrýkja yðr í samkunduhúsum »sínum. Og fyrir landstjóra og konunga munuð þèr »færðir verða fyrir mínar sakir, svo að þèr sèuð þeim »eins til vitnsisburðar eins og þjóðunum. Þegar menn »ofrselja yðr þeim í hendr, þá verið eigi hugsjúkir um, »hvernig eða hvað þèr skuluð tala····; og yðr munu »allir fyrir sakir nafns míns að hatri hafa···· Læri»sveinninn er eigi fyrir sínum meistara, eigi heldr »þjónninn fyrir sínum húsbónda; ef þeir hafa kallað »húsföðurinn Belsebúl, hversu miklu heldr munu þeir »kalla þjóna hans það?«

Eins og menn sjá, voru þessar skipanir, er Postulunum *voru gefnar*, rètt á borð við sjálfa konungu

þessara manna; og það er þannig af ásettu ráði, að þeir voru valdir vanmegnugir, fátækir og fákunnandi, að þeim er boðið að halda áfram að vera í sjálfum sér vanmáttugir, fátækir og fáfróðir, og að, sem afleiðing af þessu kjöri og þessu háttalagi, þeim er það fyrirfram boðað, að þeir verði ofsóttir, húðstrýktir og líflátnir, eins og hann, hvers lærdóm þeir prédikuðu. Undarlegt skilyrði fyrir því, að mál fái framgang! Undarlegir sigrvegarar!

Það leið nú að öðru leyti eigi á löngu, að það kæmi fram við Postulana, er þeim var þannig fyrir spáð, og hinn heilagi Páll segir, er hann skrifar til Korintumanna: »Guð fer með oss, Postula sína, eins og hina »auðvirðilegustu menn, eins og þá sem dæmdir eru til »dauða, og lætr oss vera heiminum til leikfangs. Vér »erum viti firtir, vér erum veikir fyrir ástina til Jesú »Krists; — alt til þessarar stundar þolum vér hungr og »þorsta, nekt og illa meðferð, vér höfum engan stöðug»an samastað; vér vinnum með mikilli áhyggju með »vorum eigin höndum; menn bölva oss og vér blessum; »menn ofsækja oss og vér líðum; menn atyrða oss og vér »svörum með fyrirbænum; vér erum orðnir sem afhrak »veraldar, eins og sorp, sem er burtsnarað af öllum».

Hreyfast menn eigi til meðaumkunar yfir þessum vesalingsmönnum? Sakna menn eigi fyrir þeirra hönd hinnar frægðarlitlu en friðsamlegu stöðu, að vera fiskimenn, sem þeir drógust frá, til þess að verða á svo undarlegan hátt mannaveiðarar? Hvað ætli þá verði, þegar þeir verða grýttir, afhöfðaðir, krossfestir eða þeim kastað fyrir villudýr, þegar Nero, eins og Tacitus[1] segir

1) Tacitus (Cajus Cornelius) alkunnr latínskr sagnaritari † um ár. 130 e. Kr.

með köldu geði, mun gjöra blys af þeim til að uppjóma með nætrhátíðir sínar?

En sjáið nú aptr á móti það, sem á að gjöra jafnvægi við þenna fyrsta dóm, og leiða andann aptr til allrar gagnstæðrar skoðunar. Þetta brèf Páls, þar sem hann lýsir hinum bágu kjörum Postulanna, er eigi skrifað til eins kristins manns, heldr til þjóðar kristinna manna; og hverrar þjóðar? Til Korintumanna, það er að skilja þeirrar þjóðar, sem af öllum þjóðum var spiltust og fjarlægust kenningu krossins. Þetta er þó eigi allt: hinn sami Páll Postuli, afbrak veraldarinnar, skrifar á sama tíma áminningarbrèf til Galatamanna, Efesusmanna, Filippimanna, Kólossumanna, Tessalonikumanna, til Hebreskra og Rómverja, og hefir þegar brèfskipti við vin Narcissusar, sem var gæðingr keisarans, eins og vèr sjáum það í hinni tíðu kveðju, sem hann endar með þessa pistla þannig: Allar kirkjur Jesú Krists heilsa yðr!.... Postularnir höfðu eigi endað vegferð sína, og hinn sami Páll sagði þegar til Rómverja, að trú þeirra væri boðuð um allan heim[1]. Hann sagði til Kólossuborgarmanna, að öll skepna, er undir himninum væri, hefði heyrt náðarboðskapinn, að hann væri prèdikaðr, bæri ávöxt og hann efldist um allan heim[2]. Sannlega, veiðin er þegar yfirfljótanleg, og af slíkum árangri geta menn skilið kappsmuni hinna guðdómlegu veiðimanna. Og enn fremr, þetta er þó eigi nema byrjunin; en biðið þangað til ofsóknirnar vaxa, þangað til alt veldi keisaranna reisir sig gegn þessu fyrirtæki, það er þá að takmörk Rómaríkis, ávöxtr átta hundruð ára sigrvinninga og stjórnvizku, verða of þröng fyrir Jesú Krists Kirkju. Hundrað ár eru varla liðin, en heim-

1) Rómv. I. 8. 2) Kóloss. I. 5, 6, 23.

spekingrinn Justin[1] telr meðal hinna trúuðu sjálfar villuþjóðirnar alt til hinna reikulu þjóða, sem sveima til og frá á vögnum sínum. Gallar, Spánn og Germanía eru þegar í trúareiningu við Egipta og allan Austrheim lengst inn á Indland, og »eins og eigi var nema ein »sól í öllum alheimi«, segir hinn heilagi Ireneus, er lifði samtíða þessum undrsamlega viðburði, »sáu menn »í allri Kirkjunni heimsenda á milli hið sama ljós og »sama sannleiksljós[2].

Þetta er nú svo; það er til einskis að reyna að hrekja það: það er orðið! Það verðr að leita eptir lögunum fyrir því í sambandi við, hve lítilfjörleg þau efni voru, sem brúkuð voru í hendi Jesú Krists til stofnunar Kirkju hans.

En sjáið nú þá ályktan, sem hver hugsandi maðr óumflýjanlega verðr að komast að: Annaðhvort er verknaðr Kirkjunnar í umvendun heimsins tekinn sem mannlegr gjörningr, og þá er hann ekkert undr, enginn leyndardómr, heldr hin hreinasta mótsögn, umbylting á öllum lögum skynseminnar, þegar borinn er saman árangrinn við meðölin; — eða þá að menn fallast á, að sjá í þessum meðölum guðlegan krapt, frá þeirri stund sjá menn í kjöri þeirra, athöfn og árangri ljósan vott hinnar dýpstu speki, hinnar fullkomnustu og ríkulegustu hagsýni.

Því að það er nú bersýnilegt orðið, af öllu því sem undan er komið, að Jesús Kristr hefir með vilja í stofnun Kirkju sinnar hafnað öllu því, sem maðr venjulegri skynsemi gæddr hefði leitað eptir, og hann hefir hleypt því þar að, er hinn sami maðrinn hefði hafnað. Lítum á aðferð hans eins og mannlega ráðstöfun.

1) *Just. Apol.* 2, og gegn Tryph. 2) Ireneus I, 2, 3. *Kirkjufaðir, byskup í Lugdunum* í Frakklandi † 202.

Að taka sèr fyrir hendur að snúa öllu mannkyninu til eins lögmáls, og það til hins strangasta allra lögmála; hvílík heimska er nú þetta eigi undir eins! Að velja, til að koma þeim í verk, þá umboðsmenn, er voru veikastir, kraptminstir og augsýnilega óhæfastir til þess að drottna, telja trú um, draga á sitt mál, vefja um fingr sinn, spilla, og til þess í einu orði að gjöra alt það, sem eptir mannlegum hætti þarf að gjöra til að koma til leiðar hinu minsta fyrirtæki; hvílíkr viðauki heimsku var slíkt! Eigi að eins að velja þá þannig, heldr að bjóða þeim að vera svo framvegis; segja þeim fyrir hinar hræðilegustu kvalir, og fá þá þó til að fylgja sèr í þessu; og þegar þessar kvalir dynja yfir þá, að ætla þá, að þeir reynist staðfastir, fullir sjálfsafneitunar, og sigri alt, og að síðustu, að hinn undrunarverðasti árangr, er nokkurn tíma hefir sèzt undir sólunni, kemr til að sanna í öllum greinum þá ætlan, sem er hin öndverðasta gegn einföldustu reglum almennrar skynsemi, sjáið hèr alt hið gagnstæða, sem hinn vantrúaði á að sætta sig við og játa, er hann neitar hinum guðlega tilverknaði.

Og tjáir eigi að reyna að finna ýmsar ástæður náttúrlegar eða siðferðislegar, sem fram hafi getað komið þessu fyrirtæki í hag? Vèr munum sjá það, að ekkert getr útlistað það á mannlegan hátt; en ef vèr annars viljum halda oss beinlínis við efni vort, þá eigum vèr eigi hèr að dæma fyrirtæki þetta eptir framkvæmd þess, heldr í frumhugsun þess. Eða var það eðlilegt eða að mannadómi skynsamlegt, að fara eins að því og Kristr gjörði? Ef hann gat eigi haft nema mannlega krapta og mannleg efni til að hagnýta sèr, er það þá hugsanlegt, að hann skyldi kasta því öllu frá sèr, er hann vann *að hinu stórkostlegasta* fyrirtæki af öllum. Er það sam-

kvæmt réttri hugsan að sjá fyrir þann árangr, og segja fyrir þann árangr, er svo er lagaðr, að hann vex eptir því sem þessi meðöl, er nú voru nefnd, verða veikari og minni, ef þau geta það orðið? Nei, því fer fjarri; og sönnunin fyrir því er sú, að enginn maðr er sá á jörðunni, sem ekki færi að alveg á gagnstæðan hátt, þegar hann hefði hið minsta fyrirtæki fyrir stafni, ef hann að eins er eigi vitlaus. Og þó ætti þetta höfuðverk vitleysunnar að hafa náð hinum fullkomnasta árangri, er menn aldrei hafa heyrt slíkan. Nei, því fer fjarri! það er þó hundrað sinnum auðveldara fyrir skynsemina að trúa hinum guðdómlega tilverknaði.

Trúin kemr í raun réttri hèr eins og allsstaðar, til að frelsa mannlega skynsemi úr öllum þessum vandræðum, og bjóða henni í staðinn hið réttasta efni til aðdáunar og nautnar. Frá því vèr viðrkennum einkenni Guðdómsins hjá Jesú Kristi, hverfa ekki einungis allar mótsagnir, sem sprottið hafa af kjöri frumefna Kirkjunnar, heldr sèst líka þar í hin vitrlegasta ráðstöfun og hin djupsettasta speki.

Guð þarf ekki á mönnunum að halda, hann þarfnast einskis til að gjöra hin stærstu undr og leika sèr að allri mótstöðu; en af því hann vildi neyta mannanna til þess að efla sælu mannanna, af því hann vildi reyna trú vora til þess að vèr fengjum verðleikann að rækja hana, þá gat hann eigi dulizt á neinn auðsærra hátt, heldr en með því að taka sèr aðsetr í þeirri stofnun, er samsett var af mannlegum frumefnum, hinum veikustu, kraptminstu og mannlegustu, sem fundizt gátu, og koma með þeim fram hinu stærsta af öllum undrum.

Það var að öðru leyti eðlileg afleiðing og samhljóðan *hjá hinni* sömu speki, sem hafði birzt sjálf í þræls

mynd á krossinum. Þar með hafði hann jafnframt leitt í ljós mátt sinn og heilagleik og sýndi í verkinu þær dygðir lítillætisins og trúarinnar, er hann var kominn með til að endrfæða heiminn. Það hefði verið heimskulegt, ef hann hefði tekið spekinga og sigrvegara til þess að breiða út þá kenningu, sem átti að sundrmola spekingana og sigrvegarana. Hann hefði sannlega sig að engu gert og að engu orðið í mannlegri vizku og mannlegum krðptum, þar sem hann nú hefir auglýst sig og birt heiminum í vankunnáttu og einfeldni umboðsmanna sinna. Veikleiki þeirra duldi hann og birti hann jafnframt, og það var einmitt nauðsynlegt til þess að æfa trú manna. Það sem var mannlegt hjá þeim, var hneyxlisefni fyrir hina óguðlegu, og hið guðdómlega, sem gerðist fyrir þá, var sönnun og stytta trúarinnar fyrir hina trúuðu; því, eins og hinn h. Krysostomus[1] segir, »það var sterk sönnun fyrir hátign Jesú Krists, að í fjærveru hans, en þó fyrir hann, gerðust hlutir, sem hann eigi hafði gert, meðan hann var nálægr».

Hann hefir jafnvel fyrir þá skuld orðið að finna hjá umboðsmönnum sínum meiri námfýsi, sannfæringu og vandlætingarsemi. Aðrir eins menn og Markus Árelíus[2] eða Seneca[3] hefði freistazt til að blanda saman hinum guðlega innblæstri við sína eigin skynsemi, og tæma svo

1) Hinn h. Krysostomus (Johannes), byskup í Constantinopel † 407, kirkjufaðir; hinn yfirtaksmikli fróðleikr og hið helga líferni hans stóðu naumast á baki hinni undrsamlegu málsnild hans; af henni fèkk hann nafnið Chrysostomus, þ. e. gullmunnr. 2) Markus Elíus Árelíus, rómverskr keisari, † 180; hann ofsótti kristna menn, er hann hataði bæði af hjátrú og af því að hann var heimspekingr. 3) Seneca (Lucius Annaeus), heiðingi, heimspekingr, kennari *Neróns, † 65. e. Kr.*

uppsprettuna með því að eigna sèr hana; en Pètr, en Jakob, en Jóhannes! í sannleika, Postularnir, sem ekkert áttu að sèr, en sem þó voru klæddir yfirnáttúrlegum krapti; vankunnandi í mannlegum vísindum, en sem voru umflotnir af ljósi alveg guðlegu; á hverri stund braktir, ofsóttir, hæddir, og sem þó aldrei urðu stöðvaðir, aldrei lètu hugfallast, aldrei lètu truflast, sem gerðu því meiri kraptaverk, sem þá skorti alt, og sem snèru því meira af heiminum, sem hann svívirti þá meir; já, Postularnir voru sjálfir, segi eg, óaflátlegt kraptaverk, er varð að tendra hjá þeim ósigrandi sannfæringu og brennandi trú. Þeir voru einmitt fyrir þetta í augum annara hinir fyrstu ábyrgðarmenn og hinar fyrstu fyrirmyndir í lærdómi þeim, er þeir prèdikuðu: Lítillætið og trúin, sem voru á vörum þeirra, hlutu og að búa í hjarta þeirra; því að því meira sem þeir voru upplýstir og styrktir að ofan, því meir lèt þetta ljós og þessi styrkr lítilmótlegleik þeirra og eðlilega einskisvirði koma í ljós, og hèlt þeim í því ástandi, er þeir áttu að koma öðrum aptr í. Það er þetta, sem kemr hinum h. Páli til að segja: »Af náð Guðs em eg það, er eg em»[1]. »Þá er eg em veikr, em eg máttigr«[2], »því eg megna alt með fulltingi þess, er mig máttkan gjörir«[3]. Hèr af kemr það, að hann enn fremr ritar Korintumönnum þessi orð, er afl Postuladómsins kemr svo glögglega fram í, og þetta djarflega frelsi, sem átti að vekja tilfinningu um þann krapt, er ætlaði sig æðra öllum heimi, og sem reiddi sig á eilífðina:

»Það er fyrir Krist, að vèr höfum slíkt traust á »Guði, eigi af því, vèr sèum færir að hugsa nokkuð af

1) I. Kor. XV, 10. — 2) II. Kor. XII, 10. — 3) Filipp. *IV, 13.*

»sjálfum oss, heldr er það Guð, sem gjörir oss færa um »það[1]. Vèr prèdikum ekki oss sjálfa, heldr Drottin Jesú »Krist, en sjálfa oss prèdikum vèr sem þjóna yðar sakir »Jesú; því að sá Guð, er bauð, að ljós skyldi skína úr »myrkri, hann hefir skinið í hjörtum vorum, svo að »birtist þekking Guðs dýrðar í Jesú Kristi. En þenna »fjársjóð berum vèr í leirkerum, svo að viðrkent verði, »að hinn mikli kraptr (er í oss er), sè frá Guði, en eigi »frá oss. Vèr erum þröngvaðir í öllu, en látum þó eigi »fallast, erum í vanda staddir, en verðum eigi ráðþrot»ar, erum ofsóttir, en eigi fyrirlátnir; oss er til jarðar »kastað, en vèr fyrirförumst eigi. Vèr berum jafnan »deyðing Jesú á líkam vorum, svo að líf Jesú auglýsist »og á líkam vorum«[2].

Hve einföld eru eigi þessi orð og rètt! Hversu vel sjá menn, að sverðið hèr er hert, eigi í stöðuvötnum heimspekinnar, heldr hinum lifandi og rennandi straumum trúarinnar! Hve vel útlistar þessi trú sig með þessari sameiningu mannlegs veikleika og guðlegs innblástrs, og með áhrifum þeirra hvors á annan! Hversu ljóslega finna menn þar eigi þessa hina fögru hagsýni guðlegrar speki í samansetningu Kirkju sinnar, þar sem eru, eins og Pascal segir, einkenni nærveru hans, sem eru merkjanleg fyrir þá sem leita hans, og þó hulin á þann hátt, að þau eigi sjást nema af þeim, sem leita hans.

Og enn er sèrstaklegt atriði, sem varð að örva Postulana og hvetja þá, og sömuleiðis heiminn fyrir þeirra tilverknað, því meir einmitt sem tálmanirnar voru meiri, sem mættu þeim í veikleik þeirra, og það er, að alt sem fram við þá kom, hafði þeim verið sagt fyrir. Jesús Kristr hafði sagt þeim fyrir alls konar þrautir, og

1) *II. Kor. III, 4, 5.* — 2) II. Kor. IV, 5—10.

það hafði mannleg framsýni líka gert, það lá of mjög í augum uppi; en það sem enginn gat gert nema Guð einn, það var að segja þeim jafnframt fyrir framkvæmd þeirra og sigrhrós, og einkum að láta þetta rætast, og hversu miklu meiri varð eigi þessi árangr, er þegar var svo undrsamlegr í sjálfum sèr, að sýnast Postulunum, af því að honum bar svo vel saman við það, er þeim var fyrir spáð? »Menn verða í fyrstu forviða«, segir d' »Aguesseau[1], að Jesús Kristr skyldi hafa fengið lærisveina, þá er hann boðaði þeim þrautir þeirra og krossburð; en menn hætta að undrast það, er menn gæta »þess vel sem hann lofar, og þess sem hann þegar »efnir, er hann veitir loforð sín. Til þess að lofa þessum árangri, þurfti hann að vera spámaðr; til þess að »halda loforðið, þurfti hann að vera Guð«[2].

Enn þarf að lokum að leiða eina skoðun í ljós.

Það sem verðr mannlegum fyrirtækjum að framkvæmd, er hæfilegleikinn og kraptrinn. En farsæld mannlegra fyrirtækja er jafnan hverful, og ber í skauti sèr orsökina til falls sjálfrar hennar; þessi orsök er sú, að eitthvað er skammvint í mannlegum hæfilegleik og krapti, er jafnan eru skammæir að einhverju, eins og Bossuet segir, og finnr fyrir sèr snörur og hamraflug einmitt í varúð sinni og stærð. Ef Jesús Kristr hefði þá tekið sigrvegara og heimspekinga til að stofna Kirkju sína og halda henni við, hefði þetta fyrirtæki fyrirfarizt eins og sigrvinningar sigrvegara og kenningar heimspekinga hafa jafnan farizt, nema hann, með því beinlínis að víkja við lögum náttúrunnar, hefði augsýnilega viðhaldið hæfileg-

1) D' Agnesseau (Henri François), nafnfrægr franskr valdsmaðr *og rækumaðr*, † 1751. — 2) D' Aguesseau, Réflexions diverses sur *Jésus Christ t. XV*, bls. 493.

leikanum og kraptinum mann frá manni, en slíkt kraptaverk hefði boðið oss að trúa, það er með öðrum orðum, gert trú vora að engu. En með því að hinn guðdómlegi stofnari Kirkjunnar tók þar á móti veikleikann og vankunnáttuna, og þoldi jafnvel að þjónustumenn hans væri ófullkomnir, þá reyndi hann trú vora, og tók svo það, sem er stöðugast, eðlilegast, og ef svo má að orði kveða, bezt til undirstöðu í mannlegu eðli, er í rauninni hverfr jafnvel aptr til þess, er því er eiginlegt. Hann nam burtu allar mannlegar tálmanir með því að sneiða hjá allri mannlegri hjálp. Hann gerði byggingu, óbrjótanlega, ósigrandi, eða heldr, hann lèt hana finna undirstöðu sína í árásum þeim sem hún varð fyrir, af því að þessar árásir, sem miðuðu til að veikja hana á mannlegan hátt, settu hana aptr í hið upprunalega lífsástand hennar, sem er, ef þannig má koma orði að, guðleg hjálp í beinu hlutfalli við mannlegan veikleik, eptir þessu orði Postulans: *dum infirmor, tunc potens sum:* »þá er eg em veikr, þá em eg máttigr«. Eptir þessu átti Kirkjan, líkt og jötuninn í dæmisögunni, að endrfinna styrk Guðs, þegar hún misti styrkleik mannanna. Menn frelsuðu hana með því að jarðvarpa henni, því þá settu menn hana í samband við sjálft upphaf tilveru sinnar: niðrlæginguna, píslarvættið, kross Jesú Krists. Það er þetta, sem kom hinum h. Leó til að segja, að trúarbrögðin, sem væri grundvölluð á krossi Jesú Krists, yrði eigi niðrbrotin með neinskyns grimd. Kirkjan gat um stundarsakir haft í fylgi með sèr krapt og vitsmuni og sèð spekinga og konunga ganga bljúga á vegum sínum, og neytti þá ekki eins atfylgis þeirra, eins og hún helgaði *þá mannkyninu* til velferðar; en hún átti *og optast að sæta* hörðum ójöfnuði og vera í útlegð

rekin, eins og sannleikrinn hefir jafnan verið, og þá gat hún eigi skelft fjandmenn sína, nema með því að hrista duptið af fótum sèr, og láta þeim eptir gullkrossinn, en styðjast sjálf við trèkrossinn, þenna trèkross, sem hefir sigrað heiminn[1].

Vafalaust er það, að af þessu varð nú að leiða kraptaverk, það er að skilja, sú stofnun, sem einlægt er barizt í gegn, en sem aldrei ver sig, en rèttir sig þó ætíð við aptr; en þetta kraptaverk er ekki eins áþreifanlegt og liggr ekki eins í augum uppi, og þarf því nákvæmara athyglis til að taka eptir því. Hinn sýnilegi veikleiki Kirkjunnar mun ætíð bregðast hinum óguðlegu og ætíð styrkja hina rètttrúuðu í trúnni. Hinir fyrtöldu, sem treysta á þann stundar-árangr og yfirsóknir þeirra valda, munu ætíð gleðja sig í voninni um, að þeir muni geta fyrirkomið henni; hinir, sem eru orðnir svo aðþrengdir, að þeir eru að falli komnir, munu ætíð freistast til að örvænta. Jesús Kristr sefr opt í báti Pètrs, og þá dynja bylgjurnar á honum, og Postularnir hrópa: Herra, vèr tortýnumst. En Jesús reisir sig á fætr, hastar á ofviðrið, og það verðr blæjalogn. Þessar sjónhverfingar, er koma af hinu breytilega ástandi Kirkjunnar, hafa aldrei hætt og munu aldrei hætta. Í byrjun Kirkjunnar rèðust menn á æsku hennar, og Júlíanus guðníðingr sagði: Hún er ekki nema þrjú hundruð ára[2]. Á vorum dögum ráðast menn á hana sökum elli hennar; og annar heimspekingr segir oss: Hún stendr ekki lengr en þrjú hundruð ár[3]. Samt gengr

1) Það eru orð herra Dr. Montlosier á löggjafarþinginu í Frakklandi. — 2) Sjá, Chateaubriand: deuxième Étude histor. — 3) Chateaubriand (François René, Vicomte de), nafnfrægr frakkneskr rithöfundr, † 1848.

hún leið sína, án þess að láta á sèr festa þessar dimmu spásagnir, sem eru spásagnarmönnunum einum til falls, því hún treystir þeirri einu spásögninni, sem hefir heitið varanleik um allar aldir, og sem ekki hefir brugðizt nú upp í átján hundruð ár.

»Það er alveg fyrir sjálfviljuga ráðstöfun«, segir hinn vitri Nicole, »að Guð hefir viljað hafa þetta þannig. Hann »gat látið alt mannkynið fylgja sèr frá þeim tíma, er hann »sagði þetta fyrir. En það hefði verið kraptaverk of auð»sýnilegt og of bert, er hefði birt hann of mjög mönn»unum. Hann hefir þá heldr viljað festa trúna á sig »með áframhaldi, er síðr gjörhrifi anda mannsins, og »þar sem hinn guðlegi kraptr, er verkaði framförina, »væri meir hulinn. En þó að hann sè hulinn fyrir »meiri hluta heimsins, geta þó engu að síðr þeir, sem »gefa gaum að þessum framförum með því athygli, sem »þær eiga skilið, eigi komizt hjá, að viðrkenna þenna »krapt, er verkar þær, og sem að greinir þær óendan»lega mikið frá öllum framförum, er mannasetningar »geta tekið. Þessi framför Kirkjunnar er eigi síðr undr»unarvert kraptaverk, þótt hún sè leynd og dimmu hulin. »En það kemr einungis af því, að það eru ekki nema »athugasamir menn og fordómslausir, sem sjá hana, og »það er einmitt tilgangr Guðs. Hann vill ekki leyna verk»um sínum fyrir þeim, sem elska sannleikann af alhuga, »en hann vill ekki auglýsa þau fyrir hinum hrokafullu, »er eigi dæma um hlutina nema eptir hugþótta sínum »og girndum; og það er þetta, sem hann gjörir, með »því að hylja þau með líkingu mannlegra verka, og með »því að greina þau þó engu að síðr þar frá með verulegum »og verknaðarlegum mismun, sem liggr í augum uppi

»fyrir hreinskilnum elskendum sannleikans, en hirtas »alla ekki fyrir öðrum«[1].

Slík er sú speki, er birtist í því, hvernig Jesús Kristr hefir valið efnið í Kirkju sína. Látum oss nú skoða það fyrirkomulag, sem hann hefir gefið henni.

2. atriði. Lögun Kirkjunnar eða fyrirkomulag hennar.

»Í þenna tíma«, segir Guðspjallið, fór Jesús með flokk »lærisveina sinna upp á eitt fjall, og kallaði til sín þá, »er hann sjálfr vildi, og gengu þeir til hans. Og hann »lét þá vera tólf, til að vera með honum og til að senda »þá til að prédika, og hann gaf Símoni nafnið Pètr. Hinir »voru«, o. s. frv.[2]

Í þessum fyrstu orðum kemr oss fyrir sjónir hin fyrsta mynd og eins og fyrsta lögun Kirkjunnar. Eitt sinn, er Jesús stóð í flokki lærisveina sinna, gengr hann til hliðar og kallar til sín tólf af þeim, er við voru, og kýs sèr þá. Þetta er hin fyrsta sameining, er miðar til stofnunar Kirkjunnar. Síðan kemr önnur kosning meðal þeirra, er fyrr voru kosnir; það er kosning Pètrs, er einingin fullgjörist í, en einingin er hin verulega mynd Kirkjunnar, eins og sannleikans.

Vèr munum bráðum sjá, að hinn guðlegi verknaðr, að sameina Kirkjuna með kjöri og yfirvaldi Pètrs, fullgjörist, og að þessi fyrirrætlan, er enn hefir verið eins og hjúpuð, kemr í ljós, og birtist oss með meira krapti.

Látum oss nú að eins gæta þess, að kosning hinna

1) Nicole (Pierre), merkilegr frakkneskr rithöfundr og guðfræðingr, hefir ritað mörg og djúpsæ rit, öll af ágreiningsefnum í trúarefnum, en gekk loksins í flokk Jansenista; † 1695. 2) Mark. III. 13 og eptirf.

tólf er í engu ábótavant; hún er skipuleg og skýrt orðuð: Hann kallaði þá til sín, er hann vildi .... og lèt þá vera tólf.

Það, sem staðfestir sannleik þessa viðburðar, er það, að frá þessari stundu tala hinir heilögu guðspjallamenn stöðuglega um hina tólf sem fylgdarmenn Frelsarans, og þá er voru meðal alls þess fjölda, er kringumstæðurnar drógu að honum, trúnaðarmenn um fyrirætlanir hans og flutningsmenn vilja hans. Meðal annara staða er sá einkum eptirtektaverðr, þar sem hann leggr fyrir þá, hversu þeir skuli fara með hinni miklu sendiför, er þeir flytja náðarboðskapinn: »Þá er Jesús hafði kallað »tólf Postula sína til sín, gaf hann þeim vald og ráð »yfir öllum djöflum og til að lækna sóttir; síðan sendi »hann þá til að prèdika Guðsríki, og mælti til þeirra«, o. s. frv.[1] Það er að vísu satt, að hinn sami guðspjallamaðr talar í næsta kapítula um kosning sjötíu og tveggja lærisveina, til að fara með Postulunum hina sömu sendiför, en hann greinir þessa síðari kosning frá hinni fyrri: »Eptir þetta«, segir hann, »kaus Drottinn enn »sjötíu og tvo aðra lærisveina, sem hann sendi, og mælti »svo til þeirra: »Kornskeran er mikil, en verkamennirnir »eru fáir», o. s. frv. Þessum sjötíu og tveimr lærisveinum er aldrei í öðrum pörtum frásögunnar blandað saman við hina tólf Postula; þeir koma jafnan aptr fram fremstir í flokki; þá er talað er um einhvern af þeim, er venjulega sagt: einn af hinum tólf, og eptir fráfall Júdasar: einn af hinum ellefu. Af þessari síðari ástæðu er það, eins og vèr munum sjá, hinir ellefu, er Jesús Kristr fær vald sitt í hendr á þeirri

1) *Lúk. IX, 1.*

sömu stundu, er hann stígr upp til himins[1]. Og að síðustu lesum vèr í Postulanna Gjörningum, að þá er Jesús var til himins farinn, og hafði látið Heilagan Anda birta Postulum þeim, er hann kjörið hafði, tilskipanir sínar, var það hið fyrsta, er þeir gjörðu, að koma saman eptir hvöt Pètrs, til þess að fylla tylftartöluna með því, að kjósa einn í stað Júdasar, sem »var talinn með oss«, sagði hann, »og hafði hluttekning í hinni sömu þjónustu«, en sem með fráfalli sínu og dauða hefir látið eptir auðan sess, að annar taki hans sæti í umsjóninni; »þá«, segja Postulanna Gjörningar[2], »köstuðu þeir hlutkesti, og hlutrinn fèll á Mattías, og hann var tekinn í fèlag með hinum ellefu«.

Eptir því, er hèr er sagt, er það alglöggr sannleikr, að Jesús Kristr hafi valið Postulana, og hann segir það sjálfr berlega með þessum orðum: »Þèr hafið eigi kjörið mig, en eg hefi kjörið yðr, sett yðr til þess, að þèr farið og berið ávöxt, og til þess að yðar ávöxtr verði varanlegr«[3].

En þessi fyrsta kosning er, eins og vèr höfum sagt, eigi annað en undirbúningr og byrjun annarar kosningar, takmarkaðri, þrengri og einingarlegri; og þessi önnur kosning er kosning Pètrs.

Hèr tökum vèr að sjá Jesú Krist leggja hina síðustu hönd á verk sitt. Hinir tólf eru eins og steinar er lagðir hafa verið, og ekki vantar nema undirstöðusteininn, til þess þeir með honum og fyrir hann verð að einni byggingu.

Þegar frá byrjun höfum vèr sèð, þá er köllun hinna tólf fór fram, að Símon fèkk sèrstaka og aðgreinda

1) Matth. XXVII, 16, Mark. XVI, 14, Lúk. XXIV, 33. 2 *Post. Gjörn.* 1. kap. 3) Jóh. XV, 16.

helgun, »og hann gaf Símoni nafnið Pètr«. Annar guðspjallamaðr, hinn h. Jóhannes, skýrir frá hinum sama viðburði á enn ljósari hátt: »En er Jesús leit hann, sagði hann til hans: »Þú ert Símon, sonr Jónasar; þú skalt heita Kephas; það er (steinn) bjarg«[1].

Áðr en vèr snúum oss til annara staða enn skýrari, þá látum oss athuga, hversu vel hugsun Frelsarans þá tekr að koma í ljós í þessu.

Það var almennr siðr hjá lærifeðrum Gyðinga, að gefa lærisveinum sínum nýtt nafn, þá er þeir sýndu raun á því, að þeir báru mjög af öðrum, eða höfðu einhvern fágætari kost til að bera. Þessi venja sýndist hafa upprunа sinn frá Guði sjálfum, sem hafði optlega í lífi þjóna sinna auðkent á þann hátt merkisviðburði, er voru sem upphaf nýrrar viðburðastefnu. Þannig breytti hann nafni Abrahams og Söru, þá er hann gjörði við Abraham umskurnarsáttmálann, og þá er hann hèt henni, að hún mundi barn fæða í elli sinni, og bætti því við, að af þeim mundu fæðast konungar og þjóðir. Eins var það, að Guð gaf Jakob nafnið Ísrael (sem þýðir: hinn sterki), þá er honum var sagt eptir glímu sína við engilinn, að hann mundi jafnan bera hærra hlut móti mönnum. Það er lík auðkenning, sem Símon fèkk, þá er hann kom fram fyrir Jesú Krist, er setti á hann nýtt nafn: »Þú ert Símon, sonr Jónasar; þú munt vera kallaðr Kephas« (þ. e. Pètr).

Í samlíkingu við dæmin, sem var getið um að ofan, getum vèr nú búizt við, að nafn þetta gefi bendingu um þann tilgang, er fram við hann skyldi koma. Þetta er nú líka svo í raun rèttri. Nafnið Kephas (Pètr), segir

1) *Jóh. I, 43.*

guðspjallamaðrinn oss, þýðir hellubjarg (Kipho sýrlenzku máli þýðir klett, á latínu *petra*, og þar er komið íslenzka nafnið Pètr); það er þá eins o Frelsarinn hefði sagt við þenna Postula: »Meðal allr Postulanna munt þú vera klettrinn«.

En látum hugsun Lausnarans koma sjálfkrafa fra og leiðast oss fyrir sjónir í allri hátign sinni. Leiksviði stækkar og hækkar; vèr eigum að vera hèr við sjónar leik háfleygan sökum einfeldni sinnar og djúpvizku o alveg samboðinn hinni miklu ákvörðun Kirkjunnar, se Kristr hafði lagt grundvöllinn til með eigin hendi

Heyrum hinar guðdómlegu frásagnir og geymur vorar hugleiðingar. Þá er Jesús kom í hèruð Sesarei spurði hann lærisveina sína, og sagði til þeirra: »Hva »segja mennirnir um mannsins son? Hver segja þei »eg sè?«

Þeir svöruðu: »Nokkrir segja þú sèrt Jóhanne »skírari, aðrir Elías, aðrir Jeremías, eða einhver af spá »mönnunum«.

Jesús sagði til þeirra: »En þèr, hver segið þè »eg sè?«

Símon Pètr svaraði og sagði: »Þú ert Kristr, son »hins lifanda Guðs«.

Jesús svaraði honum: »Sæll ert þú, Símon Jónas »son, því að það er hvorki hold nè blóð, sem hefir bir »þèr þetta, heldr faðir minn, sem er á himnum«.

»Og eg segi þèr: þú ert Pètr (hellusteinn), og á »þessari hellu mun eg reisa Kirkju mína, og skulu hlið »helvítis ekki á henni sigrast«.

»Og eg mun gefa þèr lykla að ríki himnanna, og »alt það, er þú bindr á jörðu, skal á himnum bundið

»vera, og alt það, sem þú leysir á jörðu, skal á himn»um leyst vera«[1].

Þetta gjörðist, á meðan Jesús gekk um kring og kendi fyrir pínu hans. Það innibindr ekki annað í sèr fyrir Pètr en loforð. »Eg mun reisa; — eg mun gefa þèr». En leyndardómr endrlausnarinnar er fullkomnaðr; Jesús Kristr er upp risinn; hann hefir birst og gefið Postulunum hinar síðustu skipanir sínar; hann ætlar að fara að skilja við jörðina, sem hann stígr fótum sínum á í hinnsta sinn. Hèr getum vèr nú vonazt eptir einhverju meir ákveðnu.

»Eptir að þeir höfðu matazt, segir Jesús við Símon »Pètr: »Símon Jónasson, elskar þú mig meir en þessir». »Pètr svaraði honum: »Já, herra, þú veizt, að eg elska »þig«. Jesús segir til hans: »Gæt þú lamba minna».

»Hann spyr hann að nýju: »Símon Jónasson, elskar »þú mig«. Pètr svaraði honum: »Já, herra, þú veizt, »að eg elska þig«. Jesús segir til hans: »Gæt þú lamba »minna».

»Hann spyr hann í þriðja sinni: »Símon Jónasson, »elskar þú mig?» Þá angraðist Pètr, af því að hann »hafði sagt til hans í þriðja sinni: »Elskar þú míg», og »hann svaraði: »Herra, þú þekkir alla hluti, þú veizt þá, »að eg elska þig». Jesús sagði til hans: »Geym þú »sauða minna»[2].

Til þess að fullgjöra tilvitnanir vorar um þetta efni, þá látum oss bæta við einum stað, sem of opt er gengið fram hjá, og sem þó, sökum skyldueika síns við hina staðina, sem hann á að teljast á meðal, tekr enn betr fram forrètt og ætlunarverk Postulaforingjans, sem Grotíus sjálfr getr eigi varizt að kalla Pètr, þar sem

1) *Matth. XVI, 13, eptirfylgj.* 2) Jóh. XXI, 15, o. s. frv.

hann talar um hann í skýringum yfir stað þann, er nú var nefndr[1].

Kveldið fyrir pínu Frelsarans, á meðan stóð á Páskamáltíðinni, hófst kappræða meðal Postulanna um það, hver meðal þeirra væri mestr. Jesús segir þeim, að alt ólíkt hinum voldugu jarðarinnar eigi hinn mesti meðal þeirra að álíta sig hinn minsta og þjón hinna; eins og hann síðan vildi tákna, hver ætti að vera, með þessum kjörum, hinn mesti meðal þeirra, ávarpar hann Pètr með þessum hátíðlega hrífandi orðum: »Símon, »Símon! sjá, Satan hefir leitazt við að sælda yðr alla, »eins og menn sælda hveiti; en eg hefi beðið fyrir »þèr, að þín trú ekki skyldi skeika, og þegar þú þá loksins snýst, þá styrk þú bræðr þína«[2].

En gefum nú lausan taum hugleiðingum vorum, er hvert orð í þessum miklu frásögnum hefir látið kveykt í hjörtum vorum.

Það er ljóst sambandið milli tveggja hinna fyrstu atriða, því á fyrri staðnum heitir Frelsarinn Pètri því, er hann veitir honum á seinni staðnum.

Og sjáið, hvernig alt í þessari aðferð Krists grípr hvað í annað, eins og hlekkir í sömu keðjunni, og hvernig tilgangr hans birtist smásaman og kemr að síðustu í ljós með hinum ómótmælanlegasta vitnisburði.

Frá köllun Postulanna aðgreinir hann Símon með því, að gefa honum nafnið Pètr, og þessi aðgreining innibindr í sèr frumfræið til þess aðalembættis, er hann felr honum síðar á hendr.

---

1) Grotius (eða heldr Hugo Groot), fæddr í Delft í Hollandi ár 1583, frægr prótestautiskr stjórnfræðingr, og mæta-vel að sèr því nær í öllum vísindum, og þar á meðal einnig í guðfræði. 2) Lúk. *XXII, 24—32.*

Seinna, og á kennsluleið sinni, en undan fórnfæring sinni, auglýsir hann þessum Postula, að hinum öllum við verandi, alt það, sem var innifalið í hinu líkingarfulla nafni, sem hann hafði gefið honum: »Þú ert Pètr (hellu»steinn), og á þessari hellu mun eg byggja Kirkju mína, »og skulu hlið helvítis ekki á henni sigrast, og eg mun »gefa þèr lyklana að ríki himnanna«[1], o. s. frv.

Samt sem áður er þetta ekki nema fyrirhugun, ekki nema loforð. Tíminn er enn ekki kominn fyrir Kirkjuna, að taka við völdunum eptir Jesú Krist. En þessi

---

1) Herrar Prófessor og Dr. P. Pètrsson og S. Melsteð, í „Skýringum“ þeirra „yfir nokkra staði í N. Testamentinu“ (Reykjavík, 1862), bls. 61, viðrkenna sömu meiningu í þeim orðum; þeir segja, að: „Lausnarinn“ með þeim orðum: „þèr vil eg fá lykla „himnaríkis“, „kveðr Pètr til að vera umsjónarmann Kirkju sinn„ar, fær honum í hendr lykla musteris síns, og valdið, til að brúka „þá. Lyklarnir, verkfærið til að ljúka upp og læsa, veita inngöngu „og útilykja, merkja í máli Ritningarinnar vald og yfirráð yfir „einhverju; þannig segir Kristr, Opinb. I, 18: „Eg hef lykla „dauðans og undirheima“; því næst táknar þetta orðatiltæki, „eins og á þessum stað, vald til þess að stjórna og fyrirskipa „yfir höfuð“. — Í þessari skýringu er viðrkent með berum orðum, að „lyklarnir merki vald og yfirráð yfir einhverju“; og af þessu leiðir, að „lyklar himnaríkis“ merkja vald og yfirráð yfir himnaríki. En nú verða allir að játa, að orðið „himnaríki“ þýði hèr Kirkjuna, þ. e. samfèlag Krists trúuðu játenda; og er það þá eins og Kristr hefði sagt Pètri: „Þèr vil eg fá vald og yfirráð yfir samfèlagi minna trúuðu játenda“. En hvernig stendr þá á því, að þeir sömu ritháfundar tveimr blaðsíðum síðar í þessari sömu skýringu segja: „lyklavaldið er gefið samfèlagi Krists trúuðu játenda“ (bls. 64), því það er það sama, eins og Kristr hefði sagt: samfèlag mitt, eg fæ þèr vald og yfirráð yfir samfèlagi minu, þ. e., yfir sjálfu þèr. — Þar af leiðir, að menn, til þess að geta verið samkvæmir sjálfum sèr, verða að *viðrkenna með Katólskum yfirvald Pètrs yfir Kirkjunni.*

stund nálgast, og hin guðlega umhyggja styðr sig enn á alveg sèrstakan hátt við hinn verðanda forstjóra Kirkjunnar, og lætr birtast grundvöllinn fyrir hinum samatilgangi, hvað hann snertir. »Símon, Símon! sjá, Satan »hefir leitazt við að sælda yðr alla, eins og menn sælda »hveiti; en eg hefi beðið fyrir þèr, að þín trú ekki »skyldi skeika; og þegar þú þá loksins snýst, þá styrk »þú bræðr þína».

Loksins er stundin komin, að fullkomna tilgang Drottins með Kirkju sína. Jesús Kristr ætlar að skilja við jörðina, og Kirkjan á að taka þar við. Það er þá, að Jesús Kristr fullgjörir stofnun sína, og að Pètr, sem alt þangað til ekki hefir verið nema kjörinn yfirprestr, er settr inn í yfirprests-embættið með þessum orðum, er Drottinn endrtekr þrem sinnum: »Gæt þú lamba minna, gæt þú sauða minna«.

Hvað er það, er geti verið skipulegra, eða betr sè áfram haldið, eða betr fullkomnað, heldr en þessi hugsan, heldr en þessi vilji, sem smásaman leiðist í ljós á allri hinni dauðlegu lífsleið Jesú Krists, og sem hverfr loksins frá fyrirhugan og fyrirheiti til fullrar framkvæmdar, beint á þeirri stundu, er ákvörðun Kirkjunnar fer í hönd? Þó að vèr hefðum ekki fyrir oss nema þetta síðasta atriði, þar sem Jesús Kristr hátíðlega veitir Pètri hirðisvald Kirkjunnar, og þó að vèr enda þektum eigi hin fyrirfarandi loforð, sem hann hafði fengið um þetta, þá væri þó ekki leyfilegt að bera hinar minstu brigður á þetta efni. En hve miklu áþreifanlegra verðr eigi þetta fyrir samhljóðun sína við þessi ýmsu loforð! Hve mjög styrkja eigi þessi loforð og þessi ending í framkvæmdinni og fullgjöra hvort annað! Og geta menn þá skilið, *að svo mikill* fjöldi af vorum fráskildu bræðrum skuli

enn geta efazt um sannleika, sem eins er augljós og óhrekjanlegr.

Vèr verðum að yfirvega með alvöru efni, sem svo er mikið og svo áríðandi; og því skulum vèr frá þessu almenna yfirliti snúa oss til nákvæmrar rannsóknar á þeim ýmsu kringumstæðum, sem eru eins og auka-atriði við hugsun Jesú Krists. Þar munum vèr enn sjá þessa hugsun endrskína á hinn ljósasta hátt.

Nemum fyrst staðar við fyrsta atriðið, þar sem Jesús Kristr lofar Pètri, að gjöra hann að undirstöðu Kirkjunnar.

Hann hafði þegar kjörið verkfæri sín, og tekið sèr fyrir lærisveina flokk fiskimanna. Meðal þessara manna valdi hann tólf, sem áttu að vera eins og stoðir undir byggingunni. En sjáið hina hátíðlegu stund. Hèr er höfuðkosningin eptir. Hèr á að leggja grundvöll; hèr á að kjósa forstjóra, sem á að bera alt, sem á að taka við öllu fyrst, og er alt á síðan frá að ganga fyrir sjálfs hans tilverknað og veitast komandi öldum. Sjáum, hvað gjörist í þeim, og hver einkenni og hvílíkt próf þessarar áríðandi kosningar verðr.

Hann kallar alla lærisveina sína; sjáið þá standa frammi fyrir honum; hann vill fyrst fara í kringum þá: »Hvað segja menn um mannsins son. Hver segja þeir eg sè?«[1].

1) Prótestantar segja út af þessum stað: „Pètr er þar ávarpaðr í nafni allra Postulanna“ (S. 82). En eg bið menn að athuga vel það, sem hèr stendr í textanum, og þá munu menn glöggt sjá, að þessi skýring getr eigi átt sèr stað. Fyrst spyr Jesús Kristr alla Postulana: „Hver halda menn“, o.s.frv., og þá svara þeir allir; í annað sinn sinn spýr hann þá aptr alla, en þá svarar eigi nema Pètr einn (og þar til getr engin önnur ástæða verið nema sú, sem hèr er gefin í textanum, ef menn gæta vel að allri þessari samræðu

Þeir svöruðu honum: »Sumir segja, að þú sért »Jóhannes skírari, aðrir Elías, aðrir Jeremías eðr ein»hver af spámönnunum«.

Krists og Postula hans); og Jesús svarar þá aptr Pètri einum; en ef nú Jesús ætlaði að „ávarpa alla Postulana", hví talar hann þá til Pètrs eins, en eigi til þeirra allra? Prótestantar gefa enga ástæðu fyrir því, svo eg viti, nema hvað þeir segja: „Það vald, sem Kristr heitir hèr Pètri, það sama vald gefr hann og öllum Postulum sínum sömuleiðis; Matt. XVIII, 18, 19" (S. 82). En gætum fyrst þess, er hèr er heitið Pètri. Hèr segir Jesús Pètri: 1. „Þú ert hellusteinn", o.s.frv. 2. „Eg mun gefa þèr lykla að ríki himnanna". 3. „Alt, er þú bindr", o.s.frv. Og tökum nú staðinn, sem Prótestantar vísa til, Matt. XVIII, 18: „Eg segi yðr það fyrir sann, að hvað „þèr bindið á jörðu, skal á himni bundið vera, og hvað þèr leysið á jörðu, skal á himni leyst vera". 19: „Enn framar segi eg yðr, að ef tveir yðar biðja nokkrs samhuga á jörðu, þá mun það þeim af mínum himneska Föður veitt verða". Oxforðs-útgáfa, 1863). Allir geta sèð, að hèr er að eins gefið Postulunum (eins Pètri og hinum) vald til að binda og leysa syndirnar, og ekkert annað; en hvar hefir Jesús Kristr sagt til allra Postulanna (eins og til Pètrs): „Þèr eruð hellusteinn" o.s.frv.? hvar hefir hann sagt öllum (eins og Pètri): „Eg mun gefa yðr lykla að ríki himnanna?" Og enn fremr, hvar hefir hann sagt Postulunum, eins og hann sagði Pètri, þessi þýðingarmiklu orð, sem vèr útskýrum hèr á eptir: „Gætið þèr lamba minna ... „gætið þèr sauða minna"? hvar hefir Jesús heitið Postulunum því, er hann hèt Pètri deginum áðr, en hann lèzt á krossinum: „Símon, „Símon, sjá þú, að Satan hefir leitazt við að sælda yðr .... en eg „hefi beðið fyrir þèr, að þín trú eigi skyldi skeika, og þegar þú loksins snýst, þá styrk þú bræðr þína"? — Þessi skýring, er vèr Katólskir höfum yfir þá áðrnefndu staði, er sú, sem jafnan hefir verið í katólsku Kirkjunni, svo að Prótestantar geta eigi neitað henni þannig ástæðulaust, heldr verða þeir, áðr en þeir gjöra það, að hrinda henni með gildum rökum, og um leið að sanna skýringu sína með órækum ástæðum. En þó vèr nú vildum gefa Prótestöntum rètt í því, að skilningr þessara orða sè sá: „að Pètr hafi verið ávarpaðr í nafni allra Postulanna, þá verðr það þó satt, að *yfirvaldið hefði þá* verið selt þeim öllum jafnt í hendr (og þá eptir-

Sjáið hið almenna trúleysi manna, hve mismunandi og frábrugðnar ætlanir þeirra eru. Það er alt þetta, sem hèr er einmitt um að gjöra að endrbæta, að draga til trúarinnar, til einingarinnar.

En spurning Frelsarans verðr nú beinni og prófið árangrsmeira.

Jesús segir til þeirra: »En þèr, hver haldið þèr eg sè?»

Eflaust svara þeir nú allir í einu, eins og fyrstu spurningunni; þeir kalla sjálfsagt einum munni: »Þú ert Guð!» og þá verðr óljóst, hvern kjósa skuli.

Nei.

Trúin er ekki jafnlifandi hjá öllum Postulunum, og einn þeirra, sá sami, sem Jesús Kristr áðr hafði gefið nafnið Pètr, verðr undan þeim öllum, og frambýðr sig sjálfr til kosningar Frelsarans, án þess að taka eptir því, að hann gjörði það. Símon Pètr tók til máls og svaraði honum: »Þú ert Kristr, sonr Guðs lifanda».

---

rennurum þeirra, eins og hèr á eptir mun verða ljósar tekið fram), en ekki „allri hinni trúuðu Kirkju", eins og höfundrinn segir í „Samanburði", o.s.frv., bls. 82. Og ef menn að síðustu ættu að skilja þá staði þannig, að lyklavaldið „hafi verið gefið allri hinni trúuðu Kirkju", þá er það auðsætt, að til þess áð leiða þá meiningu út af þessum orðum, yrðu menn að geta sett orðið Kirkja alstaðar (á þeim og öðrum samkynja stöðum), þar sem orðið Pètr stendr; og þar sem stendr: „þú ert Pètr (hellusteinn)", o.s.frv. þá yrði það að vera þannig orðað: Þú ert Kirkja mín (hellusteinn), og á þessari hellu (þ. e. á þèr, Kirkju minni) mun eg reisa Kirkju mína". En hver er sá maðr með heilbrigðri skynsemi, sem vill leggja Frelsaranum þessi orð í munn? — Samt sem áðr kemr höfundrinn í „Samanburði", o.s.frv., bls. 103, með orð hins h. Ágústínusar, er eiga að sanna skýringu Prótestanta yfir þá staði; en til þess að taka það eigi upp aptr, er seinna verðr sagt, bið eg lesarann að athuga: *þátt, I. kapítula, 2. grein*, 1. atriði hèr á eptir.

Þetta svar kom svo fljótt og lýsti svo miklum krapti, að það rèð kosningunni; sjáið hèr undirstöðu Kirkjunnar, sem á að útbreiða trúna á Jesú Krist um allan heim, og varðveita hana um allar aldir. Það er fyrir framúrskarandi trú, að þessi grundvöllr á að taka öðrum fram, og því seinna hefir Jesús Kristr beðið fyrir honum, til þess að trú hans ekki skeiki, og hann beri umhyggju fyrir, að styrkja bræðr sína.

Hèr hækkar nú sjónarsviðið og fær hátignarlegri einkenni. Það verða, að menn taki svo til orða, ekki aðrir eptir af Postulunum en Pètr hjá Jesú Kristi. Innilegt samband gjörist nú milli Símonar Jónassonar og Krists, sonar lifanda Guðs, það er að skilja: milli jarðarinnar og himinsins. »Sæll ert þú, Símon Jónasson«, segir Frelsarinn, »því það er hvorki hold nè blóð, sem hefir birt þèr þetta, heldr Faðir minn, sem er á himnum« (það er að segja: Stærðu þig ekki af kosningu þeirri, sem fram við þig kemr; það er ekki þín verðskuldan; en sæll ert þú, því trúin, sem auðkennir þig, er gjöf, sem þú hefir öðlazt, og uppspretta hennar, sem fyrir þig á að útbreiðast um alla jörðina, er ekki í þèr, heldr í Guði). Og þegar þú nú samt ert kjörinn til þessa mikla ætlunarverks, ert þú ekki framar Símon Jónasson fiskimannsins; en eg segi þèr: þú ert Pètr, hinn fyrsti yfirprestr Kirkju minnar, jafnsannlega, eins og þú sagðir að eg væri Kristr, sonr Guðs lifanda. »Og eg segi þèr, að þú ert Pètr (hellusteinn), og á »þessari hellu mun eg reisa Kirkju mína, og skulu hlið »helvítis ekki á henni sigrast«.

Skilningr þessara síðustu orða yfirgengr mannlega *skynsemi; það verða* menn að játa. Höfundr Kirkjunnar

sèr fyrir allar þær þrautir, sem fyrir henni liggja, allar þær árásir, er gjörðar muni verða, til að eyða henni, skerða frelsi, einingu og vald hennar, ofsóknirnar, flokkadráttinn, villukenningarnar, fráfallið, alla þessa löngu röð fyrirlitningar, ranginda, æðis, ofbeldis og blóðsúthellingar, alt frá Neró til þess[1], er ofsótti Píus 7., og þeirra, sem enn þann dag í dag ofsækja Píus 9., alt frá Celsus[2] og Júlíanus[3] til Voltaires[4], frá Aríus[5] til Lúters, og til þessara núverandi tíma, og alt það, sem hinar komandi aldir geyma og munu geyma af tilraunum, er gjörðar verða til að steypa henni; hann sèr í einu orði öll hlið helvítis rísa öndverð við Kirkju sinni, án þess hún hafi sèr annað til varnar en trúna, þolinmæðina og sannleikann; og hann segir það fyrir um leið, að það sè Kirkjan, er muni bera sigr úr býtum, og hann hefir látið þenna spádóm sinn rætast. Vissulega eykst trúin, er hún styðst við þetta tvöfalda undr, og hún segir aptr með d'Aguesseau: »Til þess að segja þetta fyrir, þurfti spámann; til að láta þetta rætast, þurfti Guð».

Í sama skipti bætir Jesús Kristr því við: »Og eg mun »gefa þèr lykla að ríki himnanna, og alt það, er þú bindr »á jörðu, skal á himnum bundið vera, og alt það, sem »þú leysir á jörðu, skal á himnum leyst vera«. Það er þetta

1) Þ. e. Napóleon fyrsti. 2) Celsus, heiðinn heimspekingr úr Epíkúríusar-flokki, var uppi á annari öld. 3) Júlíanus (Flavius Claudius), rómverskr keisari, kallaðr trúarníðingr, af því hann kastaði kristinni trú; hann ofsótti mjög kristna; † 363. 4) Voltaire (Arouet de), sorglegrar minningar; hinn mesti gáfumaðr, en neytti gáfna sinna, eins og kunnugt er, til að gjöra gys jafnvel að þeim helgustu sannindum. 5) Aríus, trúarvillumaðr, † 336; hann neitaði berlega hinum nauðsynlegasta aðalleyndardómi kristindómsins, þ. e. Guðdómlegleika Jesú Krists.

vald, er síðar var gefið öllum Postulunum, eins og vèr munum fá að sjá, en sem hèr er heitið Pètri sjálfum á alveg sèrstaklegan hátt, sem forvígismanni þeirra og höfðingja.

Hið annað sjónarmið, sem Jesús Kristr sýnir oss, þegar hann er að framkvæma og enda það, sem hann hefir lofað og byrjað á fyrri staðnum, er eins þýðingarmikið í hinu einstaka. Á þeirri stundu, sem hann hverfr aptr til Föður síns, snýr hann sèr enn sèrstaklega að Pètri, í nærveru hinna lærisveinanna, og spyr hann þrisvar að þessari spurningu: »Pètr, elskar þú mig?« Og takið eptir hinni fyrstu spurningu, því hinar tvær eru ekki annað en endrtekning hennar: »Pètr, elskar þú mig meira en þessir«. Þannig heimtar hann ekki einungis af Pètri vanalega ást, heldr ást æðri ást hinna Postulanna, og þetta æðra stig í skilyrðissetningunni sýnir oss þegar hið æðra í því takmarki, sem Drottinn ætlar sèr. Þannig skipar hann Pètr, þegar hann er búinn að játa spurningunni þrem sinnum, hirði hjarðar sinnar.

Eins og yfirsmiðrinn, sem gætir vel að undirstöðunni, áðr en hann treystir á hana fyrir bygginguna, til þess að sjá, hvort hún er fær um að bera yfirviðina, vill Jesús Kristr með þessum þremr spurningum reyna, hvort Pètr hafi þá hæfilegleika, er hann vildi, til þess að takast það verk á hendr, er honum var ætlað, og þetta verk var að leggja hina miklu undirstöðu einingarinnar, sem á að taka á móti hinum kristilega sannleika, til þess að við halda honum í heiminum. En þessi eining á að vera þannig, í fyrsta lagi öll kirkjan, það er skilja, að allir Postularnir, allir lærisveinarnir, og allir kristnir sè ekki meira en ein heild og saman bindist í *persónu Pètrs, sem* er tekið fram með þessum orðum:

»Á þessari hellu mun eg reisa Kirkju mína»....; og í öðru lagi á þessi eining að felast í því, að Pètr sjálfr fyrir sitt leyti og sem forstjóri allrar Kirkjunnar sè einn með Jesú Kristi (einn fyrir trúna, einn fyrir kærleikann), eins og Jesús Kristr er einn með Guði, og að Pètr sè þannig miðpunktrinn, og eins og sambandsliðr jarðarinnar við himininn, sem vekr oss í huga hin minnisverðu orð Frelsarans: »Heilagi Faðir, verndaðu í þínu »nafni þá, sem þú hefir gefið mèr, svo að þeir sè einn, »eins og við. Eg bið ekki einungis fyrir þeim (Postul»unum), heldr líka fyrir þeim, sem munu trúa á mig »fyrir þeirra orð» (hinir kristnu á öllum stöðum og um alla tíma hafa á þessari stundu vakað fyrir hugsun Jesú Krists), »til þess að allir sè eigi nema einn; eins og »þú, Faðir minn, ert í mèr og eg í þèr, að þeir sè á »sama hátt einn í oss.

Hve aðdáanleg sameining! og hvaða sál er svo illa úr garði gjörð, að hún sè ekki gjörhrifin af þessu!!! Hèr er þegar fundið aðalból einingarinnar, sem menn hafa rètt orðað einingu í tölu, og er eptir eðli sínu á heima í leyndardómi þrenningarinnar; en af henni leiðir, að Faðirinn og Sonrinn eru eitt með Heilögum Anda eða kærleikanum. Þessi grundvallarregla einingarinnar rýmkast fyrir kærleikann, sem er samtengingarbandið, og hans einkenni er það, að lækka sig til þess, sem elskunnar á að njóta og draga hann upp til sín, til þess hann verði eitt með honum; og Jesús Kristr, sem fyrir kærleikann gjörði sig að manni, vill nú sameina sèr mannlega náttúru, og láta hana komast með sèr í eiuingu Guðdómsins, með því að sætta hana við Föður sinn á krossinum. En þetta er enn ekki nóg. Þessi *eining á ekki að taka* enda með Jesú Kristi, sem tals-

mann manneðlisins; hún á að rýmkast að nýju á þann hátt, að hún bindi alla menn, er góðan vilja hafa, á hið sama band, og gjöri þá hluttakendr í Jesú Kristi, eins og Jesús Kristr hefir hlutdeild í Guði; og þessi rýmkun, þessi hlutdeild í hinni guðlegu einingu í Jesú Kristi, gjörist fyrir milligöngu Kirkjunnar, er ekki er nema ein í persónu Pètrs, sem sjálfr er einn með Jesú Kristi, sem ekki er nema einn og hinn sami með Guði. Það er þetta, sem þessar þrjár spurningar tákna, sem Jesús Kristr segir við Pètr: »Elskar þú mig meira en þessir?» það er að skilja: þú, undir hvers hirðisstaf eg vil sameina Kirkju mína, ert þú, þú sjálfr, vel sameinaðr mèr; því það ert þú, sem átt að vera hyrningarsteinn þessarar byggingar. »Elskar þú mig?» Hann segir ekki við hann: »Hefir þú andagipt til að stjórna öllum heiminum? Hefir þú herlið til þess að yfirstíga hann? Hefir þú föng á, að vinna hann?« Heldr: »Elskar þú mig?» til að sýna enn einu sinni, að sambandið við Guð var hið verulega skilyrði fyrir kosningu hans. Og takið eptir, hve fögr svör Pètrs eru í einfeldni þeirra! Eptir að hafa svarað tveim sinnum: »Já, herra, þú veizt, að eg elska þig», elskar hann svo sannlega, að hann getr ekki borið þriðju spurninguna, og að hjarta hans angrast af þessari raun, og að frá hjarta hans streyma þessi orð: »Herra, þú þekkir alla hluti, þú veizt, að eg elska þig». Þessi orð eru ekki einungis full ástar, heldr líka full trúar, því þau tákna: þú ert Guð, og þú heimtar af mèr það, sem þinn máttr aleinn nægði til að láta þig sjá! Jesús Kristr þurfti í sannleika ekki að spyrja Postulana um ást þeirra og trú, til þess að vita, hver þeirra ætti að vera undirstaða *Kirkjunnar, en að hann* gjörði það, það var til þess, að

hrífa mannlegan anda þeirra, og til þess fyrir þeirra munn að kenna öllum mönnum skilyrði einingarinnar, sem átti að sameina þá alla hinni sömu Kirkju, Kirkjuna við persónu Pètrs, Pètr við Jesú Krist, sem sjálfr er sameinaðr Guði; þetta skilyrði er andi kærleikans og trúarinnar.

Sjáið þá einingunа, hið verulega einkenni hins mikla líkama Kirkjunnar, eins og það er sannleikans, en þetta einkenni krefst þegar annars sem heimildar sinnar, og það er valdið. Jesús Kristr bætir líka undir eins við hið fyrra atriðið: »Og eg mun gefa þèr lykla himnaríkis«, o. s. frv. Og við hið seinna: »Gæt þú sauða minna».

Enginn sannleikr er í raun rèttri án einingar; því sannleikrinn er einn, eða það er ekki sannleikr; en engin eining er án valds, án sameiningar-miðpunkts, er heimtir saman það, er stefna vill í gagnstæða átt, og að síðustu er ekkert vald sannlegt nè lögmætt nema Guðs vald, eða það vald, sem kemr frá Guði. Það er þá fullkomin vizka, sú, sem í stofnun Kirkjunnar hefir grundvallað fyrir oss eign sannleikans á einingunni, eininguna á valdinu, og valdið á orði Guðs.

Hvílíkr var sannleikrinn á jörðunni, áðr en Jesús Kristr kom, sannleikrinn um Guð, um manninn, skyldur vorar og ákvörðun? Það var einhver óljós hlutr sökum þess, að hann var svo breytilegr og hvikull, sem ekki var fastsettr eða ákveðinn ekki einungis meðal tveggja manna, heldr jafnvel hjá sama manninum, sem hvarf án afláts til þess að endrfæðast í þúsund getgátum og þúsund lærdómssetningum, svo að ekkert varð víst, nema óvissan sjálf. Það voru þó til náttúrleg sannindi, *sem menn sáu, en gátu* ekki fastsett; og af hverju

kom það? Af því að einingin var ekki til; hv sagði sitt álit, reisti sinn eiginn skóla, og setti kensl stól sinn til þess, að kenna eptir geðþótta, og t optast sjálfr ekki annað fyrir mælikvarða, en ákefði að sýna sig, það er að skilja, að aðgreina s og draga sig frá einingunni. En af hverju kom þes vöntun eiaingarinnar, nema af vöntun valdsin sem gjörði það að verkum, að enginn maðr hafði r til þess, að segja við annan: »Þú munt hugsa ein og eg», og jafnvel að segja við sjálfan sig: »Eg mu hugsa eins á morgun og eg hugsa í dag». C að síðustu, ef vèr höldum hugsuninni áfram, af hver kom þessi vöntun valdsins, nema af því, að maðrin er hafði slitið hlýðnisband það, sem upphaflega ba hann við hið æðsta vald Guðs, hafði sjálfr um leið sé öll bönd slitna, er hèldu honum í hlýðni við sjálfan si og sameinuðu hann við bræðr sína í sameiginlegri hlýð við Guð?

Hlýðnin er hin fyrsta skylda mannsins; hún einnig grundvöllrinn og undirstaðan fyrir öllum rè hans og sönnum hagsmunum. Frelsið, sem menn ei lægt koma með gagnstætt hlýðninni, er ekki annað verkfæri hennar, en ekki andstæði; það hefir sannle ekki verið veitt oss til þess að reika stjórnlaust í os er ekkert megnum, og til þess að sjá það tortýnast óumflýjanlegum þrældómi girndanna, heldr til þess vèr notuðum það til þess, að viðrkenna valdið, er v eigum að hlýðnast, og til að gjöra þessa hlýðni sóm samlega, þegar hún þannig verðr af frjálsum vilja gjör Með þessari rèttu notkun frjálsræðis vors afsölum v það því ekki, það fer fjærri! en vèr temjum það, þve *á móti, einmitt* með hlýðni vorri, og vèr vinnum m

því réttinn og kraptinn, til þess að stjórna sjálfum oss, þegar því er að skipta.

Þessar miklu grundvallarreglur, hina sönnu undirstöðu skyldunnar og frjálsræðisins, þektu fornþjóðirnar ekki, því þær höfðu ekkert sýnilegt vald, er birti þeim þær og ábyrgðist þeim þær. Kristindómrinn hefir gefið þær heiminum, með því að sýna honum þær í verkinu í fullkominni mynd í hinni miklu stofnun Kirkjunnar, sem var á öllum miðöldunum hið einasta hæli sannleikans, einingarinnar og hins sanna frelsis, mitt á meðal hins almenna menntunarleysis, er grúfði yfir heiminum, og sem síðan hefir smásaman veitt öllum mannlegum stofnunum þessar frumreglur lífs og menntunar, er fljótt mundu hverfa, ef hún geymdi eigi um aldr og æfi forða þess í skauti sínu.

Sannlega hefir Jesús Kristr, sem, eptir hinu fagra orðatiltæki hins h. Ágústínusar, var sannleikrinn sjálfr kominn á jörðina, og sem því líka hafði í sjálfum sèr bæði eininguna og valdið, sem eru þar frá óaðgreinanleg, gefið oss hann, þar sem hann var kominn á jörðu til þess, að flytja og eptirláta oss hann í sinni verulegu mynd, og með því skilorði, að hann við hèldist óbreyttr. Ef Kristr hefði farið hèðan, eptir að hafa varpað sannleikanum vopnlausum út í heiminn, hefði hann ekki getað rutt sèr þar til rúms, eða hann hefði að minsta kosti skjótt orðið aptr hinn sami og hann hafði verið hjá heimspekingum fornaldarinnar, og það sem hann í raun og veru er orðinn utan Kirkjunnar hjá trúarbragðaflokkum þeim, er hafa skilið sig frá henni: efni sundrungar og óskapnaðar-mótsagna, er einungis hefði útbreitt myrkr og villu yfir mannlegan

[illegible] fremstr allra
[illegible] eins og andlegar
[illegible] sem viggirtr, og
[illegible] ú af sigra heiminn,
[illegible] mannlegs
[illegible] einn helgr eiminguu. það
[illegible] þegar hann
[illegible] sama nat hefir tekið
[illegible] umboðsmaðr hins
[illegible]

[illegible] Að-
[illegible] stafr,
sem [illegible] manni frá manni
[illegible] einingarinnar
[illegible] drambláta,
[illegible] og sefað
[illegible] jörðu, er
[illegible] og sameinað alla
[illegible] heims, af
[illegible] þar
[illegible] það eru
[illegible] og hin
[illegible] unnið
[illegible] sannleikans,
[illegible] mundu
[illegible] hendr,
[illegible] sann-
[illegible] lyklar
[illegible] lokið
[illegible] og sem,

[illegible] Þýzkalandi
[illegible]

með því að ljúka smásaman upp öllum hliðum hennar, hafa rekið á flótta villuna og vonzkuna, hver sem helzt hefir verið sú mynd, sem þær hafa tekið til þess að reyna að smeygja sèr þar inn; það eru þessir lyklar enn fremr, sem enn þann dag í dag eru hinir einu lyklar komandi tímans, hins hulda ókomna í tímanum, og hins enn huldara ókomna í eilífðinni.

Sjáið hèr einkenni full speki og háleiks, sem láta sig í ljósi í stofnun Kirkjunnar.

En þessi einkenni nægja nú ekki til þess að ábyrgjast oss, að sannleikrinn hafi fram flutzt til vorra daga viss og óskaddaðr. Það er að vísu aðdáanleg hugmynd, en hún hvílir á mannlegum grundvelli; því þegar á alt er litið, er Pètr maðr, þrátt fyrir alla ást hans og trú, og eptirkomendr hans eru það þó allir fremr. Kirkjan er að vísu mynduð, en Guð er enn ekki í henni, í henni er ekki nema mannlegt efni, er eptir eðli sínu er breytilegt, og sem valt er á að ætla. Það er oss þá ómögulegt, að taka þessi orð eptir því, sem þau hljóða: að helviti muni aldrei sigrast á Kirkjunni, eða þessi orð útheimta þá beinni og ýtarlegri fyllingu guðlegrar aðstoðar. Þess þarf því, að Andi Guðs, Guð sjálfr, gangi inn í og sameinist þessum mikla líkama, til þess að láta honum í tè afl sitt og óbrigðuleik, til þess að varna honum frá, að falla sjálfr í þá sundrung, sem honum er ætlað að vernda heiminn fyrir, og til þess að ávinna hjá öllum mönnum skynsamlega og fulla hlýðni við þau sannindi, er skyldu endrfæða þá.

Vèr höfum sèð efnið — vèr höfum sèð lögunina — vèr eigum þá eptir að sjá innblástrinn og lífið.

3. atriði. Innblástr og líf Kirkjunnar.

Ekkert er ljósara í öllum gjörðum og orðum Frel arans heldr en það, sem snertir gjöf Heilags Anda, loforðið um hans sífeldu nærveru í Kirkjunni. Þar er ekkert líkingarfult; það er í öllum strangasta skil ingi hinn guðlegi innblástr, sem tekr bólfestu í þess stofnan.

Það er eptir fleiri endrtekningar, á leið sending sinnar, að Frelsarinn hverfr þangað aptr, sem til að tilgangs síns fyrir mennina, sem ekki á að uppfylla fyr en eptir dauða hans, og þegar annar kemr í ha stað. Þannig sjáum vèr, að eptir því, sem líðun ha nálgast, eptir því verðr loforð hans fyllra og glöggva að það er eptir dauða hans, að loforðið fullgjörist, að það er fyrst eptir upprisu hans, að það, sem ha vann og gjörði, skein yfir jörð alla. Það er í raunir ekki nema fyrir dauða sinn, að hann afrekaði oss n sáluhjálparinnar, og það er því ekki fyr en eptir dau hans, að sú stofnun, er var ákvörðuð til þess, að geyi og flytja oss hana, varð nauðsynleg. Þessi hagsýn aðferð Jesú Krists er auðsýnileg, og þarf enga fyrirhö til þess að sjá hana.

Þannig er það í þeirri merkilegu ræðu, sem ha heldr til lærisveina sinna, þá er hann skilr við þá, að líða pínuna, að hann segir þeim:

»Eg er vegrinn, sannleikrinn og lífið. Enginn ke »til Föðursins nema fyrir mig···· Eg fer til Föð »míns····, og eg mun biðja Föður minn, og hann m »gefa yðr annan huggara, svo að hann sè eil »lega hjá yðr, Anda Sannleikans, sem heimri »getr ekki móti tekið; því hann sèr hann ekki og þek

»hann ekki, en þèr þekkið hann, af því hann mun »dvelja hjá yðr, og af því hann mun búa í yðr».

Eptir að hann hefir gefið þeim fleiri reglur, segir hann enn: »Eg hefi sagt yðr þetta, meðan eg dvaldi »enn hjá yðr; en huggarinn, sá Heilagi Andi, »sem Faðir minn mun senda í mínu nafni, »hann mun kenna yðr alt, og minna yðr á alt, »sem eg hefi sagt yðr»[1].

Síðan, er hann talar um þá, sem ekki hafi þekt sig, segir hann: »Þeir hafa hatað mig án sakar; en »þegar huggarinn, Sannleikans Andi, sem fram gengr »af Föðurnum, og sem eg mun senda yðr frá »Föðurnum, er kominn, mun hann bera vitni um »mig, og þèr munuð líka bera vitni um mig»[2].

Að síðustu: »Eg er út genginn frá Föðurnum og »kominn í heiminn; en nú skil eg við heiminn, og fer »aptr til Föður míns .... Eg hefi enn marga hluti að »segja yðr, en þèr getið ekki borið þá að sinni; .... »en þegar Andi Sannleikans kemr, þá mun hann leiða »yðr í allan sannleika»[3].

Loforðið um alla yfirnáttúrlega hjálp liggr í öllum þessum tilvitnuðu stöðum. Það eru ekki Postularnir, þessir umkomulitlu menn, sem eiga að bera vitni um Jesú Krist og birta kenningu hans, það er Andi Sannleikans, sem fram gengr af Föðurnum, það er að segja Guð sjálfr, sem muni koma í þá, sem muni dvelja hjá þeim, og sem muni kenna þeim alla hluti; og hvað varðar þá um veikleika þeirra, vankunnáttu þeirra og umkomuleysi af náttúrunni? Þeim verðr fljótkent í skóla sannleikans, og af

1) Jóh. Guðsp. XIV. 6, 13, 16. 17—25, 26. — 2) Jóh. Guðsp. XV, 25, 26, 27. — 3) Jóh. Guðsp. XVI, 28, 12, 13.

því þeir eru óháðir falsspeki heimsins, verða þeir því hæfari til að kenna aptr út frá sèr lærdóma Guðs speki.

Í allri þessari tölu Jesú Krists koma hinar guðdómlegu persónur hinnar h. þrenningar fram í vorum augum sem samvinnandi að verki sáluhjálpar vorrar. Það er Faðirinn, skapari mannkynsins, sem sendir Son sinn til að endrleysa heiminn, og Sonrinn snýr aptr til Föðursins, þegar ætlunarverk hans er endað; síðan byrjar sending Heilags Anda, og með henni Kirkjan, sem á að vera verkfæri hennar til aldaloka. Í þessum ýmislegu tilbreytingum guðlegs verknaðar er það einlægt hinn sami Guð, sem verkar í sèrhverri af þessum þremr persónum, og þessi skipting persónanna, án þess að skerða neitt einingu Guðdómsins, gjörir oss einungis auðsærri framförina í fyrirhugun trúarinnar, og gjörir oss hana skýrari og ljósari í öllum greinum hennar. Þar af kemr, að Jesús Kristr talar í Guðspjallinu ýmist eins og persóna, og þá aðgreinir hann sig frá Föðurnum og Heilögum Anda; ýmist sem Guð, og þá talar hann um sig í sambandi við þá. Það er þannig, að hann segir í framan tilfærðri ræðu: »Eg skil yðr ekki eptir munaðarlausa, eg mun koma til yðar«[1], og enn fremr: »eg mun biðja Föður minn, og hann mun senda yðr annan huggara, Anda Sannleikans[2].

En orð hans verða nú ljósari og hátíðlegri; dauði hans hefir fullkomnað endrlausn vora og opnað oss fèsjóð náðarinnar; vèr nálgumst hèr hina efstu stund, þar sem öll fyrirtæki hans koma saman; hann ætlar að fara að skilja við jörðina; Kirkjan, sem kölluð er til eptir hann að uppfylla jörðina með dásemdarverkum sínum, liggr fyrir fótum hans, þar sem eru Postularnir í einum flokki, hún er

1) *Jóh. Guðsp. XIV*, 18, 19. — 2) Jóh. Guðsp. XIV, 16, 17.

inn ókunn og óþekt og þekkir ekki sjálfa sig, hún er ekki til nema í hinni guðlegu hugsun höfundar síns, en hún er þar til með þeirri fyllingu og lífskrapti, sem á að breyta útliti jarðarinnar. Hann hefir að eins lofað Kirkju sinni að senda henni Anda Sannleikans, þegar hann verðr kominn aptr til Föður síns; en á meðan vill hann sjálfr, er hann er sem eitt með Föðurnum og Heilögum anda, veita henni upphaf guðlegs kraptar, og innræta henni við burtför sína hreyfingu þá, sem hún á að gjöra heiminn hluttakandi í. Hvílík stund!! og hve mikinn háleik innibinda ekki orð Krists!

»En«, segja hinar helgu bækr, »hinir ellefu (þeir »voru ekki nema ellefu eptir fráfall Júdasar), ferðuðust »síðan til Galílealands á fjall það, er Jesús hafði boðið »þeim. Þegar þeir sáu hann, þá tilbáðu þeir hann, en »nokkrir voru efablandnir. Þá gekk Jesús að þeim, »talaði til þeirra og sagði:

»MÈR ER GEFIÐ ALT VALD Á HIMNI OG JÖRÐU«; — áðr hefir hann sagt til þeirra hjá Jóh. (guðsp. XX, 21, 22, 23): »EINS OG FAÐIRINN HEFIR SENT MIG, »EINS SENDI EG YÐR;.... MEÐTAKIÐ ÞÈR HEILAGAN »ANDA: HVERJUM SEM ÞÈR FYRIRGEFIÐ SYNDIRN»AR, ÞEIM ERU ÞÆR FYRIRGEFNAR, OG HVERJUM »SEM ÞÉR APTRHALDIÐ ÞÆR, ÞEIM ERU ÞÆR APTR»HALDNAR». — »MÈR ER GEFIÐ ALT VALD Á HIMNI »OG JÖRÐU; FARIÐ ÞÁ, OG KENNIÐ ÖLLUM »ÞJÓÐUM OG SKÍRIÐ ÞÆR Í NAFNI FÖÐUR, SON»AR OG HEILAGS ANDA, OG BJÓÐIÐ ÞEIM AÐ GÆTA »ALLS ÞESS, ER EG HEFI BOÐIÐ YÐR; SJÁIÐ (þ. e. »REIÐIÐ YÐR Á, AÐ) EG ER MEÐ YÐR ALLA »DAGA ALT TIL ENDA VERALDARINNAR[1].

1) Matt. XXVIII, 18, 19, 20.

Hèr þurfa menn fyrirfram að hafa einsett sèr fas lega að standa gegn sannleikanum, ef menn eiga ek að sigrast af krapti þessara orða, af samhljóðun þeir við alt, sem á undan er gengið í sendingu Frelsaran og af öllu hinu spámannlega sambandi við alt, sem ept hefir komið í ætlunarverki Kirkjunnar, og af hinu hi tignarlega og ríka afli þeirra, er í sannleika er sam boðið Guði og sannleikanum, og ekki verðr sambor við neitt, nema við hin fyrstu orð, er rufu óskepið c buðu yfir því, sem ekki var til orðið. ALT VALD E MÈR GEFIÐ Á HIMNI OG JÖRÐU···· Hvílíkr inn gangr! Það er þá mikilvæg athöfn, sem Guðs Son með þessu valdi ætlar að framkvæma, þar sem hann finr tilefni til að vitna til þessa valds, og eins og að sam eina það í heild sinni! Og það er sannlega hans val (þetta sama Guðdómsins vald, sem hefir skapað heim inn og endrleyst hann), sem að nýju ætlar að kom fram í einhverju miklu kraptaverki.

EINS OG FAÐIRINN HEFIR SENT MIG, EIN SENDI EG YÐR. — Til þess að dæma traust Postul anna á þessari sendingu guðlegs máttar, verða men að rifja upp fyrir sèr, að þeir höfðu verið vottar a þeirri köllun, sem Jesús Kristr sjálfr hafði tekið á mó frá Föðurnum í ummyndun sinni á fjallinu Thabor. Þa fyrir segir hinn h. Pètr beinlínis í öðru brèfi sínu »Vèr fylgdum ekki spaklega uppspunnum skröksögun »þá er vèr kunngjörðum yðr um mátt og hèrver »Drottins vors Jesú Krists, heldr vorum vèr sjálf »sjónarvottar að hans hátign; því hann meðtók f »Guði Föður heiðr og dýrð, þá er frá hinni hátignar »fullu dýrð barst honum raust, sem sagði: »Þess

er Sonr minn elskulegr, sem eg hefi velþóknun á«[1].

Það er til þessa vitnisburðar, er Kristi er gefinn við þetta tækifæri, að hinn h. Pètr skírskotar til þess að staðfesta með gildi kenningar sinnar. Og hvert var þá einkenni þessa vitnisburðar? Einkenni þetta var augsýnilega á tvennan hátt. Á fyrri staðnum sjást Móíses og Elías þeir tveir menn, er sköruðu mest fram úr á tímum lögmálsins, birtast við hlið Krists, veita honum lotningu, bera vitnisburð um sendingu hans og afsala sèr öllu valdi, sem þeir höfðu móti tekið til að stofnsetja lögmálið, í hendr þeim, sem var kominn til að auka það og fullkomna. Á seinni staðnum er vitnisburðrinn um Krist óviðjafnanlega ákveðnari og hátíðlegri: það er vitnisburðr hins Alvalda Föður, er skipar Postulunum að hafa fullkomna trú á hverju orði, er komi af vörum Jesú Krists: »Þessi er Sonr minn elskulegr, sem eg hefi velþóknun á«.

Ráðið nú af þessu, hversu sterkt traust Postulanna hlaut að vera á því valdi og myndugleika, er Kristr hafði. Og þegar þeir síðan heyrðu hann selja sèr þetta sama vald í hendr með þessum ákveðnu orðum: »Eins og »Faðirinn hefir sent mig, eins sendi eg yðr«; — »Sá sem hlýðir yðr, hlýðir mèr, og hver sem fyr»irlítr yðr, fyrirlítr mig; en hver sem fyrirlítr mig, »fyrirlítr þann, sem sendi mig«[2], hvílíka trú máttu þeir hafa á sinni eigin sendingu, þeir er verið höfðu vottar um hina hátíðlegu innsetningu Jesú Krists í embættið á Thabor, og sáu síðan sig sjálfa gædda þessu altmegnandi valdi, er Faðirinn gaf Syninum og sem Kristr eptirskildi þeim með öllum stórmerkjum þess!

1) 2 brèf S. Pètrs, I, 16, 17. — 2) Lúk. X, 16.

Þannig er vald Kirkjunnar hið altmegnandi val sjálfs Guðs. Að bera á móti hinu guðlega frumafli, sem ræðr í Kirkjunni, það er hið sama og að ráðast á guð dómleik Krists, og meira en það, það er að efast um almætti Föðursins, sem sendi hann. Og þetta er sú ó umflýjanlega afleiðing, sem reynslan um villur trúarleysisins staðfestir enn betr heldr en undirgefni trúarinnar, og sem fyrir augum vorum leiðir sèrhvern, er brjótast vill gegn trúnni, frá ágreiningi til villulærdóms, frá villulærdómi til eingyðistrúar, og frá eingyðistrú til algyðistrúar og æðis náttúrlegrar skynsemi.

»Þegar hann (Jesús) hafði sagt þetta, blès hann á »þá og sagði til þeirra: MEÐTAKIÐ ÞÈR HEILAGAN »ANDA; HVERJUM SEM ÞÈR FYRIRGEFIÐ SYNDIRN»AR, ÞEIM ERU ÞÆR FYRIRGEFNAR, OG HVERJUM »SEM ÞÈR APTRHALDIÐ ÞÆR, ÞEIM ERU ÞÆR »APTRHALDNAR«. Hèr snýst veiting hins guðlega valds í verknað; áblástr Guðs, þessi sami áblástr, sem hafði gefið Adam lifandi anda[1], lífgar hèr hina komandi hirðara þjóðanna með hinum nauðsynlega krapti til endrfæðingar mannkynsins; hann breiðir út nýjan anda yfir Kirkjuna, og með fulltingi Kirkjunnar yfir alla kristna menn, og þessi andi er hið sama fyrir hina föllnu sál, sem sálin er fyrir líkamann, og þenna anda eða áblástr er Kirkjan sett til að varðveita og úthluta. Hann veitir henni krapt til endalausrar útbreiðslu, eins og hann áðr hafði veitt henni yfirvaldslegt sameiningarafl, með því að setja hina tólf Postula og gjöra Pètr að forstjóra þeirra, til þess, er bæði þessi öfl koma saman, að Kirkjan geti jafnframt náð yfirráðum yfir heiminum og varðveitt hann.

1) *Móises, 1. bók,* II, 7.

FARIÐ ÞÁ, hvílíkt kraptorð! hversu þýðingarmikið! hvílík guðleg hvöt! sem hefir hrundið úr vegi öllu viðnámi gegn framgöngu Kirkjunnar og sem jafnvel enn þann dag í dag lætr hana halda áfram út í hinn ókomna tíma, eina, fulla afls og hátignar. Farið þá, það er að segja, hversu ómögulegt sem yðr sýnist að framkvæma þetta fyrirtæki, að leiða mannkynið til endrbótar og að drottna yfir því um aldr og æfi með afli sannleikans, yðr, sem eruð einkis umkomnir, sem ekkert eigið, og sem eg segi fyrir allskonar ofsóknir. Farið! studdir, bornir á örmum hins Almáttuga, fræðið allar þjóðir og kennið þeim að halda alt það, sem eg hefi boðið, og verið vissir um, að eg er með yðr alla daga alt til aldaloka. Og Kirkjan hefir aldrei, síðan hún fèkk þessa hvöt, hætt ferð sinni, og hún heldr áfram og mun halda áfram til aldaloka, því hið sama vald, sem hefir boðið henni: haltu áfram! það sama vald, sem svo undrsamlega hefir látið sig ásannast, hefir einnig boðið henni: Far þú og haltu áfram alt til aldaloka.

Og íhugið nú (því hèr er alt íhugunarvert), hvað einmitt sè ætlunarverk Kirkjunnar, er hin guðlega aðstoð, sem henni er heitin, miðar til; það er ekki hjálp til þess, að sigra með ofbeldi, til að hrífa hugann með yfirtaksgáfum, og enda ekki til að gefa öðrum gott eptirdæmi, með heilagleik siðhelgi og góðum siðum. Í öllum þessum greinum hefir Kristr látið Kirkju sína eiga sig sjálfa í hinu náttúrlega ástandi, og ekki lofað henni neinni aðstoð. Hann varð enda að gjöra þetta, eins og vèr þegar höfum sèð, (sjá bls. 18. og 19.) til þess að gefa verki sínu líkingu og blæ mannlegrar framkvæmdar og *æfa með því* trú vora, sem annars hefði orðið

ofriliði borin af hinu alt of bersýnilega kraptaverki, ef aldrei hefði brugðið út af því, að þjónar Kirkjunnar jafnan hefði verið afburðamenn að gáfum og dygðum. En hið sèrstaklega og eina ætlunarverk, sem Kirkjunni var falið á hendr og af hverju vèr eigum að geta sannfærzt um, hvort hana nokkurn tíma hafi skort guðlega aðstoð, er fólgið í því, að fræða allar þjóðir og kenna þeim að halda alt það, sem Jesús Kristr hefir boðið, og það er til aðstoðar þessari köllun að Kristr bætir því við: »Sjáið (eða verið vissir um, að) eg er með yðr alla daga alt til aldaloka. »Með yðr, sem fræðandi«, bætir Bossuet[1] við, til útlistunar, »með yðr, sem skírandi, með yðr sem kennandi »mínum trúuðu að halda alt, sem eg hefi boðið yðr, »þess vegna líka með yðr, er þèr hafið um hönd hið »æðsta embætti og yfirvald í Kirkju minni, það er með »yðr, — það er með þeim, sem eptir yðr koma, það »er með mannfèlaginu, er saman safnast undir þeirra »handleiðslu, sem eg mun vera, frá því nú er og alt »til þess, að heimrinn endar, alla daga án afláts, því »aldrei mun koma sú stund, að eg yfirgefi yðr, og jafn»vel þótt eg sè líkamlega fjarlægr, mun eg jafnan vera »yðr nálægr í anda«.

Óbreytanlegleiki lærdómsins og óblandin kenning hans er það, sem Kristr vildi rótfesta í Kirkju sinni, ásamt kennimannlegu embætti og myndugleika til að úthluta náðarmeðölunum til sáluhjálpar þeim, sem gefa sig henni á vald. Hann hefir ekki viljað gefa Kirkjunni ómótstæðilegt aðdráttarafl nè yfirburði, er enginn fengi í

1) Bossuet byskup í Meaux á Frakklandi var hinn fjölhæfasti gáfumaðr, djúpvitrasti guðfræðingr og hinn mesti mælskumaðr, er *uppi hefir verið á Frakklandi*, † 1704.

móti staðið. Kirkjan er sem viti, öldurnar lemja og ata optsinnis undirstöðu hans með löðri sínu, svo það lítr út, sem hann sè orðinn eitt með skerjunum, en efst á vitanum skín ljós, sem aldrei sloknar.

Það er í þessum skilningi, að Jesús Kristr hefir heitið að vera með Kirkju sinni alt til enda tímans, og það er ekki nema fyrir sannleik þessa fyrirheitis, að menn geta gjört sèr skiljanlegt sigrhrós og viðhald Kirkjunnar í sögulegum skilningi, og hið óslitna framhald hirðara hennar mann eptir mann, hina klerkavaldslegu sameiningu allra hennar lima, og að menn geta einnig skilið, að lærdómr hennar hefir viðhaldizt hreinn og óblandinn; að menn geta einnig skilið eining og staðfestu í trúarjátningu hennar allsstaðar og á öllum tímum, óbrigðulleika úrskurða þeirra, er hún hefir felt gegn hinum ótölulegu villulærdómum, er sprottið hafa upp umhverfis hana, án þess að henni hafi skeikað í einu einasta atriði, en fengið þvert á móti í árásum þeim, er hún stöðugt hefir orðið fyrir, æskilegt tækifæri til að koma við valdi sínu og til að láta ljós sitt skína.

Þetta tvöfalda undr, sem lýsir sèr í Kirkjunnar útvortis og innvortis tilveru, sem og í hennar klerkavaldslegu og trúarfræðislegu einingu, sem ekkert í veröldunni hefir megnað að granda, er svo langt frá að hafa rýrnað eða minkað við þau umskipti og breytingar, er menn sjá að komið hafa fram í Kirkjunni í öllum þeim efnum sem Forsjónin hefir gefið hana hlutanna náttúrlegu rás á vald, að það miklu fremr og einmitt fyrir það er orðið enn bersýnilegra; og í þessum skilningi verða ófullkomlegleikar hennar eigin þjóna, sem óvinir hennar hafa gjört svo mikið úr, órækt vitni um þá yfirnáttúrlegu aðstoð, *er henni var* heitin, til verndar og viðhalds

sannleikans, sem hefir verið svo kröptug, að Kirkjan hefir getað komizt hjá öllu grandi, jafnvel því, sem henni hefir verið búið af hennar eigin þjónum að því leyti sem mannlegir ófullkomlegleikar áttu sèr enn stað í henni. Þannig er það orðið, að það, sem hneyxlar hina ótrúuðu, verðr hinum trúuðu til uppbyggingar[1]. Sjáum hèr algildi, ævaran-

1) Eg vil biðja lesendrna vel að athuga, að katólskir neita því engan veginn, að ýmsir ósiðir og ýms óregla hafi á stundum læðzt inn í Kirkjuna, og enda hjá Páfunum sjálfum. Vèr andvörpum þanglega yfir því, að þetta hefir getað svo að borið, en vèr verðum um leið að taka það fram, að vèr með engu móti getum játað eða viðrkent margt af því, sem ýmsir Mótmælendr hafa ritað um þetta efni, og þessum orðum vorum getum vèr fundið fallan stað, því þeir úr flokki Mótmælanda, sem bezt hafa verið að sèr í Kirkjusögunni, og lagt hafa óvilhallan og hreinskilinn dóm á málið, t. a. m. Ranke, Hurter, Voigt, Cobett og fleiri, hafa bæði sagt og sannað, að þeir Páfar, sem hafi gjört sig bera að siðleysi, hafi verið mjög svo fáir, og að það, sem menn hafa fundið þeim til saka, annaðhvort hafi verið mjög orðum aukið eðr og algjörlega tilhæfulaust; en að öðru leyti höfum vèr Katólskir menn aldrei farið því fram, að Páfarnir sè eða hafi verið syndlausir menn, nè heldr því, að þeir sè og hafi verið gæddir æðra eðli eða af öðru bergi brotnir, en aðrir dauðlegir menn. Jesús Kristr hefir hvergi heitið þeim neinni eðlisbreytingu, um leið og þeir settist að stóli; hann hefir einungis heitið því, að hin rètta og sanna trú, er hann flutti mönnunum, skyldi viðhaldast óbrjáluð í Kirkjunni, og honum er ekki um megn að efna þetta heit sitt, þrátt fyrir það þó þjónar hans sè mannlegum breyskleika háðir.

En hvað má nú segja um þá menn, sem bæði kalla sig og eru lærðir menn, og þar að auki guðfræðingar, þegar þeir af þeirri ástæðu, að fáeinir Páfar, ef til vill einir 8—10 af 259, hafa verið að ósiðum kunnir, hafa látið þetta atriði villa svo sjónir fyrir sèr, að þeir hafa leyft sèr að fullyrða, að trúin og trúarlærdómarnir hafi fyrir þessa sök ekki getað geymzt í Katólsku Kirkjunni hreinir og ómeingaðir? Að ófróðir og ómentaðir menn hafi getað lagt trúnað þetta er ekki tiltökumál, en að lærðir menn og það guðfræðingar skuli *hafa aðhylzt þessa* skoðun og haldið henni á loft í ritum sínum

leik og óbrigðulleik Kirkjunnar, sem henni er fyrirheitinn, fullvissaðr og trygðr ekki einungis með orðinu, heldr með nærveru sjálfs Guðdómsins. Guð er með Kirkjunni, hann er í Kirkjunni, og Kirkjan er ekki annað en sýnilegr háttr sambands Guðdómsins við alt mannkynið, og ef menn mætti svo að orði kveða, ekki annað en hljómberi hans orða gegnum raðir aldanna, eða, eins og Mœhler kemst að orði: »stöðug holdtekja Guðs Sonar, hvar í hann heldr áfram í öllu, eins og hann var; það er trúarkenning hans í sýnilegri mynd. Eins og hann gjörði sig að manni, þannig hefir hann einnig, að nokkru leyti, gjört sig að Kirkju.

Í lífi sínu á jörðunni hafði Jesús Kristr ekki opinberað sig, nema fáeinum mönnum, en þar sem hann kom í heiminn til að endrfæða alt mannkynið, hlaut hann að gjöra nærveru sína ævarandi og almenna, vera ætíð og allsstaðar, en þó jafnan hinn sami. Hann hlaut að geta látið alla nálgast sig, og það á þann hátt, að þeir gæti kannazt við nálægð hans, en væri þó eigi neyddir til að viðrkenna hana. Í þessum tilgangi hefir hann, án þess sýnilega að breyta hlutanna eðlilega gangi, látið, fyrir þeim, sem veitir því eptirtekt, birtast

---

gegnir furðu, því þessum mönnum er það ætlandi, að þeir bæði vilji og geti felt óvilhallan og réttan dóm í málinu. En geta þeir þá tilgreint nokkra þá Pápa, sem hafi breytt atriðum trúarinnar, einu eða fleirum, og þá hverjum? Það væri æskilegt, ef þeir vildi gjöra það; en þegar skorað er á þá, að gjöra það, verðr þeim sannana vant og orðaskortr, eðr og bera þeir fyrir sig og vitna til gamalla og ósannra sakargipta, sem búið er margsinnis að sýna og sanna að engin tilhæfa er í; stundum fara þeir og almennum og tvíræðum orðum og utan við málið sjálft, en þetta er ekki sá vegr, sem leiðir til réttra og óvilhallra ályktana í hverju máli sem er.

undir þessu ytra útliti það undr, sem yfirgnæfir alt Hann hefir tekið sèr bústað í fèlagi, sem fyrir sakir fjölda sinna játanda og þess, að alt af bætast við nýir og nýir, hefir getað útbreiðzt meðal allra þjóða, og við haldizt gegnum aldir og samlagað sig á náttúrlegan hátt þessari yfirnáttúrlegu stofnun, er mynduð var af mönnum, er ekkert áttu að sèr. Og það er þessi stofnun, sem hefir komið til leiðar í heiminum hinni stórkostlegustu umbyltingu; það er hún, sem hefir sigrað viðstöðulaust, og án þess að beita nokkru ofríki, hinar margföldustu og mestu tálmanir, sem hugsazt geta; það er hún, sem hefir gefið siðafræði veraldarinnar alveg nýja stefnu, hún, sem jafnan hefir rutt sèr betr og betr til rúms. Já, það er þessi stofnun, sem þrátt fyrir fallvaltleik þann, er allir jarðneskir hlutir eru undirorpnir, þrátt fyrir svipulleik hamingjunnar, er ýmist lætr ganga með eðr mót, og þrátt fyrir umskiptileik viðburðanna, er eptir átján aldir liðnar geymdu henni þá árás, er, ef til vill, er miklu voðalegri heldr en nokkur þeirra, sem komu fram við hana að undanförnu. Það er þessi stofnun, segi eg, sem þrátt fyrir alt þetta heldr sèr þó í heiminum í fullkominni einingu helgihalds og lærdóms í algjörðu sambandi um víða veröld, og í ævarandi tilveru, er tíminn megnar ekkert á móti, og alt þetta er hvorki afleiðing neinnar einstakrar nè heldr margra tilviljana, sem líka væri óskiljanlegar, heldr liggr þetta í og leiðir af þessarar stofnunar eigin eðli og hinni nákvæmu og þókstaflegu framkvæmd grundvallarbrèfs hennar: Að hlið helvítis skuli aldrei standast fyrir henni, að Andi lífs og sannleika skuli búa í henni til aldaloka, og að himin og jörð

skuli fyrr tortýnast, heldr en það orð, sem hafi heitið henni óðauðlegleika.

Varla var þetta skapandi orð talað, fyrr en framkvæmdin byrjaði, og fyrr en þessi saga Kirkjunnar, er J. J Rousseau[1] svo réttilega hefir kallað kynjasögu, raktist sundr með aðdáanlegri fastheldni við stofnunarlög hennar.

Þannig lesum vèr í Postulanna Gjörningum, er hinn h. Lúkas hefir ritað, og sem er eins og áframhald Guðspjalls þess, er sá sami Postuli hefir skrifað, að Jesús Kristr, í því hann er að skilja við jörðina, segir lærisveinum sínum að fara ekki úr Jerúsalem, til þess að skipta milli sín sigrinum yfir heiminum, fyrr en þeir hefði meðtekið fyrirheit Föðursins: »Þèr munuð», segir hann við þá, »öðlast krapt Heilags Anda, sem mun koma yfir yðr og þèr munuð bera mèr vitni í JERÚSALEM, Í ALLRI JÚDEU OG SAMARÍU OG ALT TIL ENDIMARKA JARÐARINNAR»[2].

Er hann hafði sagt við þá þessi orð, gekk hann, segja Postulanna Gjörningar, inn í ský, sem huldi hann fyrir sjónum þeirra, en Postularnir hlýðnuðust skipun þeirri, er þeir höfðu fengið, og snèru aptr til Jerúsalem og gengu inn í hús nokkurt og upp í loptherbergi, þar sem þeir áttu heima Pètr, Jóhannes, Jacob, Andreas, Philippus og Tómas o. s. frv., og hèldu áfram í sama anda í bænaákalli með konunum og Maríu, móður Jesú[3].

Mannlegr andi verðr forviða, og trúin finnr til unaðar, er menn sjá Kirkjuna í upptökum sínum, er hún

1) J. J. Rousseau, † 1778, mikill gáfumaðr og rithöfundr, en rit hans eru mjög skaðleg, þar sem þau innihalda margar þær setningar, sem eru gagnstæðilegar réttri trú og kristindómi. — 2) Postul. Gjörn. *I. kap.* — *3) Sama* stað.

ber í skauti sèr trúna á ákvörðun sinni og bíðr í kyrð og samlyndi —, þar sem hún er að eins skipuð fáeinum umkomulausum mönnum, sem ekki eiga annars úrkosti en loptherbergi í húsi nokkru í Jerúsalem — hinnar hátíðlegu stundar, þegar þeim yrði send þessi náðargjöf Heilags Anda, sem átti, fyrir munn þeirra, að láta ljós friðarboðskaparins strá geislum sínum yfir Jerúsalem, Júdeu, Samaríu og alt til endimarka veraldarinnar.

Á meðan á þessari bið stendr, gjörist í Kirkjunni, með krapti þess valds, sem hún hafði meðtekið af Jesú Kristi, hin fyrsta stjórnarathöfn. Samkvæmt því boði, einingar og yfirboðunar, sem hafði skipað henni Pètr fyrir undirstöðu og forstöðumann, stendr Pètr upp meðal bræðranna, segir sagnaskrifarinn, tekr til máls og skýrir frá, hver nauðsyn sè á, að setja einhvern í stað Júdasar···· Nú kemr kosning Kirkjunnar á hinum fyrsta byskupi, er þannig sannar rètt hennar og vald til að endurnýja sig, staðfest af helgun Heilags Anda, er kemr yfir Postulana síðar á þann hátt, er nú skal greina.

»Er Hvítasunnudagrinn kom, voru lærisveinarnir allir »með einum huga til samans; alt í einu heyrðist mikill »þytr eins og aðdynjanda sterkviðris, og sem fylti alt »húsið, sem þeir sátu í. Þeir sáu tungur eins og af »eldi væri, sem skiptust og námu staðar yfir sèrhverjum »þeirra. Jafnskjótt urðu þeir allir fullir af Heilögum »Anda, og tóku að tala ýmislegar tungur eptir því sem »Heilagr Andi lagði þeim orð í munn. En þá voru í »Jerúsalem Gyðingar, guðræknir menn af öllum þjóðum, »sem eru undir himninum. Eptir að þessi þytr hafði »útbreiðzt, safnaðist saman mikill mannfjöldi, sem undr-

»aðist mjög við það, að hver og einn af þeim heyrði »Postulana mæla á sína tungu». (Post. Gjörn. II, 1 o. s. frv.).

»Þá gekk Pètr fram með hinum ellefu Post»ulum, hóf upp raust sína og mælti til þeirra: Gyð»ingar, góðir menn, og þèr allir, sem dveljið í Jerúsal»em, það sè yðr vitanlegt og látið yðr orð mín í eyrum »loða.» (s. s. 14). Og hefst þá hin fyrsta prèdikan Kirkjunnar fyrir munn forstöðumanns hennar, sem snýr til trúarinnar þrem þúsundum manna. Sjáið nú skip Kirkjunnar hrundið á flot. Síðan koma ofsóknirnar, fangahald Pètrs, grýting hins h. Stepháns, sem leiðir af sèr, að Páll snýst til kristni, hann sem var einn af vegandaflokki hans, og að hann gjörist Postuli heiðingjanna. Samkvæmt hinu guðlega fyrirheiti ryðr trúin sèr smásaman til rúms í Jerúsalem, Júdeu, Samaríu, Grikklandi, þessalíu, og brýzt áfram alt að Rómi. Eins og eldr, er brýzt út í miðjum gömlum stórskógi, flýgr logi trúarinnar, glæddr af Guðs Anda, út um hinn gamla heim, og smátt og smátt magnast hann, breiðist út, kastar upp blossa sínum, grípr og gagntekr alt, sem fyrir er, til endimarka jarðarinnar. Að öðru leyti hafa allir spádómar Jesú Krists rætzt orð fyrir orð; með Postulana er farið eins og vitfirringa og uppreistarmenn; þeir eru ofsóttir og deyja allir kvalafullum dauða, frjóvgandi vöxt og viðgang náðarboðskaparins með því lífi og þeim dauða, sem er hin snjallasta boðun náðarboðskaparins. Þó þeir sè tvístraðir út um allan heim, og þó nokkrir þeirra, eins og hinn h. Páll, hefði aldrei sèð bræðr sína, eru þeir engu að síðr samhuga í kenningu sinni, og prèdika allir jafnt hina djúpu leyndardóma, sem verða hinum lærðustu *heimspekingum* ráðgáta ein, en sem Guðs Andi

er þeim var innblásinn, lætr þá flytja samhljóða um allan heim með einum og sama hljómi. Fram yfir alt geyma þeir þá ákvörðun óbrjálaða, er gaf þeim Pètr fyrir forstöðumann. Pètr hefir af sjálfum sèr ekkert til síns ágætis, það er einn af minni Postulunum, ef menn fara eptir gáfum hans og störfum; Sankti Mattheus, Sankti Markus, og Sankti Lúkas skulu rita sögu Lausnarans; sankti Jóhannes, að auknefni Patmoseyjarörninn, hefr sig í Opinberunarbókinni upp að hástóli Lambsins; sankti Páll verðr hrifinn í þriðja himin, og lætr eptir sig sín ódauðlegu brèf, og útbreiðir kenningar sínar til allra heiðinna þjóða; en Pètr mun ekkert gjöra sèr til ágætis; hann prèdikar fyrir Gyðingum og ritar ekki nema tvö stutt brèf, og fer hann í öðru þeirra lofsorðum um sankti Pál. En Pètr er undirstaða Kirkjunnar og miðpunktr einingar hennar. Engin keppni, engin sjálfselska, enginn blindr ákafi deilir við hann um hjarðmannsstafinn. Allir Guðspjallamennirnir skýra hver öðrum betr frá hinum ýmsu atvikum, sem tryggja honum þessa nafnbót[1]. Hann skal bera frumgróðann úr býtum, og

1) Mattheus guðspjallamaðr, kap. 10, 2., kallar Pètr með berum orðum: „þann fyrsta"; orð hans eru þessi: „þessi vorn nöfn Postulanna: „fyrstur var Símon", πρῶτος Σίμων — það er: fyrstur eða sá fyrsti, og þannig hlýtur hver sá, er skilr frumritið, að leggja þessi orð út, og svona eru þau líka lögð út í Guðbrands og þorláks biflíum, og í Kaupmannahafnar útgáfunni frá 1807 og 1813; svona eru þau þýdd í fjórum öðrum útleggingum biflíunnar á dönsku, þýzku, ensku og frönsku hjá Protestöntum; en í tveimr hinum seinustu íslenzku útgáfum af N. Testamentinu er þessu breytt, því þar stendr: fyrst var Símon, og svona hljóða líka þessi orð í Oxforðs útgáfunni 1863. Hvernig stendr á því? það er ekki til að bæta málið, því að þeir, sem bezt eru að sèr í íslenzku í Reykjavík, *segja, að fyrstr fari betr á* íslenzku.

hann mun ætíð verða hinn fyrsti: hinn fyrsti til að játa trúna[1], hinn fyrsti til að skuldbinda sig með að sýna elskuna[2], hinn fyrsti (og þessi aðdáanlega athugasemd er eptir Grotius), sem gefr dæmi beiskrar iðrunar og endrnýjaðrar trúar, hinn fyrsti af öllum Postulunum, sem sá Jesú upprisinn[3], hinn fyrsti, er bar vottorð um þessa hans upprisu frammi fyrir þjóðinni[4], hinn fyrsti, er tók til máls, þegar þurfti að fylla tölu Postulanna[5], hinn fyrsti, sem staðfesti trúna með kraptaverki[6], hinn fyrsti, til að snúa Gyðingum[7], hinn fyrsti til að taka móti heiðingjum[8], hinn fyrsti allsstaðar, farandi borg úr borg til að heimsækja lærisveinana[9], maðr, sem hinn mikli Páll bar slíka lotningu fyrir, að hann hættir við störf sín í fjarska, og tekst, þegar hann er kominn aptr úr þriðja himni, ferð á hendr, til að sjá hann[10].

Loksins til að fullgjöra leyndardóm einingarinnar, þá er það Pètr, sem eptir að hafa stofnað Kirkjuna í Antiochía í Austrheimi, fer og stofnar og purpuralitar með blóði sínu Kirkjuna í Rómaborg í Vestrheimi, og hefr þar þessa röð af Páfum, sem svo opt hafa verið viðrkendir og hyltir af allri kristninni sem þeir, er væri gæddir páfalegu yfirvaldi í persónu Pètrs, og, eins og hann, væri Jesú Krists umboðsmenn.

Þetta sögulega atriði, eins mikilvægt og það er, munu nú þeir, sem streitast öfugir við öllu, vefengja, en þeir verða þó að játa það, því fyrir engu máli eru fyllri rök. Fjórir af Kirkjunnar lærifeðrum frá hinum fyrstu öldum hafa látið eptir sig byskupatal í Rómaborg, er þeir byrja

1) Matt. XVI, 16. — 2) Jóh. guðsp. XXI, 15. — 3) 1. Kor. XV, 5. — 4) Postul. gjörn. II, 14. — 5) Sömu bók, I, 15. — 6) Sömu bók, III, 6, 7. — 7) Sömu bók, II, 14. — 8) Sömu bók, X 14. — 9) Sömu bók, IX, 32. — 10) Galat. I, 18.

á hinum h. Pètri og leiða til þess, er sat á hinum Helga Stóli á þeirra dögum; og það eru hinn h. Ireneus frá annari öld, hinn h. Epiphanius frá fjórðu, hinn h. Optatus og hinn h. Ágústínus frá fimtu; þeir sem kynni að vilja rannsaka þetta atriði, geta það á þeim stöðum, sem segir í neðanmálsgrein[1].

Vèr þurfum ekki að tilfæra alla þá staði, því þetta atriði er af þeim meðal Mótmælanda, sem rannsakað hafa þetta mál og mest kveðr að, formlega viðrkent, og þeir jafnvel, sem eru hvað stæltastir[2], hafa heldr ekki hreyft neinum efa um það.

»Vèr höfum« segir barún »Starck, »vottorð allrar »hinnar kristnu fornaldar fyrir því, að Pètr Postuli »fyrstr hafi stofnað biskupsdæmi í Róma»borg, og þetta vottorð nær frá dögum Papiasar og »Ireneusar, sem báðir voru uppi á annari öld Kirkjunnar, og hinn fyrrnefndi lærisveinn hins h. Jóhannesar »guðspjallamanns. Basnage segir, að ekkert sögulegt »atriði hafi fleiri vottorð við að styðjast, og að menn »ekki geti efazt um það, nema menn kasti allri sögu»legri vissu. Pearson segir, að enginn af hinum gömlu »rithöfundum hafi nokkru sinni leitt efa að því, að róm-

1) Iren. hær. III, cap. III; — Epiph., Hær., 27; — Opt., lib. II, cont. Parm.; — Aug., Ep. 53 ad Gen. — Bæta má við þessum Kirkjufeðrum: Tertullianus, libr. de præsc. — S. Hieronymus, de Viris illustr., in Petro; — S. Ambrosius. lib. III, de Sacr., cap. I. — Paulus Orosius, lib. VII, cap. IV; — S. Leo, Serm. I, De S.S. App.; — S. Cyprianus, Ep. ad. Corn; — S. Prosper, Carm. De Ingratis; — Theodoretus, Comm. in. Ep. ad Rom. cap. I; — Kirkjufundrinn í Sardica, Ep. Syn. ad. Jul. Pap.; — S. P. Chrysologus, Ep. ad Eutych.; — o.s.frv. Alla þessa kirkjufeðr má sjá í bókasafni prestaskólans í Reykjavík. — 2) Ef þeir að eins hafa kynt sèr nokkurn veginn Kirkjusögu-

»verska Kirkjan væri stofnsett af Postulanum Pètri, nè »að því, að Páfarnir hefði tekið við af þessum Postula. »Puffendorff í riti sínu »um Páfaríkið í Róm« og Gro»tius í brèfum sínum, eru á einu máli um frumstofnun »rómversku Kirkjunnar, um vald hennar, sem og um »það, að byskupar hennar hafi tekið við hver fram af »öðrum, og þetta eru svo augljós sannindi, að hvorki »Lúter nè Kalvin nè Centúríalistarnir frá Magðeborg »hafa dirfzt að ráða á þau«[1].

Við þessi merkilegu vottorð Mótmælanda getum vèr bætt því, sem William Cobett segir, en hann kveðr þannig að orði: »Hinn h. Pètr dó píslarvættisdauða í Rómaborg, hèr um bil sextíu árum eptir kristsburð, en annar tók við af honum, og það er deginum ljósara, að hver hafi tekið þannig við af öðrum í óslitinni keðju alt á þenna dag. Sèrhver Páfi, sem setzt hefir, eptir því sem aldir liðu, að hinum Helga Stóli, hefir orðið og verðr um leið höfuð Kirkjunnar, og vald hans og æðsti myndugleiki hefir verið viðrkent af öllum byskupum og öllum hinum kristna kennilýð meðal allra þjóða, sem játuðu þessa trú»[2].

Að einskorða þenna myndugleika og óbrigðulleika Kirkjunnar við hina fyrstu Postula, er þannig ómögulegt vegna þeirrar ástæðu, sem vèr höfum fyrir því, að þessi myndugleiki, sem menn viðrkenna að Postulunum hafi verið veittr, er genginn fyrir þá yfir á þeirra rèttu og reglulegu eptirmenn fram til vorra daga, og fyrst menn hafa látið höfuðið komast að, þá verðr likaminn að fylgjast með.

1) Entretiens philos. snr. les différentes communions chrétiennes, par le baron de Starck (Nicolas, Etudes phil. sur le Christ., Du Protestantisme). — 2) Cobett, Hist. de la réforme protestante etc..., *Lettre II.*

Leibnitz, er hann í frómlyndi hjarta síns lætr sannleikann vera í fyrirrúmi fyrir hleypidómum síns trúarflokks, hefir látið sèr fara þessi eptirtektaverðu orð um munn, er taka það upp, sem vèr nú þegar sögðum, og sem menn geta skoðað eins og villunnar afneitun frá hálfu þessa mikla hugvitsmanns[1]: »Kirkjunnar klerkavald innibindr í sèr ekki einungis kennimannsembættið og þau undirbúningsstig, sem þangað liggja, heldr líka byskupsembættið, og enn fremr þá æðstu Páfatign, hvað alt vèr eigum að skoða sem stofnað eptir guðdómlegum rètti. Þar sem Guð, hinn góði og mikli, í orðanna æðsta skilningi, hefir stofnsett Kirkjuna hèr á jörðu, eins og borg, reista á hellubjargi, eins og sína flekklausu brúði og útþýðara síns vilja, þar sem hann svo kröptuglega hefir hvatt til að halda við hennar einingu fyrir band kærleikans, og þar sem hann hefir boðið öllum að hlýða henni, ef þeir ekki vildi verða taldir með heiðingjum og tollheimtumönnum. Það leiðir af sjálfu sèr, að hann hlýtr að hafa tilsett þann hátt, fyrir hvern vilji Kirkjunnar, sem er útþýðari hins guðdómlega vilja, gæti látið sig birtast; hvað þenna hátt snertir, þá lærum vèr að þekkja hann af dæmi Postulanna, sem á hinum fyrstu tímum einir voru Kirkjan í heild sinni, og sem í samkomunni í Jerúsalem, um leið og þeir birtu lærdóma sína, sögðu: »það er atkvæði Heilags Anda og vort«, og þessi einstaklega aðstoð Heilags Anda er ekki með dauða Postulanna horfin Kirkjunni, heldr á hún að vara við, meðan aldir lifa, og hún breiðir sig út til gjörvalls Kirkjunnar líkama fyrir byskupana, sem þá, er tekið hafa við af Postulunum».

1) Leibniz, Système théolog., traduç. de M. de Broglie, p. 259 etc.

»Þar sem nú kirkjusamkomur ekki geta staðið yfir í sífellu og ekki orðið boðaðar saman mjög opt, en það í annan stað er nauðsynlegt, að persóna kirkjunnar jafnan sè lifandi og nærverandi, svo að vilji hennar geti orðið kunnr, hafa menn orðið að fallast á, samkvæmt guðdómlegum rètti, og samkvæmt skilningi á þeim minnisstæðu orðum, sem Kristr talaði til Pètrs, er hann sèrstaklega fèkk honum í hendr lykla himnaríkis, og fal honum á hátíðlegan hátt, þrisvar sinnum hvað eptir annað, að fæða sauði sína. Í einu orði, eptir þeirri skoðun allrar Kirkjunnar, að einn af Postulunum og eptir hann einn af byskupunum, EIGI að vera útbúinn með meira valdi, upp á það að hann, settr eins og sýnilegr miðpúnktr einingarinnar, geti verið sameiningarband fyrir Kirkjuna, alið önn fyrir sameiginlegum þörfum hennar, kallað saman, þegar þess þyrfti við, Kirkjufundi, og þess á milli haldið vörð á því, að hið kirkjulega þjóðríki ekki yrði fyrir neinu tjóni».

»Það stendr því stöðugt og óyggjandi samhljóða sögu fyrri alda, að Pètr Postuli, sitjandi á stóli í höfuðborg heimsins, Rómaborg, stýrði þar Kirkjunni, að hann leið þar dauða, sem píslarvottr, og kjöri sinn eptirmann, og með því enginn annar byskup getr rakið vald sitt til slíks uppruna, er það fyllilega rètt, að vèr viðrkennum byskupinn í Rómaborg að vera konung kennilýðsins»[1].

1) Vèr gætum tilfært hèr þar að auki marga rithöfunda af hinum lærðustu meðal Prótestanta; því að enginn sannlærðr hefir haft þá dirfzku að neita því; Cave t. a. m. segir: „Það væri hin mesta heimska *og vitleysi* að *neita* því, að S. Pètr hafi dvalizt í Róm

Þó þad geti álitizt vera ad nokkru leyti fyrir utan takmörk þau, er eg hefi sett mér í þessari bók), þá get eg samt ekki láted vera ad taka fram nokkur orð ur »Samanburdi« um þad efni sem her ræðir um. Eptir hinum mörgu kirkjufeðrum og sögurituram, enda frá hinum fyrstu öldum Kirkjunnar, eptir hinum mörgu og hinum hærðustu Protestöntum, er vér höfum vitnað til og sem allir kalla upp med einum munni, ad hinn h. Pètr hafi verið byskup í Romaborg og byrjað þar þessa óslitnu röð Pafanna, er hefir haldið sér í svo margar aldir, og heldr sér enn þann dag í dag, þykir það eigi vera alveg þyðingarlaust ad skoða hvaðu serstaklega hugmynd höfundrinn ad »Samanburdi« hefir um þetta sama efni, Hann segir meðal annars, bls. 83: »ÞAÐ VERÐR EKKI SANNAÐ, ad Pètr Postuli hafi nokkurn tíma verið byskup í Romaborg. Klatu Kirkjufeðr, sem ja fuvel tala um pislardauða Pètrs í Róm, NEFNA ALDREI, ad hann hafi verið þar byskup, og því síðr yfirbyskup allrar kristuinnar«. Ekki ætla eg ad gjöra neina athugasemd við þessi orð, þau tala og sýna sig sjálf, og eg vil miklu fremr láta hvern skynsaman og óhlutdrægan mann ihuga og meta þau og síðan dæma þau eptir gildi þeirra.

---

borg og stofnsetz þar Kirkjuna" (Vom ersten Christenthum). Það sama fullyrða Chamerius (l. 13. c. 4.), Dreier (Abhand. vom Primat Petri. Tess. 1.), Von Herder (Ideen zur Phil.), Hammond, Kipping, Jo. Clericus, Newton, og margir aðrir. Sjá Fogginius de romano S. Petri itinere et episcopata, ex. 1., og Dr. Hoeninghaus: das Resultat meiner Wanderungen durch das Gebiet der protestantischen Literatur, K. VI.

2. grein.

Skoðun hinna fyrstu alda kristninnar á Kirkjunni.

Vèr erum búnir að sjá, hvernig Kirkjan hefir verið stofnuð, hvernig Pètri og hinum Postulunum hefir verið selt í hendr umsjónarvald í henni, vald til þess að banna það, er gagnstæðilegt er Guðslögum, og fyrirskipa það, sem þeim er samkvæmt, hvernig Pètri hefir verið gefið sèr í lagi lyklavaldið, þ. e. yfirvald og yfirráð í Kirkjunni, vald til þess að stjórna og fyrirskipa. Vèr skulum nú skoða, hvernig þetta vald hefir verið álitið og brúkað á þeim fyrstu öldum Kirkjunnar, það er að segja af sjálfum lærisveinum Postulanna og þeirra eptirrennurum, því að þetta er nauðsynlegt, til þess að gefa skýra og glöggva skýring yfir skoðun vora um Kirkjuna og yfirvald hennar, en vèr verðum fyrst að taka fram það sem Postularnir sjálfir gjörðu og sem beinlínis heyrir þessu efni til.

Ef vèr nú lesum Postulanna Gjörningabók, þá finnum vèr þar órækan og áreiðanlegan vott þess, að Heilagr Andi talar í Kirkjunni. Það sjáum vèr glögt í deilum þeim, er komu upp út af Móísis lögmáli, sem nokkrir vildu leggja mönnum á herðar, þeim er vildu hólpnir verða[1]; því á hinum fyrsta Kirkjufundi, þegar þurfti að

1) Það er hèr athugavert, að Jesú kenning er enn lifandi í hjörtum manna, Postularnir eru, hver fyrir sig, gæddir óbrigðulleika, en þó kemr upp eigi alllítil misklíð og þrætur, og mikið skortir á, að menn gæti orðið á eitt ásáttir, svo það þurfti að senda til Postulanna; þeir urðu að koma saman og gefa úrskurð sinn, sem verðr aptr að trúargrein: „Það er“, segja þeir, „atkvæði Heilags Anda og vort“. Hvað mundi þá eigi koma seinna meir, ef enginn dómstóll væri til, til þess að skera úr öllum þeim málum, er óumflýjanlega munu koma upp, og komið hafa, eins og reynslan hefir *sýnt.*

skera úr þeirri, þrætu er komin var upp, þá birtist Heilagr Andi í fyrsta úrskurði hinnar sýnilegu Kirkju, því að eptir að málið var rætt, þá tekr Pètr til máls, og sker fyrst úr því, sem yfirmaðr á fundinum: »Hví »freistið þèr þá Guðs með því að leggja það á »lærisveinanna háls, er hvorki feðr vorir nè »vèr megnuðum að bera?» o. s. frv. Þetta dæmi sýnir eptirkomandi öldum, á hvern hátt ætti að skera úr þeim trúarmálum, sem seinna kæmi upp; og þegar nauðsyn krefr þess, þá munu Kirkju-hirðararnir, annaðhvort samankomnir á almennan fund, eða fyrir munn yfirhöfðingja Kirkjunnar með samþykki annara byskupa, er dreifðir eru út um hinn katólska heim, segja: »Það er atkvæði Heilags Anda og vort», og þegar Kirkjan hefir látið álit sitt koma í ljós, þá skal málið verða útkljáð[1]; og þá skal kent verða börnum hennar, að þau eigi ekki að rannsaka þær greinir, er úrskurðr er fallinn um, heldr eigi þau að ganga með andans auðmýkt undir Kirkjunnar úrskurði. Og í þessu efni verðr auðsjáanlega engin nýjung eða nýbreytni, heldr verðr það einmitt beinlínis samkvæmt því dæmi, sem Postularnir sjálfir hafa sett, með því að senda út til þess að bera hinum trúuðu úrskurð sinn, Pál, Barnabas, Júdas og Sílas o. s. frv. (sjá Post. Gjörn. XV.) og þeir leyfðu ekki mönnum að vekja efa eða deilur á þessu sama efni, heldr buðu þeir mönnum að halda þær trúargreinir, er Postularnir höfðu ákveðið (S. st. XVI, 4.). þannig gefa hin sönnu Guðsbörn sig undir dóm Kirkjunnar, fyrir þá sök, að þau viðrkenna í henni

1) Eins og S. Ágústínus komst að orði; sjá hèr á eptir í þessari grein, 1. atriði.

nærveru Heilags Anda[1]. Það er því samkvæmt þessari trú, að vèr í (Postula) trúarjátningunni, eptir að vèr höfum játað trúna á »Heilagan Anda», bætum þessu við:» enn fremr trúi eg á hina Katólsku (o: almennu) Kirkju»; og með því skuldbindum vèr oss til að viðrkenna, að óbrigðull og æverandi sannleikr haldi sèr í hinni katólsku Kirkju, þar sem hin sanna Kirkja, er (samkvæmt trú vorri) á að standa á öllum tímum, mundi undir eins hætta að vera Kirkja, ef hún nokkru sinni hætti að halda og kenna Guðs sannleika. Þannig er það, að þeir menn trúa eigi á þann, er hefir stofnsett Kirkjuna og stjórnar henni, sem eru hræddir um, að hún muni misbrúka það vald, er henni er á hendr falið, til þess að innleiða falskar kenningar.

En jafnvel þó mótstöðumenn vorir vildi skoða Kirkjuna frá mannlegu sjónarmiði, þá yrði þeir þó að játa, að katólska Kirkjan væri langt frá því að vilja »setja þau lög, sem henni þóknast, eins í trúarefnum, sem í öllu öðru (S. 136), eða »að leiða í ljós nýja og ókunnuga lærdóma» (s. st.) o. s.

1) Samkvæmt því, sem Jesús Kristr hefir sagt: „sá sem hlýðir yðr, hlýðir mèr“ (Lúk. X.); og Mótmælendr neita því ekki, að þessi orð innihaldi þessa þýðingu. Höfundrinn að „Samanburði“ segir, bls. 62: „Prótestantiska kirkjan játar, að þessi staðr og aðrir sam„kynja í N. T. hljóði upp á hið kristilega kennimannsembætti sem „guðlega stofnun“. „Það er nú að vísu satt, að hann segir 8 línum aptar um þann sama stað: „Eptir Prótestantisku Kirkjunni hljóðar þetta fyrirheiti, eins og öll samkynja í N. T., ekki um vissa stètt, heldr um Kirkjuna yfir höfuð o: um alla trúaða Krists lærisveina“. En ef nú þessi staðr „sá sem hlýðir yðr, hlýðir mèr“, og aðrir samkynja, hljóðar um alla trúaða Krists lærisveina, þá má spyrja höfundinn: hverjir eru þeir þá, sem eiga að hlýða? og aptr: hvernig getr þá þessi staðr „hljóðað upp á hið kristilega kennimanns*embætti*“ *og undir eins* „um alla trúaða Krists lærisveina“?

frv., heldr að hún þvert á móti hafi gjört alt, sem hennar valdi stóð, til þess að binda sig og aptra sè frá að flytja nýja kenningu, þar sem hún ekki einungi lætr Guðs orð í h. Ritningu ráða, heldr og hefir skuld bundið sig til að skilja það, í öllu því er snertir trúar- o siðafræði, samkvæmt þýðingu og skilningi hinna h. læri feðra (Conc. Tríd. Sess. 4); og þetta gjörir Kirkjan t þess að burtrýma alveg sjálfræðislegri útþýðingu hinna h. Ritningar, er »gefr út mannlegar villusetn ingar og mannlega ósiði, sem guðlegan sann leika» (S. 139). Samkvæmt því tekr Kirkjan skýr og ljóslega fram, að hún víki eigi frá þessari út þýðingu Lærifeðranna á Guðsorði; og hún hefir lýst þv yfir á öllum fundum sínum og í öllum þeim trúarjátn ingum, er hún hefir haft, að hún viðrkenni enga trú arjátningu, sem eigi sè algjörlega samkvæm h. Ritning og kenningu þeirri, er flutt hefir verið á öllum undan farandi öldum.

Ef Mótmælendr vilja að öðru leyti skírskota til sinn ar eigin samvizku, þá munu þeir finna, að orðið Kirkj er þýðingarmeira fyrir þá, en þeir vilja játa, og má ef laust fullyrða, að enginn sè sá maður meðal þeirra me heilbrigðri skynsemi, sem eigi finni til efablendni o áhyggju, er hann fer að hugsa út í það, að hann hefi aðra skoðun í trúarefnum, heldr en allir aðrir, og a hann, ef til vill, hefir hana einsamall, eðr að minsta kos mjög fáir af kristnum mönnum ásamt honum eru fastir henni, enda þótt hann áliti hana rètta, því að allir menn verða í öllum, — og einkum þó í þessum — efnum, a halda sèr við aðra og styðjast við álit einhvers mann fèlags, er hefir sömu skoðun eins og þeir sjálfir. O *það er þess vegna*, að Guð, þar sem hann hefir skapa

oss, og veit, hvað vèr við þurfum, hefir ætlað svo til, og það oss sjálfum til gagns, að vèr sèum undirgefnir undir vald Kirkjunnar, er hann hefir stofnsett í þeim tilgangi, og sem, án efa, er af öllum völdum það vald, er bezt er grundvallað og staðfest, því að hinn sami Guð sannar og staðfestir það sjálfr eigi einungis í hinum h. Bókum, (eins og hver maðr, sem með einfeldni og hreinskilni leitar sannleikans, getr sannfærzt um af þeirri útskýringu, er vèr höfum áðr gefið um það efni), heldr staðfestir einnig Guð og sannar þetta vald Kirkju sinnar með guðlegri vernd og aðstoð sinni, er birtist eigi síðr í hinu viðvarandi og æverandi viðhaldi þessarar Kirkju, en í hinni dásamlegu stofnan hennar frá upphafi.

Vèr sjáum þá ljóslega, af því sem Postularnir gjörðu í Jerúsalem, þann myndugleika, sem hirðarar Kirkjunnar hafa fengið, og meðtekið, af Jesú Kristi til þess að dæma allar kenningar, er kynni að koma upp, og banna þær, ef þær eru gagnstæðilegar Guðs boðum, og vèr sjáum einnig, að hin katólska Kirkja, er í þessu atriði í fullkominni samkvæmni við hið skrifaða orð, (h. Ritningu), og nú skulum vèr sýna með órækum vitnisburðum, að hin forna Kirkja hefir jafnan skilið þær greinir h. Ritningar, sem heyra þessu efni til, aldeilis eins og vèr Katólskir enn nú þann dag í dag, og að yfirvald Páfanna hafi þegar frá upphafi verið viðrkent.

En eg gjöri fyrst og fremst ráð fyrir því, að menn muni tregðulaust viðrkenna, að Páfinn hafi haft dómsvald og yfirráð yfir öllum hinum kristilega og katólska heimi, áðr en Lúter á 16. öld vakti deilur í hinni katólsku Kirkju og skildi sig frá henni.

Menn munu í öðru lagi fúslega kannast við, að

þessi stjórnarskipun Kirkjunnar var ekki ný eða nýlega á komin, heldr hafði hún, jafnvel eptir viðrkenníngu sjálfra Mótmælanda, átt sèr stað að minsta kosti í átta eða níu hundruð ára, með því að Lúter (opera Lut., Tom. 8., ed. Jen. Germ. bls. 237) og margir af fylgismönnum hans láta Pápaveldið vera stofnað á stjórnartíma Phocas keisara, og frá þeim tíma til uppreistar Lúters munu menn telja að minsta kosti níu aldir.

Allir munu í þriðja lagi viðrkenna, að menn mæli eigi á móti svo langri og alment viðrkendri eign, án þess að hafa í höndum mjög öflugar sannanir, með hverjum menn geti ljóslega sýnt, að eignin hafi verið ranglega fengin; því menn ímynda sèr, að eigandinn hafi rètt fyrir sèr, og hann verðr eigi sviptr eigninni, fyrr en honum hefir verið sannað, að rèttr hans sè enginn og hann sè ranglega að eigninni kominn. Þessi höfuðregla á því fremr að eiga sèr stað í því tilfelli, er hèr ræðir um, sem það er óskiljanlegt, hvernig svo margar þjóðir, konungar, stjórnendr, andlegrar stèttar höfðingjar, sem allir, eins og von var, lètu sèr ant um frelsi sitt og sjálfsforræði, hefði getað komið sèr saman um að viðrkenna ímyndað forræði, nè heldr, hvernig þeim, sem hafa eignazt svo yfirgripsmikið dómsvald, hafi getað tekizt það, ef þeir hafa eigi algjörlega stuðzt við rèttinn; einkum þegar þess er gætt, að ekkert mundi hafa verið auðveldara, en að veita fyrirtæki þeirra mótstöðu, og að til þess hefði hvorki þurft vopn nè ofbeldi, heldr blátt áfram neitun um hlýðni af þeirra hálfu, sem mest reið á að taka sèr engan yfirboðara, það er að segja, af hálfu byskupanna, sem vissulega ekki vantaði þekkingu til að sjá alt það, sem hefði getað miðað til að

gjöra þá undirgefna, nè viðkvæmni hjartans til þess að hrinda af sèr nýju oki, er á þá hefði átt að leggja.

Það er þá skylda Prótestantanna, sem hafa sèð Páfann hafa þessa eign, að sanna það með ljósum, óræk-um og áþreifanlegum rökum, að hann hafi ranglega fengið yfirvald það, sem hann hefir náð; en þetta hafa þeir enn ekki gjört og munu aldrei gjöra. Í »Samanburði» er að vísu sagt: »Hin postullega fornkirkja hefir ekkert þekt til þessa lærdóms um páfalega einvaldsstjórn» (bls. 84), og enn fremr: »af orðum margra Kirkjufeðra frá þriðju og fjórðu öld má sjá, að þeir hafa ekki þekt hugmyndina um sýnilegt Kirkjueinveldi» (bls. 102). Og þar er einnig sagt, að »Cypríanus byskup skírskoti til kristilegs frelsis, sem kristnir söfnuðir hafi í kirkjulegum málefnum» (bls. 103). Og enn lesa menn í »Samanburði» s. st., að »hinn sami h. Cypríanus hafi borið á móti því, að rómverski byskupinn hefði vald fram yfir aðra byskupa, þegar ágreiningr kom upp um það efni milli hans og Stefáns byskups í Rómaborg»; og að endingu tilfærir hann, bls. 102, stað hjá hinum h. Ágústínusi, er á að sanna, að Pètr og eptirrennarar hans hafi ekkert vald fengið yfir Kirkjunni með lyklavaldinu, er Pètri var selt í hendr. Hinn sami höfundr segir annars margt því um líkt, en hann má vissulega gjöra ráð fyrir mjög mikilli trúgirni hjá lesöndum sínum, þar eð hann hèr eins og allsstaðar í raun rèttri framleiðir eigi þá minstu sönnun fyrir sögu sinni. Að vísu kallar hann opt hástöfum og segir: »öll saga Kirkjunnar sýnir» (bls. 103); »það er kunnugt» (91), »það verðr ekki sannað» (83); »sagan sýnir« (85); og svo víða margt annað, sem þessu *er líkt, en menn* verða að varast að leita að

sönnunum, það væri til einkis, þær finnast hvergi. En á móti þessu öllu, er sagan, eptir höfundinum, ætti að sýna, vil eg nú leyfa mèr að setja þrjár setningar; og þær munu leiða mönnum fyrir sjónir þá vitnisburði sögunnar, er munu sannfæra menn um, að vèr Katólskir erum alls eigi fúsir til að skrifa undir þær ósönnuðu fullyrðingar, sem höfundrinn hefir fyrir sannanir; og enn fremr munu þær sýna mönnum skýrt og glögt hugmynd vora um það æðra vald, er fengið var Pètri og eptirrennurum hans.

Eg fullyrði þá:

1. Að hinir elztu Kirkjufeðr hafi kannazt við æðra vald Páfanna.
2. Að þeir fjórir fyrstu almennu kirkjufundir hafi viðrkent það sama vald hjá Páfunum.
3. Að kirkjusöguritarar hinna fyrstu alda viðrkènni yfirveldi Páfans.

En áðr en vèr förum lengra, verðum vèr, til þess að útrýma öllum þeim hlægilegu skoðunum um veldi Páfans, er menn eigna oss ranglega, að útlista skoðun Katólskra manna um þetta efni með skýrum og skýlausum orðum; og til þess þarf eigi annað en tilfæra þau trúarjátningarorð, er þeir verða að viðrkenna, er teknir eru í samfèlag við Kirkjuna, og allir Katólskir menn þess vegna einnig viðrkenna. Þar er sagt, að Katólskir menn *eigi* að skoða *byskupinn í Rómi sem eptirmann hins Sæla Pètrs, formann Postulanna*, og sem *umboðsmann Jesú Krists*[1]. — Það er að segja: vèr viðrkennum hjá honum yfirráð og æðra vald í Kirkjunni til þess að stjórna og fyrirskipa í nafni Jesú Krists. En enginn Katólskr maðr, hvorki

1) *prof. fidei* Pii IV.

guðfræðingr nè annar hefir nokkurn tíma álitið, að það sè sannsynleg trúargrein, að eigna Páfanum óbrigðulleika eða óbrigðulan áreiðanlegleika; og ef þeir lærðir menn eru til, er eigna honum meira en vèr sögðum áðan, þá er það sèrstakleg og frjáls skoðun, sem eigi er trúargrein katólsku Kirkjunnar. Það er því með fullum rètti, að vèr neitum öllum þeim tilgátum, er svo margir Mótmælendr bera oss á brýn, til þess að kasta rýrð á og svívirða kenningu vora, og sèr í lagi og einkum neitum vèr þessum orðum höfundarins að »Samanburði« (bls. 111): »Með þessari kenningu (o: vorri um æðra vald »Páfans) er Kristi, hinum eilífa Konungi Kirkjunnar, vikið »úr konungssæti sínu, en í það hafinn aptr breyskr »maðr; Páfinn er gjörðr að drottni Kirkjunnar, að jarð»neskum Guði«. Menn rannsaka eigi slíkan áburð, nè hrinda honum. Vèr látum höfundinn bera alla ábyrgðina fyrir hann fyrir dómstóli Guðs.... — Eg vil að eins biðja menn að gæta þess, að sá sami höfundr, sem leyfir sèr að taka þessi óskiljanlegu orð sèr í munn, hefir orðið að viðrkenna og játa, að vèr Katólskir trúum því og segjum með berum orðum, að »Rómverski »byskupinn, eptirmaðr Pètrs, sè hið sýnilega höfuð »Kirkjunnar, eins og KRISTR HIÐ ÓSÝNILEGA, og »SÈ SETTR AF KRISTI SJÁLFUM, sem jarl« (rèttara sagt: umboðsmaðr) »hans, til að stjórna Kirkjunni og »halda henni saman» (S. bls. 80). En þegar nú þessu er þannig varið, hvernig getr það þá aptr á móti átt sèr stað, að vèr, með því að skoða Páfann eins og þann, er »SETTR ER AF KRISTI SJÁLFUM, sem JARL HANS», »VÍKJUM KRISTI úr konungssæti sínu?» hvernig getum vèr »gjört Páfann að jarðneskum GUÐI?» Guð *minn góðr, hvað er* nú orðið af hugsunarsemi vorri

inni, hvað er orðið af samvizkunni, já einkum af samvizkunni!!! Og þessi sami höfundr segir í formálanum við bók sína (bls. V), að hann vilji eigi eigna Kirkjunum »AÐRA KENNINGU, heldr en þær flytja í »trúarjátningum sínum, og TEYGJA ALDREI út »úr orðum þeirra ANNAÐ en það, sem BEINLÍNIS LIGGR FÓLGIÐ Í TRÚARJÁTNINGUM þeirra »og trúarstefnu!!!« Hvar hefir hann þá séð í trúarjátningum vorum eða trúarstefnu, að vèr »víkjum Kristi úr konungssæti sínu«, að »vèr gjörum Páfann að jarðneskum GUÐI?« Já, svari hann, hvar stendr það?

Nú vona eg, að menn hafi ljósa hugmynd um það vald, sem vèr Katólskir eignum Páfanum, og þá skulum vèr snúa oss til efnisins.

1. Ariði. Hinir elztu Kirkjufeðr hafa viðrkent almennt æðra vald Páfanna.

Eins og vèr sögðum hèr á undan, segir höfundrinn að »Samanburði«: »Hin postullega fornkirkja HEFIR »EKKERT ÞEKT til þessa lærdóms um páfalega »einvaldsstjórn«, og enn fremr: »af orðum MARGRA »Kirkjufeðra frá þriðju og fjórðu öld má sjá····, að þeir »hafa EKKI ÞEKT HUGMYNDINA um Kirkjueinveldi«. En höfundrinn nefnir ekki nema TVO af þessum MÖRGU, þ. e. hinn h. Ágústínus, byskup í Hippon † 430, og hinn h. Cypríanus, byskup í Karthagóborg † 258. Og fyrir þá sök skulum vèr byrja með því að tala um þá tvo Kirkjufeðr.

Hvað snertir hinn h. Cypríanus, þá lesa menn þetta í þriðja brèfi hans til Páfa Kornelíus', fyrir hverjum hann *kvartar yfir* nokkrum falsbyskupum í Afriku, er horfið

höfðu frá hinni almennu Kirkju og gjörzt villumenn, og höfðu farið til Róms og ætlað að reyna til að draga hinn Helga Stól á tálar með brögðum sínum. »Þeir þora«, segir hann, »að sigla til Stóls hins h. Pètrs og lenda við Höfuðkirkjuna, sem er uppspretta prestlegrar einingar«[1]. Menn munu þá taka eptir því í þessari grein, 1. að Stóllinn í Rómi er kallaðr stóll hins h. Pètrs; 2. að Kirkjan í Rómi er kölluð Höfuðkirkja, án efa af formanni þeim, er stjórnar henni; 3. að þessi Kirkja er kölluð uppspretta prestlegrar einingar, það er að segja, að allir byskupar heimsins verða nauðsynlega að standa í sambandi við eptirmann hins h. Pètrs. Og í öðru brèfi til hins sama Páfa nefnir hann Kirkjuna í Rómi »móður og undirrót allra katólskra Kirkna[2]«, og þetta tekr hann aptr upp í brèfinu til byskups Jubaianus', þar sem hann hrósar sèr af að vera í sambandi við »formann og undirrót allrar hinnar katólsku Kirkju«[3], og táknar hann með því Kornelíus Páfa.

En gat þessi heilagi Kennifaðir gefið öllum sínum lýð skýlausari og skýrari leiðbeining í þessu efni, en þá sem finst í öðru brèfi? »Það er, segir hann, eigi til nema einn Guð, einn Kristr, ein Kirkja, einn Stóll, bygðr á Pètri með orði Drottins; ekkert annað altari verðr reist, en það sem reist er, og engi prestskapr verðr stofnaðr, annaren sá er stofnaðr er; hver sem safnar annarsstaðar, gjörir eigi annað en tvístra og sundrdreifa«[4]. En ef mönnum þykja eigi þessi orð nógu

1) ep. 12 ad Corn. c. 14. — 2) ep. 4 ad Corn. nr. 8. — 3) ep. ad *Jubaian. c. 2.* — 4) ep. 40 ad Plebem, c. 5.

greinileg, til þess að þeir geti af þeim sèð rètta skoðan hins h. Cyprianus', geta menn þá enn efazt um, hvað hann hafi hugsað um þetta efni, ef menn gæta að því ráði, sem hann gaf hinum h. Páfa Stefáni í hinu þrettánda brèfi í þriðju bók sinni? »Sendið þèr, segir hann, brèf yðar til Provençe og til fólksins í Arles, til þess að bannsetja Marcianus (byskup í Arles) og láta setja einhvern í hans stað»[1]. Sýnist mönnum, að Páfinn geti bannsett og afsett byskup, og látið setja annan í hans stað, án þess að hafa nokkurt forræði yfir honum? Eg vona þá, að menn muni játa, að höfundrinn að »Samanburði» hafi ekki haft mikið gagn af hinum h. Cyprianus, ef hann annars hefir lesið hann.

Í »Samanburði» (bls. 103) er sagt, að »Cyprianus byskup skírskoti til kristilegs frelsis, sem kristnir söfnuðir hafi í kirkjulegum málefnum». Höfundrinn hefir líklegast ætlað að hafa ásamt Lúter fyrir mótbáru á móti Katólskum þessi orð hins h. Cyprians, er hann mælti á fundinum í Karthagóborg: »Enginn af oss gjörir tilkall til að vera byskup byskupanna, nè neyðir sambræðr sína svo sem harðstjóri og með hótunum til að fallast á sínar skoðanir, því sèrhver byskup hefir frjálsræði til að leggja það til, er honum þykir vel við eiga, og getr eigi verið dæmdr af neinum, enda getr hann eigi dæmt aðra;»[2] það liggr í augum uppi, að Lúter með grein þessari, og höfundrinn að »Samanburði» með þeim orðum, sem vèr höfum tilfært, hafa leitað við að slá upp í augun á einföldum mönnum, því að af atvikunum sèst,

1) ep. 13, l. 8; al.: ep. ad Steph. c. 3. — 2) Conc. Carth. VII; *ep. ad Jovian.*

að hinn h. Cypríanus talaði til byskupanna í Afríku, sem voru við staddir á fundinum, og að tilgangr hans var, að hvetja hvern einstakan þeirra til að segja einarðlega meiningu sína (eins og annars er gjört enn þann dag í dag á landakirkjufundum hjá Katólskum), án þess að fyrirverða sig fyrir nokkrum af fundarmönnum. Hvernig hefði hann getað talað hèr um Páfann, eða þorað að neita honum um rètt til að dæma byskupana, þegar hann hafði svo skýlaust viðrkent hinn sama rètt í brèfi sínu til hins h. Stefáns, eins og vèr sögðum áðan?

Enn fremur er sagt í »Samanburði« (s. st.), að hinn sami h. Cyprianus hafi »borið á móti því, að rómverski byskupinn hefði vald fram yfir aðra byskupa, þegar ágreiningr kom upp um það efni milli hans og Stefáns byskups í Rómaborg«. Þar sem höfundrinn segir, að ágreiningr hafi komið upp milli hins h. Stefáns Páfa og hins h. Cypríanus', um það vald, sem Páfinn hafði fram yfir aðra byskupa, þá er það auðsætt, að honum hefir mistekizt að minnast þess sögulega atviks; því aldrei hefir þess konar ágreiningr átt sèr stað á milli þeirra; hann vill án efa tala um ágreining þann, sem var á milli beggja þessara miklu manna um þá skírn, er veitt var af villumönnum. Þessu svara eg því, að hinn h. Cypríanus hefir sjálfr skoðað þetta mál svo, sem ágreiningurinn að eins væri um eintóman kirkjusið, og sèst það fullglögt af orðatiltækjum í brèfi hans til hins h. Stefáns: »Vèr sýnum engum ofbeldi, vèr gefum engin lög, því sèrhver byskup er bær að ráða því, sem snertir stjórn á söfnuði hans«[1]. Þegar því hinn h. Cypríanus sá þá venju, að endrskíra villumenn, lög-

1) *Conc. Carth. VI; ep.* ad Steph. c. 3.

tekna af ýmsum kirkjufundum, nefnilega fundunum í Iconium, Synnada, Cesarea, og öðrum fleirum í Afríku; þá er það engin furða, að þar sem hann þóttist hafa flesta byskupa með sèr, þótt hann þá þættist um nokkurn tíma geta haldið sèr við þá venju, er hann hafði fundið innleidda í söfnuð sinn. Hafi hann síðar meir farið of langt í mótstöðu sinni og skorazt stöðuglega undan að fara að ráðum hins h. Stefáns, sem þó eigi er víst, því hinn h. Ágústínus fullyrðir, að »menn hafi fullkomna ástæðu til að trúa því, að svo mikill maðr hafi leiðrètt villu sína, en þeir hafi leynt því, sem hèldu þessari villu, og vilda geta borið fyrir sig dæmi svo mikils manns, sem Cyprianus var;»[1] og Beda segir með berum orðum, að »hann hafi unnið til þess, að andlegrar stèttar menn leiddi hann aptr til skoðunar hinnar almennu Kirkju:»[2] hafi hann, segi eg, farið of langt í mótstöðu sinni, þá verðum vèr, eins og hinn h. Ágústínus gjörði, að skoða hana sem blett, sem óprýddi hreinleik þessarar helgu sálar, en kærleikrinn leyndi, eða var brott tekinn með því sverði, er veitti hinum helga byskupi bana[3]; og þessi blettr sannar í rauninni engan veginn, að hinn h. Cyprianus hafi þótzt óháðr Páfastólnum, því ávalt eru til sèrstakleg atvik, þar sem undirmennirnir þykjast hafa heimild til að hafa aðra skoðun en yfirmenn þeirra, og haga sèr öðruvísi en þeir, án þess að þeir þó gjöri tilkall til að mega draga sig undan þeirri hlýðni, er þeim byrjar að sýna yfirmönnum sínum. En víst er það, að skoðun Stefáns Páfa hefir reynzt sönn, og hefir síðan

1) ep. 93 ad Vinc. nr. 38. — 2) Lib. VIII, q. 5. — 3) ep. 93 *ad Vinc.*

ið stöðug skoðun Kirkjunnar (og jafnvel Lúters sjálfs
hans áhanganda frá því þeir skildu við hana), í stað
ss að skoðun hins h. Cypríans var röng. En ef nú
ssum mikla manni hefir skjátlazt í svo mikilvægu at-
li, er það þá nokkur furða, þó honum hafi einnig
að skjátlazt í hegðun sinni, með því hann í slíku
ndamáli gætti eigi nógu nákvæmlega að reglum til-
íðilegrar undirgefni, er hann átti að sýna yfirmanni
um og oddvita[1]! Og þessi yfirsjón var honum því
irgefanlegri, sem hún ávalt hefir verið samfara brenn-
da áhuga á varðveizlu einingarinnar í öllum trúar-
einum og kærleikans, þrátt fyrir meiningamuninn í
im greinum, sem að eins snerta kirkjuaga.

Mun svo virðast, að höfundrinn að »Samanburði«
fi breytt hyggilegar í því að telja hinn h. Ágústínus
eðal vottanna um hinn fyrirborna yfirgang Pápanna?
nn er sá annar, er hann þorir að nefna, en hann er
a sá, sem getr gjört honum mestan kinnroða: »Hann
r fyrir sig (S. 102) þessi orð hins h. Ágústínus': »
etta lyklavald hefir enginn einn maðr fengið í hendr,
eldr eining Kirkjunnar; en hann sagði þetta
étri, þar eð Pétr þá kom fram í nafni Kirkjunnar
llrar« Ágætlega mælt! Og það er einmitt þessi sama
nning, er allir Katólskir enn þann dag í dag aðhyll-
t og halda fast fram. En mundi höfundurinn þá ekki
fa skilið, hvað hinn h. lærifaðir vill segja með þess-
n orðum? Vill hinn h. lærifaðir með höfundinum
ita Pétri um yfirstjórn Kirkjunnar? Því fer fjarri!
etum að orðum hans. »Þetta lyklavald« segir hann
efir enginn einn maðr fengið í hendr«; það er:

1) Gleymi menn eigi, hvernig hann viðrkennir þetta mörk vald hanns yfir öllum byskupum.

Pètr fèkk þessa lykla í hendr ekki einungis fyrir sjálfan sig eða síns eins vegna, eða fyrir sína eigin skuld, því annars hefði lyklavaldinu verið lokið með dauða Pètrs, þar sem það þó eptir Krists eigin tilskipun á að vera óvaranlegt. »Heldr fèkk eining Kirkjunnar« þetta lyklavald; það er að skilja: Lyklavaldið var selt Pètri í hendr til gagns og góða gjörvallrar Kirkjunnar, meðan hún væri uppi, á þann hátt, að eptir Pètr látinn ætíð sè einhver í Kirkjunni, sem taki við eptir hann og hafi lyklavald þetta og neyti þess til gagns hennar. »En hann sagði þetta Pètri« og ekki til hinna Postulanna, eða til nokkurs annars manns, »þar eð Pètr« einn og enginn annar, »þá kom fram í nafni allrar Kirkjunnar«, eða heldr, bar þá í sèr persónu gjörvallrar Kirkjunnar, sem stofnuð var til að vara um aldr og æfi; en því er það sagt, að Pètr hafi borið í sèr gjörvalla Kirkjuna, að allir þeir, sem eptir hann skyldu hafa yfirstjórn hennar, voru eins og fólgnir í honum, og meðtóku í honum, sem hans eptirmenn, hið sama vald og myndugleika til að stjórna Kirkjunni; því að Pètr bar þá í sèr Kirkjuna gjörvalla, ekki sem umboðsmaðr hennar, heldr sem forstjóri og yfirmaðr hennar, á sama hátt sem konungr er sagðr að koma í stað ríkis síns, og sagt er, að ríkið meðtaki þá hluti, er konungr fær ríkinu sjálfu til gagns; þannig segir hinn sami h. Ágústínus (tract. 124 in Joh.): »Fyrir þá sök að Pètr postuli var yfirpóstuli, bar hann persónu Kirkjunnar, er á óákveðinn hátt var öll fólgin í honum«. Þenna skilning hefði höfundrinn fundið í orðum hins h. Ágústínus', ef hann hefði til hlítar athugað, gegn hverjum hinn h. lærifaðir viðhafði þau. Hann átti nefnilega orðastað við sinnar tíðar *villuflokka Novatus'* og Donatus', sem horfnir voru frá

mennilegri trú, og höfðu slitið sig frá samfèlagi við ómastól, og sagt sig út úr katólsku Kirkjunni; og inn mundi vissulega mæla þessu líkt nú á tímum, ef inn mætti rísa upp úr gröf sinni og hefja sína snjöllu ust, til þess að telja um fyrir þeim, er hin helga móður- irkja á vorum dögum harmar sem hrifna úr skauti sínu rir sakir hinnar hryggilegu sundrungar í trúarefnum, er öir þeirra eru valdir að, og hann þyrfti eigi annað til þess, n að taka upp aptur þessi hrífandi, framúrskarandi og jartnæmu orð, er hann mælti til Donatistanna: »Komið, æður, ef yður langar til að vera græddir við víntrèð: að er hörmulegt að sjá yður þannig höggna af trèbolnum. Teljið upp byskupana, er setið hafa á þessum Stóli ètrs, og sjáið, hvernig þeir koma hver eptir annan í slitinni röð. Þar hafið þèr það hellubjarg, er hin hrokafullu hlið Helvítis ekki fá sigrast á.« (psalm. contra part. Don.).

En ef mönnum er forvitni á því, að fá glöggvari ugmynd um það, sem þessi mikli kirkjufaðir hefir hugsað um þetta efni, skal eg láta menn sjá það. Í brèfi ínu til Glorius', sem er hið hundraðasta sextugasta og nnað, segir þessi helgi kennifaðir með berum orðum, ð hjá söfnuðinum í Róm hafi yfirburðir hins ostullega Sætis ávalt sýnt sig með augljósum ottum um æðra álit[1]. Í hundraðasta fimtugasta g fyrsta brèfi, til Optatus', segist hann hafa farið il Cesarea með öðrum fleirum byskupum, il þess að HLÝÐA Zosimus Páfa, því að þeir afi orðið að koma saman AÐ BOÐI HANS[2]. Í yrsta kapítula fyrstu bókar til Bonifacius' finna menn essi orð, sem töluð eru til Páfans: »Vèr, sem

1) ep. 162 ad Glor; al. ep. 43. — 2) ep. 151 ad Opt.; al. 180.

»gegnum byskupsstörfum eins og þèr, höfum »allir þann starfa á hendi, að vaka yfir þeirri »hjörð, sem oss er á hendi falin; en það byrjar »að viðrkenna, að ÞÈR SITJIÐ Í ÆÐRA SÆTI«. Hver er sá, er eigi viti, með hvílíkri undirgefni og lotningu þeir byskupar, er saman voru komnir á fundinum í Karthagó og Milevum, rituðu til Páfa Innocentius? Hinn h. Ágústínus tilfærir bæði brèfin; það er jafnvel ætlan manna, að hann hafi sjálfr samið síðara brèfið; að minsta kosti leggr hann samþykki sitt á bæði brèfin. Í hinu fyrra brèfinu segir, að menn vilji skýra Heilagleik hans frá öllu, til þess að hann neyti álits hins Postullega Sætis, til að samþykkja ályktanir fundarins[1]. Í síðara brèfinu grátbæna feðrnir í Milevum, er hinn h. Ágústínus var einn á meðal, Páfann, að hann —, þar sem Drottinn af hinni helztu gáfu náðar sinnar hafi sett hann í hið Postullega Sæti, — leggi, sem ástríkr og árvakr hirðir, alla stund á að lækna hina veiku limi, sem hætt er við að fyrirfarist af samgöngum við villumennina[2]. Innocentíus Páfi svarar hinum fyrri, að þeir, með því að bera þannig dóm þeirra undir hið Postullega Sæti, hafi fylgt dæmum fornrar venju, gætt hins kirkjulega aga, og látið hinn Helga Stól fá það, sem honum bar[3]. Hinum síðari svarar hann, að þeir hafi fylgt venju allra skattlanda, er ávalt leiti athvarfs til hins Postullega Sætis, til þess að ausa það af brunni þessum, er eytt geti efasemdum þeirra, í hvert skipti sem slíkar efasemdir koma upp um vandasöm trúarat-

1) ep. 175 ad Innoc. — 2) ep. 176 ad Innoc. — 3) ep. 181.

riði[1]. En það, sem betr en alt annað sýnir, hversu mikla hugmynd hinn helgi kennifaðir hafði um hið mikla álit hins Postullega Sætis í Rómaborg, það eru hin nafnkunnu orð, er hann mælti út af villu Pelagíus': »Menn hafa þegar sent til hins Postullega Sætis gjörðir beggja fundanna, um þetta efni; SVÖR HAFA KOMIÐ FRÁ RÓMABORG, MÁLIÐ ER ÚTKLJÁÐ; Guð gefi, að villan endi líka!«[2]. Er það sæmilegt fyrir Prótestanta, þegar svona stendr á, að segja oss, að hinn h. Ágústínus hafi »eigi getað álitið lærdóminn um hið Páfalega einvaldsdæmi annað en ókristilegan villulærdóm?« (S. 103). Hefir höfundrinn getað ímyndað sér, að enginn katólskr maðr hafi lesið verk þessa kirkjuföður, eða vissi hann ekki, hve hægt það mundi ávalt verða, að hrinda svo berum ósannindum, er fram voru borin með svo mikilli frekju?

Menn sjá, vona eg, að höfundrinn að »Samanburði« er ekki heppinn í því að tilnefna þá kirkjufeðr, er hann kveðst styðjast við, til þess að sanna yfirgang Páfanna; og þó munu menn sjá, að hann er enn óheppnari, þar sem hann segir oss yfir höfuð, að »af orðum MARGRA kirkjufeðra frá þriðju og fjórðu öld megi sjá, að þeir hafa ekki þekt hugmyndina um sýnilegt kirkjueinveldi« (bls. 102), því yfirgripsmeiri sem höfundrinn lætr setningar sínar vera, því betr sýnir hann, hve langt frekja hans fer. Því hver er sá, er eigi viti, að hjá grískum og latínskum Kirkjufeðrum, jafnvel hjá hinum elztu af þeim, sem næstir eru tímum Postulanna, finnast atvik, er á ljósasta hátt mæla með því dómsvaldi, er vér viðrkennum hjá Páfunum? Víst er það, að auk hins h. Cypríanus' og hins h. Ágústínus', sem

1) *Aug. Ep. 182.* — 2) *Serm.* 131 c. 10. *De verb. ap.*

nú var talað um, lifði hinn h. Hilarius, hinn h. Ambrosius, hinn h. Hieronymus, hinn h. Optatus, Tertúllianus, hinn h. Krysostomus, hinn h. Epiphanius, hinn h. Basilius, hinn mikli Origenes og hinn h. Irenæus á þriðju og fjórðu öld. Vèr viljum nú eigi tala nema um þá, og eigi hrúga saman óteljandi tilvitnunum, því að allir Kirkjufeðrnir eru samhljóða í þessu. Er þá nokkur af þeim mönnum, er eg nú nefndi, er eigi gefi oss nóg ráð til að láta verða ljóst, að höfundrinn hefir ekki lesið, eða, að minsta kosti, ekki skilið Kirkjufeðrnir?

Snúum oss til hins h. Hilarius'. Það má sýna, að höfundrinn að »Samanburði» hefir eigi lesið ofan í kjölinn, og að það vantar jafnvel mikið á, að hann hafi lesið nóg til þess að geta sagt, eins og hann gjörir, að: »hin postullega fornkirkja hafi ekkert þekt til þessa lærdóms um páfalega einvaldsstjórn» (bls. 84). Því hefði hann lesið útskýring yfir 13. sálminn eptir þenna kirkjuföður og skýringar hans yfir 16. kapítula í Matteus' Guðspjalli, þá hefði hann fundið á hvorumtveggja staðnum, að hinn h. Pètr er þar nefndr undirstaða Kirkjunnar, gæzlumaðr lykla himinsins, og dómari settr af Guði til að dæma á jörðunni bæraðsdóma, sem ávalt eru staðfestir á himnum. Hefði að höfundrinn sèð þær virðulegu nafnbætr, sem hinn h. Hilarius gefr hinum h. Pètri, mundi hann þá eigi hafa átt hægt með að skilja, að byskuparnir í Rómaborg, sem eru eptirmenn Pètrs og erfingjar að Stóli hans, hafa um leið erft það vald, er þessar nafnbætr tákna? Og ef hann hefði auk þess lesið brot af hinu sögulega verki þessa kirkjuföður, hefði hann þá getað annað en sèð brèf kirkjufundarins í Sardica til Júlíus' Pápa, því *þetta brèf* er þar tekið upp í heilu lagi? eða þar sem

hann segir: »Það virðist vera einkar gott og »tilhlýðilegt, að byskuparnir, úr hverju »skattlandi sem þeir eru, beri undir for»mann sinn, það er að segja, undir Stól »Pètrs, þau vandkvæði, sem upp á kunna að »koma»[1]. Ef höfundrinn hefði nokkurn tíma sèð slík orð, er hinn h. Hilarius hefir tilfært, mundi hann þá hafa þorað að segja oss, eins og hann hefir gjört, að »hin postullega fornkirkja hafi ekkert þekt til þessa kenníngs»? En nú skulum vèr sjá, hvort honum hefir tekizt betr að skilja hinn h. Ambrosius.

Að eins einn staðr í verkum hans mun nægja til að sýna oss hina rèttu og sönnu hugmynd, sem þessi kirkjufaðir hefir haft um Kirkjuna í Rómaborg. Hann segir frá því, að bróðir hans, hinn h. Satyrus, frelsaðist af skipbroti fyrir kraptaverk, er hin helga Kveldmáltíð gjörði, er bundin hafði verið við háls honum, og að hann þess vegna ásetti sèr að láta skírast, og »lèt því »byskupinn á þeim stað koma til sín, og spurði hann, »hvort hann væri í samfèlagi við hina kat»ólsku byskupa, það er að segja, við Kirkj»una í Rómi»[2]. Í þessu liggr auðsjáanlega, að allir byskupar hljóta að standa í sambandi við byskupinn í Rómi, sem formann þeirra, eptir áliti þessa kirkjuföður.

Gleymum eigi hinum h. Hieronymus. Hann segir í bók sinni móti villumanni Jovinianus, að Jesús Kristr hafi valið einn af þeim tólf Postulum til að vera formaðr, til þess að sporna við trúarágreiningshættum, með því að setja vald, er skyldi sameina þá, er skoðunamunr kynni að skilja sundr. Vèr sjáum enn fremr

1) op. hist. fragm. II, nr. 9. — 2) de excessu fratris, l. I, n. 43—48.

af brèfi hans til Ageruchia[1], að hann hafði verið skrifari hjá Damasus Pápa, og hafði haft miklar annir við að svara fyrirspurnum þeirra kirkjufunda, er haldnir voru í Austrálfu og Vestrlöndum, og sýnir þetta vissulega, að allir söfnuðir skrifuðust á við Pápastólinn í Rómaborg, er menn úr öllum áttum leituðu ráða til, sem til vefrèttar. En hvað er skýlausara, en þau orð, er vèr lesum í brèfi hans til Damasus' sjálfs? Segir hann ekki, að hann biðji hirði sinn um fulltíng, sem einn af sauðum hans þurfi að fá? Og með því hann þannig nefnir Pápann hirði sinn, þótt hann væri sjálfr prestr safnaðarins í Antiochíu, sýnir hann þá ekki með þessu, að hann viðrkendi, að Páfinn væri hirðir allra trúaðra? Hann bætti síðan við: »Eg aðhyllist »Heilagleik yðvarn, það er að segja, Stól hins »h. Pètrs; eg veit, að Kirkjan er bygð á þessu »hellubjargi, og að það verðr að neyta lambsins »í þessu húsi, ef maðr vill eigi vera skoðaðr »sem vanheilagr, og að hver, sem eigi leitar »hælis í örk þessari, mun fyrirfarast í flóðinu.« »Eg veit eigi, hver Vitalis er, eg vil eigi samlaga »mig við Meletius, Paulínus[2] er mèr ókunnar. »Hver, sem eigi saman safnar með yðr, gjörir »eigi annað en dreifa sundr, það er að segja, sá »sem er ekki með Jesú Kristi, hann er með »Antikristi«[2]. Getr það verið, að höfundrinn þekki eigi slíka grein, sem öllum er kunn, og til er vitnað í ótal bókum, og sèr í lagi í sèrhverri trúarfræðisbók? Eða getr nokkur skilríkari yfirlýsing verið gjörð Pápastólnum í Rómaborg í vil?

Hvað snertir hinn h. Optatus, þá ætti menn að

1) *ep. 123 ad Ager.* nr. 10. — 2) ep. 15 ad Damasum, nr. 2.

tilfæra í heilu lagi þær sjö bækur og einkum hina aðra, er hann hefir ritað á móti trúarvilluflokki Donatistanna; og þó varla sè mögulegt að kjósa úr þeim nokkra grein, sem sè yfirgripsmeiri og sterkari en hinar, þá ætlum vèr samt að tilfæra þá grein, þar sem hann segir, að hann sè í hinni sönnu Kirkju, af því að hann sè í samneyti við Syricíus Pápa[1]. Hið fyrsta einkenni hinnar sönnu Kirkju, bætir hann við, er það, að standa í sambandi VIÐ STÓL HINS H. PÈTRS; og með því vèr höfum þetta einkenni, sýnum vèr, að vèr höfum öll önnur[2].

Að endingu viljum vèr tilfæra vitni Tertúllíanus'; þó hann hafi þá haft sèrstaklega skoðun í ýmsum trúargreinum, getr hann ekki varizt að kalla byskupinn í Rómi þessu nafni, er höfundrinn að »Samanburði« vill láta hafa verið með öllu óþekt í fornkirkjunni; en þessi eru hans orð: »Eg heyri, að framúrskarandi boðsbrèf »sè út gefið; hinn æðsti byskup, það er, byskup »byskupanna býður«[3].

Komum nú til hinna grísku Kirkjufeðra, og sker álit þeirra (ef mögulegt er) enn betr úr í þessu efni. Leitaði eigi hinn h. Krysostomus til Páfa Innocentíus' 1., til að biðja hann að ónýta alt það, sem gjört hafði verið móti honum af fáeinum byskupum, er saman komnir voru á ólöglegum fundi, þar sem Theophilus, höfuðbyskup í Alexandríu, hafði forsæti, og til þess að biðja hann að styrkja sig til að ná rètti sínum á hinum ranglátu ofsækjöndum sínum?[4] Segir eigi hinn h. Epiphanius oss, að þegar þeir tveir aríönsku byskupar, Ursacíus og Valens, iðruðust,

1) l. 2 contra Parmen. c. III. — 2) ibid., og c. IX. — 3) l. de pudic. c. 1. — 4) ep. 1 ad Innoc. nr. 4.

eða að minsta kosti látust iðrast þeirrar hegðunar, er þeir höfðu frammi haft þangað til, þá fóru þeir á fund Júlíus' Páfa til þess að gjöra honum grein fyrir skoðunum sínum?»[1]. 'Skýrir hinn h. Basilíus oss eigi frá í brèfi sínu til hins h. Athanasíus', að það hafi þótt tilhlýðilegt, að biðja byskupinn í Rómi að neyta álits síns, og senda erindsreka til Austrlanda, til þess að leiða þá aptr á rètta götu, er höfðu látið tæla sig á ólöglegum fundi í Riminí, og til þess að ónýta alt það, er þar hafði verið gjört með ofbeldi?[2].

Ætli höfundrinn hefði getað sagt, að Origenes hafi »ekki þekt hugmyndina« um yfirvald Páfanna, ef hann hefði lesið í honum þá staði (hom. v in Ex.), þar sem hann kallar Pètr postula hinn mikla eða aðalgrundvöll Kirkjunnar, og hinn styrkvasta og stöðugasta hellustein; þar sem hann viðrkennir (in ep. ad Rom.), að Pètri hafi verið selt í hendr' ekki einungis valdið, heldr og hið æðsta vald til að gæta hjarðar Drottins. Og þetta yfirvald hjá Páfanum hefir hann viðrkent einkum þá er nokkrar setningar hans voru álitnar að vera villur hjá ýmsum söfnuðum; þá skrifaði hann til Fabíanus', byskups í Rómi, að hann iðraðist þess, er hann hafði ritað, og var hinum kristnu hneykslanlegt. Geta menn skilið, að hann, sem var meðlimr safnaðarins í Alexandríu, hafi þannig skrifað þesskonar brèf byskupinum í Rómi, ef hann hefði ekki viðrkent æðra vald hans? (S. Hier. t. 1. ep. 84. n. 10).

En er vèr lítum til hins helga og lærða byskups í Lyón, hins mikla Ireneus, er hafði fræðzt og mentazt af lærisveinum Postulanna, og var hirtingarvöndr allra villu-

1) adv. hær. LXVIII, nr. 9. — 2) ep. ad. Athan. nr. 1.

na á hans tíma, hefði þá eigi vitnisburðr hans eins að gjöra höfundinn að »Samanburði« varkárari og nari í orðum sínum? Því hvað verðr sagt, er betr ji yfirvald Pápanna, en það sem vèr finnum í þriðju hans um trúarvillur? »Vèr hrekjum kenning a þeirra, er álykta rangt, á hvern hátt sem — hvort sem það kemr af illri sjálfsþóknun, i fánýtri hégómagirnd, eða blindleik og gri hugsun, — með því að skírskota til þeirr- mann frá manni gengnu kenningar (traditiónar) mannkyninu boðuðu trúar, sem hin æðsta og unna kirkja, er stofnuð og sett var í Rómi af um ágætustu postulum Pètri og Páli, hefir gið frá Postulunum, og sem komin er alt til fyrir eptirkomu byskupanna (o: Páfanna) hvers ir annan. Því SÖKUM HINNA ÆÐRI YFIR- RÐA ÞESSARAR KIRKJU HLÝTR ÖLL KRISTNIN, D ER ALLIR TRÚAÐIR ÚR ÖLLUM ÁTTUM, AÐ RA HENNI SAMDÓMA»[1]. Eg vona, að menn taki ir því, að hinn h. Ireneus var lærisveinn hins h. ykarpus, byskups í Smyrna, en Polykarpus hafði haft n h. Jóhannes guðspjallamann fyrir kennara, og hinn h. Ireneus var því eins og sonarsonr Postul- a. Taki menn í öðru lagi eptir þessum orðum: LL KRISTNIN, ÞAÐ ER, ALLIR TRÚAÐIR ÚR LUM ÁTTUM, HLÝTR AÐ VERA HENNI (o: Kirkj- í Rómi) SAMDÓMA». Þetta er eigi þvílíkt, að það idi á sama, hvort það er svo eða eigi, heldr »HLÝTR« svo að vera. En hvers vegna hlýtur það svo að ı? »SÖKUM HINNA ÆÐRI YFIRBURÐA ÞESSAR- KIRKJU». Og í hverju eru þessir æðri yfirburðir

1) cont. hær. l. 3. c. 3. nr. 2.

fólgnir, nema í hinu mikla áliti þess formanns, er stjórnar þessari Kirkju, og er eptirmaðr hins h. Pètrs, og er settr af Jesú Kristi til að vera umboðsmaðr hans á jörðunni?

Að segja, þegar svona er ástatt, að »hin postullega fornkirkja hafi ekkert þekt til þessa lærdóms um páfalega einvaldsstjórn«, og að »af orðum margra Kirkjufeðra frá þriðju og fjórðu öld megi sjá, að þeir hafi ekki þekt hugmyndina um sýnilegt kirkjueinveldi«, o. s. frv., er það eigi sama sem að lýsa því berlega, að menn hafi ásett sèr fastlega að gjöra gys að öllum þeim, er ekki eru lesnir, og að menn hlífi sèr ekki við að vekja gremju allra þeirra, er bókfróðir eru? — Eg vona, að eg hafi gjört útlistanir mínar nógu augljósar, og að þeir kirkjufeðr, er eg hefi tilfært, sè bæði nógu margir og nógu skýrir til þess að sýna þvert á móti höfundinum að »Samanburði«, að hin postullega fornkirkja hafi ekki einungis þekt, heldr og haldið og kent þenna lærdóm um æðra vald Páfanna, sem er einmitt það sama, er Katólskir nú á dögum halda og kenna. Nú skulum vèr sjá, hvað þeir fjórir fyrstu almennu kirkjufundir sögðu um það sama efni.

2. Atriði. Þeir fjórir fyrstu almennu kirkjufundir hafa viðrkent æðra vald Páfanna.

Eg ætla þá hèr að útlista, að yfirveldi Páfanna, sem fólgið er í því að vera æðstir allra kennimanna, og hafa umsjón yfir allri hjörðinni, hafi verið fullkomlega viðrkent á þeim fjórum fyrstu kirkjufundum. Eg skal vera fáorðr um þetta atriði, til þess að lengja eigi rit þetta um of; en þessi fáu orð munu nægja til að sýna, að *hinir fyrstu kirkjufundir* hafa talað um dómsvald Páf-

na alveg eins og þeir síðustu, og einmitt eins og vèr tólskir menn gjörum enn þann dag í dag.

Þegar vèr, í fyrsta lagi, lítum til kirkjufundarins í caea, þá voru það vissulega hinn mikli Osius, byskup, ordúba, og Vitus og Vincentius, prestar við hinn rómrska söfnuð, er forsæti höfðu á fundinum. Það þarf ki annað, til að sannfæra menn um það, en vitnisrð hins h. Athanasius' sjálfs, er var þar við staddr, ; átti þar hina áköfustu baráttu við mótstöðumenn öðdóms Jesú Krists. Sagnamaðrinn Socrates fullvissoss um[1], að í hinni miklu kirkjufundabók, er þessi ikli maðr gjörði, þá er hann kom aptr, og þar sem inn telr upp byskupana eptir þeirri röð, er þeir sátu í, ði hann fundið það, er hann hefir látið oss eptir ritað n það, og fer hann um það þessum orðum: Mèr efir þótt við eiga, að rita hèr nöfn hinna elztu byskupa, er á fundinum voru, eins g eg hefi getað fundið þau með nákvæmri annsókn, er eg hefi við það haft; og eru au þessi: Osius, byskup í Corduba, Vitus g Vincentius, prestar; Alexander frá Egiptaandi; Eustachius frá hinni miklu Antiohíu; Marcártus frá Jerúsalem; Harpocraton; Cynon; o. s. frv. Hvers vegna skyldu nú èttr og rèttr byskup og tveir prestar vera settir fyrstir g á undan höfuðbyskupunum, sem hèr eru nefndir ptir röð, ef þeir höfðu ekki forsæti á fundinum? Og vernig gátu þeir haft þar forsæti og gengið á undan öfuðbyskupunum, ef þeir voru þar eigi sem erindsrekr hins Helga Sætis? Frá þessu hefir Gelasius, prestr í yzikum, höfundr, sem var uppi fyrir meir en fjórtán

1) hist. l. I. c. 13.

hundruðum ára, skýrt oss með skýlausum orðum í ágripi, er hann hefir látið oss eptir um fundinn. »Hinn »frægi Osius, segir hann[1], var þar í stað Syl»vesters, byskups hinnar miklu Rómaborg»ar, ásamt prestunum Vitus og Vincentius«. Jafnvel Photius, einhver hinn mesti óvinr hinnar rómverska Kirkju, sem verið hefir til í Austrlöndum, skírskotar til þessa höfundar[2], og segir, að þessir þrír menn hafi þar haft hið æðsta sæti, eins og vèr höfum sèð, og eins og sèst af uudirskriptum undir gjörðir fundarins. Þetta er vissulega nóg til að sýna, að menn hafi á fundi þessum sýnt Páfanum alla þá virðing, er tign hans bar.

En þó er það enn miklu ljósara, þar sem fundrinn sjálfr tekr með berum orðum fram, að yfirvald byskupsins í Rómi hafi upptök sín með sjálfum Kristindóminum; því að hann segir (Can. 6.): »Rómverska Kirkj»an HEFIR ÁVALT HAFT YFIRVALDIÐ« (Concil. t. II, col. 722; t. IV. col. 812). Nú er að segja frá fundinum í Konstantinopel, sem er annar almennr Kirkjufundr.

Það er að vísu satt, að Damasus Páfi sendi eigi þangað erindsreka sína, af því hann hafði stefnt fund í Rómaborg, og vildi láta byskupana koma þangað frá Konstantinopel eptir samkomu þeirra þar, til þess að halda almennari samkomu í viðrvist sinni, þar sem allir byskupar Austrlanda og Vestrlanda væri við staddir í Rómaborg hjá formanni þeirra. Þegar hinn mikli Theodosius hafði fengið brèf frá Damasus um þetta, kallaði hann í annað sinn saman alla byskupana í Konstantinopel, og skýrði þeim frá boði Páfans, er stefndi þeim til Róms, til að halda þar þenna fund, er skyldi verða

1) Synt. Conc. Nicæni l. II, c. 5. — 2) Bibl. edit Roth. p. 206.

almennar, með því byskupar frá báðum ríkjunum væri við staddir; en með því byskuparnir sáu, að þeir gátu eigi verið svo langan tíma burtu frá söfnuðum sínum, án þess að stofna þeim í hinn mesta voða, svo hætt væri við, að þeir glötuðust innan um svo marga villumenn, sem gerðu þar mesta óspektir, sendu þeir þrjá af sínum flokki til Róms, með fundarbréfum, er afsakanir þeirra voru í og fundargjörðir þeirra, sem Páfinn staðfesti með tilliti til tráaratriðanna, og var mjög ánægður með hegðan þeirra. Hið merkilegasta í bréfum þessum og mikilvægasta fyrir vort umtalsefni er það, sem þeir segja við Páfann, »að með því hann hafi stefnt fund í Rómaborg eptir Guðs vilja, stefni hann þeim þangað sem sínum eigin limum, og að þeir vildu fegnir hafa dúfuvængi til þess að geta komizt sem fljótast til hans og hvílt í skauti hans, ef þeir mætti yfirgefa söfnuði sína á svo hættulegum tíma.«[1]. Páfinn svaraði þeim, »að með því þeir, eins og þeir höfðu gjört, hafi sýnt hinu Postullega Sæti þá virðing, er því beri, hafi þeir gjört það, sem þeir sjálfir hafi mikið gott af.«[2]. Menn geta séð enn af þessu, að kirkjufundrinn í Konstantinópel kannast fullkomlega við yfirveldi formanns síns.

Hvað snertir kirkjufundinn í Ephesus, þá er það aðgætt, að hinn h. Cyrillus, höfuðbyskup í Alexandríu, hefir verið þar forseti af hálfu Páfa Coelestinus', því það er sagt ljóslega í byrjun annarar gjörðar fundarins[3], að þessi helgi höfuðfaðir hafi verið þar oddviti allra annara og gengið í stað hins h. Coelestinus'. Páfinn lagð-

1) Theodoretus, hist. l. V. c. 9. — 2) ibid. l. V. — 3) Labbe, Coll. Conc. t. III.

5*
722903 A

ist eigi undir höfuð að senda þangað þrjá erindreka, Arkadius og Projectus byskupa, og Philippus, prest við hinn rómverska söfnuð, til þess að kunngjöra fundinum þann afsetningardóm, sem þá þegar hafði verið upp kveðinn í Rómi gegn trúarvillumanninum Nestoríus, og til þess að láta framkvæma hann; en þessir erindrekar fötluðust af illviðrum og andviðrum og komu eigi til Ephesusarborgar fyrr en eptir að þessi óguðlegi maðr var fyrirdæmdr. Engu að síðr gjörðu menn þeim greið fyrir öllu því, er þar hafði fram farið. Þeir afhentu fundinum brèf Páfans, og töluðu fyrir hinum samansöfnuðu feðrum um þá umhyggju, sem Páfinn bæri fyrir öllum söfnuðum, og er brèfið var upp lesið, mæltu allir feðrnir með einum rómi: »Þessi dómr er rètt, fundrinn þakkar Coelestinus, VERNDARA »TRÚARINNAR; það er eigi nema einn Cyrillus, »það er eigi nema ein trú á fundinum, ein »trú á allri jörðunni«. Einn af erindsrekunum þakkaði fundinum fyrir, að svo helgir limir hefði samt einað sig við svo helgan formann með svo helgum röddum[1]. Þar næst bætti hann við, »að enginn efaðist um, og að það væri jafnvel öllum öldum kunnugt, að hinn h. Pètr, hvers eptirmaðr »Coelestinus var, var ODDVITI OG FORMAÐR »POSTULANNA, STOD TRÚARINNAR OG GRUNDVÖLLR KIRKJUNNAR[2], En það er ekki þar með búið; fundrinn reit fundarbrèf til Páfans, og var í því nákvæmlega sagt frá öllu því, er þar hafði gjörzt og fal honum á hendi, að dæma Jóhannes frá Antiochíu, er hafði haldið ólöglegan fund gegn hinum h. Cyrillus Nestoríus í vil. Geta menn augljóslegar viðrkent yfir-

1) *Conc. Eph.* act. 2., interl. Philippi. — 2) id. ib.

veldi hins Helga Stóls? Eða mun mönnum virðast svo sem fundrinn í Trient hafi sýnt Pápanum meiri lotning, en fundrinn í Ephesus sýndi Coelestinus?

Nú skulum vèr leiða mönnum fyrir sjónir, að fundrinn í Chalcedon hefir haft hið sama hugarfar við byskupinn í Rómi. Og hvað er auðveldara en það? því hverjum þeim, er nokkurt skyn bera á sögu fornaldarinnar, er það ókunnugt, að hinn h. Leó Páfi sendi þangað erindsreka sína, og vár Paschasíus, byskup í Lilybaeum, oddviti þeirra, og skyldu þeir hafa þar forsæti í hans stað, eins og hann reit keisaranum og fundinum? Við hina fyrstu gjörð fundarins sögðu erindsrekar Pápans, að það væri eigi rètt, að Dioscorus, er svo margar sakir voru á bornar, og hafði þorað að halda fund án heimildar frá hinum Helga Stóli, sem enginn hafði nokkurn tíma gjört, hefði sæti meðal þeirra byskupa, er áttu að dæma hann. Dioscorus var ekki framar við staddr við hinar eptirfylgjandi gjörðir, og er hann hafði þrisvar skorazt undan að mæta fyrir dómi, sögðu erindsrekarnir upp gegn honum þann afsetningardóm, er hinn h. Leó Páfi hafði á hann lagt, og allir feðrnir skrifuðu undir hann. Fundrinn ritaði síðan ágætt fundarbrèf til Pápans, og í því er það yfirveldi, sem Dioscorus hafði tekið sèr á þessum ólöglega fundi, kallað ofsafullir yfirgangr; síðan er það kallað ræningja athæfi, og er því þar lýst, að hann sè með rèttu afsettr, með því hann hafi verið svo ósvífinn, að hefja sig með ofsa gegn þeim, er Drottinn vor hefir falið á hendi að gæta víngarðs síns, það er að segja (bætir fundrinn við) gegn Heilagleik yðrum; síðan eru þar sögð við Pápann þessi orð, sem eg bið menn að taka vel eptir: »þèr »stýrðuð *fundinum sem* höfuð limunum, með

»því að láta oss sjá gæðsku yðra fyrir milligöngu þeirra, er gengu í yðvarn stað[1]». Þessi fáu orð, er vèr höfum hèr sagt um fjóra hina fyrstu kirkjufundi, nægja eflaust til þess að fullvissa menn um, að þeir hafi viðrkent æðra vald Páfanna.

3. Atriði. Kirkjusöguritarar hinna fyrstu alda viðrkenna yfirveldi Páfans.

Í »Samanburði», segir bls. 85, að Rómverska Kirkjan afbaki söguna alveg, þegar hún eignar það (o: yfirvald Páfanna) elztu tímum Kirkjunnar, sem sagan sjálf sýnir að löngu síðar varð að venju og vana». Það getr ekki hjá því farið, að sá maðr, sem talar í þessum anda, hafi aldrei litið í sögu Kirkjunnar. Ef hrúgað væri saman öllum þeim atvikum, sem brandið geta máli höfundarins, mundu menn bráðum sjá svo stóra bók, að hún gæti gjört menn hrædda. En fáein atvik geta eigi síðr en þúsund komið þeirri sannfæring til leiðar, að Páfarnir hafi frá upphafi haft hið sama yfirveldi. Eg ætla nú að tilfæra fáein dæmi frá hinum kunnustu sagnamönnum.

Eusebius frá Cesarea fræðir oss um það í kirkjusögu sinni, 5. bók, 24. og 25. kap., að þegar ágreiningr kom upp í Kirkjunni um það efni, hvort menn ætti að halda páska með Gyðingum eða með öllum hinum kristnu söfnuðum, þá ætlaði Viktor Páfi að útibyrgja af Kirkjunni þá byskupa í Litlu-Asíu, sem vildu halda páskadaginn með Gyðingum. Í þessum atvikum eiga menn að gæta að þrennu: 1. Eusebius, sem segir oss nákvæmlega frá öllum sèrlegum kringumstæðum þessa atviks, segir ekki það minsta orð, er geti bent mönnum

1) *Conc. Chalced.* ep. syn. ad Leonem P.

á, að hann hafi ekki viðrkent það vald yfir öðrum byskupum, er Páfinn brúkaði þá. 2. Polykrates, sem réð fyrir þeim byskupum, er þóttust geta haft aðra venju en allar hinar kirkjurnar, hefir ekki borið byskupinum í Rómi á bryn, að hann brúkaði með því yfirgang, heldr lætr hann sér nægja að skírskota til þeirrar sérlegrar venju, er innleidd var þar í Litlu Asíu. 3. Hinn h. Ireneus, gjörhrifinn af gremju að sjá, að svo margir kristnir menn mundu verða útibyrgðir af skauti þessarar Kirkju »er allir hljóta að vera samdóma við«[1], skrifar til Páfans, og það er svo langt frá því, að hann neiti því valdi, er Páfinn hefir, til að byrgja þá úti af Kirkjunni, að hann miklu fremr áminnir hann með »tilhlýðilegum orðum, að hann skuli eigi hannsetja heila söfnuði, er héldu venju feðra sinna«.

Sokrates Scholastikus segir frá því í kirkjusögu sinni, 2. bók, 8. kap., að Eusebius frá Nikomedía, er gaf sig allan við að styðja hina óguðlegu trúarvillu Aríusar, hafði safnað ýmsum byskupum til að draga þá á tálar, og setja af hinn h. Athanasíus, sem svo einarðlega varði sannleikann á móti honum. »En« bætir sagnamaðrinn við, »Júlíus, byskup í Rómi, var þar ekki við »staddr, og hafði ekki heldr sent þangað erindsreka til »að vera í hans stað; þar sem hinar helgu kirkju»reglur banna þó að ákveða nokkuð í Kirkj»unni án samþykkis Páfans«.

Hermias Sozomenus segir frá því í kirkjusögu sinni, 3. bók, 8. kap., að þegar hinn h. Athanasíus hafði verið af settr af Eusebíus frá Nikomedía á hinum óguðlega fundi í Antíochía, fór hann með Páli frá Konstantínópel, Marcellus frá Ancyra og Asklepas frá Gaza til Róma-

1) *S. Iren. adv. hær. l. c.*

borgar, til þess að vera þar dæmdr fyrir hæstarètti, og að Páfinn rannsakaði mál þeirra, og tók þá síðan í trúarsameining við sig, og setti þá aptr hvorn í sitt byskupsembætti, »með því »að umhyggjan fyrir öllu, segir sagnaritarinn, til»heyrði honum sökum tignarsætis hans«.

Therodoretus segir í kirkjusögu sinni, 2. bók, 22. kap., að hinn mikli byskupafjöldi, sem var í Rimini, hafi eigi getað gjört hinu góða málefni neitt mein, af því Páfinn, er menn, að því er hann segir, um fram allt áttu að leita ráðs til, eigi lagði samþykki sitt á það, er á þessum fundi gjörðist.

Evagrus segir oss í 1. bók, 4. kap., í kirkjusögu sinni, að þegar feðrnir á fundinum í Ephesus ætluðu að fara að dæma Nestoríus, sögðust þeir vera saman komnir til að hlýða kirkjulögunum og brèfi Coelestíns Pápa, og að það væri með nauðung og mörgum tárum, að þeir beygði sig fyrir nauðsyninni, og kvæði upp afsetningardóminn yfir Nestoríus. Hann segir á sama stað, að hinn h. Cyrillus hafi stjórnað öllu á fundinum, og hafi haft þar hið æðsta sæti, af því hann hafi gengið í stað byskupsins í Rómi.

Sulpicíus Severus segir frá því í 2. bók helgu sögu sinnar, að þegar Priscillíanus og fèlagar hans höfðu verið fyrirdæmdir á fundinum í Saragossa, hafi þeir farið til Rómaborgar, til þess að flytja mál sitt fyrir Damasus Pápa, og reyna til að rèttlæta sig.

Þessir Sagnaritarar, er vèr höfum tilfært, eru hinir elztu kirkjusöguritarar og kirkjufeðr, og þessir atburðir eru enn töluvert eldri en þeir höfundar, er hafa ritað þá; og út af þessu getum vèr með fullri heimild *enn ályktað*, að fornkirkjan hafi þekt og viðr-

ient æðra vald byskupanna í Rómi, eðr Páfans.

En hvernig stendr nú á því? Hefir höf. að »Samvizkuburði« eigi þekt til alls þessa, bæði til lærifeðranna, kirkjufundanna og kirkjusöguritaranna? Eða hefir hann getað ímyndað sèr, að katólskir menn sè svo fáfróðir, að þeim sè ókunnigt ástand fornkirkjunnar, ókunn öll hin ágætu verk og minnismerki, sem eru vottr þess, hvernig henni hafi verið stjórnað þegar frá upphafi, og hvernig hinir fyrstu kristnu menn hafi skilið kenningu Frelsarans? Já, hann hefir, ef til vill, getað fengið af sèr að álíta rètta og sanna þessa hans ástæðulausu og hlægilegu ímyndun um katólska menn, að þeir sè jafnvel í »klerklegu hjátrúarmyrkri« (bls. 78). Eða, veit hann ekki betr, ef til vill, en að »hin Rómverska Katólska sè í EÐLI SÍNU EILÍFT miðaldamyrkr« (s. st.)? Eg vil vorkenna honum það. En er það þá sæmilegt fyrir mann, er hefir lesið svo títið, eða þá svo illa, og þekkir svo illa til fornaldarinnar, að segja: »hin Rómverska Katólska er í eðli sínu eilíft miðaldamyrkr?« Hvernig lýst nönnum á þessi orðatiltæki? Eru þau eigi hin andríkustu og veglegustu, og um leið mjög vel samkvæm mannleikanum og samboðin kristilegri auðmýkt? Verum þá í »eilífu miðaldamyrkri«, í »klerklegu hjátrúarmyrkri«, fyrst honum þóknast að kalla þannig trú vora, sem er honum með öllu ókunn og sem hann lýsir svo, sem enginn geti skilið hvað hún í sannleika sè. En er það þá sómasamlegt fyrir prótestantiskan guðfræðing, er á að vera í eilífu ljósi núlegs tíma, að láta þannig sanna upp á sig svo litla þekkingu á fornkirkjunni, og svo litla þekkingu á máli, er hann

hefir þó ásett sèr að ráða á? — En þetta er þó eigi það, sem hèr er umtalsefnið, heldr var ásetningr minn, að leiða mönnum fyrir sjónir, hvernig vèr Katólskir gjörum grein fyrir trú vorri á Kirkjunni og forræði þjóna hennar og sèr í lagi forstöðumanns hennar, og þetta þykist eg nú hafa gjört með orðum h. Ritningar sjálfrar, og með greinum úr verkum og minnismerkjum fornkirkjunnar. Menn sjá ljóslega, vona eg, hvernig Jesús Kristr á sínum hèrvistardögum hefir fyrst látið koma í ljós ætlan sína að stofna Kirkjuna, með því að hann 1. kaus efnið til stofnunar hennar, er hann valdi meðal lærisveina sinna hina tólf Postula til að vera undirstaða byggingarinnar; hvernig birtist síðan vilji hans að veita Kirkjunni 2. þá lögun og fyrirkomulag, er á að varðveita í henni einingunna, sem er hið verulega einkenni sannleikans, með því að veita formanni hennar forræði og æðsta vald; og loksins, hvernig hann hefir framkvæmt þessa ætlan og þenna vilja, þá er hann gaf Kirkju sinni 3. innblástrinn og lífið, með því að gefa henni Anda Sannleikans, er á að dvelja í henni eilíflega, og með því að heita því og skuldbinda sig til að vera með henni »alla daga alt til enda veraldar«. Ef menn vilja nú athuga og bera alt saman með alvöru, þá munu menn vissulega sannfærast um, að ekkert sè til, eins og vèr sögðum áðan, sem geti verið skipulegra, eða betr sè áframhaldið, eða betr fullkomnað, heldr en þessi hugsan, heldr en þessi vilji Frelsarans, sem smámsaman leiðist í ljós á allri hinni dauðlegu lífsleið hans, og sem hverfr loksins frá fyrirhugan og fyrirheiti til fullrar framkvæmdar, beint á þeirri stundu, er ákvörðun Kirkjunnar fer í hönd. Vèr vonum einnig, að menn sjái ljóslega, hvernig hinir

fyrstu kristnu menn hafa skoðað Kirkjuna þegar frá því Stofnari hennar gaf henni lögun og fyrirkomulag, og hvernig hún hefir viðhaldizt og á að viðhaldast í þeirri upphaflegu lögun. Til að sýna það, höfum vèr tilfært nokkra staði úr hinum elztu Kirkjufeðrum, úr hinum fyrstu Kirkjufundum og úr kirkjusöguritunum; og að þeir sè allir á einu máli með Katólskum, verðr vissulega ekki neitað; því að þeir kalla allir upp með einum munni, að byskuparnir í Rómi hafi forræði eða yfirvald yfir öllum hinum byskupunum, og það einmitt vegna þess, að þeir sè eptirmenn hins h. Pètrs.

Vèr höfum og um leið tekið fram, að það, sem Mótmælendr bera á móti hinni katólsku kenningu um Kirkjuna, sè ekki nema ástæðulausar mótbárur, sem falla af sjálfum sèr fyrir skynsemi hvers óvilhalls og hreinskilins manns, þegar að öllu er gætt og þegar alt er borið saman með alvöru og óhlutdrægni.

Eptir þessum útlistunum og útskýringum yfir kenningu vora um Kirkjuna er það eflaust með fullum rètti, að vèr neitum algjörlega og mælum kröptuglega móti öllum þeim ástæðulausu mótbárum, öllum þeim hègómlegu getgátum og ósönnuðu fullyrðingum, öllum þeim hatrsfulla áburði og röngu lýsingum á hinni katólsku kenningu, sem Mótmælendr og sèr í lagi höfundrinn að »Samanburði« bera upp á oss og halda uppi, til þess að »lasta það, sem þeir þekkja ekki« eða vilja ekki láta aðra þekkja.

Guð gefi, að allir og hver og einn rannsaki þetta mál með óhlutdrægni og hreinskilnu hjarta, með allri þeirri alúð og alvöru, er mál, sem svo mikið er í varið, á skilið; því að hèr ræðir um, fyrir alla, að vita, hvort þeir sè meðlimir hinnar sönnu og rèttu Kirkju,

sem Jesús Kristr hefir stofnað og sem allir, er vilja verða sálnhólpnir, verða að vera samdóma við; hèr ræðir um hið eilífa lífið, hèr ræðir um þá háleitu hluti, sem allir menn í þessu lífi eiga öllum hlutum fremr að leggja stund á; eða »hvað gagnar það manninum, þó hann eignist allan heiminn, en líði töpun á sálu sinni?« Guð gefi, að allir og hver og einn gjöri það með alvörugefni, og hlýði að eins röddu samvizku sinnar.

ANNAR KAPÍTULI.

Um reglu trúarinnar, eða um h. Ritningu og Traditíónina.

Eins og menn hafa sèð af öllu því, sem á undan er komið, skoðum vèr Katólskir Kirkjuna sem stofnsetta af Frelsaranum, til þess að fræða allar þjóðir og bjóða þeim að gæta alls þess, er Frelsarinn sjálfr hefir boðið henni; og til þess að fullvissa og sannfæra oss um, að það, sem hún kennir oss, sè sú hin hreina og óafbakaða Jesú kenning, þá höfum vèr fyrirheiti Drottins sjálfs, þar eð hann segir Postulunum og augsýnilega eptirrennurum þeirra: »Sjáið (o: reiðið yðr á, að) eg er með yðr alla daga alt til enda veraldar«; og hinn h. Páll fullvissar oss um, að Kirkjan sè: »Máttarstólpi og grundvöllr sannleikans[1]«.

1) Allar íslenzkar útgáfur (eg hefi sjö af þeim) þýða á þessa leið þenna stað, er vèr gefum hèr, og eins aðrar prótestantiskar útgáfur á þýzku, frönsku og engelsku; en herrar prof. og Dr. P. Pètrsson og S. Melsteð í „útskýringum“ þeirra frá á. 1861, þýða þann sama stað þannig: „Svo þú vitir, ef mèr seinkar, hvernig á að „haga sèr í Guðshúsi, sem er söfnuðr lifanda Guðs. Máttarstoð og „grundvöllr Sannleikans; og eflaust mikill er þessi leyndardómr „guðræknisinnar“, o. s. frv. — Eptir þessari útþýðingu hefði Stl Páll

Hvað getr verið ljósara og þýðingarmeira? Eptir þeim útskýringum, sem vèr höfum gefið áðan, hlýtr hver óvilhallr, hreinskilinn og samvizkusamr maðr að játa, að það er ekki ástæðulaust, að vèr skoðum byskupana sem setta af Guði til að kenna mönnum, hverju menn skuli trúa og hvers menn skuli gæta. En menn verða að gæta þess vel, að þrátt fyrir þann myndugleika til að kenna, sem vèr Katólskir könnumst við hjá byskupunum, þá viðrkennum vèr eigi — nei, því fer fjærri — að þeir sè »uppspretta kristilegra trúarlærdóma«; að þeir sè »færir um að leiða í ljós nýja og ókunnuga lærdóma«, eins og höfundrinn að »Samanburði« (bls. 136) svo ranglega ímyndar sèr; því að, eins og vèr höfum tekið fram áðr, getr Kirkjan, er leidd er af H. Anda í allan sannleika, ekki flutt neina aðra kenningu nema þá, er Jesús Kristr sjálfr hefir kent Postulunum, og sem Postularnir aptr hafa fengið í hendr byskupunum, og innihelzt bæði í h. Ritningu og í hinni munnlegu kenningu, er vèr höfum fulla vissu um að hafi komið frá sjálfum Postulunum. En hvað er h. Ritning fyrir oss Katólska? og hvað er þessi munnlega kenning?

I. Hvað er h. Ritning fyrir oss?

Hún er safn þeirra bóka, er jafnan frá elztu tímum

---

ekki kallað Kirkjuna „Máttarstoð og grundvöll Sannleikans“. Oss þykir óþarft að fara hèr fleirum orðum um það, vegna þess að þessir sömu herrar í útgáfu N. T. í Oxford 1863, hafa látið standa hina gömlu útþýðingu þessa staðar. En það væri vissulega eigi óþarft, ef þeir vildu gjöra svo vel að segja, hverju menn eigi að trúa; hvort menn eigi að fylgja „útskýringum“ þeirra frá á. 1861, og þá trúa því, að hinn h. Páll hafi eigi kallað hèr Kirkjuna „máttarstoð og grundvöll Sannleikans“; eða að fylgja útgáfu þeirra frá á. 1863, og trúa þá því, að það sè Kirkjan, sem hann á þeim stað hefir kallað þessu þýðingarmikla nafni.

hafa almennilega verið álitnar sem innblásnar af H. Anda og sem Kirkjan á fundinum í Trient, til þess að halda í taumi hinum ákafa sjálfsþótta villukennandanna, er réðst á þær, hefir hátíðlega úrskurðað að vera allar saman Guðsorð; og eru það einmitt allar þær bækr, sem eru til í öllum, jafnvel prótestantiskum, útgáfum. Það er engin þörf að fara hér mörgum orðum um aðgreining þá, er Mótmælendr vilja hafa milli hinna h. bóka, af því að þær bækr í G. T., er þeim þóknast að kalla apokrýfiskar, standa í öllum íslenzkum biflíum, og það sýnist eigi eiga við að fara að ræða um þær bækr, er alþýða hefir við höndina og gjörir að líkindum eigi mikinn mun á við hinar. En þær bækr í N. T., sem margir af Prótestöntum hafa álitið og álíta apokrýfiskar, standa allar í öllum íslenzkum útgáfum, og jafnvel án nokkurs greinarmunar í þeim síðustu.

Áðr en vèr skiljum við þetta efni, er það ekki alveg þýðingarlaust að færa til þann stað úr »Samanburði« þar sem segir, að katólska Kirkjan, með því að úrskurða hverjar bækr sè innblásnar af H. Anda og sè þes vegna trúarregla, hafi »útibygt allri frjálsri rannsókn um þetta efni» (bls. 159). Þessi orð eru vissulèg merkileg; því, ef Mótmælendr eigna sèr það frelsi, þ já̀ta þeir með því, að þeim sè enn, eptir nítján aldi bráðum liðnar, ókunnigt, hverjar bækr sè innblásna eða ekki, þ. e., að þeim sè ókunnigt, hvar og hvað h Ritning sè, eða hvar og hvað hún sè ekki, en að þein sè enn þörf að leita eptir henni. Guð minn góðr! hv nær munu þeir þá fá að vita nokkuð víst um svo mikilvæ atriði? Og það eru þó þeir menn, er þykjast *eini* byggja trú sína á Ritningunni, og það á Ritningunn *einni!!*

Hèr við er enn fremr að athuga, að ef guðfræðingarnir eiga að hafa »frjálsan kost á að vega gildi hinna kanónisku bóka sín á milli», (S. 159) eða með öðrum orðum, að rannsaka, hvort allar hinar h. bækr hafi eðr ekki »jafna hlutdeild í náðargjöf Heilags Anda[1]» (S. 156), þá hefði Drottinn vor látið oss eptir mjög óvissan, hvikulan og óstöðugan leiðtoga; nefnilega, hann hefði »gjört» (einmitt það sem í »Samanburði» bls. 140 með svo þungum og röngum dómi er eignað katólsku Kirkjunni) »mannlegt hyggjuvit», í fullum skilningi orðsins, »að dómara Guðs orðs»; því að með því móti hefir hver einstakr guðfræðingr hjá Mótmælöndum frjálsan kost á að neita þeim og þeim pörtum sèrhverrar bókar, og þá heilum bókum, um gildi sem trúarregla, eptir því sem hann í sinni frjálsu rannsókn þykist hafa fundið ástæður fyrir eða móti, eptir því sem hann hefir vit og skilning til. Já, þessi leiðtogi mundi komast svo langt að rífa niðr og gjöra að engu trúna og h. Ritninguna sjálfa, þar sem það ætíð er komið að eins undir þeim guðfræðingi (hvort sem hann veit mikið eða lítið), er tekr

1) Það eru vissulega óvanaleg og skrítin orðatiltæki, að segja þannig um bækr, að þær hafi meiri eða minni „hlutdeild í náðargjöf H. Anda“; alt hingað til hefi eg ímyndað mèr, að þetta ætti sèr stað hjá mönnum, en alls ekki í bókum. Og ekki er eg heldr svo heppinn, að eg geti skilið, að hinar h. bækr geti haft „ójafna hlutdeild í náðargjöf H. Anda“; eg get ekki skilið annað en að þær verði að vera annaðhvort innblásnar af H. Anda eðr ekki, eða (að eg tali eins og höf. að „Samanburði“), þær hafa annaðhvort fulla hlutdeild í náðargjöf H. Anda, og þá eru þær h. Ritning, eðr enga hlutdeild, og þá verða þær að álítast eins og öll önnur mannarit, í hverjum hið ranga blandast við hið rètta, og geta því með engu móti talizt *meðal hinna h. bóka*.

til rannsóknar, hvort einhver viss kafli í einhverri kanónisku bókunum, eðr og einhver af þessum bókum í heild sinni, muni hafa gildi sem trúarregla, eða ekk Slíkum Guðfræðingi er því ætlið innanhandar að kast fyrir borð því eða því atriði í lærdóminum, þar sem hann í sinni vísindalegu rannsókn, og eptir mæli sinna þekkingar og lærdóms o. s. frv. ætlið getr fundið ein hvern kafla eða setningu í hinum h. bókum Ritningar innar, er honum þykir ekki vera þess eðlis, að hún ge verið trúarregla. Þegar Nikódemus tók í Synagógunn málstað Jesú, þá svöruðu Pharisear og sögðu honum »ert þú líka frá Galilæu? rannsakaðu og sjáðu, að spá maðr kemr ekki í ljós úr Galilæu« (Jóh. g. VII, 52 Sjáum vèr ekki, að slíkt hið sama hefir jafnan átt sé stað hjá öllum þeim, sem hafa stofnað eitthvert trúar samband, er horfið hefir frá almennri trú? Kalla þe ekki upp og segja: »rannsaka þú Ritningarnar, þa færa sönnur á mína kenningu«? Þessum orðum fe Aríus, þegar hann neitar guðdómi Drottins Vors Jes Krists; sömu orðum fer Nestorius, er hann neitu heilögu manneðli Guðs Sonar; og eins tekr Macedóníu til orða, er hann neitar guðdómi Heilags Anda.

Í fótspor þessara hafa fetað og feta allir þeir villu kennendr, sem alt frá dögum Postulanna hafa slitið sig út úr faðmi móðurkyrkjunnar hinnar katólsku. Þanni breytti Lúter og Kalvín og þeirra líkar; þannig breyt kvekarar, og allr sá grúi trúarflokkanna, sem sundrskipt Prótenstantiskunni[1]. Sömu er aðferð guðfræðingsins hern

1) Það mundi undir eins verða stór bók, ef menn vildi eir ungis telja upp alla trúarflokka hjá Mótmælöndum, ef menn anna hefði kost á að þekkja þá alla, sem varla er mögulegt, þar eð þe *margfaldast dag* hvern, og svo vèr ekki tölum hèr nema um smá

M. Eiríkssonar, er hann kastar Jóhannesar Guðspjalli. Hann fer, um leið og hann kastar því, einmitt eptir þeim miklu grundvallarreglum Mótmælanda. Ef Biflían er »sín uppspretta trúar og siðalærdóma»; ef hún er »sú eina regla, prófsteinn og mælikvarði» guðfræðinganna hjá Mótmælöndum (S. 133); ef guðfræðingarnir hafa »frjálsan kost á að vega gildi hinna kanónisku bóka sín á milli» (S. 159); ef þeir »eiga að byggja allan dóm um þetta mál bæði á sögulegum vitnisburðum fornkirkjunnar og innri vitnisburðum, sem bækrnar sjálfar gefa» (S. 159), þá getr hann samkvæmt því kveðið skýrt og frjálslega upp sitt álit um Guðspjall hins h. Jóhannesar, og um gildi þess sem trúarreglu, og fylgir hann í því hinu fagra dæmi Lúters, er »sjálfr benti fyrstr á veginn í þessari rannsókn og kvað skýrt og frjálslega upp sitt álit» (S. 159) um brèf til hinna Ebresku, Júdasarbrèf og Opinberunarbókina, með því að neita þeim, og um Jakobsbrèf með því að kasta því og kalla það hálmbrèf. Og allir Mótmælendr hljóta, ef þeir vilja vera sjálfum sèr samkvæmir, að viðrkenna, að hann breyti eptir aðalreglu þeirra, og geta því ekki sagt annað, en að þeir geti ekki aðhylzt hans skoðun; lengra geta þeir ekki farið. Vilji þeir þá leiða fram gegn honum vitnisburð fornkirkjunnar, þá er honum innanhandar að svara þeim því, að þetta sè ekki nema mannlegr vitnisburðr, og

---

ríki, sem Danaríki er, þá fræðir herra Doktor og Professor P. Pètrsson oss um, að „þar hafi myndazt margir smáflokkar, sem liggja í einlægu stríði hver við annan“ (Alþingistíðindi, 1863, síð. part., bls. 113); það sama hafði sagt áðr, á. 1829, Dr. Fogtmann Professor í Sorö, þar sem hann segir, að í Danmörku sè „óteljandi flokkar, og eins margar meiningar og menn eru *margir*“ (*Kritik der* Buseckschen Streitschrift).

að innri vitnisburðr þessarar bókar ↄ: leiðbeining sú, se hún gefr sjálf, sé gildari en annara vitnisburðir; að mei eigi að gæta sín fyrir því, að »láta manna orð bind sig« (S. 20); og »að varanleg eining og sannr vi friðr geti ekki hugsazt, nema hann sé bygðr á innri ein ingu í anda og sannfæringu, og að friðrinn verði dýrkeyptr, ef hann á að kaupa með því, að menn láti fy hann sannfeikann og trúarsannfæringu sína« (S. 3

Vèr Katólskir, — er vèr sjáum, hvernig vorir fr skildu bræðr eru eins og soppt fyrir veikri skynsem og að allir geta eptir grundvallarreglum Mótmælam kástað, eptir hugþótta sínum, öllum bókum hinnar Ritningar, eins og sorgleg reynsla meðal vorra fráskil bræðra alt of vel sannar og sýnir[1] — vèr, segi é

1) Það er ekki nein bók í hinni h. Ritningu, sem prótesta iskir þýðendr, og það þeir lærðustu meðal þeirra, ekki hafa vefen og er hèr mjög títið sýnishorn af því, hve trúlega þeir hafi í þe efni fylgt dæmi Lúters og hve opinskátt og „frjálslega þeir l kveðið upp álit sitt um gildi“ hinna h. bóka sem trúarreglu:

„Guðspjöll hins h. Matteusar, Markúsar og Lúkasar hafa ve færð í lag eptir aramaisku handríti“ (J. G. Eichhorn, Bibl. der b Literatur, t. V, p. 761. 996).

„Guðspjall hins h. Jóhannesar er ófaust eptir einhvern villin mann í Alexandríu“ (Staudlin, Magazin der Relig. Geschichte, t. I

Það sama segir Lücke um bréfið til hinna Hebresku (Ue sicht der zur Hermen. gehörigen Literatur, t. II, p. 440).

„Bréf þau, er menn eigna hinum h. Jóhannesi, eru eptir óku an Gyðing“ (Claudius v. Hœninghaus, t. I, p. 177).

„Fiestallir þýðendr meðal Mótmælanda gjöra Opinberingari S. Jóhannesar ræka“ (Allgem. d. Real-Encyclop, t. IV).

„Eichhorn kastar bæði bréfi S. Páls til Tímoteusar og Títus (v. Hœninghaus, t. I, p. 178).

„Davíðs sálmar eru eptir eitthvert háfleygt ákefðarskáld“ (Bi schneider, Handbuch d. Dogmatik, t. II, p. 93).

En af því að það yrði of langt að segja hèr allt Mótmæla

jöldum góðum Guði vort hjartans þakklæti, að hann hefir með Kirkjunnar helga og heillarika áliti og myndugleika verndað oss fyrir slíku böli og ógæfu.

II. Hvaða þýðingu hefir Traditíónin eða hin munnlega kenning fyrir oss?

Vèr skiljum við Traditíón það Guðs orð, sem ekki hefir verið skrásett í hinum h. bókum, en sem Postularnir hafa meðtekið af munni Jesú Krists og sem þeim verið hefir lagt í munn af H. Anda; þetta h. orð hafa þeir aptr munnlega látið ganga út frá sèr til sinna lærisveina og þeirra eptirkomanda, og þannig er það komið niðr til vor fyrir óslitna kenningu hinnar almennu Kirkju, fyrir samhljóða og stöðuga kenningu hennar þjóna; fyrir rit lærifeðra hennar, fyrir ályktanir kirkjufundanna, fyrir hina almennu og opinberlegu æfingu og eptirbreytni hinna trúuðu, fyrir bænir og helgihald samkvæmt kirkju-

---

um gildi allra hinna h. bóka, látum vèr oss nægja að tilfæra hèr fáein orð, er innihalda alt um N. T., sem vissulega er aðalbók kristinna manna:

„Það er líklegt, að hin hreina kenning Krists hafi ekki haldizt ósnöktuð í N. T.“ segir Augusti, merkilegr guðfræðingr (Theol. Monatschrift, nr. 9).

Þessir þýðendr hafa vissulega fylgt í því bæði kenningu og dæmi Lúters, sem og aðalreglu þeirri, er höfundrinn að „Samanb.“ sjálfr gefr með berum orðum; en þegar þessu er þannig varið, hvernig geta menn þá ætlazt til, að almúgamenn meðal Mótmælanda geti haft nokkra sjálfstæða meiningu um það, hverjar bækr h. Ritningar sè að álíta innblásnar af Heilögum Anda. Og sèr í lagi, hvernig geta alþýðumenn á Íslandi fengið fulla vissu um, hvort brèfið til hinna Hebresku, Jakobs og Júdasar brèf sem og Opinberingarbókin hafi gildi sem trúarregla, þar eð þessum bókum er neitað um það í Guðbrands og Þorláks Biflíum, og þar eð þetta sama gildi er gefið þeim aptr í hinum seinustu útgáfum. Hverju eiga menn þá að trúa, eiga þeir að *fylgja hinum* gömlu, eðr hinum nýju?

tíðagjörðinni, sem er jafngömul og kristindómrinn eðr hin kristna trú.

Það er vonandi, að enginn hneyxlist á þessu útlenda orði »Traditíón», er hèr er brúkað; þetta orð er latneskt og kemr af »tradere» o: afhenda, láta ganga frá manni til manns. Vèr tökum ekki upp orðið sögusögn, er haft er í »Samanburði», af því að þetta orð merkir ekki fyllilega það, sem liggr í kenningu vorri, og sýnist það þar að auki vera einhvern veginn hversdagslegt.

Þýðing sú, er nú var gefin, verðr að líkindum nógu ljós til þess að láta menn sjá, hvaða skilning vèr leggjum í orðið »Traditíón». Nú Skulum vèr útlista hina katólsku kenningu um það efni, 1. um Traditíónina og samband hennar við h. Ritningu, og 2. um útskýringu reglu trúarinnar.

1. grein.

Um Tratitíónina og um samband hennar við h. Ritningu.

Í »Samanburði» segir:

„KATÓLSKA KIRKJAN KENNIR, að heilög Ritning sè EKKI EIN grundvöllr og uppsretta fyrir kristilegri þekkingu og trú, en JAFNFRAMT sè það og JAFNHLIÐA Ritningunni hin munnlega sögusögn, svo Guðs orð sè BÆÐI skrifað og óskrifað. ÞESSU NEITA EKKI PRÓTESTANTAR“. bls. 122, 20. „Báðum Kirkjum ber saman í, að hið LIFANDI ORÐ Í MUNNLEGRI UPPFRÆÐINGU sè LEIÐBEINING TIL H. RITNINGAR“. bls. 125, 16.

„KATÓLSKA KIRKJAN, setr í raunianí hina munnlegu sögusögn Kirkjunnar OFAR en Guðsorð í Ritningunni“. bls. 127, 20. “Rómverska Kirkjan skoðar Ritninguna EKKI!!! sem trúarregla, heldr EINS OG GAGNLEGA LEIÐBEININGU!!! TIL HINS MUNNLEGA ORÐS“. bls. 133, 1.

Þar eð Jesús Kristr hefir stofnað Kirkju sína á prèdikuninni, hefir hið óskrifaða orð verið sú fyrsta mælisnúra og regla í kristninni, og þetta orð misti einkis í áliti sínu við rit N. T., eins og Postulinn Páll líka segir með þerum orðum (2. Thessal. II, 15): »bræðr »mínir, standið stöðugir, og haldið fast við þá lær»dóma, er þèr hafið numið, annaðhvort af orðum vor»um eðr af brèfi voru«. Hinn h. Epíphaníus (hær. LXI, c. 6.) útleggr þessi orð þannig: »En Traditiónar er »líka þörf; því alt verðr ekki fundið í Ritningunni. »Postularnir hafa því látið eptir sig sumt skrásett, sumt »í Traditióninni«. Sjáum hèr, hvernig kirkjufundrinn í Trient orðar þetta: »Hinn helgi og almenni kirkjufundr »hafandi jafnan fyrir augum sèr að bægja burtu villunni, »en varðveita Evangelíum hreint og óbrjálað í Kirkj»unni . . . . og fylgjandi þar í dæmi hinna rèttrúuðu Kirkju»feðra, aðhyllist með sömu guðræknistilfinningu og lotn»ingu allar bækr G. og N. Testamentisins, er Guð einn »er höfundr þeirra; sömuleiðis Traditiónina, hvort heldr »hún snertir trú eða siðferði, eins og þá sem er fram»flutin af Krists eða Heilags Anda munni, gengin frá »kyni til kyns og varðveitt í katólsku Kirkjunni«[1].

Það er óræk röksemd fyrir því, að einhver trúarlærdómr sè kominn frá Postulunum, ef allir katólskir söfnuðir hafa jafnan aðhylzt hann, án þess menn geti fundið honum nokkur önnur upptök, en kenning sjálfra Postulanna. Þannig segir hinn h. Ágústínus: »Það »sem gjörvöll Kirkjan aðhyllist, og hefir ekki verið inn»sett af kirkjufundum, en jafnan hefir viðhaldizt, verðr »að álítast sem kent af Postulunum«[2]. Vèr getum ekk

1) Conc. Trid. Sess. IV, Decr. de Can. Script. — 2) de bapt. c. Don. l. IV, c. 24.

látið það vera að aðhyllast það, sem þannig er kom
upp, með þeirri auðmýkt og undirgefni, sem oss b
að veita öllu því, sem er guðlegs eðlis; og vèr eru
sannfærðir um, að þeir meðal Mótmælanda, sem ek
hálda öllu tíl streitu, eru oss sammála í þessu me
sjálfum sèr; því það er óhugsandi, að sú kenning, se
menn frá upphafi kristninnar hafa aðhyllzt, viðrkent
staðfest með samhljóða kenningu alls kennilýðsins,
lyktunum kirkjufundanna, hinni opinberu guðsþjónust
bæunum og tíðagjörðum, það er, segi eg, ómögulegt
hugsa sèr, að slík kenning hafi nokkurn annan uppru
en frá sjálfum Postulunum.

Það er, vona eg, enginn sá, er eigi sjái, hvað ran
það er að bera það upp á katólska menn (beinlín
gagnstætt því sem þeir taka fram með berum orðun
að þeir »setji sögusögnina OFAR en Guðsorð
Ritningunni[1]«; því vér Katólskir viðrkennum og tr
um því fyllilega, að hinir h. rifhöfundar hafi verið innblás
ir af Heilögum anda, og Mótmælendr kannast líka v
það, að vèr viðrkennum þetta; höfundrinn að »Sama
burði fer þar um þessum orðum: »Kirkjufundrinn í Tríe
»kallar h. Ritningu himneskan fjársjóð h. bók
»sem Heilagr Andi af örlæti sínu fèkk mönnu
»í hendr« (bls. 123). Vèr viðrkennum einnig á sam
hátt, að Heilagr Andi sè höfundr Traditíónarinnar;
»Mótmælendr játa að vèr kennum það, því menn lesa
»Samanburði«: »Báðum kirkjum (ɔ: hinni katólsku
»prótestantisku) kemr saman í því, að í Kirkjunni
»lifandi Guðs orð (ɔ: munnleg sögusögn), sem með al
»stoð Heilags Anda flytjist frá einni kynslóð til annarar
(S. 123).

1) *Sjá Samanb.* bls. 127 og víða.

Ef vorir fráskildu bræðr því vilja leyfa oss Katólskum að hafa nokkurn neista af almennri skynsemi, þá verðr það deginum ljósara, að þeir eigi ekki að gjöra sig svo rangt til að bera oss það, að vèr setjum HEILAGAN ANDA, sem talar til vor í Traditíóninni, ÖFAR en HEILAGAN ANDA, sem talar til vor í Ritningunni. Vèr viðrkennum í h. Ritningu sannindi, er opinberuð eru af Heilögum Anda; vèr viðrkennum einnig í Traditíóninni sannindi, sem Heilagr Andi hafi opinberað, en vèr álítum hvortveggja þessi sannindi jafnguðleg, jafnnauðsynleg, og vèr setjum þau jafnhliða hvor öðrum; og hver óvilhallr og samvizkusamr maðr, sem vill hugsa út í og yfirvega með alvörugefni þá útlistun, sem vèr hèr á undan höfum gefið af kenningu vorri um Kirkjuna, mun geta sannfærzt um, að það er af gildum ástæðum að vèr förum þannig að.

Út af þessum vorum skoðunarhætti, og með tilliti til Traditíónarinnar, viljum vèr, til betri skýringar, vitna til orða nokkurra kirkjufeðra, er voru uppi á hinum fyrstu öldum eptir Krist; og vèr leggjum einmitt sama skilning og þeir í hina munnlegu kenningu.

Að í Kirkjunni hafi ætíð lifað Traditíón eða munnleg kenning, um það vitna allir Kirkjufeðr, og allir þeir, er ritað hafa kirkjusöguna, frá dögum Postulanna og alt til vorra tíma, og enginn hefir hreyft um þetta atriði nokkrum efa, þangað til Mótmælendr urðu til þess. Og Eusebíus sèr í lagi segir í Kirkjusögu sinni, að hinn h. Ignatíus píslarvottr, † 107, hafi ámint hina trúuðu um, »að taka sèr vara fyrir meiningum trúarvillumanna, »en halda fast við munnlegar kenningar Postul»anna«[1]. Hinn sami Eusebíus getr þess, að Hegesip-

1) *hist. eccl. l. III, c. 36.*

pus, † 181, hafi ritað um hina munnlegu kenning Postulanna[1]. Tertúllíanus gjörir þetta atriði eingöng að umtalsefni í riti sínu: de Præscriptionibus hæ reticorum, og í fleirum kapítulum í riti sínu: de Co rona militis, og einkum í 3. og 4. kap. Vér tilfæ um hér að eins einn stað úr hinu fyrnefnda riti[2]. T hvers er það, spyr hann, að hlaupa í Ritninguna, þá e annar staðhæfir það, er hinn neitar? »Kynnið yðr hel »bætir hánn við, hverjum trúin sjálf heyri til, hver ei »Ritninguna, frá hverjum, af hverjum og hve nær þe »fengið hafi þá trú, er gjörir menn kristna. Því þar se »vér finnum hina sönnu trú, þar mun vera hin sanna Rit »ing, hin sanna merking hennar og allar kristilegar kenn »ingar. — Kristr kaus sèr Postula, sem hann sendi til »prédika náðarboðskapinn öllum þjóðum. Þeir gjör »kenning sína heyrum kunnuga og stofnuðu kirkjur, »frá þeim fengu aðrar kirkjur frækorn þess hins sam »lærdóms, svo sem hann hefir verið jafnan síðan Menn geta sèð hèr 1., að Tertullíanus heldr sèr einum við trú hinna fornu kirkna og Traditíónina, til þess hrinda trúarvillukenningum; 2., að hann sýnir og sann að menn, til þess að geta verið sannfærðir um, að þ hafi hið rètta og sanna Guðsorð, og hinn sanna skilni á Guðsorði, hljóti fyrst og fremst að verða sannfær um, að þeir hafi hina rèttu og sönnu trú. Menn g því leitt fram sannanir fyrir öllum greinum hinnar kris legu trúar, án þess að flýja til Ritningarinnar, þ. með því að eins að halda sèr við hina munnlegu ken ingu eða Traditíónina. Þar af leiðir þá, að Tertullían þekti ekki þenna nýja lærdóm, er kennir, að Ritnin

1) l. c. l. 4. c. 21. — 2) sjá l. de præscr. hær. c. xix., xx

sè »ein næg uppspretta trúar og siðalærdóma«[1], og að hún sè »sú eina regla og mælikvarði, sem meta eigi og dæma eptir alla trúarlærdóma og alla kennendr«[2]; hann afneitar þessum lærdómi einmitt fyrir þá sök, að, þar sem hver og einn vegr gildi Ritningarinnar og útþýðir hana eptir eigin geðþótta (eins og höfundrinn að »Samanb.« vill), þá geta alls konar trúarvillur fengið nokkurn stað í henni til að styðjast við.

Þá sömu ástæðu hafði áðr haft hinn h. Ireneus, til þess að hrinda hinum fölsku kenningum trúarvillumanna, og hafði ekki vitnað til Ritningarinnar, heldr til þeirrar kenningar, er menn höfðu fengið að eins munnlega frá Postulunum. »Öllum þeim«, segir hann, »sem vilja sjá »sannleikann, ber að eins að líta á hina munnlegu kenn»ingu Postulanna, er birtist um allan heim. Vèr getum »talið upp þá, er settir hafa verið byskupar af Postul»unum, og eptirmenn þeirra alt til vor; og þeir hafa »hvorki kent, nè þekt slíkan lærdóm, er þessir (ɔ: trú»arvillumennirnir) halda í vitleysu sinni«. »En þar eð», bætir hann við, »að það yrði mjög langt að telja hèr »upp, hverjir komið hafa einn eptir annan til embættis »í sèrhverri kirkju, skírskotum vèr til þeirrar mann frá »manni gengnu kenningar (traditíónar), og mannkyninu »boðuðu trúar, sem hin æðsta og alkunna Kirkja, er »stofnuð og sett var í Rómi af hinum ágætustu post»ulum Pètri og Páli, hefir fengið frá Postulunum, og »sem komin er alt til vor fyrir eptirkomu byskupanna »hvers eptir annan, og með því hrekjum vèr kenning »allra þeirra, er álykta rangt, á hvern hátt sem er, hvort

1) Samanb. bls. 131. — 2) bls. 133 í neðanmálsgrein.

»sem það kemr af illri sjálfsþóknun, eða fánýtri
»gómagirnd, eða blindleik og rangri hugsun«[1].

Hinn h. Athanasíus segir: »Vèr sýnum og s
»um, að þessi setning (ɔ: um guðdóm Jesú Krists)
»gengið frá feðrunum til feðranna, líkt eins og hönd
»hendi«[2]. Hinn h. Ágústínus segir: »þetta gjörum
»og þetta höfum vèr meðtekið frá forfeðrunum, og
»varðveitum vèr í katólsku Kirkjunni, sem er útbr
»um alla víða veröld til varnar gegn myrkrum villunna

Mótstöðumenn vorir neita því ekki, vona eg
Traditiónin eða hin munnlega kenning hafi á þeim öld
sem á eptir komu, verið viðtekin sem regla fyrir trú
og eg ætla því ekki að fara lengra í tilvitnunum mín

Mótmælendr segja, að »katólska Kirkjan hafi
»hugsað nóg ráð til þess að r ý r a (vèr höfum sýnt,
»þetta er ranghermt) gildi Ritningarinnar í því skyn
»setja sögusögnina o f a r« (S. 128); en það er ljó
þeim stöðum, sem eg hefi tekið fram og vitnað í
katólska Kirkjan þarf ekki að grípa til slíks, til þes
geta fylgt Traditiónínni; hún þarf ekki annað en
áfram að fylgja því, sem hefir viðgengizt frá aldaöðl
því sem Postularnir og sjálfr Jesus Kristr eptir játni
Mótmælanda hafa haft um hönd: »Lausnarinn sjá
segir í »Samanburði« bls. 123, »flutti lærdóm sinn ja
»í munnlegri kenningu, en skrifaði ekki. Hans d
»fylgdu Postular hans; þeir fluttu kenninguna allir mu
»lega, en fæstir þeirra hafa eptirlátið sèr skrifað
»en stofnuðu kristna söfnuði með munnlegri prèdiki

1) adv. hær. l. III, c. 3. nr. 1, 2. Menn finna annars vi
ritum þessa mikla manns marga staði, sem sýna og sanna eins
lega kenningu fornkirkjunnar um þetta efni. — 2) de decr.
Syn. nr. 27. — *3) l.* de unit. bapt. c. Petil. c. 9.

g með því voru þeir í þessu í samhljóðun við sjálfa sig og við sinn guðlega Meistara. »Fæstir af Postulunum hafa eptirlátið sèr skrifað orð», og það hefir augsýnilega komið til af því, að Jesús Kristr hafði ekki boðið þeim að skrásetja, heldr einkum og sèr í lagi boðið þeim að prèdika orðið; og menn finna ekki í N. T., að hann hafi skipað þeim annað. Vèr katólskir menn, vèr trúum þess vegna því, að þessi kenningaraðferð, sem Kristr sjálfr við hafði og sem hann fal Postulum sínum á hendr að fylgja, og sem þeir allir fylgdu og trúðu byskupum og prestum, sem þeir kjöru sèr fyrir aðstoðarmenn og eptirfylgjara, fyrir að fylgja, ver trúum, segi eg, að þessi kenningaraðferð myndi Kirkjuna, og slíka sem vèr að framan höfum útmálað hana; og þessi Kirkja, það er vor trú, hefir það ætlunarverk á hendi, að kenna og að útbreiða náðarboðskapinn hvervetna. Þessi kenning, er þannig er stofnsett af Jesú Kristi og hans lærisveinum, viðheldr sínu áliti; og ef hún ætti að geta mist það, þyrfti fyrst að sanna með ljósum og óyggjandi stöðum úr Biblíunni, með skýrum og skýlausum rökum, að þessi kenningaraðferð, sem upphaflega var viðhöfð við boðun Evangelii, sè úti og afmáð; en þangað til búið er að sanna það, að í staðinn fyrir þessa munnlegu kenning sè komnar bækr, geta menn ekki gjört bækrnar einar að reglu fyrir trúnni, og álitið sig eigi að síðr að fylgja kenningu og dæmi Jesu Krists og hans Postula. Eða, hafa Postularnir nokkursstaðar lýst því yfir, að þessi upphaflega kenning væri afnumin og bækrnar komnar í hennar stað? Engan veginn; þeir hafa þvert á móti haldið þessari kenningu uppi og styrkt hana með sínu eptirdæmi og orðum. »Trúin kemr af heyrninni»,

segir hinn h. Páll[1], og enn fremr: »Hvernig eiga þeir að heyra án prèdikara?»[2]. Vèr sjáum Postulana hvervetna setja inn byskupa, gefa þeim myndugleika til að kenna, og hvað meira er, vald til að tilskipa aðra til þess að kenna út frá sèr. Heyrum meðal annars, hvað S. Páll skrifar til Tímotheus: »það sem þú heyrðir til mín í margra vitna viðrvist, fá þú það í hendr trúum mönnum, sem líka eru hæfir að kenna öðrum»[3]. Til þess að hrinda hinni munnlegu upprunalegu kenningu, útheimtist enn fremr að geta fært sönnur á það með skýrum og ljósum röksemdum og ómótmælanlegum ástæðum, að öll hin kristilega fræði, sem útheimtist til sáluhjálpar, innihaldist í hinum h. bókum Ritningarinnar. En nú hafa menn hvergi rök fyrir því, að Postularnir hafi ætlað sèr að taka saman fullkomna trúarfræðisbók, er innihaldi alla þá trúar- og siðfræðislærdóma, sem þeir kendu og nauðsynlegir eru til sáluhjálpar; þeir lýstu þvert á móti því gagnstæða yfir: »Bræður »mínir, standið stöðugir», segir postulinn Páll, »og haldið »fast við þá lærdóma, er þèr hafið numið, annaðhvort »af orðum vorum eðr brèfi voru»[4]. Menn sjá, að hinn h. Póstuli aðgreinir hèr skýrt það, sem hann hefir kent munnlega, frá því, sem hann hefir kent í brèfi sínu, og býðr kristnum mönnum að halda jafnfast við hvorttveggja. »Eg hrósa yðr, bræðr», segir hann á öðrum stað, »að þèr minnizt mín í öllu, og haldið þær kenn»ingar, er eg hefi kent yðr»[5]. Hèr sjá menn einnig, að h. Ritning tekr ljóslega fram, að alt sè ekki skrifað, þar sem hinn h. Páll hrósar þeim kristnu í Korintuborg, af því að þeir haldi það, sem hann áðr hefir kent þeim

1) Brèf til Rómv. X, 17. — 2) s. s. 15. — 3) 2. brèf til Tím. II, 2. — 4) 2. Thessal. II, 15. — 5) 1. Korint. XI, 2.

mannlega. Hinn sami postuli lýsir því enn fremr yfir í þeim orðum, er eg að framan hefi tilgreint, að byskuparnir eigi að varðveita og geyma þessa mannlegu kenning og fá hana í hendr trúum mönnum, sem sè hæfir til að kenna öðrum.

Orð Póstulans á þeim tilvitnuðu stöðum votta, að hèr ræðir um þá lærdóma, sem ekki innihaldast í hinni h. Ritningu, og sá áhugi, sem kemr fram hjá Postulanum, þegar hann minnist einmitt þessara lærdóma, er vottr um það, hvað þeir eru umvarðandi og nauðsynlegir. þetta er einnig sameiginlegt álit hinna h. Kirkjufeðra, og sèr í lagi kemr það fram hjá hinum h. Basilíus, þegar hann er að hrekja kenningar trúarvillumannanna, sem köstuðu trúargreininni um guðdóm Heilags Anda, og báru fyrir sig í því efni, að það stæði hvergi neitt um hann í Biflíunni; hans orð eru þessi: »Þvert »á móti þeim, sem fara því fram, að það vanti vottorð »fyrir guðdómsdýrð Heilags Anda, og að engin rök finn»ist fyrir því atriði í Biflíunni, segjum vèr, að, ef ekkert »væri það viðtekið, sem ekki finst í Ritningunni, þá ætti »menn heldr ekki að viðtaka þetta trúaratriði; en þar sem »vèr trúum og aðhyllumst, marga aðra trúarleyndar»dóma, án þess að hafa Ritninguna að stýðjast við, þá »eigum vèr einnig að viðtaka þenna lærdóm. Eg álit »það nefnilega samkvæmt kenningu Postulanna, að vèr »einnig aðhyllumst þá lærdóma, sem ekki eru í letr »færðir. »Eg hrósa yðr, segir Postulinn, að þèr minnizt »mín í öllu og haldið þær kenningar, er eg hefi kent »yðr»; og á öðrum stað: »Haldið fast við þá lærdóma, »er þèr hafið numið, annaðhvort af orðum vorum, eðr »brèfi voru»; og einn af þessum lærdómum er sá, sem »einmitt *hèr ræðir um, sem* Postularnir upphaflega boðuð

»og fengu eptirkomöndunum, og rótfestu meir og meir »í söfnuðunum, eptir því sem tímar liðu, með langr venju»[1].

Allir þessir staðir í Ritningunni og í Kirkjufeðrunum sýna það ljóslega, að h. Ritning innihaldi ekki alt það sem mönnum er nauðsynlegt að vita til sáluhjálpar. Og þar sem Postularnir ekki hafa fært í letr alla þá lærdóma, sem eru nauðsynlegir til sáluhjálpar, leiðir þar af 1., að h. Ritning ekki er, eins og Mótmælendr segja »EIN næg uppspretta trúar-og siðalærdóma»[2]; að vísu stendr í »Samanburði» bls 130: »Ritningin bendir »oss hvergi einu orði til, að það, sem skrifað er, sé »ónógt»; en í þeim áðr tilvitnuðu stöðum segir h. Ritning það nógu ljóslega. Eða hvar segir hún, að hún sé nægileg? Þar af leiðir, 2., að öll hin kristna kenning finst geymd, þar sem Postularnir hafa látið hana, það er að skilja, eins og þeir sjálfir segja, bæði í hinni h. Ritningu og í Traditióninni eða munnlegri kenningu. En hvernig hefir hún getað geymzt? Augsýnlega í Kirkjunni, sem í þessu skyni hefir öðlazt aðstoð Heilags Anda eins og líka Jesús Kristr hefir til þess lofað að vera henni nálægr alt til enda veraldar.

En nú kemr fram gegn oss þessi mótbára; »hefð »það, sem óskrifað er, verið oss nauðsynlegt til sálu»hjálpar, þá hefði guðleg Forsjón borið umhyggju fyrir »að það hefði geymzt oss í skrifuðu orði»[3]. En þetta er

1) l. de Spir. S. c. 29. — 2) Samanb. bls. 131. — 3) Samb bls. 130. — Ekki ber Mótmælöndum, held eg, að setja Guði fyrir hvaða meðöl hann eigi að hafa til þess að ná vilja sínum. En guðleg Forsjón hefði þá einnig átt að bera umhyggju fyrir því, að prentverkið hefði verið á þeim tíma fundið upp; því hverjir hefði þeir *in fundizt*, sem hefði getað annað því upp í meir en 1400 á

engan veginn nógu nákvæmt eða rètt; því að Jesús Kristr hefir á alt annan hátt sèð fyrir því, að hans heilaga kenning gæti breiðzt út. Ekki sagði hann til Postula sinna: »Farið og ritið«, heldr segir hann við þá: »Farið og kennið öllum þjóðum, og boðið þeim (ekki að lesa og rannsaka, heldr) að GÆTA alls þess, er eg hefi boðið yðr; og sjá, eg er með yðr (ekki sem ritandi, heldr sem fræðandi og kennandi) alla daga, alt til veraldarinnar enda«[1]; og: »hann (ɔ: Andi Sannleikans) mun leiða yðr í allan Sannleika«[2]. Hitt getr því ekki verið rètt, þar sem Postularnir hefði þá orðið að gefa sig alla við því, að skrásetja og búa til fullkomið safn af trúarlærdóminum og siðfræðinni, og því næst að gjöra það heyrum kunnugt; þeir hefði þá þurft að þýða sínar eigin bækr á öll mál, og eins G. Testamentið með, og sjá um útbreiðslu þeirra hvervetna; en þetta er það, sem þeir ekki hafa gjört. Mótmælendr játa þetta einnig: »Postularnir« segja þeir, »fluttu kenning»una allir munnlega;···· þannig rótfestist kristniboðið »á Postulanna dögum hjá þjóðunum, áðr en rit N. T. »voru til, og eins fluttist kristin trú eptir þeirra daga »með munnlegu kristniboði kristniboðandanna til ýmissa þjóða, áðr en þær þektu hinar h. bækr N. T.«[3]); og

að taka eptirrit af Biflíunni handa hverjum einstökum kristnum manni? Og í annan stað, hver not hefði getað orðið af Biflíunni á þeim öldum, er margir Mótmælendr (en að vísu ekki samkvæmt sannleikanum) kalla svo opt myrkra- og villuöld, nema guðleg Forsjón jafnframt hefði alið önn fyrir því, að hver og einn hefði verið lestrarfær? en þessu fer fjarri! og hversu margir eru þeir ekki meðal Mótmælanda sjálfra enn, nú á dögum, sem ekki kunna að lesa, og hversu miklu fleiri, sem ekki kunna það til hlítar!

1) Guðsp. Matt. XXVIII, 19, 20. — 2) Guðsp. Jóh. XVI, 13.— 3) „Samanb.“ *bls. 123, 124.*

þetta fór fram að minsta kosti um þrjár og enda fjórar aldir. En ef kristin trú hefir getað flutzt og rótfeszt með að eins munnlegu kristniboði í fyrstunni, hvernig geta menn þá sagt, að hún ekki hafi getað geymzt með þessari sömu kenningaraðferð? Eða, var það ekki jafnhægt Guði? Og hvernig geta þá Mótmælendr borið enn fram: »Til »viðrhalds Krists Kirkju, þegar fram liðu stundir, var »hið skrifaða orð nauðsynlegt; því hið munnlega orð »er miklu meiri afbökun undirorpið«?[1]. Því má spyrja: hvaða heimild hafa Mótmælendr til að setja Guðs almætti takmörk? Það er að vísu svo, að það útheimtist guðlegt kraptaverk til þess að geyma og viðhalda Traditíóninni; en þarf ekki þess einnig við til þess að geyma Ritninguna hreina og óbreytta? Það eina er jafnörðugt og hið annað; og þar sem hvorki Jesús Kristr né Postularnir nokkurs staðar hafa sagt, að h. Ritning væri sú »eina uppspretta trúar- og siðfræði«, eða að hún innihaldi alt það, sem þeir hafa kent; og þar sem þeir þvert á móti hafa í aðferð sinni og orðum farið fram því gagnstæða, leiðir hèr af, að það er ekki rètt hermt að segja, að »hið skrifaða orð sè nauðsynlegt« af því »hið óskrifaða sè meiri afbökun undirorpið«[2].

1) S. bls. 134. — 2) Þótt Mótmælendr sjálfir kalli hástöfum gegn Traditíóninni, hafa þeir samt margt, er þeir eigi geta fundið sönnun fyrir, nema með því að viðtaka Traditíónina. Hvar finna þeir t. a. m., að ung börn eigi að skírast? Ekki er það í h. Ritningu. Lúter sjálfr hefir í þessu efni, eins og í mörgum öðrum, verið ósamkvæmr sjálfum sèr. Endrskírendr báru honum á brýn, að h. Ritning útheimti trú hjá þeim, er eiga að skírast, og að þessi trú gæti ekki verið hjá börnunum; svo að það væri ókristilegt og beint á móti Guðsorði, að skíra ungu börnin. Og þar sem hinn sami *Doktor vildi halda* barnaskírninni, en gat þó ekkert fundið í h.

Það er enn önnur röksemd fyrir því, að Ritningin og Traditíónin (án þess vèr tökum til greina hina guðegu varatekju, sem geymt hefir hvora fyrir sig hreina og óafbakaða), hafa, bæði hvað snertir þeirra upptök og viðhald, hið sama gildi. Traditíónin er hin munnlega kenning, kölluð þannig, af því Postularnir fluttu hana að eins munnlega, jafnhliða því, er þeir rituðu N. Testamentið; en þar sem vèr ekki höfum frumrit sjálfra Postulanna, og hin munnlega kenning þeirra hefir í annan stað verið ekki að eins innrætt og rótfest í hjörtunum og siðum allra hinna trúuðu, heldr og skrásett alt frá fyrstu öld af lærisveinum Postulanna og öllum Kirkjufeðrum þar á eptir, leiðir hèr af, að N. T. er eptirrit af hinni skrifuðu kenningu, og Traditíónin eptirrit og lifandi mynd af hinni munnlegu, en báðar hafa þær geymzt í Kirkjunni samkvæmt boði og fyrirmælum Postulanna sjálfra. Enn fremr leiðir augsýnilega hèr af, að hin munnlega kenning Postulanna er komin til vor á alt eins áreiðanlegan hátt og sú, er þeir hafa skrásett, en þá liggr og sú ályktun næst við: að Postularnir hafi ekki þurft sjálfir að skrásetja kenningu sína »til viðhalds Krists Kirkju«.

Ritningu til áreiðanlegrar sönnunar, varð hann þess vegna að flýja til hinnar katólsku Traditíónar, er hann áðr hafði úti byrgt með því að spinna upp þenna nýja lærdóm, er byggir trú á Ritningunni einni. Sjá brèf hans til Melanchtons 13. Jan. á. 1521, og 4 b. bls. 320 útg. Donat. Richz 1560.

2. grein.

Útskýring á reglu trúarinnar.

Í »Samanburði« segir:

„Katólskir guðfræðingar bera fyrir sig, að Ritningin sè þungskilin og erfið, og því SÉ ÞÖRF Á samsvarandi GUÐLEGRI UPPLÝSINGU, TIL AÐ GETA KOMIZT TIL RÉTTRAR ÞÝÐINGAR GUÐS ORÐS í Ritningunni", bls. 150.$_{2}$.

Hvað snertir útleggingu Ritningarinnar, setr „katólska Kirkjan" SIG upp YFIR Ritninguna bls. 140.$_{15}$.—„hún gjörir MANNLEGT HYGGJUVIT AÐ DÓMARA GUÐSORÐS, og hrífr sèr það vald, sem Kristi einum tilheyrir og hans Anda". bls. 138.$_{10}$.

Samkvæmt því, sem vèr höfum tekið fram um álit og myndugleika Kirkjunnar,— sem vèr höfum svo óræka sönnun fyrir, bæði í sjálfri Ritningunni og í samhljóða viðrkenningu átján alda, — stendr það stöðugt, að Kirkjan er stofnuð af Guði til þess að flytja oss lærdóm sáluhjálparinnar; og henni er, til þess hún geti fullnægt þessari köllun sinni, heitið aðstoð Heilags Anda, sem muni »kenna henni alt«, »leiða hana í allan sannleika« og til þess muni »vera hjá henni ELÍFLEGA«[1]; þar af leiðir aptr, að þessi Heilags Anda aðstoð sèr í lagi er henni vís, hvað snertir heimfærslu Ritningarinnar, og að þýðing Kirkjunnar á Ritningunni hlýtr að vera hin rètta, og sú eina rètta.

Í annan stað trúum vèr því, að hver einstakr maðr, sem einungis reiðir sig á hyggjuvit sitt og kunnáttu, hversu framúrskarandi sem það svo er, eigi á hættu að misskilja Ritninguna í þeim greinum, sem snerta trúna og siðfræðina, og að hann kunni að leggja í þær þann skilning, sem hans eigin hugþótti býðr, en gagnstæðan þeim, er allajafna hefir verið viðtekinn, og Móðir vor hin h. Kirkja viðrkennir; og því er það vor trú, að það beri

1) *Jóh. Guðsp.* XIV, 16.

undir Kirkjuna að dæma um það, hver sè hinn rètti skilningr og útþýðing Ritningarinnar. — Af þessu verðr það ljóst, hversu ástæðulaust og tilhæfulaust það er, að bera katólsku Kirkjunni á brýn, að hún »setji sig upp yfir Ritninguna«; eða hvenær hefir nokkrum manni dottið sú fásinna í hug, að segja um dómarann, sem á að útþýða og heimfæra lögin, að hann setji sig upp yfir þau, þegar hann gegnir sinni dómaraköllun? — Vèr höfum sýnt (og tilgreint til þess marga útlistunarstaði), að Kirkjan er stofnuð og innsett af Guði, til þess að prèdika náðarboðskapinn, til þess að kenna öllum þjóðum að varðveita hans boðorð, og þessu samkvæmt, til þess að útþýða og heimfæra trúarlærdóma, og að Kirkjunni, til þess hún geti fullnægt þessari sinni köllun, sè heitið aðstoð Heilags Anda alt til veraldarinnar enda. — Hvernig geta menn þá ætlað oss þá fásinnu og borið það á oss, að vèr setjum Heilagan Anda, sem fyrir munn Kirkjunnar útþýðir oss Guðsorð, ofar en Heilagan Anda, sem hefir opinberað oss þetta Guðsorð? Er það ekki einn og hinn sami Heilagr Andi, sem hèr er verkandi, en frá tveimr hliðum?

Það er sagt um oss, að vèr sèum »hneptir undir harðstjórnarok mannasetninga«[1], en vèr játendr katólskrar trúar höfum aldrei heyrt þess getið, eða svo að orðum kveðið, að hollir og trúir þegnar, sem með lotningu hlýða konungi sínum og þeim, er hann fær umboð sitt, hneppi sig með því undir harðstjórnarok; og hvernig verðr þessu komið heim, ef menn jafnframt athuga, að vèr erum fyllilega sannfærðir um, og trúum því fastlega, að sjálfr Guð er vor Konungr, og að hans umboðsmenn í þeim efnum, sem þeir

1) sjá „Samanb." bls. 139.

bjóða oss að trúa í hans nafni, stjórnist af hans Anda, svo þeir hvorki geti sjálfir verið dregnir nè dregið oss á tálar? — Það er þetta, sem vèr höfum útlistað, og, að vorri ætlan, svo ljóslega, að því verðr ekki á móti mælt. Þannig hlýðum vèr ekki öðrum en Guði, og því getum vèr með engu móti kallazt »fjötraðir böndum kirkjulegrar harðstjórnar«[1]; þegar því mótstöðumenn vorir bera oss þetta á brýn, getr það ekki komið af öðru en því, að þeir hafa hvergi nærri nógu skýra hugmynd um hið sanna frelsi. — Hvað á það að þýða, að saka katólsku Kirkjuna um, að »hún geti eigi þolað, að hver og einn þýði heilaga Ritninguu eptir eigin geðþótta«[2]? eða er hið sanna frelsi fólgið í því, »að útþýða h. Ritningu eptir EIGIN GEÐÞÓTTA? Mótmælendr hreyfa þó vissulega engum efa um það, að þau sannindi, sem Jesús Kristr opinberaði oss, sè vissuleg sannindi, þeir viðrkenna vissulega, að Jesús hafi ekki getað flutt sannleikann niðr á jarðríki, til þess að láta hann slokkna þar út og kæfast þar niðr; þeir viðrkenna vissulega, að það ekki gildi hann einu, hvernig menn-irnir skilji sannleikann og hvort þeir taki hann í þessum eða hinum skilningi; til dæmis að taka: þegar Jesús í hinni h. Kvöldmáltíð segir um brauðið, sem hann braut: »þetta er minn líkami«, þá stendr það engan veginn á sama, hvort menn skilja orðin eptir þeirra hljóðun, að það sè Krists sannr líkami, eða menn segja það merki einúngis hans líkama; eðr, með öðrum orðum, það stendr ekki á sama, að menn aðhyllist villu í stað sannleikans. Eða ætla menn, að það gildi einu, að menn dragi úr orðum h. Ritningar, að Drottinn vor Jesús Kristr sè sannr Guð og sameinaðr Föðurnum og Hei-

1) *Samanb. bls.* 153. — 2) bls. 149.

lögum Anda í hinni einu og sömu guðlegu ver
að hann sè Guð að eins að nafninu til og
rètt og slètt skepna gædd af Guði yfirnátturlegu
legleikum, eins og svo margir af Mótmælöndum,
nú á dögum, vilja hann sè? — Hvað snertir
Kvöldmáltíð, höfum vèr Katólskir (— án þess vèr
að halda oss til sjálfra innsetningarorðanna, sem
leyti eru ljós—) fyrir oss vitnisburð allra hinna
alda frá dögum Postulanna alt til vorra tíma;
hirð, sem á margskonar hátt er sannaðr, og
með myndugleika Kirkjunnar, að brauðið í hinu h
máltíðarsakramenti breytist verulega í Krists sa
ama. Og hvað snertir guðdóm Drottins vo
Krists, höfum vèr, auk hinnar stöðugu og óun
kenningar, sem haldizt hefir alt frá upptökum
innar, þann hátíðlega og óbrigðula úrskurð, e
m af sínum guðlega myndugleika (af þeim
uglaika, er Mótmælendr hafa þó afneitað, en
eins og allir geta sèð, trúnni til spillingar og ni
hefir ákveðið gegn hinum óguðlega Aríusi, sem
að fylgja sínum eigin geðþótta í útþýðingu Ri
innar kastaði burtu hinum áðrnefnda guðdómi
vors. Fyrir oss gilda því þessi tvö atriði sem fu
indi opinberuð af Guði: og eins er það mei
greinir katólskrar trúar. Nú vil eg spyrja hver
sem hefir heilbrigða skynsemi: Eigum vèr þá
láta af þeirri kröfu, að vèr, með því að útþýða
una eptir eigin geðþótta, skulum mega
gagnstæða? Eg vil biðja lesarann að missa ekk
á því, að Kirkjan, hvað oss Katólska, sem trúum á
arans orð, snertir, er stofnuð til þess að kenna
breiða *trúarlærdóminn* til allra þjóða og til allr

því skrifað stendr: »Farið og KENNIÐ öllum þjóðum« og »sjáið, EG er með yðr alla daga alt til enda veraldarinnar«: og Kirkjan skyldi þó ekki ætíð kenna sannleikann? Eg spyr hvern einn heilvita mann, hvort það getr heitið ánauð, að trúa framburði áreiðanlegs vitnis? Er hið gagnstæða ekki miklu fremr fásinna? Er það fyrir almúgamanninn, sem ekki ber skyn á stjörnufræði, ánauð, að trúa því hiklaust, að jörðin snúist um sólina? að vísu sýnist honum, að sólin gangi kringum jörðina, en hann trúir þó því, sem stjörnuspekingarnir segja honum, að þetta sè að eins sjónarvilla. Það var vissulega heldr engin ánauð fyrir Gyðinga og heiðingja að trúa orðum Lausnarans og Postulanna, þar sem þeir sáu þau kraptaverk, sem þeir gjörðu; þannig erum vèr heldr ekki ánauðugir nè »fjötraðir böndum harðstjórnar«, þó vèr aðhyllumst þá þýðingu á hinni h. Ritningu, sem katólska Kirkjan fær oss í hendr; því að við litla umhugsun komumst vèr til þeirrar niðrstöðu, að Kirkjunni geti ekki skjátlazt, og oss getr ekki dottið í hug að heimta það frelsi að mega útþýða Ritninguna í trúarefnum eptir vorum »eigin geðþótta«, eins lítið og oss getr komið til hugar, að fara fram á að mega trúa því, að tvisvar sinnum tveir sè fimm. Mun nokkur sá maðr, sem er með öllum mjalla, og vill vera álitinn að vera með öllu viti, láta sèr um munn fara, að hann vildi óska, að hann gæti trúað því, að svart væri hvítt? mun hann una því illa, að geta ekki sagt, að það sè heitt, sem er kalt? mun hann álíta sig »hneptan í þrældóm«, ánauðugan og »fjötrum bundinn« fyrir þá sök, að hann getr ekki í þessu fylgt sínum »eigin geðþótta«? Hvað mundi höfundrinn að »Samanburði« (og þeir, sem *með honum kasta* svo þungum steini á oss Katólska)

segja, ef einhver kæmi og færi að aumka hann fyrir það, hvað hann væri þungri ánauð háðr, og spyrði hann um leið, því hann fyndi ekki upp nýja mælingarfræði, nýja stjörnufræði handa sjálfum sèr, eptir sínum eigin geðþótta»? Hann mundi sjálfsagt svara, að það væri hin mesta fásinna af sèr, ef hann vildi það, og að hann gæti ekki gjört tvisvar sinnum tvo að fimm. Svona stendr einmitt á fyrir Katólskum, sem trúa á Jesú Krist og hans orð: »eg er með yðr alla daga alt til enda veraldar«. Það væri fásinna, það væri sama sem að vilja trúa því, að sannleikrinn sè villa, og villan sannleikr. Mótmælendr gæti þá haft ástæðu til að gjöra gys að oss; en það er þetta, sem vèr hvorki gjörum nè óskum að gjöra, eins litið og oss langar til að trúa því, að Rómaborg liggi úti á Íslandi; ef einhver fyndi upp á því, til þess að geta fylgt sínum eigin geðþótta, að taka þetta vissa leyfi í landaskipunarfræðinni, þá mundu allir, og meðal þeirra höfundrinn að »Samanburði« fyrstr í flokki, verða á einu máli um það, að slíkr maðr væri á leiðinni til að missa vitið; og þetta er þó það, sem oss er brugðið um að vèr ekki gjörum! — Hèr af má sjá, hvað tilhæfulaust það er að segja, að »katólska Kirkjan geti ekki þolað frelsið!!; og enn þá minni ástæða er fyrir því, að bera henni það á brýn, að hún gangi í berhögg við frelsið!! Eða mundi það geta kallazt að ganga sönnu mannfrelsi einhvers of nærri, að bægja því burt úr vegi hans, sem gæti leitt hann í villu, eða stofnað honum í ógæfu, eða látið hann verða fráhverfan Guði? Eða viðrkenna Mótmælendr ekki, að frelsi mannsins standi, síðan Adam fèll, á veikum fæti og þurfi aðstoðar við, að það sè veikt, og þurfi því lækningar, að það sè örkumlað, og þurfi því *græðslu? Eða játa* Mótmælendr því ekki, að mann-

kynið, skoðað í heild sinni, sè yfirhöfuð að tala breyskt og viti lítt fótum sínum forráð, og að frelsi flestallra sè líkt háttað og barna í góðra foreldra húsum, að alt sè komið undir því, að þeim sè kendr sannleikrinn, og þeim forðað fyrir villunni, sem flestum hættir við að blindast af, að dygðin með hennar unaðsemdum sè sett þeim fyrir sjónir, en lestirnir, að hverjum manneins spilta náttúra hneigist, huldir fyrir augum þeirra? Og um þetta lætr hver góð og kristin móðir, sem ber sitt tignarlega nafn með rentu, sèr ant, bæði meðal Katólskra og Mótmælanda, án þess nokkrum geti dottið í hug að taka sèr í munn, að slík móðir »hneppi« börn sín »undir harðstjórnarok« og ánauðar, þó hún ekki láti þeim haldast það uppi að kalla »eptir eigin geðþótta«, það rètt, sem er rangt. Heilbrigð skynsemi segir manni, að það sè með þessum nauðsynlegu varúðarreglum og áminningum, að frelsið, í stað þess að það missi nokkurs í, eða sè bælt niðr, miklu fremr eflist og styrkist, verndist frá því að fara afvega, og leysist eins og úr fjötrum; samkvæmt því er Jesús Kristr sjálfr segir; því aldrei er maðrinn frjálsari, en þegar hann hefir sem fæsta óvini, er vilja fá vald yfir honum, við að stríða. Það er einmitt þetta, sem vor Móðir, hin heilaga Kirkja, lætr oss í tè, og því þökkum vèr Guði án afláts fyrir það, að hann af gæzku sinni hefir gefið oss svo kröptugt meðal til verndar frelsi voru, með því hann »hefir sett, suma að Postulum, suma að Spá»mönnum, suma að Guðspjallamönnum, suma að hirð»urum og lærifeðrum, svo hinir heilögu yrði hæfilegir »til framkvæmdarsamrar þjónustu, Krists líkama til upp»byggingar, þar til vèr allir erum komnir til *einingar »í trúnni og* þekkingar á Guðs Syni, til fullorðins ára,

»til aldrshæðar Krists fyllingar; svo að vèr sèum ekki »framar börn, er hrekjumst og feykjumst af hverjum »kenningarþyt, fyrir brögðum manna, slægð þeirra »og kænskufullu vèlum«[1].

Mótmælendr brjóta annars niðr þeirra eigin grundvallarreglu, þrátt fyrir þeirra fögru ummæli út af frelsinu. Þeir segja að vísu, að þeir vilji »lifandi(!?) trú bygða á rannsókn«(!?), að þeir »neiti gjörsamlega allri trúarkúgun, sem miði til þess að gjöra aðra að mannaþrælum«, að þeir »forðist(?) að binda samvizku kristinna manna, eða hugsunar- og trúarfrelsi þeirra«, og margt annað þessu líkt[2]. En þegar betr er að gætt, sjá menn, að þar sem Mótmælendr annaðhvort eru, eða hafa verið einráðir, þar hafa öll önnur trúarbrögð en þau, sem þeirra flokkr fylgir, og einkum hin katólsku verið landræk og þungar sektir við lagðar. Eg ætla ekki að minnast á hið prótestantiska England, — það land, sem hefir svo mikið orð á sèr fyrir borgaralegt frelsi,— kirkjulög þess, er sett voru gegn Katólskum og giltu enn fyrir skömmu, eru fult eins harðræðisleg og grimm, eins og þau væri rituð, meðan þeir Neró og Díókletían voru uppi. Ekki ætla eg að tala um þá trúarkúgun, er hefir átt sèr stað og á sèr stað enn þann dag í dag — þrátt fyrir öll ofryrði höfundarins að »Samanburði« — hjá öðrum prótestantiskum þjóðum. Eg ætla einungis að halda mèr til Íslands, og leyfi eg mèr þá að spyrja höfundinn, hvort hin svo kallaða siðaBÓT(?) Lúters hafi á Íslandi verið »uppspretta framfara í alls konar frelsi«(!!!)[3]. Hafi svo verið, hvernig geta þeir þá komið þessari skoðun heim við hin íslenzku kirkjulög,

1) brèf til Efes. IV, 11—14. — 2) Samanb. bls. 49 og víða.— 3) bls. 191.

hvernig rèttlætt þá eindregnu mótspyrnu, sem kom fram á Alþingi 1863 frá hálfu þeirra andlegrar stèttar manna, sem á þinginu sátu, gegn því að nema þessi lög úr gildi og innleiða trúarbragðafrelsi í staðinn; hvernig ætla þeir sèr enn fremr að koma í samhljóðun hèr við þeim orðum, sem standa í brèfi lögreglustjórans í Reykjavík til mín frá í sumar er leið: að eg »eigi að sjá um, að enginn meðlimr þjóðkirkjunnar sè viðstaddr við guðsþjónustugjörð mína?» Og hèr eiga þeir menn hlut að máli, sem bera katólsku Kirkjunni á brýn, að hún gjöri játendr sína að ánauðugum »þrælum og hneppi þá undir harðstjórnarok«! — Eg legg það á dóm hvers sannkristins og samvizkusams manns, hvort nokkur ástæða eða tilhæfa sè til slíkrar sakargiptar frá þessara manna hálfu.

Það er að öðru leyti satt, að hver sá, sem vill gjöra sèr skýra hugmynd um hið svo kallaða rannsóknarfrelsi, er Mótmælöndum á að vera veitt, og hvað það hafi að þýða, mun fljótt komast að raun um, að slíkt frelsi sè í sjálfu sèr ómögulegt, og geti því, enda þótt það hefði verið veitt, ekki verið til meðal Mótmælanda, því að, — og þess bið eg vel gætt, — ef Biblían, eins og Mótmælendr segja, er »sú eina regla og mælikvarði, sem meta eigi og dæma eptir alla trúarlærdóma og alla kennendr» (S. bls. 133), ef hún »hefir ein ótakmarkað úrskurðarvald í trúarefnum» (bls. 20), ef hún er ein »prófsteinn og mælikvarði trúar og siðfræði, og regla, eptir hverri á að meta og dæma alt annað orð», þá hlýtr hver og einn af Mótmælöndum að meta og dæma fyrir sig sèrhvert trúaratriði, sem honum hefir verið kent, eptir þessari einu aðalreglu, og bera það *saman við þenna* eina rètta prófstein og mælikvarða. Gjöri

hann það ekki, þá getr hann ekki fengið vissu fyrir því, að þessi trúargrein sè samhljóða Guðsorði, en hann á það á hættu, að taka, eins og segir í »Samanb.« bls. 139, »mannasetningar fyrir guðlegan sannleika». Þessi rannsókn, sem hver einn hlýtr að gjöra sjálfr, er annars bundin mörgum erfiðleikum. Fyrst og fremst yrði það að vera tekið skýrt og nákvæmlega fram í Biflíunni, að hún innihaldi alt það, sem maðrinn þarf að vita til sinnar sáluhjálpar, og enda að hún segi nokkuð, er sè líkt þessum svo kallaða »evangeliska lærdómi«, sem gjörir hana eina uppsprettu, og eina reglu trúar og siðfræði. Þetta á fyrst og fremst að geta sannazt með góðum rökum úr h. Ritningu, þar eð þetta er einmitt það, sem er grundvallarregla Prótestantisknnnar og jafnvel aðaleinkenni hennar, eins og á margfaldan hátt er sagt í »Samanburði«. Mótmælendr fullyrða nú að vísu, að svo sè, en það verðr aldrei sannað. Vèr höfum annars af því, er að framan er tilgreint, orðið þess áskynja, að h. Ritning segir einmitt það gagnstæða. — Í annan stað þyrfti hver og einn að hafa vissu fyrir því, að hann hefði fyrir sèr þá rèttu Biflíu, hann þyrfti að rannsaka, hverjar bækr Biflíunnar sè að álíta innblásnar af H. Anda, og, sem slíkar, regla trúar og siðfræði, fyrst munr getr verið á gildi hinna h. bóka (eptir því sem segir í »Samanburði« bls. 159); svo þyrfti hann einnig að vera sannfærðr um það, að engu hefði verið brjálað eða breytt í þessum bókum. Hver einn á, hvað hann sjálfan snertir, að geta haft vissu um, að þessum bókum hafi í engu verið breytt, að ekkert hafi verið felt út úr þeim, og engu við aukið. Hver einn á að hafa lesið þessar bækr, lagt stund á að *komast niðr í þeim*, yfirvegað þær og borið þær sam-

an þannig, að hann geti haft þá sannfæringu, að h hafi fyllilega skilið, að minsta kosti alt það, sem hon er nauðsynlegt að skilja til sinnar sáluhjálpar. E einn hlýtr því annaðhvort að skilja til hlítar það má hverju þær h. bækr hafa verið frumritaðar, eðr og hafa óbrigðula sannfæringu um, að þær útleggin sem til eru af þeim, sè öldungis áreiðanlegar í öllu sem snertir hans sáluhjálp. Eg nefni hèr ekki vandkvæði, og þau eru mörg og mikilvæg. — nú má spyrja: Eru margir, enda meðal hinna læ manna, sem hafi lokið þessum starfa? Nei, augsý lega ekki, því hann er ofvaxinn kröptum og upplýsi alls hins mikla þorra manna; og samt sem áðr á e og sèrhver að vera þess umkominn, því eg bið þ gætt, að ef h. Ritning er sú »eina uppspretta«, »eina regla«, sá »eini prófsteinn«, og sá »eini m kvarði, sem meta á og dæma eptir alla trúarlærdó og alla kennendr«, þá getr ekkert, hvorki menn bækr, bætt hana upp eða gengið í stað hennar, og g því enginn maðr verið viss um það, að hann hafi h sönnu og rèttu trú, nema hann hafi sjálfr borið sam lærdóma trúarinnar og siðafræðinnar við þann ei prófstein, reglu og mælikvarða, og enginn getr tr öðru en því, er hann hefir sjálfr fundið í þessari ei uppsprettu; og alt þetta eptir grundvallarreglu aðaleinkenni Prótestantiskunnar. — Eg leyfi m að spyrja, hvort það ekki sè á óviðrkvæmilegan hátt draga dár, að eg svo að orði kveði, ekki einungis almenningi, heldr einnig að þeim lærðu, og það sem enn þá lakara, að samvizkum manna og þeirra ei tilveru, — að vilja telja þeim trú um, að þeir get[illegible]

af hendi, þar sem það þó er hverjum manni
og yfir mátt hans fram?
anna í þessu er það, að þrátt fyrir þessa
llarreglu» er svo mikið er gjört af með
ım orðum, einstakir menn, og það yfirburða
ıka h. Ritningu (en er þá sú rannsókn opt
n ætti að vera?), og að allr þorrinn trúir í
jarta síns öllu því, sem þessir menn kenna,
er trú þeirra eingöngu bygð á mannlegum
og vafi og efasemdir koma hvervetna fram.
ın vildi nú ganga út frá því sem vissu, að
n hefði haft bæði þann lærdóm og þau með-
ıeimtist til sliks starfa, þá er hitt þó víst,
n mikli þorri manna, sem dag út og dag inn
til að leita atvinnu sinnar í sveita síns and-
ss að geta haft ofan af fyrir sèr og sínum,
: á því að sökkva sèr niðr í að rannsaka
ır nema einungis á hinum helgu dögum ársins.
r það af einlægum huga, að vèr Katólskir aumk-
/ora fráskildu bræðr, hverra trú er höfð eins
fangi, og sem þrátt fyrir alt það tigulega
t af frelsinu, sem verið er að gylla fyrir þeim,
annan grundvöll fyrir trú sinni, en óstyrkt
ıyggjuvit. En svo að eg ekki fari lengra en
ıt í þetta mál, þá vil eg leyfa mèr að spyrja:
, sem meðal Mótmælanda geti sagt þeim með
, að þeir hafi Guðs sanna lifandi orð? Og
snúi máli mínu til hins einstaka, á hverju
ndingar það, að þeir hafi þá upprunalegu,
ıbrjáluðu Biflíu? á vitnisburði þeirra lærifeðra,
u leyti greinir á innbyrðis. — Hver getr sagt
ullri *vissu, að þessi eða þessi bók eigi hei*

meðal Biflíunnar bóka? Það eru einnig þeirra lærifeðr, sem »hafa frjálsan kost á að vega gildi þeirra bóka«; og, það sem fylgir nauðsynlega á eptir, að kasta þeim eptir því sem þeir þykjast hafa fundið ástæður á móti. — Og hvernig geta þeir vitað, að útleggingarnar af bókum Biflíunnar sè áreiðanlegar? Þeir hljóta enn í því efni að skjóta sèr inn undir lærdóm og vitnisburð kennara sinna, sem viðrkenna sjálfir, að þeir geta ekki nema TREYST, því, að þeir missi EKKI ALVEG sjónar á rèttum skilningi á Guðsorði (S. 155). — Sjáið þar þann grundvöll, sem megnið af Mótmælöndum byggir trú sína á.

Það er líka margt annað að telja, mörg önnur vandkvæði að taka fram, margar veikar hliðar, sem vèr gætum bent á; en vor tilgangr er einungis sá, að leiða í ljós, að — hið fyrirborna frelsi hjá Mótmælöndum, sem þeir bregða Katólskum um, að þeir ekki vilji láta öðrum í tè, reyndar hafi ekkert að þýða, að árangrinn af því einungis sè sá, að það komi ruglingi á trúna, og svipti hana allri staðfestu, kippi undan henni öllum föstum grundvelli; — og það, sem vèr höfum hèr tekið fram, er nóg til þess að færa hverjum þeim, sem ann samvizkusemi og sannleika, heim sanninn í þessari grein.

Alt öðruvísi er því háttað hjá Katólskum. Guðdómlegt, óyggjandi álit, sem hver óbreytt skynsemi kannast við og viðrkennir hjá Kirkjunni, er þeim full vissa fyrir því, að alt það, sem hún kennir í nafni Drottins, sè ómótmælanleg sannindi. Það sem hún segir sè sannarlegt Guðsorð, er það í rauninni, og allir Katólskir ljúka upp einum munni, að hver sá, er með því að fylgja sínum eigin geðþótta fellir eitthvað úr af þessu h. Orði, gjöri sig sekan í helgibroti og guðleysi. Hjá *Katólskum* er full staðfesta í lærdóminum; það sem

ítólska Kirkjan hefir kent og prèdikað nú upp í meir n átján aldir, það kennir hún og prèdikar enn í dag. ar koma ekki fram skoðanir í trúarefnum, sem eru itt í dag og annað á morgun; þar á enginn efi sèr tað, engin tilgáta, alt styðst við guðlega vissu. Öllu r trúað án undantekningar með einni og sömu sannæringu, af háum og lágum, lærðum og leikum, af þeim em kenna og af þeim sem er kent; allir hafa eina g sömu trú, eins og þeir hafa allir einn Guð, eina og ömu Kirkju, sem Guð hefir stofnsett. Almenningr les Ritninguna á sínu móðurmáli, ekki til þess að leita þar ptir því, hverju þeir eigi að trúa, heldr til þess að glæða g styrkja með því trú sína, til þess að finna þar upp- yggingu, uppörfun og huggun. Almenningr les þá h. Ritningu án ótta fyrir því að eiga á hættu að leggja angan skilning í hana í mikilvægum og nauðsynlegum ínum; því Kirkjan fer að, eins og góð móðir fer að með börn sín, og hún fer hèr svo hyggilega að (og því getr enginn skynsamr og góðr maðr neitað), að hún lær almenningi ekki í hendr aðrar útgáfur af Biflíunni en þær, sem eru með ljósum útskýringum yfir þá kafla og staði, sem eru þungskildir og flóknir. En slíkir staðir eru margir í Ritningunni; það sanna orð postul- ins Pètrs[1], og dæmi geldingsins[2] vottar hið sama; og að öðru leyti þurfum vèr ekki annað þessu til sönnunar, en hinar mörgu útskýringar yfir Biflíuna, sem hinir pró- testantisku kennendr hafa gefið á prent, og ágreining þeirra næst um því út af hverju helzt atriði í Ritn- ingunni.

Hinir katólsku vísindamenn og einkum hinir katólsku guðfræðingar lesa Biflíuna ekki í þeirri veru að meta

1) 2. Pètrs br. III, 15, 16. — 2) Postul. Gjörning. VIII.

og dæma hin kristilegu sannindi, og kasta þeim, ef þeir með því að fylgja sínum eigin geðþótta, álíta þau að vera ósamkvæm Biflíunni, því það er einmitt það, sem mundi leiða að hinni sömu niðrstöðu og hjá Mótmælöndum, að þar yrði eins margar trúarjátningar, eins og mennirnir eru margir til, heldr lesa þeir h. Ritningu til þess að styrkja og staðfesta þá trú, sem Kirkjan ein getr kent áreiðanlega og óbrigðullega; þeir lesa h. Ritningu til þess að geta hrakið þá villukennendr, sem afbaka orð Ritningarinnar og leggja í þau rangan skilning, til þess að láta sèr og lærisveinum sínum fara fram í því góða, með vísindalegu námi og rannsóknum; og loks til þess að hugr þeirra ekki sökkvi sèr niðr í fánýtar getgátur, rángar útþýðingar og efasemdir, sem þeir ekki geta ráðið fram úr, eins og menn sjá og verða varir við, að optar, en skyldi, á sèr stað meðal vorra fráskildu bræðra, Kirkjan fær þeim í hendr til leiðbeiningar rit hinna h. lærifeðra, sem alt frá dögum Postulanna hafa útþýtt Ritninguna, viðtektir Kirkjufundanna og trúarjátningar, sem menn ekki geta vikið frá, nema um leið að segja sig úr fèlagi katólskra manna.

Það er þessi vitrlega varhygð, þessi svo náttúrlega regla, sem sprottin er af sjálfu eðli trúarinnar, sem ekki er lengr trú, upp frá því að menn ekki álíta hana vissa áðr en nokkur vísindaleg rannsókn er við höfð, sem höfundrinn að »Samanb.« þó þorir að finna að, þar sem hann segir (bls. 153): »Vísindaleg Biflíuþýðing getr ekki þrifizt í katólsku Kirkjunni«, og þar sem hann kallar einmitt þessa vitrlegu og eðlilegu varhygð «kirkjulega harðstjórn« (s. s.). En hvað þetta sè rangherrmt, geta allir sèð af skoðun vorri um Kirkjuna; *því að það* er vor trú, að Kirkjunni geti ekki skjátl-

zt, þegar hún talar til vor í nafni Guðs; þegar hún því kennir oss eitthvað, veitum vèr úrskurðum hennar móttöku, eins og Guð hefði gefið þá, og það væri vitleysa að vilja vefengja þá, af því H. Andi vísar henni óbrigðulan veg. Þar af leiðir, að skynsemin, jafnvel hjá hinum gáfaðasta manni, að eins fylgir sinni eigin hvöt, þegar hún leggr sig undir úrskurð Kirkjunnar, öldungis eins og þegar hún aðhyllist þá setningu, sem segir, að tvisvar tveir sè fjórir. Það er annars skrítin ályktun hjá höfundinum að »Samanburði«: Af því að katólskir guðfræðingar verða að beygja sig fyrir guðdómi Jesú Krists, Heilags Anda og öllum þeim sannindum, sem þar af leiða, og sem þeir sjálfir kenna, þá getr útþýðing þeirra á Biflíunni ekki orðið vísindaleg. Heimtar þá rannsóknin, til þess að vera vísindaleg, að menn geti eptir »eigin geðþótta« vefengt alt, og jafnvel kastað, ef henni þóknast, hinum háleitustu leyndardómum trúarinnar? Það er þó víst, að Katólskir hafa vísindalega rannsókn, og þeir elska hana, þeir bera virðingu fyrir henni, og verja hana fyrir þeim, sem vildi spilla henni og leiða hana af rèttum vegi með hinum skaðlegu frumreglum sínum, sem grafa grundvöllinn undan öllum opinberuðum sannindum? Já, Katólskir elska og stunda vísindin, ekki þau vísindi, sem setja hina að eins mannlegu skynsemi sem hinn einasta grundvöll allra trúarbragða og kasta öllu því, er hin veika skynsemi ekki getr skilið, heldr þau vísindi, sem styðjast við opinberunina og með hennar hjálp beygja sig undir vald Guðs, trúa guðdómlegum leyndardómum og taka málstað þeirra, og leggja alla stund á að glæða í hjörtum manna trúna og dygðina. Og það er það, er sameinar alla Katólska í *einni einustu tilfinningu*, það er það, sem gjörir trú

þeirra óbreytanlega; það er það, sem aptrar þeim fr að hrekjast og feykjast af hverjum kenningarþyt, ein og þeir gjöra, sem láta vísindalega rannsókn styðjas við þeirra að eins mannlegu skynsemi, sem því hjá þeim verðr »hinn einasti mælikvarði« trúarbragðanna.

Nú er eptir að fara fáum orðum um áburð nokkurn, sem yrði mjög þungr, ef hann væri sannr, sem höfundrinn að »Samanb.« ber upp á Kirkjuna, en það er röng útlegging á h. Ritningu; til að sanna þetta, tilfærir hann tvo staði, en nú skulum vèr sjá, hvort nokkuð vísindalegt er í aðfinningu hans.

1. Hann segir á 145. bls.: »Tilbeiðslu h. Manna···· byggir Kirkjan á sálm. 150, 1., af því »vulgata» leggr út: »Lofið Drottin meðal hinna helgu« í stað þess að í frumritinu stendr: »Lofið Drottin í Helgidóminum«. Þegar hann, fyrst, hefir orðið t i l b e i ð s l u, þá eru það rangindi og ósannr áburðr, því hann veit mikið vel, að Katólskir tilbiðja ekki helga menn; hvað í öðru lagi snertir staðinn í heild sinni, þá höfum vèr aldrei fundið í nokkrum Kirkjufundi nè í nokkurri guðfræðisbók, að hann sè tilfærðr til þess að sanna tignun helgra manna; ef höfundrinn hefir fundið einhvern slíkan Kirkjufund eða einhverja slíka bók, hvers vegna hefir hann þá hlíft sèr við að vitna til þeirra? Nú skulum vèr í þriðja lagi tala um útleggínguna sjálfa, sem höfundrinn finnr að, af því hann hefir verið svo óheppinn að skilja hana ekki. Í V u l g a t a stendr: »Laudate Dominum in Sanctis ejus«; höfundrinn leggr þetta út með orðunum: »Lofið Drottin meðal hinna helgu«; vèr skulum nú fyrst um sinn gjöra ráð fyrir, að höfundrinn leggi rètt út, sjá þá ekki allir, að hann hefir orðið að brjóta heilann til þess að *finna tignun* helgra manna í þessum orðum; ef útlegg

ingin væri rètt, þá mundi að eins leiða þar af, að menn ætti að lofa Drottin, sem ríkir á himnum umkringdr af hinum Helgu, en ekki, að menn ætti að lofa hina Helgu. Þetta getr hver fáfróðr maðr sèð. En því fer fjarri, að höfundrinn leggi rètt út; hann hefir sýnt í þessu, að hann er ekki sterkr í málfræði, með því hann hefir lagt orðið »Sanctis« út með orðunum: »hinna helgu«, eins og orðmyndin Sanctis komi af karlkynsorðinu Sanctus, í stað þess að hún kemr hèr af hvorugkynsorðinu Sanctum, eins og það finst að minsta kosti 95 sinnum í Vulgata, og sem er í staðinn fyrir Sanctuarium, og þess vegna útleggja allar katólskar þýðingar og guðfræðisbækr það með orðinu helgidómr, öldungis eins og höfundrinn sjálfr vill hafa.

2. Segir höfundrinn (bls. 146): »Að hjónavígsla sè Sakramenti, sannar katólska Kirkjan af Ef. V. 32., af því »Vulgata« leggr út: »þetta er mikið sakramenti, í stað þess að hin rjetta útlegging er: »þetta er mikill leyndardómr«. Það ætti ekki alveg illa við, ef höfundrinn vildi leggja það á sig, að segja oss þær ástæður, vegna hverra hann ímyndar sèr, að menn geti eigi útlagt hið gríska orð μυστήριον með hinu latínska orði Sacramentum; hann hefir ekki gjört það, og má vera, að honum hafi fundizt það eitthvað erfitt; vèr vonum samt, að hann muni hugsa sig betr um, og að hann muni gjöra svo vel, að tilfæra að minsta kosti einhverja lítilfjörlega ástæðu fyrir aðfinningu þeirri, sem hann leggr á orðið Sacramentum. En vèr biðjum hann að taka til íhugunar, það sem nú skal greina: 1. Höfundinum skjátlast, þar sem hann ímyndar sèr, að hin katólska Kirkja þurfi orðið Sacramentum til að sanna, að *hjónabandið sè Sakramenti*; því þeir Mótmælendr eru

jafnvel til (og ef til vill höfundrinn sjálfr), sem kannast við, að skírnin og kvöldmáltíðin sè Sakramenti, án þess þó að N.T. kalli þau þessu nafni. 2. Honum skjátlast, ef hann ætlar, að hið latínska orð Sacramentum hafi ekki aðra merkingu en Sakramenti, eins og það er tekið í guðfræðismálinu; vèr biðjum hann að slá upp í orðabókinni sinni. 3. Höfundrinn má vera sannfærðr um, að grikkir kalla það μυστήριον, sem vèr köllum Sakramenti. 4. Þar sem höfundrinn segir, að katólska Kirkjan sanni, að hjónavigsla sè Sakramenti, með þessum stað, þá er auðsèð, að hann hefir ekki lesið neitt í kirkjufundabókum vorum; það hefði þó verið gott, ef hann hefði viljað lesa einhverja ögn, áður en hann lagði áfellisdóminn á, en hann má vita, að Kirkjan sannar það ekki með þessum stað; og þeir guðfræðingar, sem álíta, að menn geti sannað, að hjónavígslan sè Sakramenti, með þessum orðum S. Páls, geta eins vel notað orðið *leyndardómr*, eða orðin, *heilög merki*, eða *heilög tákn* eða eitthvað því um líkt, eins og orðið *Sakramenti*. Af þessu vonum vèr að menn geti sèð, hvað höfundrinn hefir verið heppinn í þessum áburði sínum við hina katólsku Kirkju, og að menn geti álitið, að þýðing hennar á þessum Biblíustöðum sè alveg rètt, og álitið Biblíuþýðing hennar yfir höfuð fullkomlega rètta, þangað til höfundrinn tilfærir betri sannanir fyrir máli sínu.

Annar þáttr.

Um kenningar katólsku Kirkjunnar sèr í lagi.

Eins og það, sem vèr hingað til höfum útlistað, er grundvallarlærdómr katólsku Kirkjunnar, þannig er það einnig þetta atriði, sem er það helzta aðgreiningarmerki millum katólskra manna og allra hinna prótestantisku trúarflokka. Þegar menn eru búnir að aðhyllast hina katólsku kenningu um Kirkjuna, og viðrkenna hana sem reglu fyrir trúnni, þá er hin nauðsynlega afleiðing þar af, að menn hljóta að aðhyllast og trúa öllu því, sem hún kennir. Vèr höfum af þeirri ástæðu, að þetta efni er eins og grundvöllr og undirstaða, farið um það fleirum orðum; vèr vonum, að það, sem vèr höfum sagt, sè fullljóst, og að allir þeir, sem nokkur alvara er í, láti sèr það skiljast, að alt það, sem vèr höfum þegar tekið fram um Kirkjuna og hina munnlegu kenningu eða Traditíónina, sè í öllum greinum í fullri samhljóðun eins við Guðsorð og hans eiginlegleika, og við eðli og innri sálarþarfir mannsins, sem Endrlausnari vor er kominn il að frelsa. Það sem hèr kemr á eptir, snertir einstök atriði, sem aðskilja *Katólska* og *Prótestanta*. Vèr örum um þetta efni að eins fáum orðum, þar sem undirstöðulærdómr alls þessa hefir verið útlistaðr mjög ítarlega hèr að framan, og enda útheimti það langa ritgjörð, ef menn ætti að gefa eins yfirgripsmikla útskýr*ingu af sèrhverju* ágreiningsatriði. Vèr vonum samt

sem áðr, að það, er hèr mun greint verða, muni nægja til þess að gjöra mönnum ljóst og skiljanlegt, hver að sè kenning vor og lærdómr, hversu fögr hún sè og samkvæm Guðsorði og allri hinni kristnu fornöld, og í annan stað, hve lítið far hinir prótestantisku rithöfundar, sem hafa reynt til að bera lærdóm hennar til baka, hafi gjört sèr um það, að skýra frá lærdóminum eins og hann er.

FYRRI KAPÍTULI.

Um andlega lífið.

1. grein.

Um mannsins upphaflega ástand og fráfall hans.

Vèr trúum því, að Guð hafi ekki látið sèr nægja, að gefa hinum fyrsta manni, Adam, rètt eðli, óskert og fullkomið, og að skapa hann í ásigkomulagi rèttlætis og rèttrar náttúru, heldr trúum vèr og, að hann hafi fegrað eðli hans og veitt því náðargjafir; og að hann hafi sett manninn í ásigkomulag yfirnáttúrlegs rèttlætis og heilagleiks. Þetta ásigkomulag yfirnáttúrlegs rèttlætis og heilagleiks framleiddi hjá manninum öllum óviðjafnanlegt skipulag og samkvæmni; hvað eina var á sínum stað; hæfilegleikar sálarinnar, sem voru upphafðir til Guðs, voru honum algjörlega undirgefnir, og líkaminn var að sínu leyti sem námfús og ástundunarsamr þjónn sálarinnar; tilfinningarnar gjörðu eigi uppreist móti andanum, og hin svívirðilega tilknúning holdsins lèt eigi til sín finna; og þar eð gott skipulag og samkvæmni voru í öllu og stýrðu öllu bæði í eðli mannsins og hinni ytri náttúru, þá var ekkert líkamlegt böl eða óhagræði til. Adam var hvorki háðr dauðanum, nè þessari mergð allskonar *líka, er* vèr eigum við að búa og eru einn hluti af

hinu tortímandi fóruneyti dauðans. Þetta er höfuðlýsing á farsældarhag vorra fyrstu foreldra, eins og hin katólska kenning lýsir honum fyrir oss.

Guð setti manninn, er hann hafði hann svo náðgæddan, í unaðsemdanna stað, Paradís, og bauð honum svo: »Af skilningstrè góðs og ills skalt þú eigi eta, því að á þeim degi, er þú etr af því, skalt þú vissulega deyja« (I b. Mós. II, 16, 17). Með þessu boðorði vildi Drottinn láta manninn finna, að hann hafði yfirherra, er hann átti að hlýða í öllu. En maðrinn gætir eigi boðorðs, er svo auðvelt er að gæta, hann hlýðir hinum freistanda anda, er ófundaði hann af sælu hans, etr hannaðan ávöxt og styggir Guð; hann glatar með óhlýðni sinni öllum þeim yfirnáttúrlegu gjöfum, er hann hafði verið svo ríkulega gæddr. Hann og börn hans voru svipt ódauðleik líkams, og dauðinn, sem er hræðilegri en dauði líkams, það er andlegr dauði sálar, eða með öðrum orðum, glötun rèttlætis og rèttlætandi náðar, legst á hann og alla niðja hans. Því að Guð, er hafði ráðið með sèr að umbuna trúleik hans hjá öllum afkomöndum hans, slær hann ekki að eins sjálfan, sakir óhlýðni hans, heldr og alla niðja hans, og hans afsprengi er bölvað. Fæðing vor er saurguð í uppsprettulind sinni, allir vèr fæðumst sem börn reiðinnar, eins og h. Páll að orði kemst, því að flekkan þeirrar syndar, er vor fyrsti faðir drýgði, flyzt yfir til allra niðja hans, og vèr höfum allir syndgað í hinum fyrsta manni. Þar af er komin upprunasyndin, er svo er kölluð, af því að vèr hljótum hana í fæðingu vorri, eins og ógæfusamlegan arf, er óráðvandr faðir hefir oss leifðan. Þessi upprunasynd er eigi sem aðrar syndir. Allir menn hafa syndgað *í Adam, en eigi á þann* hátt sem Adam; synd Adam

er honum sameigin með öllum niðjum hans, þó er eigi svo að skilja, að niðjar hans hafi með eigin gjörðum eða með gjörðum sjálfra sín drýgt þessa upprunasynd, því að menn urðu að verða til, til að geta syndgað sjálfir; heldr er það svo að skilja, að eptir það er Adam hefir sjálfr syndgað með sinni eigin athöfn, þá gengr syndin í arf til allra, frá föður til sonar, þannig að hún verðr eigin hverjum einum af oss, eins og fundrinn í Tríent (Sess. V. c. 3) að orði kemst; þessi synd er dauði sálar, eins og hinn sami fundr segir s. st. c. 2., það er með öðrum orðum, hún er eptir réttlætisdómi Guðs glötun eða svipting hinnar helgandi náðar, þeirrar er líf er andar vorrar, hins upphaflega og yfirnáttúrlega heilagleiks, er maðrinn hafði þegið ókeypis, en vèr höfum sviptir verið sakir óhlýðni vors fyrsta föður. Eins og til að mynda er í veraldlegum efnum, um börn, að þau eru arfi svipt sakir afbrots, er sviptir föður þeirra eignum, er þeim voru ætlaðar. Þannig hverfa þá allar mótbárur, þær er Mótmælendr, og þar á meðal höfundrinn að »Samanb.«, hafa á móti kenningu katólsku Kirkjunnar, er þeir haga svo orðum sínum, að þeir blanda saman hugmyndinni um upprunasyndina og hugmyndinni um sjálfs athafnar synd eðr gjörningssynd. Hinn sami höfundr ber katólsku Kirkjunni á brýn, að hún kenni, að þetta upphaflega réttlæti, og hinn upphaflegi heilagleikr, er glatazt hefir við upprunasyndina, hafi eigi verið hluti mannlegs eðlis. Oss virðist svo sem höfundrinn að »Samanb.« hefði gjört vel í því, að kynna sèr lítið eitt málefni þetta, svo að hann hefði getað sèð, hvað katólska Kirkjan einmitt kennir, og eigi þurft að blanda öllu saman. Katólskir *menn kenna*, að hinn upphaflegi heilagleiki hafi heyrt

til eðli mannsins á þann hátt, að maðrinn hafi þegið af skapara sínum eðli, er að öllu var fullgjört, og fegrað öllum hinum dýrðlegu gjöfum náðar hans, en eigi á þann hátt, að maðrinn hafi átt heimting á þessu upphafiega heilaga (eðr heilagleiks) ásigkomulagi, eða að Guð hefði getað gjört manninn öðruvísi, en hann hefir gjört hann. Því að þar eð Guð hefir gefið manninum þenna algjörleik og þenna heilagleik með öðrum dýrðlegum gjöfum, þá hefir hann gjört það af einskærri gæzku sinni; því þarf maðrinn eigi að vera nema skynsemi gædd vera, þ. e. að vera gæddr skilning til að þekkja Guð og sannleikann og hafa vilja til að elska Guð og alt það, er gott er. Þar af kemr það, að Guð tók eigi frá manninum, þá er hann refsaði honum, nema þær gjafir, er hann átti eigi heimting á og var orðinn ómaklegr að njóta sakir óþakklætis síns og óhlýðni sinnar. En þó að Guð tæki frá manninum þessar gjafir, þá tók hann þó alls eigi frá honum eðli hans, eða neitt það, er því tilheyrði, að því er á við grundvallareðli mannlegrar tilveru. Því að ef svo væri, mætti segja, að Adam hefði verið maðr, áðr en hann syndgaði, en hefði hætt að vera maðr, þá er hann syndgaði, en hefði orðið einhver önnur vera, er ekkert nafn hefir. Hèr má sjá, hví katólska Kirkjan kennir, að maðrinn hafi eigi glatað frjálslegu atkvæði, eða sjálfsákvörðun eða hinu eðlilega frelsi, sem er það, er maðrinn greinir með gott og ilt, þó að þetta frelsi hafi veikzt við brottnumning gjafa Guðs, er fullgjörði það, en þær glötuðust við syndina; því að ef maðrinn væri eigi frjáls, þá gæti eigi Guð, er óendanlega er réttlátr, refsað það, er ilt er, nè umbunað það, er gott er, fyrir því að maðrinn gjörði alt eptir óumflýjanlegri nauðsyn; *en þar* er nauðsyn er, verðr hvorki talað um

illa athöfn, og þá eigi um refsing, nè um góða athöfn, og þá eigi um umbun. Og þó miðar alt það, er Guð hefir virzt að segja manninum og birta honum, eigi til annars en að hvetja hann til að firrast syndina, með því að Guð hótar honum rèttlátlegum refsingum, og til að örfa hann til að gjöra það, er gott er, með því að Guð lofar honum umbun og eilífu lífi. Tökum nokkrar greinir úr h. Ritningu: »Ef þú vilt inn ganga til lífsins, gæt boðorðanna« (Matt. XIX, 17). Þar er Drottinn segir: »ef þú vilt«, er auðsætt, að hann gjörir ráð fyrir, að maðrinn hafi frjálsræði til að kjósa, hvort hann vill ganga í eilíft líf, eðr eigi. Eins er auðsætt, að Frelsarinn gjörir ráð fyrir þessu, þar er hann kvartar yfir mótþróa Gyðinga, er stóðu á mót náðarköllun hans, og kallar upp með harmi, og segir: »Jerúsalem, Jerúsalem,þú er líflætr spámennina, og grýtir þá, er til þín hafa verið sendir, hversu opt hefi eg viljað safna til mín börnum þínum, eins og hænan safnar ungum sínum undir vængi sèr, og þèr hafið eigi viljað« (Matt. XXIII. 37). Og hinn h. Páll postuli ritar einnig til lærisveins síns Tímóteusar: »Vanræktu eigi náðargjöfina, sem er í þèr« (1. br. t. Tím. IV., 14). — Mótmælendr hljóta að vera mjög blindir til þess að neita, eins og gjört er í »Sam.« bls. 165, 166, þeim sannleika, er með svo ljósum orðum finst tekinn fram í h. Ritningu, það er, að hið siðferðislega frelsi mannsins sè ekki algjörlega týnt í syndafallinu; hvervetna kemr í Ritningunni fram, að það standi manninum frjálst fyrir, að aðhyllast og samverka náðargjöfinni, eðr og að hafna henni. Það er einnig það, sem hver heilbrigð skynsemi fær skilið; því sèrhver maðr finnr það hjá sèr og er fyllilega sannfærðr um, að hann *gjöri það,* er gott er, af frjálsum vilja, og að hann breyti

illa einnig af frjálsum vilja. Þetta kenna enn fremr í einu hljóði allir Kirkjufeðr hinnar fyrstu kristni; og svo að vèr eigi nefnum nema einn, þá viljum vèr skírskota um þetta til hins h. Ágústínusar, þar sem höfundrinn að »Sam.« fer því fram, að hann í þessu atriði sè frábrugðinn kenningu katólsku Kirkjunnar, enda þótt höfundrinn eigi nefni eða tilgreini nokkurn stað úr ritum þessa mikla læriföðurs. Þessi h. kirkjufaðir kemst þannig að orði, er hann útskýrir þessi orð Postulans: »Lát þú eigi yfirbugast af hinu vonda«: — »það er auðsætt, að þá er »einhverjum er sagt: »Lát þú eigi yfirbugast«, »þá er um leið gjört ráð fyrir sjálfræði viljans; því að vilja og að vilja ekki, í því er einkenni viljans«[1]. Og enn fremr: »Miskun Guðs frambýðr sig oss í öllum hlutum, en »það er komið undir mannsins vilja, að aðhyllast köllun »Guðs eða hafna henni« (S. Aug. de Spir. et litt. c. XXXIV).

Höfundrinn að »Samanb.« játar að vísu, að maðrinn sè eigi algjörlega ófrjáls, hann játar, að »maðrinn hafi ekki týnt öllum sínum sjálfsákvörðunarhæfileg-leika« (bls. 167), en hann fer því fram, að maðrinn án Guðs náðar, og frá því syndin kom í heiminn, megni einkis til hins góða, eða hann »sè af náttúrunni andlega og siðferðislega dauðr, magnlaus og ófær til alls góðs af sjálfum sèr« (bls. 166). Þessi orð eru tvíræð; því höfundrinn hefði átt að gjöra grein fyrir því, hvað það góða er, sem hann ætlar hèr að tala um. Ef hann ætlar að tala um það góða, sem er sáluhjálplegt (eins og hann gjörir annarsstaðar), þá erum vèr katólskir menn á einu máli með honum, það er einmitt þetta, sem katólska Kirkjan kennir. En ef hann vill láta orð sín skiljast á þá leið, að þau innibindi alt hið

1) *S. Aug. l. de grat. et* libero arbitrio, c. III.

siðferðislega góða, jafnvel það, er heyrir undir náttúrlegt ásigkomulag; á þann hátt að allar þær athafnir, er eigi sèr stað án náðarinnar, sè syndir (eins óg hann segir ljóslega bls. 166), þá erum vèr alveg gagnstæðir þessari hans kenningu, því hún er þvert á móti h. Ritningu og heilbrigðri skynsemi; því segir ekki S. Páll, að heiðingjarnir, sem ekki höfðu lögmálið, er Guð hafði gefið Gyðingum, en gjörðu alt af náttúrunni, og voru því án náðar Krists, hafi þó getað gjört af náttúrunni, það sem samkvæmt er lögmálinu, og sem þar fyrir getr ekki verið synd, þótt það sè ekki nema náttúrlega gott? Þessi eru orð hans: »Þegar heiðingjarnir, sem ekki hafa lögmálið, gjöra af náttúrunni það, sem samkvæmt er lögmálinu, þá eru þeir, þótt ekki hafi þeir lögmálið, sjálfum sèr lögmál«. En höfundrinn tilfærir úr Melanchton þessi orð: »Maðrinn af sínum náttúrlegu kröptum getr ekki annað en syndgað« (bls. 166, neðanmálsgrein 1). En hèr komumst vèr í vandræði; því vèr vitum ekki, hverju vèr eigum að trúa; því þessa neðanmálsgrein lesum vèr bls. 166., en á bls. 167 (neðanmálsgrein 2) rètt á móti hinni fyrnefndu lesum vèr þessi orð, er tekin eru úr Augsborgarjátningunni: »Um frjálsræðið kenna Prótestantar, að mannlegr vilji »hafi nokkurt frelsi til að auðsýna borgaralegt rèttlæti«. En getr nokkurt rèttlæti, og jafnvel hið borgaralega rèttlæti verið synd?

2. grein.

Um Rèttlætinguna.

Í »Samanburði« segir:

„Báðar Kirkjur (ə: hin kat. og hin prót.) kenna, að hinn syndugi maðr EINUNGIS FYRIR KRISTS SAKIR verði náðaðr af Guði, því báðar játa, AÐ KRISTS VERÐSKULDUN KIN sè orsök til þess, að Guð tekr manninn í sátt við sig“, bls. 175.$_5$.

„Það er skýlaus lærdómr kat. Kirkjunnar, að Guð telji líka manninum til rèttlætis, og taki hann meðfram í sátt við sig, VEGNA HANS EIGIN TILVERKNAÐAR“, bls. 176.$_{10}$. „Í kenningu kat. Kirkjunnar kemr fram Pelagíusar[1] villulærdómr, sem kennir AÐ MAÐRINN RÈTTLÆTIST AF VERKUM LÖGMÁLSINS“, bls. 188.$_5$.

Efnið um rèttlætinguna mun sýna, hversu margir erfiðleikar geta orðið útrýmdir með einfaldri útskýringu á kenningum vorum.

Þeir sem kunna ofrlítið í sögu hinnar svo nefndu siðabótar, vita, að hinir fyrstu höfundar hennar framsettu fyrir alla þetta atriði sem hið merkilegasta af öllum, og sem hina helztu ástæðu til þess, að þeir skildust frá oss, og þess vegna er það það atriði, sem nauðsynlegast er að skilja rètt.

Vèr trúum í fyrsta lagi: að syndir vorar sè oss fyrirgefnar án verðskuldunar af guðs miskunnsemi fyrir sakir Jesú Krists[2]. Það eru eig-

1) Höfundrinn að Samanb. segir sjálfr bls. 165: „Kenning Pelagíusar var dæmd ókristileg villulærdómr á ýmsum kirkjufundum (og hann ætti að hafa bætt við: af mörgum Páfum) þegar á 5. og 6. öld“. En hverjir voru þessir kirkjufundir? Vissulega fundir katólsku Kirkjunnar; eða var þá nokkur önnur kirkja til? Þannig ætti katólska Kirkjan eptir höfundinum að aðhyllast einmitt þá kenningu, er hún hefir sjálf dæmt ókristilegan villulærdóm. — 2) Sess. VI. *cap. 9.*

in orð kirkjufundarins í Trient, og hann bætir við: að vèr sèum sagðir rèttlættir án verðskuldunar, af því enginn af þeim hlutum, er fara á undan rèttlætingunni, hvort sem það er trúin eða verkin, getr verðskuldað þessa náð[1]. Eins skýr og skýlaus eru orð fundarins, þar sem hann fyrirdæmir hvern þann er þorir að segja, að synd Adams, sem er í hverjum einstökum manni, sè burtrýmd af náttúrlegum kröptum mannsins, eða af einhverju meðali, hverju sem er, öðru en verðskuldan hins EINA MEÐALGANGARA, sem er Drottinn Vor Jesús Kristr[2]. Þessi orð útskýra sig sjálf. Hví hefir höfundrinn að »Samanb.« þagað yfir þessum greinum? Hefir hann ekki þekt þær? Það er þó varla hugsanlegt, þar eð hann segist hafa haft við hönd trúarjátningar vorar (Samanb. formál. bls. V.). Er það þá ekki heldr af því, að þær eru alt of ljósar og svo skýlausar, að enginn getr lagt rangan skilning í þær? Hvers vegna hefir hann þá tilfært nokkra staði, sem ekki beinlínis heyra málinu til, og sem hann að öðru leyti auðsjáanlega hefir ekki skilið? Það getr varla verið önnur orsök til þess, en sú, að hann vildi gjarna dylja kenningu vora fyrir lesurum sínum, og sýnast hafa fulla heimild til að kasta þungum steini á hana, með því að álykta, eins og hann gjörir (bls. 183), að katólska Kirkjan kenni: »að maðrinn SJÁLFR SÉ HÖFUNDR, betrunar sinnar, og rèttlætist AF EIGIN KRÖPTUM, og að hún kasti þannig rýrð á Guðs náð og verðskuldun Krists(!!). En hvað getr hugsazt, sem sè gagnstæðara trúarjátningu vorri eins og vèr útlistuðum hana í þeim greinum, er vèr gáfum hèr á undan, og

1) *Ibid. cap.* 8. — 2) Sess. V. can. 3.

sem höfundinum hefir þóknazt að leyna lesendr sína? Af þessu skilja allir menn, að vèr getum ekki látið það ógjört að bera undir samvizku hvers manns, hvort það sè sæmilegt fyrir höfundinn að segja oss í formála sínum (bls. V): »það hefir fremst af öllu verið áform »mitt og ætlunarverk, að skýra frá hreinum og óaf»bökuðum lærdómi beggja Kirkna, og eigna hvor»ugri aðra kenningu, heldr en þær flytja í trú»arjátningum sínum«(!!).

Höldum nú áfram í útskýringu vorri. Með því h. Ritning útskýrir fyrir oss syndafyrirgefninguna ýmist með því að segja, að Guð hylji syndirnar, eða með því að segja, að hann taki þær burt, og að hann afmái þær fyrir náð H. Anda, sem gjörir oss að nýjum skepnum, — trúum vèr, að menn hljóti að tengja saman þessi orðatiltæki, til að fá fullkomna hugmynd um rèttlætingu syndarans. Og þess vegna trúum vèr, að syndir vorar sè ekki einungis huldar, heldr og alveg burtrýmdar fyrir blóð Jesú Krists, og fyrir þá náð, er endrfæðir oss; og þetta er svo langt frá að minka eða draga skýlu yfir hugmynd þá, er menn eiga að hafa um verðleik þessa endrleysanda blóðs, að það, þvert á móti, auðsjáanlega eykr og eflir þessa hugmynd. Þannig er rèttlæti Jesú Krists ekki einungis tilreiknað, heldr og í raun og veru gefið trúuðum hans fyrir verkun H. Anda, svo að þeir eru ekki einungis álitnir, heldr og orðnir rèttlættir fyrir náð hans. En ef það rèttlæti, sem er í oss, væri ekki nema fyrir augum manna, þá væri það ekki verk H. Anda; það er þá rèttlæti jafnvel fyrir Guði, af því að það er Guð sjálfr, sem verkar það í oss með því að úthella kærleika sínum í hjörtu vor.

Þó er það fullkomlega víst, að holdið girnist móti andanum og andinn móti holdinu (Galat. V, 17), og að allir vèr brjótum margfaldlega (Jak. III, 2), svo að, þó að rèttlæti vort sè sannarlegt af úthelling náðar Guðs í hjörtu vor, þá er það ekki fullkomið rèttlæti vegna baráttu við girndina, svo að sífeld andvörp iðrandi sálar vegna yfirsjóna sinna er hin nauðsynlegasta skylda hins kristilega rèttlætis. Þetta neyðir oss til að játa auðmjúklega með hinum h. Ágústínusi, að rèttlæti vort í þessu lífi er fólgið fremr í fyrirgefningu syndanna, heldr en í fullkomleik dygðanna.

Hèr bregðr höfundrinn að »Sam.« katólsku Kirkjunni um, að hún kenni ekki: »að maðrinn rèttlætist af trúnni einni« (bls. 187). En hvers vegna skyldi hún kenna það? Nei, hún kennir það ekki, og það er með fullum rètti, af því að h. Ritning eða Traditiónin benda eigi nokkursstaðar með einu orði til þessa lærdóms, er höfundrinn þykist þó geta kallað »evangeliskan lærdóm«. En hann tilfærir ekkert úr Evangelíó. Eða hvar segir Evangelíum nokkuð slíkt? Eða þykir honum, ef til vill, að þessi nýi lærdómr geti nógu áreiðanlega dregizt út úr þeim stað brèfsins til Rómverja[1], er Lúter hefir haft þá dirfsku að bæta við orðinu: »allein«, til þess hann gæti stuðzt við sinn kæra lærdóm um »trúna eina«? Katólska Kirkjan kennir, að trúin sè »grundvöllr og undirrót rèttlætingarinnar«[2] og að »án trúarinnar sè ómögulegt Guði að þóknast«, eins og St. Páll kemst að orði í brèfinu til hinna Ebresku[3]. En hún kennir líka, að trúin ein sè eigi nægileg, af því hún gleymir ekki þessum orðum St.

1) Brèf. til Rómv. III, 28. — 2) Conc. trid. Sess. VI, cap. 8. — 3) *Brèf til Ebr.* XI, 6.

Jakobs, II, 14: »Hvað stoðar það, kærir bræðr, þó að einhver segi, að hann hafi trúna, og hefir eigi verkin? Getr trúin gjört hann hólpinn«? Og enn fremr II, 22: »Svo sjáið þér nú, að maðrinn verðr rèttlátr fyrir verkin, og ekki einungis fyrir trúna«. Og þó getr hvorki trúin, nè góðverkin, nè neitt af því, er gengr á undan rèttlætingunni, verðskuldað hana, því það er Guð, er veitir oss hana af einskærri náðargjöf.

3. grein.

Um verðleik verkanna.

Um verðleik verkanna kennir katólska Kirkjan alt annað en það, sem henni er svo ranglega eignað í »Samanb.« Hún kennir, að eilíft líf eigi að vera boðið Guðs börnum bæði eins og náð, er þeim er miskunsamlega fyrirheitin fyrir Drottin Vorn Jesúm Krist, og eins og laun, sem eru trúlega gefin fyrir góðverk þeirra og verðleika þeirra samkvæmt þessu fyrirheiti. Þetta eru eigin orð fundarins í Trient (Sess. VI, c. 16). En til þess að mannleg drambsemi hroki sèr ekki upp af hugsuninni um ímyndaðan verðleika, þá kennir hinn sami fundr, að alt ágæti og gildi kristilegra verka komi af hinni helgandi náð, sem oss er veitt án verðskuldunar í Jesú Krists nafni, og að hún sè verkun af sífeldum áhrifum þessa guðlega oddvita á limi sína.

Sannlega sýna boðorð, upphvatningar, fyrirheiti, hótanir og ávítur h. Ritningar berlega, að vèr eigum að verka sáluhjálp vora með hræringu vilja vors, með Guðs náð, er veitir oss hjálp; en það er hin fyrsta undirstöðuregla, að frjálsræði mannsins getr ekkert gjört, er leiði *hann til eilífrar farsældar*, nema að svo miklu leyti

sem hann hrærist og upplyptist af H. Anda. Með þ Kirkjan þannig veit, játar og kennir, að það er þes guðlegi andi, er verkar í oss með náð sinni það got er vèr gjörum, þá hlýtr hún að trúa því, að góðver hinna trúuðu sè Guði mjög þóknanleg, og mikilsver fyrir hans augliti; og það er með fullum rètti, að hú hefir, ásamt með allri hinni kristnu fornöld, orði »verðleikr« einkum til að tákna gildi, ágæti og verð leik þeirra verka, sem vèr gjörum af náðinni. En af þv allr heilagleiki þeirra kemr frá Guði, er verkar þau í oss þá hefir hin sama Kirkja á fundinum í Tríent tekið sem kenningu katólskrar trúar þessi orð hins h. Ágústínusar »að Guð kryni gjafir sínar með því að krýn verðleik þjóna sinna«. Vèr biðjum menn að gæt vel að þessari kenningu vorri; og mun eitt dæmi gjör hana áþreifanlega. Það er hverjum auðsætt, að úr engu verðr ekkert gjört. En konungrinn, sem talað er um í Matt. Guðspj. XXV, gaf einum þjóni sínum fimm pund ókeypis, og þjónninn ávaxtaði þau um helming; hö koma glögglega fram bæði náðin og verðleikrinn, — náðin í þeim fyrstu fimm pundum, er fengin eru ó keypis, — og verðleikrinn í hinum fimm pundunum, e grædd eru. En sá mismunr er hèr, að í hinum fyrr fimm pundum er náðin alt og gjörir alt, án þess að nokkur verðleikr samblandist henni; en þar á móti er í hinum græddu pundum verðleikrinn algjörlega kominn undir náðinni, ekki einungis af því að það er hún ein, sem veitir frumpundin, án hverra þjónninn gat ekkert unnið, heldr og af því, að án hjálpar náðarinnar sjálfra er maðrinn öldungis óhæfr til að láta frumpundin ávaxt ast. Þannig skiljum vèr þessi orð, er vèr viðhöfðum *áðan, að Guð kryni gjafir sínar*, er hann krýnir verðleik

»ra. — þrátt fyrir alt það, sem katólska Kirkjan tekr am með svo berum og ljósum orðum um það, að alt ið góða, sem í manninum er, sè með öllu einngis komið undir Guðs náð og miskunsemi, orir þó höf. að »Sam.« að segja (bls. 191): »Samkvæmt núarfræði kat. Kirkjunnar verðr guðleg náð jafnan omin undir mannsins kröptum og bundin við á«. En hvað getr hugsazt, er sè gagnstæðara kenningu vorri? Og segist höfundrinn þó, eins og vèr höfm tekið fram áðan, fara í öllu nákvæmlega og beinlnis eptir trúarjátningum vorum!

Vèr biðjum þá, sem elska sannleikann og friðinn, ð gjöra svo vel að lesa hèr orð kirkjufundarins í Trínt, þó þau sè nokkuð löng, til þess að þeir geti loksns losazt við hin illu áhrif, er menn gjöra á þá með enningu vorri. »Jafnvel þó vèr sjáum, segja feðrnir á fundinum (Sess. VI. c. 16), að hinar h. bækr virða »svo mikils góðverkin, að Jesús Kristr lofar oss sjálfr, »að kaldr vatnsdrykkr, gefinn fátækum, muni »ekki fara á mis við laun sín; og að Postulinn votti, »að lèttbær þjáning, er menn þola eitt augna»blik í þessum heimi, muni afla oss yfirgnæfan»legrar eilífrar dýrðar; þá láti þó Guð ekki það »verða, að kristinn maðr treysti sjálfum sèr og hrósi »sèr sjálfum og ekki Drottni Vorum, hvers gæzka er »svo mikil við alla menn, að hann vill, að þessar gjafir, »sem hann veitir þeim, verði að verðleikum þeirra«. essi kenning kemr í ljós í öllum aðgjörðum þessa undar, sem kennir við annað tækifæri (Sess. XIV, c. 8.), ð vèr, sem getum ekkert af sjálfum oss, »getum alt yrir þann, er oss styrkva gjörir«, svo maðrinn hefir ekk*ert, sem hann geti* hrósað sèr af, eða hvers vegna hann

setji traust á sjálfan sig, en að alt traust hans og alt hans hrós sé hjá Jesú Kristi, er vèr lifum í, er vèr höfum vora verðskuldan í, og er vèr gjörum fullnægju í, með því að vèr berum iðruninni samboðna ávexti, sem hafa krapt sinn frá honum, eru bornir fram fyrir Föðurinn af honum, og eru fyrir hann mótteknir af Föðurnum; þess vegna biðjum vèr um alt, vonum vèr alt, gjörum vèr þakkir fyrir alt fyrir Drottin Jesú Krist. Vèr trúum því fastlega og játum opinberlega, að vèr getum ekki verið Guði þóknanlegir, nema í honum og fyrir hann, og vèr skiljum ekki, að menn geti eignað oss aðra hugsun. Vèr setjum þannig alla von sáluhjálpar vorrar á hann einan, að vèr segjum daglega við Guð í hinni h. messufórn þessi orð: »Guð, veit oss syndurum og þjónum þínum, sem höfum traust á hinum mörgu miskunsemdum þínum, nokkra hlutdeild og fèlagskap með þínum sælu Postulum og Píslarvottum, og vèr biðjum þig að taka oss í tölu þeirra og líta ekki á verðleik vorn, heldr fyrirgefa oss af náð í nafni Drottins vors Jesú Krists«.

Mun þá Kirkjan aldrei geta, hvorki með útskýring trúar sinnar, nè með úrskurðum fundanna, nè með bænum þeim, sem hún flytr í fórn sinni, fengið sannfært börn sín, sem eru orðin mótstöðumenn hennar, um það, að hún trúi því, að hún hafi ekkert líf, hafi ekkert traust, nema á Jesú Kristi einum? Þetta traust er svo öflugt, að það lætr Guðsbörn, er ganga trúlega á vegum hans, finna »frið þann, sem yfirgengr allan skilning«, eptir því sem Postulinn segir, Filip. IV, 7.; og jafnvel þó þetta traust sè öflugra en loforð og hótanir heimsins, og að það nægi til að friða órósemi samvizku *vorrar, þá afmáir* það eigi alveg ótta hennar, því að þó

vèr sèum vissir um, að Guð aldrei yfirgefr oss af sjálfum sèr, þá höfum vèr aldrei fulla vissu um, að vèr ekki missum hann vegna þess að það sè oss að kenna, ef vèr höfnum innblástri hans. Honum hefir þóknast að tempra með þessum heilsusamlega ótta það traust, sem hann blæs börnum sínum í brjóst; því, eins og hinn h. Ágústínus segir, »er breyskleiki vor svo mikill í þessum stað freistinganna og háskasemdanna, að fullkomið aðvaraleysi mundi kveikja í oss rót til áhugaleysis og drambsemi, í stað þess að þessi ótti, sem eptir boði Postulans (Filip. II, 12) lætr oss verka vora sáluhjálp með hræðslu, gjörir oss árvakra og lætr oss gefa oss með auðmjúkri undirgefni á vald þess, sem í oss verkar með náð sinni bæði viljann og máttinn eptir sinni þóknan, sem hinn sami S. Páll segir (Filip. II, 13).

Vèr höfum nú útlistað það nauðsynlegasta af lærdómi vorum um rèttlætinguna og góðverkin, og vèr skjótum því undir óvilhallan úrskurð hvers skynsams læsanda, hvort hann nægi ekki til þess að kenna kristnum mönnum, að þeir eigi Guði að þakka fyrir alla sigrvinningu sáluhjálpar sinnar, og hvort það sè ekki kristilegra og betr samkvæmt heilbrigðri skynsemi að hætta að bregða katólsku Kirkjunni um það, að hún »gjöri Guðs náð að engu, gefi kröptum mannsins dýrðina og meti einkis endrlausnarverk Drottins Vors«, eins og höfundrinn að »Sam.« bls. 196 þorir að gjöra; því að vèr höfum sýnt í svo ljóslegum orðum í fundinum í Tríent þessar þrjár greinar, sem eru svo ákveðnar í þessu efni: 1., að syndir vorar eru oss fyrirgefnar af miskunsemi einni fyrir sakir Jesú Krists; 2., að vèr eigum Guði einum að *þakka fyrir rèttlætið*, sem H. Andi veitir oss án

verðskuldunar af viljugri mildi sinni; og 3., að g verkin, sem vèr gjörum, eru öll náðargjafir.

Eptir að höfundrinn að »Sam.« hefir með mörgu orðum hallað á kenningu katólsku Kirkjunnar, að leyti sem snertir nytsemi góðverkanna fyrir Guði, leyfir hann sèr að segja bls. 195, að Maðrinn ver skuldi ekkert endrgjald hjá Guði vegna gó verka sinna[1]. En kemr hann hèr eigi í bága við þ sem hvers manns heilbrigð skynsemi segir honum? þèr Íslendingar, er nauðstaddir eruð, þèr biðjið, að G umbuni af ríkulegleika náðar sinnar þeim, er rètta y hjálparhönd mitt í bágindum yðar, að hann umbuni þei er optlega, ef til vill, hafa viðhaldið lífi yðar, konu yð og barna; hví gjörið þèr þetta? hafið þèr hugsað ú það? hefir yðr nokkurn tíma dottið í hug, að þèr, m því að fara þannig eptir tilfinningum þakkláts hjar

1) Til sönnunar því, að Íslendingar trúi með Katólskum og be á móti þessari setningu höfundarins að „Samaub.“, er nóg að sk skota til orðatiltækja þeirra fátæku, þá er einhver hefir veitt þe velgjörning, því þeir segja þá: „Guð launi yðr, — Guð u buni yðr“. En þetta sýnist enn glöggvara af mörgum þakkr ávörpum, er svo opt eru prentuð í hinum íslenzku dagblöðu menn lesa t. a. m. (í þjóðólfi, 28. Jan. 1865 bls. 52): „Gefönd þessum votta eg o. s. frv. og bið þann, sem ekkert gott verk l ólaunað, að hann vilji launa þeim eptir ríkdómi náðar sinnar“; má finna mörg önnur eins dæmi; en þar sem talað er um laun, er vissulega verðskuldun, og þó þessi verðskuldun, komi af Gu náð, þá er hún þó verðskuldun, og það er það, sem gjörir höfun inn að „Sam.“ hræddan; hann vill að eins, að góðverkin sè „vo um trúna, og helgist af henni“ (bls. 195). En í hverju er þessi hel un þeirra fólgin? Á öðrum stað, bls. 186, segir hann enn fremr, menn, sem hafa sanna trú, „hljóti“ að gjöra góðverk, „eins og g trè ber góða ávexti“, en ef hin sanna trú „hlýtr“ að gjöra góðve *þá getr eigi verið* talað um laun.

ippið grundvellinum undan sannarlegu siðferði«, að r »afbakið hreinan lærdóm Krists og breytið þvert á óti orði hans?« Og það er þó það, sem höfundrinn »Sam.« gjörir yðr kunnugt bls. 196. En er það ekki sá sami Kristr, sem sagði, að kaldr vatnsykkr, gefinn í nafni hans, muni ekki fara á is við laun sín[1], og hinn mikli postuli hans, S. Páll, gir hann ekki beinlínis hið gagnstæða: »á degi reiðnar og opinberunar Guðs rèttdæmis, er sèrhverjum un endrgjalda eptir hans verkum?[2]«. Og þèr, ðir Íslendingar, sem til þess að fylgja kenningu og emi hins blíða Frelsara vors breytið eptir orðum postula ns, og »með stöðugleika í góðu verki leitið egsemdar og heiðrs og ódauðlegleika«[3], haldið èr, að Guð muni ekki halda fyrirheiti sitt og endrgjalda ðr með eilífu lífi eptir verkum yðrum?[4] — Þèr sjáið, lir þèr, sem gjörið það, er gott er, og þèr, sem af jarta óskið þeim endrgjalds af Guði, sem gjöra yðr ott, að þèr með þessu breytið á móti því, sem Mótælendr kenna, og fylgið kenningu Katólskra. Ó, hversu júpar rætr hlýtr eigi lærdómr katólsku Kirkjunnar, að ofa fest í hjörtum manna hèr á Íslandi, þar sem hún, þtir að menn hafa hafnað henni í meira en 300 ár, lgja henni enn í þessu fagra atriði, eins og í svo örgum öðrum, þrátt fyrir alt það, er Mótmælendr hafa jört til þess að útrýma henni úr hjörtum manna!

4. grein.

Um fullnægjugjörðir og aflát.

Oss ber enn fremr að útlista, á hvern hátt vèr trú-

1) Matt. guðsp. X, 42. — 2) brèf t. Rómv. II, 5, 6. — 3) brèf Rómv. II, 7. — 4) brèf t. Rómv. II, 6, 7.

um því, að vèr getum fullnægt Guði fyrir hans náðaraðstoð, svo að vèr ekki látum neinn efa eiga sèr stað í þessu efni.

Katólskir kenna í einu hljóði, að hinn eini Jesús Kristr, Guð og Maðr í einni persónu, hafi fyrir sinn óendanlega verðleika getað framborið fyrir Guð nægjufullnustu fyrir vorar syndir, en að hann hafi, um leið og hann frambar ríkulega fullnustu, getað heimfært þessa óendanlegu fullnustu til vor á þenna hátt: annaðhvort með því að afmá algjörlega vora skuld, án þess að áskilja sèr nokkra hegningu, eðr og með því að breyta hinni meiri hegningu í aðra minni, það er að skilja, eilífri hegningu í tímanlega. Þar eð nú hið fyrra er yfirgripsmeira og samkvæmara gæzku Guðs, þá lætr hann það fyrst koma fram í skírninni, eins og Mótmælendr viðrkenna vissulega sjálfir; en vèr trúum því, að hann viðhafi hið síðara í þeirri fyrirgefningu syndanna, sem hann veitir þeim, sem skírðir eru, en falla aptr í syndina, er hann eins og neyðist til þessa, vegna þess vanþakklætis, er þeir sýna honum, er vanbrúka hans fyrstu náðargáfu, og því hljóta þeir að líða einhverja tímanlega refsing, þótt hin eilífa sè þeim eptirgefin. En svo að vèr ekki sèum margorðir í því að útlista atriði, sem er svo ljóst af orðum Ritningarinnar, þá viljum vèr einungis biðja lesarann að athuga nokkur af hinum helztu dæmum, sem öllum eru kunnug, nefnilega Adams, Móisis, Aarons, en einkum dæmi hins mikla konunglega Spámanns Davíðs, sem allir urðu að þola þunga tímanlega hegningu, jafnvel þó Guð hefði fyrirgefið þeim synd sína. Sama er auðsætt af kenningu allra kirkjufeðranna í hinni fyrstu kristni. Heyrum að *eins h. Ágústínus*: »Maðrinn er þjáningu háðr, segir

»hann, þótt synd hans sè honum fyrirgefin, jafnvel »þó syndin hafi fyrst verið orsök til þess, að hann komst »í þá eymd; því hegningin nær lengra en brotið, svo »að brotið eigi yrði skoðað eins lítilvægt, ef hegning»unni væri lokið með brotinu«[1].

Það má ekki draga þá ályktun hèr af, að Jesús Kristr hafi ekki fyllilega fullnægt fyrir oss, heldr þvert á móti, að hann, þar sem hann hefir fengið yfir oss hinn fylsta rètt fyrir sakir hins ómælanlega verðkaups, sem hann hefir greitt fyrir vora sáluhjálp, veitti oss fyrirgefningu undir því skilyrði, því lögmáli og þeim kostum, sem honum þóknast.

Vèr værum bæði ranglátir og óþakklátir gegn vorum Endrlausnara, ef vèr dirfðumst að bera brigður á hans óendanlegu verðskuldun, undir því yfirskyni, að hann, um leið og hann fyrirgaf oss synd Adams, ekki hefði leyst oss jafnframt frá öllum hennar afleiðingum, þar sem hann hefði látið oss vera undirorpna dauðanum og margskonar andlegum og líkamlegum breyskleika og eymd, sem þessi synd hefði bakað oss. Það nægir, að Jesús Kristr hefir eitt sinn borgað fyrir oss það verðkaup, fyrir hvert vèr eitt sinn verðum frelsaðir frá öllum meinum, sem nú leggjast þungt á oss; það er vort, að meðtaka með auðmýkt og þakkargjörð sèrhverja grein þessa hans velgjörnings, með athuga á þeirri framför, er honum þóknast að leiða með vora frelsun, eptir þeirri röð og reglu, sem hans vísdómr hefir sett fyrir vorri farsæld, og til þess hans gæzka og rèttlæti geti skinið sem skærast.

Af líkri ástæðu eigum vèr að forðast að láta oss koma það ókunnuglega fyrir, þó hann, sem í skírninni

1) S. *Aug. tract.* CXXIV in Jóh. n. 5.

hefir sýnt oss svo mikla mildi, verði oss ómildari, eptir að vèr höfum rofið þau vor helgu loforð. Það er rèttvíst, og það er enda heilsusamlegt fyrir oss sjálfa, að Guð, í því hann fyrirgefr oss syndina ásamt þeirri eilífu hegningu, sem vèr höfum unnið til, leggi á oss einhverja tímanlega hegningu, til þess að halda oss á skyldunnar vegi, af ótta fyrir því, að vèr, ef hann væri alt of ör á náð sinni við oss, mundum ofrselja oss lèttúðugu trausti og misbrúka náðýsi hans. Það er þannig til að fullnægja þessari skuldbindingu, að vèr erum háðir nokkrum þeim athöfnum, sem eru erfiðleikum bundnar, og sem vèr eigum að vinna með auðmýktar og iðrunar anda. Það er nauðsyn þessara fullnustugjörandi athafna, sem hefir knúð Kirkjuna á fyrri öldum til þess að leggja á hina iðrandi syndara þá refsingu, sem menn kalla hina kanónisku. Þegar Kirkjan því leggr syndurunum fyrir mæðusöm verk og erfiðismunum bundin, og þeir vinna þessi verk með auðsveipni og bljúgum huga, þá kallast það fullnustugjörð; og þegar Kirkjan með hliðsjón annaðhvort af innilegri alvörugefni hinna iðrandi syndara, eða af þeim góðverkum (eins og t. a. m. fasta, bæn, skriptir, nautn Kvöldmáltíðarinnar, ölmusugjafir), sem hún skyldar þá til að leysa af hendi, linar á þeirri hegningu, sem þeir hafa unnið til, þá kallast það aflát. Þannig er aflát eigi »Syndakvittun«, nè heldr »fyrirgefning syndanna«, þar sem syndirnar eiga að vera kvittar og fyrirgefnar af náð Guðs, áðr en maðrinn geti öðlazt aflát. Aflátið hefir heldr engan »mátt til þess að sætta mann»inn við Guð, rèttlæta hann eða veita honum fyrirgefn»ingu syndanna«, eins og stendr í »Sam.« bls. 274; *því að ekkert aflát* getr orðið heilsusamlegt og heilla-

t nè maðrinn orðið þess aðnjótandi, nema hann sè
r búinn að komast í sátt við Guð, orðinn rèttlátr
laus við syndina. Aflát er þá eigi annað en upp-
f á tímanlegri hegningu, sem maðrinn á eptir að
la eptir að hann hefir játað syndir sínar, og þær eru
num fyrirgefnar, og það nær því eigi til annara en
irra, er í sannleika hafa sundrkramið og auðmjúkt
irta. Af þessari einföldu og ljósu útlistun, er það
ðsætt, hversu rangsnúnar og ranglátar þær ákærur
u, sem þeir prótestantisku rithöfundar bera á katólsku
rkjuna, er þeir eigna henni þá kenningu, er hún á
gan hátt aðhyllist. Þeir vita fullvel, að það geta ætíð
ndizt þeir menn, er misbrúka þá beztu hluti, og að
ssir menn muni verða ætíð uppi, hvernig sem að væri
ið. Þeir vita einnig, að katólska Kirkjan fyrir-
mir algjörlega allar þær óvenjur, er einstakir menn
ra sig seka í; og þó leyfa þeir sèr, þegar þeir sjá,
finnast nokkrir þeir menn, er með misbrúkun sinni,
þó eigi verðr tilreiknuð nema þeim einum, hafa van-
úkað aflátið, þá leyfa þeir sèr að gjöra úlfalda úr mý-
gu, hvað slíka misbrúkun snertir, og að kasta skuld-
ni á gjörvalla Kirkjuna, þrátt fyrir það, þó hún
gi blátt bann við slíkri misbrúkun. En það gefast
ir hjá Mótmælöndum, er fara enn þá lengra; þegar
ir ekki finna neitt það, er þeir geti haft á móti sjálfri
nningu Kirkjunnar, eins og hún er útlistuð af henni,
rfa þeir ekki í að viðhafa þá hatrslegu aðferð, að neita
l, að sú kenning, sem Kirkjan hefir um hönd, sè
nning og lærdómr hennar, og leitast við að setja
irra eigin sjálfsköpuðu hugmyndir í stað kenningar
rkjunnar. Slíkum vopnum er óverðugt að beita, og
a eiga ekki skilið, að menn geti þeim gaum. Það

er með þessu móti, að höfundrinn að »Sam.« leyfir sèr, þó óskiljanlegt sè, að fara þessum orðum: »Þó katólska »Kirkjan í orði kveðnu neiti því, að hún gefi aflát sitt út »fyrir syndakvittun, og kalli það að eins uppgjöf kirkju»legra hegninga, þá er þetta einber viðbára, til að breiða »yfir villuna« (S. bls. 274). Því máli er báglega komið, er eigi verðr varið með öðrum vopnum en þessum. Vèr lýsum því hátíðlega yfir fyrir augliti Drottins og með hönd á brjósti, að sú kenning, er vèr höfum um hönd og útlistum, er hin sanna kenning katólsku Kirkjunnar.

Kirkjufundrinn í Tríent bauð ekki að trúa neinu öðru um aflátið en því, að hann áliti, að Jesús Kristr hefði gefið Kirkjunni myndugleika til að veita það, og að það sè heilsusamlegt að halda því (Conc. Trid. sess. 25.).

Þessi er hinn helgi og meinlausi lærdómr katólsku Kirkjunnar um fullnustugjörðir, út af hverjum menn hafa viljað kasta á hana svo þungum steini. Vilji hinir svo kölluðu siðabótarmenn, eptir að vèr höfum gefið þessa skýringu, bera oss á brýn, að vèr köstum rýrð á Jesú Krists fullnustugjörð, þá hljóta þeir að hafa gleymt því, er vèr höfum sagt, að Endrlausnarinn hafi borgað fyllilegt lausnargjald fyrir lausn vora, og að ekkert vanti á þetta lausnargjald, þar sem það sè óendanlega mikið, og sú hegning, sem vèr höfum tekið fram að væri geymd og eptirstandandi, ekki kæmi af því, að lausnargjaldinu hefði verið ábótavant, heldr af þeirri vissu röð og skipun, er hann hefði tilsett í þeim tilgangi, að halda oss í taumi með rèttlátum ótta og heilsusamlegum aga.

Ef þeir enn fremr koma með þá mótbáru, að vèr ætlum oss sjálfa þess umkomna að geta að nokkru leyti *fullnægt fyrir* þá hegningu, sem liggr við syndum vor-

um, þá getum vèr öruggir svarað því, að einmitt það gagnstæða lýsir sèr í þeim grundvallarreglum, sem vèr höfum viðtekið. Þær sýna ljóslega, að öll vor heill og frelsi er Guðs náð og miskun að þakka, að það, sem vèr gjörum með Guðs náðaraðstoð, er eigi síðr verk hans, en það, sem hann beinlínis gjörir sjálfr eptir sínu alvolduga ráði og vilja; og að loks það, sem vèr gefum honum, heyrir honum eins til og það, sem hann sjálfr gefr oss; og þar við má bæta því, að það, sem vèr köllum fullnustugjörð samkvæmt hinni kristnu fornkirkju, er, þegar á alt er litið, ekki annað en heimfærsla hinnar óendanlegu friðþægingar Jesú Krists.

Einmitt þessi athugasemd getr og á að geta spekt huga þeirra, sem ekki standast reiðari, þegar þeir heyrá oss segja, að Guð hafi slíka velþóknun á bróðurlegum kærleika og samfèlagi hinna heilögu, að hann, enda opt, taki á móti þeirri fullnustu, sem vèr frambjóðum honum hverjir fyrir aðra. Þannig kemst S. Páll að orði í brèfi sínu til hinna kristnu Kólossaborgarmanna (I, 24): »Nú fagna eg í þjáningum mínum yð»ar vegna, og uppfylli á mínu holdi það, sem vantaði »á Krists þjáningar, fyrir hans líkama, sem er »Kirkjan«. Það lítr svo út, eins og Mótmælendr hafi ekki skilning á því, hversu alt, sem vèr erum, er Guði að þakka, nè heldr hversu allr sá gaumr, sem gæzka hans lætr hann gefa sínum trúuðu, er limir eru Jesú Krists, nauðsynlega er miðaðr við hinn guðlega oddvita. Þeir er lesið hafa, og þeir er tekið hafa eptir því, að Guð sjálfr hefir innrætt þjónum sínum löngun til þess að leggja hart á sig með föstugjörðum, í sekk og ösku, ekki einungis vegna þeirra eigin synda, heldr fyrir alls lýðsins *synda sakir*; þeir munu sannarlega ekki furða

[illegible] gagntekinn af [illegible] að gjöra þeim gott, [illegible] þá lítilmót- [illegible] af fúsum og [illegible] sig og leggja hart á [illegible] begningu, sem [illegible] veitar, að [illegible] náðarsamlegt [illegible] með þessu [illegible], og í því [illegible].

[illegible] KAPITULI

Um þau meðul, sem veita, efla og varðveita andlegt líf, eða um Sakramentin.

Sakramentin hins nýja sáttmála eru eigi að eins heilög merki, er sýni oss náðina, eða innsigli, er *fullvissa* oss um hana, heldur eru þau og verkfæri H. Anda, er *flytja* og *veita* oss hana.

Vèr þurfum hèr alls eigi að tala um gildi Sakramentanna fyrir þá sök, að Mótmælendr játa (»Samanb.« bls. 216), að trú vor í þessu efni sè rètt. En vèr verðum að fara nokkrum orðum um það, sem Mótmælendr yfir höfuð og höfundrinn að »Samanb.« sèr í lagi bregða oss um með óvanalegum og óskiljanlegum ákafa, og það er 1. um *verkanir* Sakramentanna, og 2. um *tölu* þeirra.

1. Hvað snertir *verkanir* Sakramentanna, þá kennir katólska Kirkjan, að þau veiti mönnum náð Guðs og afreki hana *með verkinu sjálfu* eða *af verkinu sjálfu*, það er að skilja: Sakramentin eru verkfæri Guðs, er hann brúkar til þess að úthluta mönn-

um náð sína, og þessi verkfæri framkvæma jafnan hjá mönnum það verk, er þau voru innsett og ætluð til, ef þau að eins fara svo fram, að ekkert vantar á, að þau fari réttilega fram eptir tilskipun Lausnarans, er innsetti þau, og ef hinn þjónustaði veitir þeim að eins móttöku með tilhlýðilegu og góðu hugarfari, o: með trú, von, elsku og iðrun, eðr, eins og Kirkjufundrinn að orði kemst: Sakramentin »veita náðina, þeim sem ekki gjöra henni mótspyrnu«. En hvað er það, að gjöra ekki mótspyrnu náðinni, er Sakramentin flytja mönnum? Það er auðsjáanlega, að hafna henni ekki með vondu hugarfari. Og það er auðsætt fyrir hvern óhlutdrægan mann, að það er þessi merking, og engin önnur, er liggr í þessum orðum, og er óskiljanlegt, að höfundrinn að »Samanb.« vill reyna að draga úr þessum orðum hið gagnstæða. Vèr lýsum því yfir, að þessi kenning, er vèr höfum útlistað hèr, er vor kenning, þrátt fyrir allar þær ástæðulausu hègiljur og vitleysur, er höfundrinn leyfir sèr að eigna oss; og því neitum vèr algjörlega öllu því, er hann í þessu efni reynir að teygja út úr kenningu vorri. Nei; vèr trúum því eigi — því fer fjarri! — að »ekkert sè að líta á það, »með hverju hugarfari maðrinn veitir sakramentinu mót»töku«[1]; vèr trúum ekki, að »trú mannsins komi ekki »til skoðunar, og útheimtist ekki til þess, að Sakra»mentin hafi sáluhjálplegar verkanir fyrir manninn«[2]. Höfundrinn að »Sam.« leyfir sèr einnig að tala um »suma guðfræðinga á miðöldunum«, er ætti að hafa flutt þá kenningu, að »einber ytri þjónusta »og nautn Sakramentanna jafnan hlyti að hafa hlessunarrík áhrif fyrir sálarvelferð mannsins, eins og smyrsl

1) *Samanb. bls. 211.* — 2) s. s.

»læknanna græða líkamleg sár manna»[1]. En hverjir eru þessir guðfræðingar, er eiga að hafa kent þessar hègiljur og vitleysur? Hvers vegna nefnir hann engan af þeim? Þar til eru vissulega góðar ástæður. Sá sami höfundr hefir enn fremr þá dirfzku, að bera þessi óskiljanlegu orð fram, að »katólska Kirkjan hafi »lýst bannfæringu yfir þá, sem kenna, að trúin útheimt»ist frá hálfu mannsins, til þess að nautn Sakrament»anna geti haft á þann blessunarríka áhrif»[2]. En hvar, og hvenær, og af hverjum, og með hverjum orðum hefir slíkri bannfæringu verið lýst yfir þá kenningu, er einmitt er og hefir jafnan verið eigin kenning katólsku Kirkjunnar? Höfundrinn fræðir ekki menn um það; en það er þó þetta, er hann ætti fyrst og fremst að hafa gjört.

2. Hvað snertir tölu Sakramentanna, hafa Mótmælendr frá því þeir komu upp, verið mjög óstöðugir og óráðnir, þar eð þeir hafa talið ýmist fleiri ýmist færri Sakramenti; loksins kom þeim þó saman í því, að halda ekki nema tveimr, o: Skírninni og Kvöldmáltíðinni. Allir þeir smáflokkar, er sprottnir eru út af hinni upphaflegu prótestantisku, hafa annaðhvort geymt þessi tvö Sakramenti, eðr verið sèr meira samkvæmir með því að taka sèr frelsi til að kasta jafnvel þessum tveimr, eins og Lúter og líkar hans höfðu gjört við hin fimm. Á vorum dögum er það mjög óhægt að segja, hversu mörg þau sakramenti eru, er gilda hjá Mótmælöndum, þó það sýnist, að flestir þeirra haldi Skírninni og Kvöldmáltíðinni að nafninu til. En þegar höfundrinn að »Sam.« segir, að »Prótestantar« hafi tvö Sakramenti, þá er það að skilja »Lúterskir«, og jafnvel meðal

1) s. s. — 2) bls. 212.

þeirra eru þeir mjög margir, sem í rauninni ekki hafa neitt Sakramenti. — Á móti öllum þeim meiningum kennir katólska Kirkjan nú á dögum það, sem hún hefir kent alt frá dögum Postulanna, og mun halda fram að kenna alt til aldaloka, það er, að Jesús Kristr, Drottinn vor, af óendanlegri miskunsemi sinni og gæzku hafi innsett 7 meðöl til að veita mönnum náð sína, o: 7 Sakramenti, en hvorki fleiri né færri, og á öllum tímum hefir hún fyrirdæmt hvern þann, hver sem hann var, er hafði þá dirfzku, að vilja fella eitthvert af þeim úr. Þannig fyrirdæmdi hún á 3. öld áhangendr Novatus', er neituðu Staðfestingunni, á 4. öld Manikeana, er kendu rangan lærdóm um Hjónabandið, og á seinni öld fyrirdæmdi hún Wicliff með áhangöndum hans, er köstuðu hinni Síðustu Smurningu, og eins gjörði hún við hina, Lúters, Zvinglis og Kalvins áhangendr, er köstuðu ýmist 4, ýmist 5 sakramentum. En, segja mótmælendr, hin 5 Sakramenti »hafa enga fótfestu í h. Ritningu«. En alt hingað til hefir þeim eigi getað tekizt að sanna sögu sína. Það er satt, að þessi 5 sakramenti ekki eru kölluð með nafninu »Sakramenti« í h. Ritningu; en eru þá Skírnin og Kvöldmáltíðin kallaðar þar þessu nafni? Nei, ekki heldr; það er þá ekki nauðsynlegt til þess að menn geti sannað eitthvert Sakramenti, að h. Ritning kalli það með þessu nafni, en það nægir, að h. Ritníng taki upp þessa helgu athöfn, er hafi þá eiginlegleika, er útheimtast til þess að eitthvað sé sannarlega Sakramenti, og að öll hin kristna fornkirkja hafi jafnan haft sama skilning um það. Nú, vèr finnum í h. Ritninga þessar 7 h. athafnir innsettar af Frelsaranum sem meðöl til að veita hina guðlegu náð (eins og vèr skulum taka *fram, þá er vèr tölum* um hvert Sakramenti sèr í lagi),

og þetta er það, sem Kirkjan hefir jafnan haldið alt frá dögum Postulanna. Höfundrinn að »Sam.« segir, að Kirkjan sjálf hafi bætt við hinum 5 Sakramentum, og að þessi sjötala hafi ekki feszt fyrr en frá dögum Pètrs Lombardusar, † 1164. Þetta efni er svo mikilvægt, að til þess mætti ætlast, að höfundrinn hefði tilfært nokkur rök fyrir þessari sögu sinni, og skýrt lesurum sínum frá, hvenær og hvernig og af hverjum þessi Sakramenti hefði verið innleidd og stofnuð. En það er þetta, sem hann ekki gjörir, en lætr sèr nægja að segja, að »Sagan sýni« það; og kemr það, ef til vill, af því, að það er miklu hægra að koma fram með lausar sögusagnir, en að færa sönnun fyrir þeim, sem hann, að öðru leyti, ekki sjaldan virðist að leiða hjá sèr, er hann treystir því, að lesendr hans, sem ókunnir málavöxtum, muni trúa honum upp á einsömul orð sín. Það sanna í öllu þessu er það, að Pètr Lombardus var einn af þeim fyrstu guðfræðingum, er á vísindalegan hátt söfnuðu röksemdum fyrir hverju einu trúaratriði, og þannig eins sakramentunum, og þeim röksemdum, er þau eru bygð á. En þeir guðfræðingar, er uppi voru fyrir hans dag, og Kirkjufeðrnir, höfðu ritað, sumir um hin atriði trúarinnar, sumir um önnur, og því einnig um sakramentin, eptir því sem tilefni gafst til. Þegar því Pètr Lombardus talar um 7 Sakramenti, þá er það ekki hann, nè nokkur annar honum samtíða, er innsetr 5 af þeim, heldr tekr hann einmitt upp þessi sömu 7 Sakramenti, er höfðu verið til og haldin voru af öllum kristnum mönnum alt frá dögum Postulanna, en einungis talar um þau á vísindalegan hátt. Það gegnir furðu, að höfundrinn ekki þekkir betr til sögu guðfræðinnar, þar sem *hann þó sjálfr* er guðfræðingr. Það er annars mjög

: að sýna, að þessi sömu 7 Sakramenti, er nú eru já Katólskum, hafi jafnan verið til hjá öllum hinum úuðu kristnu mönnum, alt ofan að 16. öld. Vèr im tilfært, fyrir hverju og einu af þeim 7, staði úr feðrum fornkirkjunnar; en það yrði of langt mál á um stað. Oss nægir að sýna það með fám orðum. flokkar kirkjusundrungarmanna og villutrúarmanna hinum Grísku og hinum Austrlenzku, og í Afríku, . Nestorianar, Jakobitar, hinir fráskildu Melkítar, tar, Sýrlenzkir, Ethiopar, Armenianar og allir hinir nu úr þessum löndum, er hafa sagt sig út úr kat- u Kirkjunni, sumir á 10., sumir á 6., og aðrir á ld, og sem, eins og geta má nærri, eru óvinir kat- u Kirkjunnar og flestir einnig ósamlyndir sín á milli, a þó allir saman sömu trú á þeim 7 sakramentum, og þeir höfðu, þegar þeir skildust við Móðurkirkj- hina katólsku. En hvernig gat það verið, ef það hefði verið trú alls hins kristna heims á 10. öld, á 6. og á 5. öld? Eða sýnist mönnum, að óvinir kat- u Kirkjunnar mundu hafa tekið trúarlærdóma þá, er ni hefði þóknazt að finna upp? Höfundrinn ætti : og fremst að útlista fyrir mönnum, hvernig þetta i g e t a ð átt sèr stað, og þá jafnvel að það h a f i sèr stað, áðr en hann kemr með þann hugarburð sinn, ain 5 Sakramenti hafi ekki verið alment viðrkend daga Pètrs Lombardusar, eða hafi ekki feszt fyrir ia tíma. — Á 16. öld, þegar lúterskir guðfræðingar Wittemberg höfðu búið til þeirra svo kölluðu Augs- arjátningu, var í Miklagarði, hjá hinum grísku kirkju- lrungarmönnum, sá höfuðbyskup, er Jeremías hèt. r lútersku guðfræðingar sendu til hans á 1575 trú- *ningu sína, til þess* að draga hann í flokk með sèr.

En hann kastaði henni frá sèr með viðbjóð, og sagð hún væri öldungis nýmæli og beint á móti því, er allir kristnir menn hefði ávalt trúað þangað til[1]. En því næst á 17. öld, þá er Cyrillus Lukaris, höfuðbyskup í Miklagarði, var táldreginn af Kalvínskum, ritaði hann bók og lýsti því yfir, að þessi trú á þeim 2 Sakramentum væri hin rètta og einmitt sú, er hinir grísku kristnu menn hefði jafnan haldið. En allir byskupar þessarar sömu kirkju risu skjótt upp móti honum, komu saman á fund í Miklagarði á. 1638, og síðan í Jerúsalem á. 1672, og lýstu því yfir, að trú hinna Grísku væri þá, eins og hún hafði jafnan verið, ɔ: að þeir viðrkendi 7 Sakramenti, eins og Katólskir, og að Cyrillus Lukaris væri skapari nýrra lærdóma[2]. Þetta, sem allir þeir þekkja, er hafa kynt sèr kirkjusöguna, sýnir þekkingarleysi eða einlægniskort höfundarins, þegar hann leyfir sèr að fullyrða, að trú á þau 7 Sakramenti sè ekki eldri en frá 12. öld. Honum bar að segja mönnum, hver hafi fundið upp hin 5 Sakramenti, hvar og hvenær það hafi verið; honum bar að útskýra, hvernig það hefði verið nokkurn tíma mögulegt, að innleiða ný Sakramenti, án þess að nokkur yrði til að hefja rödd sína, til að mæla kröptuglega móti svo óheyrilegri og ókristilegri kenningu, og án þess að menn í kirkjusögunni finni nokkur þau rök, er bendi á slík nýmæli, þar sem vèr þó í annan stað höfum sannar sögur af öllum breytingum, enda þeim smágjörvustu, er trúarvillumenn hafa reynt að gjöra; vèr þekkjum allar trúarvillur, er nokkurn tíma hafa komið upp, vèr þekkjum höfunda þeirra, tímann, staðinn, og flestallar kringumstæður, frá tímum

1) „Réponses du patriarche Jérémie“ Perp. t. IV. — 2) Perp. *de la foi, og:* Hardouinus, Concil. t. XI.

Postulanna og alt til Lúters og þeirra flokka, er sprottið hafa eins og eðlilegar greinir úr kenningu hans; og vèr erum vitni til, að undir eins og þeir hafa aðhylzt einhverja sèrstaka skoðun í trúarefnum, og viljað halda henni fram, þá voru þeir skjótt aðskildir frá því mikla trúarsamfèlagi katólsku Kirkjunnar, og upp frá því urðu þeir trúarbragðaflokkr fyrir sig. En hvernig geta menn þá hugsað sèr það mögulegt, að menn ekki skyldi vita hið allra-minsta um þetta fyrirborna nýmæli viðvíkjandi tölu Sakramentanna, hvar, eða hvenær, eða af hverjum það var gjört? Eða hvers vegna hefir þá höfundrinn ekki sagt það greinilega oss til fróðleiks?

Vèr höfum nú talað nokkuð langort um tölu Sakramentanna, til þess vèr ekki þyrftum að taka það sama upp um hvert þeirra fyrir sig; og oss sýnist, að vèr höfum sýnt nógu ljóslega, að allir kristnir menn verða að viðrkenna 7 sakramenti. Það er að öðru leyti mjög samkvæmt gæzku og umhyggju Frelsara vors, að innsetja 7 náðarmeðöl, er koma heim og eiga við hvers konar stöðu hins kristilega lífs til þess að helga hana. Því eins og 1. hin holdlega fæðing gjörir oss að Adams niðjum, þannig gjörir Skírnin, sem er andleg endrfæðing, oss að börnum Guðs í Jesú Kristi; og 2. eins og vèr þurfum að vaxa og þroskast, áðr en vèr verðum fullorðnir menn, þannig lætr Staðfestingin oss vaxa í náðinni, og styrkjast og þroskast í kristilegu líferni, með því hún veitir oss styrk H. Anda; 3. fyrir hinu náttúrlega lífi er það skilyrði, að vèr nærum líkama vorn með heilnæmri fæðu, og á sama hátt þurfum vèr, til þess að geta varðveitt og endrnært vort andlega sálarlíf, að næra það með lífsins brauði, sem er hinn *dýrmæti líkami og* blóð vors Endrlausnara, Jesú

Krists. 4. Vor líkami, þrátt fyrir það þó vèr berum umhyggju fyrir honum, er undirorpinn sjúkleikum, og vèr þurfum að leita honum lækninga við þeim; eins er því varið með sálu vora, syndin er hinn mesti sjúkleiki, hún er hinn andlegi dauði sálarinnar, en gegn honum höfum vèr kröptugt meðal í Skripta-Sakramentinu, er græðir vor andlegu sár. Eins og 5. hinn sjúki, er aðfram er kominn, þarf læknismeðala og huggunar, er geti styrkt hann gegn skelfingum dauðans og dregið úr og linað þær kvalafullu verkanir, er dauðastríðið hefir á líkamann, þannig fær sálin í Sakramenti hinnar Síðustu Smurningar styrk og krapt gegn örvæntingu og árásum hins vonda, er ekki lætr neitt ógjört til þess að tortíma vorri sálarvelferð, er vèr stöndum á takmörkum lífs og dauða. 6. Eins og það er í líkamlegu og borgaralegu tilliti öldungis ómissandi, til þess að halda uppi reglu og réttvísi, að það sè til yfirvöld, er gæti laganna og heimfæri þau, þannig er í andlegu tilliti einnig nauðsyn á því, að vèr höfum hirðara og forráðamenn, er vorir leiðtogar sè, stjórni og stýri sálum vorum; Drottinn vor hefir annazt um þessa þörf vora, með því að innsetja Sakramenti Prestvígslunnar; og þar sem 7. mannkyninu er ætlað að viðhaldast og að margfaldast á eðlilegan og löglegan hátt, er Hjónabands-Sakramentið innsett, til þess að helga hjúskaparstèttina, svo Jesú Krists lýðr geti farið vaxandi og orðið uppfræddari í því að ganga veg hinnar eilífu sáluhjálpar. — Þannig hefir Drottinn vor borið umhyggju fyrir öllum mannkynsins andlegu þörfum, og opnað þeim örlátlega fjársjóð sinnar náðar, svo sálu vora skuli ekkert skorta, heldr að hún geti fundið yfirgnæfanlega aðstoð og styrk á sinni mæðu-

sömu vegferð hèr í heimi til hins fyrirheitna landsins, hinnar himnesku Jerúsalem.

Tökum nú hvert Sakramenti fyrir sig.

1. grein.

Um Skírnina.

Um skírnina getum vèr verið mjög fáorðir; því mótstöðumenn vorir viðrkenna fyllilega, að vèr höfum fyrir oss, hvað þetta Sakramenti snertir, hinn sanna og hreina lærdóm Evangelii, og þetta geta menn lesið í »Sam.« bls. 215. Þar sem nú höfundrinn kemr fram með þessa yfirlýsingu, þá dettr mèr ekki í hug að draga orð hans í efa. En til þess að menn ekki eigni oss Katólskum aðra trú en þá, er vèr höfum og játum, get eg ekki komizt hjá að fara nokkrum orðum um, og að sýna fram á það, er hjá Mótmælöndum sýnist hvorki geta samrímzt með vorri kenningu, nè heldr með þeirra eigin kenningu.

Vèr segjum þá og kennum, að Skírnin sè hið fyrsta kristilega Sakramenti, er frelsi oss bæði frá erfðasyndinni og frá vorum eigin syndum, og að hún endrfæði oss, með því að gjöra oss að börnum Guðs, samörfum Jesú Krists og limum Kirkju hans, með vatnslauginni í nafni Föður, Sonar og Heilags Anda (Jóh. Guðspj. III, 5; Efes. V, 26.). — En í barnalærdómsbókarinnar 7. kapítula sè eg, að skírnin er sett í röð með náðarmeðölunum, og í þessum kapítula er talað »um þau meðöl, sem styrkja trúna og efla guðhræðsluna«, og eru þessi meðöl eptir því er þar segir 1. Guðsorð, 2. árvekni og bæn, og 3. Skírnar-sakramentið, o. s. frv.; af orðunum virðist næst að álykta, að skírnin sè *ekki sèrstaklegt* náðarmeðal, eða fremr en Guðsorð

og árvekni og bæn eru það, eða þó að minsta kosti, að skírnin veiti oss ekki þá fyrstu náð, og að hún ekki veiti oss aðgang til syndanna fyrirgefningar, að hún frelsi oss ekki heldr frá upprunasyndinni og öðrum syndum, nè endrfæði oss, þar sem hún er eigi skoðuð nema eins og eitt af náðarmeðölunum, er innsett eru til þess að »styrkja trúna og efla guðhræðsluna«. Ef skírnin enn fremr er eitt af þeim meðölum, er »styrkja« trúna og »efla« guðhræðsluna, þá er augsýnilega gjört ráð fyrir, að trú og guðhræðsla eigi að vera til, áðr en Skírnin er við höfð, því annars gæti Skírnin ekki »styrkt« og »eflt« þær. En hvernig geta þá Mótmælendr skírt ungbörnin?

Vèr trúum einnig því, að »maðrinn geti ekki séð Guðsríki, nema hann endrfæðist« (Jóh. Guðsp. III, 3), og að »ef maðrinn fæðist ekki af vatni og anda, geti hann ekki fengið inngöngu í Guðsríki« (Jóh. Guðsp. III, 5); og því getum vèr ekki skilið, hvernig þessi kenning Mótmælanda, að »þau börn, sem deyja áðr en þau hljóta skírn, komi samt í Guðs ríki« (Lærdómsbók 7. kap. bls. 191), geti samrímzt með kenningu vorri.

2. grein.

Um Staðfestinguna.

Vèr lesum í Postulagjörn., að Postularnir lögðu hendr yfir þá, er áðr voru skírðir, og veittu þeim með því Heilagan Anda (Pgb. VIII, 14—18; XIX, 1-6). Þessir staðir upplýsa oss um þann sið, er Postularnir höfðu, og fullvissa oss jafnframt á þann ljósasta hátt um guðlega stofnun Staðfestingarinnar, skoðaðrar sem sakramenti, og aðgreindrar frá skírninni. Vèr sjáum hins vegar einnig einkenni þessa Sakramentis: handa-uppálegginguna; og svo sjáum vèr einnig þá náð, er veitt er *fyrir þessi einkenni*, »þeir meðtóku Heilagan

Anda«. Og enn fremr er þetta Sakramenti á þeim tilvitnuðu stöðum tekið fram sem fráskilið skírninni; því það er veitt þeim, er áðr voru skírðir, og þeim er veitt það, eigi af Filippusi djákna, er hafði skírt þá, heldr af sjálfum Postulunum. Þannig hefir þetta Sakramenti jafnan við haldizt í katólsku Kirkjunni. Til þess að koma mönnum í enn betra skilning um þetta Sakramenti, virðist eiga vel við að taka hèr fram það, er Tertúllíanus segir um það; en orð hans eru þessi: »Þegar »vèr komum úr skírnarlauginni, þá erum vèr smurðir »helgaðri olíu, samkvæmt fornum sið···· Smurningin »er gjörð á líkama vorum, verkan hennar er andleg; »eins er og um skírnina, er innifalin er í líkamlegri at»höfn; vèr erum ausnir vatni, en verkanin er andleg, »því syndir vorar verða afmáðar«. Og þar á eptir segir hann: »Höndin er lögð á um leið og Heilagr Andi er »ákallaðr með blessunarorðum, og þegar hinn Heilagi »Andi kemr hèr að ofan frá Föðurnum á þá líkami, er »hreinsaðir eru og blessun lögð yfir þá«[1]. Þetta efni útskýrist, ef til vill, enn betr af því, er hinn h. Cypríanus, er lifði á 2. og 3. öld, segir, þegar hann fer að tala um Samaríta, er verið höfðu skírðir af Filippusi djákna, og staðfestir, eins og vèr þegar höfum séð, af Postulunum Pètri og Jóhannesi, þá segir hinn h. byskup: »það er hið sama, er enn tíðkast meðal vor, að þeir, »er skírðir eru í Kirkjunni, eru bornir fram fyrir bysk»upinn, til þess að þeir fyrir bæn vora og handa-uppá»leggingu meðtaki Heilagan Anda, og verði fullkomnir »fyrir innsigli Drottins. — Sá er skírðr er, hlýtr að »meðtaka smurninguna, svo að hann með heilagri krismu »verði smurði Guðs og meðtaki náð Krists í sèr«[2]. Vèr

1) *Tertúll. l. de bapt.* c. VII. — 2) S. Cypr. ep. LXXIII, ep. VII.

Katólskir gætum eigi útskýrt öðruvísi, eða með orðum kenningu vora í þessu efni enn þann dag

Af því, er hèr er skýrt um trú vora viðv Staðfestingunni, geta menn sannfærzt um, að hú sè »dauð og óuppbyggileg ytri siðvenja«, e höfundinum að »Sam.« þóknast að ímynda sèr (bl og það var hún eigi heldr fyrir hina fornu Kirk hafði fengið hana frá Postulunum og þeir sjálfs Frelsaranum. Eða hugsar höfundrinn, ef til v Staðfestingin hjá Katólskum sè »dauð og óuppb leg«, af því þeir gjöra mikið meira úr henni, he Mótmælendr, eða af því þeir hafa hana sem Sakra eða getr hún verið minna uppbyggileg hjá K um heldr en hjá Lúterskum, af því að katólska K kennir, að H. Andi með náðargjöfum hans sè börnum hennar í þessu h. Sakramenti, þar sem erskir þar á móti hafa hana »einungis sem há kirkjulega athöfn« (Sam. bls. 217)?

3. grein.

Um h. Kvöldmáltíð.

Vèr erum komnir að spursmálinu um Sakr h. Kvöldmáltíðar, og verðr það nauðsynlegt, að v listum hèr nokkuð ýtarlega kenningu vora, án þe hins vegar fjarlægjum oss of mjög frá því takmark vèr höfum sett oss. En til þess að vèr blöndu öllu saman, heldr tölum um þetta efni á reglulega þá verðum vèr að tala 1. um verulega nærveru Krists í h. Kvöldmáltíð, og um eðlisbreytinguna; messufórnina; 3. um nautn Sakramentisins í l myndum (sub utraque specie).

1. Atriði. Um verulega nærveru Jesú Krists í h. Kvöldmáltíð og um eðlisbreytinguna.

Sönn og sannarleg nærvera Jesú Krists líkama og blóðs í h. Kvöldmáltíðar Sakramenti, er fyllilega gefin í sjálfum innsetningarorðunum, eins og þau hljóða, og það er ekki meiri ástæða til þess að spyrja oss, hvers vegna vèr bindum oss hèr við orðanna eiginlega og bókstaflega skilning, en til þess að frètta ferðamanninn að því, hvers vegna hann fari alfaraveginn. Þeir sem skjóta sèr inn undir orðanna óeiginlega skilning, og krækja út af veginum, verða að gjöra grein fyrir því, hvað þeim hafi gengið til þess; en vèr, sem ekki finnum neitt í þeim orðum, sem Jesús Kristr brúkar við innsetning þessa leyndardóms, er knýi oss til að taka þau í óeiginlegum skilningi, álítum, að þessi ástæða sè einhlít fyrir oss til þess að aðhyllast orðin, eins og þau hljóða, og vèr fáum enn þá sterkari ástæðu til þess, er vèr í þessum leyndardómi förum að athuga tilgang og augnamið Guðs Sonar, og eg ætla nú að útlista hann með svo einföldum orðum, sem mèr er unt, og að taka fram þær röksemdir, sem eg ætla mótstöðumenn vorir ekki muni geta vefengt.

Eg segi þá, að þessi orð Frelsarans: »Takið og etið, þetta er minn líkami, sem fyrir yðr verðr gefinn« (Matt. XXVI; Lúk. XXII.), sýni oss og sanni, að eins og Gyðingar fyrrum sameinuðust þeim dýrum, er fórnfærð voru fyrir þá, og í sannleika neyttu kjöts fórnardýranna, sem var þeim eins og vottr þeirrar hluttöku, sem þeir áttu í fórninni, þannig hefir Jesús Kristr, er hann fórnfærði sig sjálfan fyrir oss, viljað, að vèr í sannleika neyttum þessarar fórnar, upp á það, *að þessi sannlega hluttaka* í þessari tilbeiðsluverðu fórn

yrði hverjum einum af oss út af fyrir sig æfinle
orð, eins og að sínu leyti holdtekja Krists er þ
oss; og eins og það er fyrir oss, að hann fé
sínum líkama.

Guð hafði bannað Gyðingum að neyta offrdýrsi
fórnfært var fyrir þeirra syndir, til þess að kenn
að hinni sönnu friðþægingu fyrir syndina ekki yrði
til leiðar með lögmálinu, nè heldr með blóði
anna. Allr lýðrinn var fyrir sakir þessa forboð
og í banni, án þess sannlega að taka þátt í fyr
ingu syndanna. Af gagnstæðri ástæðu þurfa þeir
trúuðu að neyta líkama vors Endrlausnara, hins
fórnfæringaroffrs, til þess þeir fái sèð og skilið,
þessari nautn verði fyrirgefning syndanna uppfy
því nýja sáttmáli. Guð bannaði einnig Gyðinga
neyta blóðs, og ein af ástæðum fyrir þessu bar
sú, að blóðið er gefið oss til friðþægingar sálna
en vor Endrlausnari gefr oss þar á móti sitt b
drekka, vegna þess að því er úthelt til fyrirge
syndanna. Þannig er nautn Guðs Sonar líkama o
eins sönn og sannleg í H. Kvöldmáltíðarsakr
eins og náðin, fyrirgefningin, og friðþæging sy
og hluttaka í offri Jesú Krists er sönn og sa
því nýja sáttmáli. Samt sem áður og þar sem
vildi æfa trú vora í þessum leyndardómi og u
útrýma hjá oss allri hræðslu á því að neyta hans
og að drekka hans blóð í þeirri náttúrlegu og
fullu mynd, átti það við, að hann gæfi oss hvort
í annari mynd, en þó þessar ástæður hafi vald
að hann lætr oss neyta líkama þessa vors fórnfæ
offrs á annan hátt en Gyðingar, þurfti hann ekl
þá skuld að svipta þá nokkru af sínu verulee

það virðist því, að Jesús Kristr hafi, til þess að uppfylla þær gömlu fyrirmyndanir, og til þess að láta oss eignast það offr, sem var fram borið fyrir vorar syndir, haft þann tilgang, að gefa oss sinn líkama og blóð, og þetta er svo augljóst, að enda mótstöðumenn vorir vilja, að vèr skulum trúa því, að þeir hafi í þessari grein sömu skoðun og vèr; því þeir taka það aptr og aptr fram við oss, að þeir neiti því á engan hátt, að Jesú líkami og blóð sè sannarlega nærverandi í h. Kvöldmáltíðarsakramenti; og eigi heldr, að vèr því í sannleika neytum þess. Hèr af getum vèr ályktað, að ef þau einföldu orð Jesú Krists knýja þá til að viðrkenna, að það hafi verið hans fyllilegr vilji að gefa oss í sannleika sitt hold, þegar hann segir: »þetta er minn líkami«, þurfa þeir ekki að furða sig á því, þó að vèr ekki getum fallizt á að taka þessi orð einungis í óeiginlegum skilningi. Í einu orði, með því að Guðs Sonr, sem lèt sèr svo ant um að útskýra fyrir sínum lærisveinum, það sem hann kendi þeim, og að gjöra þeim kenningu sína skiljanlega með dæmisögum og eptirlíkingum, ekkert skýrir, á þessum stað, orð sín, lítr það svo út, að hann hafi ætlazt til, að orðin væri tekin í þeirri náttúrlegu þýðingu.

Þar sem skilningarvitin, eins og vèr erum búnir að taka fram, ekki áttu að verða neins vísari í þessum trúarleyndardómi, mátti í tilliti til þeirra ekki verða nein myndarbreyting á brauðinu og víninu í h. Altarissakramenti. Þess vegna er það, að, þar sem vèr sjáum þær sömu myndir, og verðum varir við þær sömu verkanir eins og á undan í þessu sakramenti, þurfum vèr ekki að furða oss á því, þó menn stundum og í vissum skilningi gefi því *sama nafn*. *En* trúin, er eptirtekt veitir orði Hans,

er alt gjörir, sem honum þóknast, bæði á himni og á jörðu, viðrkennir ekki hèr í aðra veru en þá, er táknuð er með þessu sama orði, það er að skilja, sannan líkama og sannarlegt blóð Jesú Krists, er brauðið og vínið er umbreytt í; það er þetta, er menn nefna »eðlisumbreytingu«; því, það er kenning katólsku Kirkjunnar og það hefir jafnan verið kent hjá öllum kristnum söfnuðum, að jafnskjótt og prestrinn, er þjónar í nafni og eptir tilskipun Drottins, helgar brauð og vín í h. messufórn, verði það dásamlega kraptaverk, að hvorttveggja breytist sannarlega í hold og blóð Jesú Krists þannig, að ekkert sè eptir af eðlilegu efni brauðs og víns, þó hin ytri mynd standi óbreytt. Þessi kenning er í öllu mjög samkvæm h. Ritningu, því að, eins og Lúterskir játa sjálfir, taka orð Frelsarans: »þetta er minn líkami«, og: »þetta er mitt blóð«, skýrt fram hina verulegu og sannarlegu nærveru Drottins. Vèr ályktum af þessum orðum á þessa leið: Í þessu h. Sakramenti er annaðhvort brauðinu og víninu algjörlega breytt í líkama og blóð Krists, eða brauðið og vínið standa óbreytt og eru samtengd líkama og blóði Drottins. En menn geta alls ekki sagt, að brauðið og vínið standi þannig óbreytt, hvernig svo helzt sem slík samtenging verðr skilin; því að Jesús sagði ekki: »Hèr, Í þessu brauði, UNDIR þessu brauði, MEÐ þessu brauði er minn líkami; hèr, Í þessu víni, UNDIR þessu víni, MEÐ þessu víni er mitt blóð«; heldr sagði hann beinlínis: »þetta ER minn líkami, þetta ER mitt blóð«, það er: þetta, er eg held í hendinni, er, fyrir mitt almáttugt orð, umbreytt í minn líkama og í mitt blóð, og ekki er það brauð og vín eða efni þess, er eg gef yðr, heldr er það sannarlega minn líkami og *mitt blóð*. Orð frelsarans eru svo skýlaus og ljós, að

menn geta ekki lagt í þau annan skilning en þenna, nema með því að snúa þeim við og afbaka þau; og þannig er það, að undir eins og orð helgunarinnar eru kamborin, er ekki lengr neitt eptir af efni brauðsins og vínsins, heldr einungis sjálfr líkami Drottins og sjálft blóð hans undir að eins ytri mynd og útliti brauðs og víns. Vèr förum hèr í einfeldni og trúlega eptir orði Drottins, vèr tökum þau í eiginlegum skilningi þeirra og eins og þau hljóða; með einfaldri trú höldum vèr, að orð hans verki það, er þau segja, vèr förum ekki í rannsókn nè í kappræður; þegar Drottinn hefir talað, þá þegjum vèr, og þá er hann segir: »þetta er minn líkami, þetta er mitt blóð«, getr oss alls eigi dottið í hug, að það sè lengr brauð og vín. Þeim, er vilja fara krókóttan veg, ber að gjöra grein fyrir því, hvernig brauð og vín geti staðið óbreytt, þar sem Kristr þó segir, að ekki sè til staðar nema líkami hans og blóð, og þar sem orð hans skýra sig sjálf og sanna af eigin krapti þeirra, að Guð hafi viljað breytinguna. — Það, sem höfundrinn að »Sam.« ber fram, að »Katólskir eigi að sýna, að Guð hafi viljað breytinguna á ÞANN HÁTT, er þeir hugsa sèr hana« (bls. 228), hefir alls enga þýðingu, af því Katólskir hugsa sèr ENGAN hátt í þessu máli, þeir trúa beinlínis orðum Drotttins, án þess að þeir vilji fara að rannsaka á HVERN HÁTT hann framkvæmi það, er hann segir hann framkvæmi; að breyting eigi sèr stað, það er orð Drottins, en háttrinn, er hún verðr á, það er leyndardómr hans, og vèr getum ekki annað en sagt í auðmýkt hjarta vors: »Ó, þá dýpt ríkdóms, speki og þekkingar Guðs! hve eru dómar hans óskiljanlegir og vegir hans órekjandi!« (Rómv. *XI, 33*).

Þessi sama kenning var haldin af öllum kristnum mönnum, upp frá því Drottinn vor hafði svo ríkulega sýnt kærleika sinn til vor í innsetningu h. Kvöldmáltíðar. Þessi breytingarlærdómr, er eins gamall er og kristindómrinn sjálfr, hefir verið kallaðr nafninu: »transsubstantiatio« fyrst á dögum Innocentiusar 3., eins og höfundrinn að »Sam.« sjálfr segir; á undan höfðu menn kallað hann nafninu: »transelementatio« eða og: transmutatio«, sem er öldungis það sama á íslenzku. Þessu til sönnunar tilfærum vèr hèr að eins fáein orð úr hinum elztu ritum fornkirkjunnar. Þannig segir hinn h. Gregoríus frá Nyssa: »Brauðið, er helgað er fyrir orð »Drottins, breytist (transmutatur) í líkama Guðs Son»ar; eðli þeirra sýnilegu hluta breytist (transelementa»tur) í líkama Drottins«[1]; og hinn h. Cyrillus frá Jerúsalem bætir við: »Það sem því fyrir vorum augum sýn»ist oss sè brauð, þó að það að smekknum til virðist »ist svo, er það þó ekki, heldr er það líkami Jesú »Krists; og það, er sýnist oss að vera vín, er þó eigi »vín, þó smekkrinn taki það svo, heldr er það blóð Jesú »Krists«[2]. Af þessu geta menn sèð, hvað rangt það er hjá höfundinum að »Sam.«, þar sem hann segir (en að vísu eptir hans lofsverðum vana, án neinnar sönnunar), að »klerkdómrinn á miðöldunum hafi sett« þenna lærdóm (bls. 229).

Að öðru leyti er sá sannleikr, er sakramenti h. Kvöldmáltíðar hefir í sèr fólginn, hvað þess innvortis hlið snertir, ekki því til fyrirstöðu, að það, er útvortis er í því og skilningarvitin verða vör við, sè einskonar tákn eða merki, en um leið er þess konar eðlis, að það í staðinn fyrir að útilykja veruna sjálfa, miklu fremr

1) *Oratio* catech. c. XXXVII. — 2) Catechesis XXII, n. 9.

hlýtr að leiða hana með sèr; því þessi orð: »þetta er minn líkami« o. s. frv., töluð og sögð af Jesú Kristi yfir því efni, er hann hafði sjálfr til þess kosið, eru oss í raun og veru víst og óyggjandi merki þess, að hann er til staðar; og þó að efnið ætíð sýnist að vera hið sama fyrir vorum augum, þá dæmir þó hugr vor um það öðruvís en hann mundi gjöra, ef ekki væri kominn æðri dómr á milli. Þannig, í staðinn fyrir að vissar líkingar og vissar eðlilegar verkanir, er fara fram í líkama vorum, hafa vanið oss á að taka ekki eptir sema brauðs og víns verunni, verkar Hann, er vér trúum á, að þær tákna oss aðra veru, því vèr heyrum orð Hans, er segir, að það, er vèr tökum, og það, er vèr neytum, sè hans líkami; og slíkr máttr fylgir þessum orðum, að oss kemr ekki til hugar, að heimfæra þetta, er svo sýnist vera, til brauðsins og vínsins, heldr heimfærum vèr það til líkama og blóðs Jesú Krists sem nærverandi; og þannig er það, að vèr, þar sem nærvera svo tilbeiðsluverðrar Veru er oss fullvissuð fyrir þetta tákn, hikum oss ekki við að votta honum tilbeiðslu vora. Vèr þurfum eigi að fara hèr mörgum orðum um tilbeiðslu þá, er vèr veitum Jesú Kristi, í Altarissakramentinu, vegna þess að Mótmælendr neita því ekki, að vèr eigum í þessu h. Sakramenti að veita Jesú Kristi, Frelsara vorum, guðlega tilbeiðslu. Í »Sam.« segir bls. 235: »Dýrkun prótestantisku Kirkjunnar í nautn h. Kvöldmáltíðar stefnir ekki að hinu sýnilega líkamlega efni, heldr að Lausnaranum«; en höfundrinn að þessari bók hefir jafnan undarlega aðferð, því hann segir:

Bls. 231,15: „Katólska Kirkjan „skipar að veita Altarissakra- „mentinu guðlega tilbeiðslu; því „eptir kenningu Katólskra er „brauð og vín að engu orð- „ið, og hið sýnilega efni er ekki „annað en Drottinn sjálfr „líkamlega nálægr“.

Bls. 236 í neðanmáli „(Prótestantar) höfnu „villu, þegar þeir („kenna, að hið líkaml „eða hin sýnilega m „helgaða brauðs „eigi að hljóta guð „beiðslu(!!)“.

Ef brauðið og vínið eptir kenningu vorri engu orðin, ef hið sýnilega efni er ekki en Drottinn sjálfr, eins og höfundrinn viðrkennir, getum vèr þá kent, að hið líkamlega efni sýnilega mynd hins helgaða brauðs og ví að hljóta guðlega tilbeiðslu?

Vèr getum ekki endað betr þessa grein u verulegu og sannlegu nærveru Drottins í þessu til verða Sakramenti, en með þessum fögru orðum h ínusar, er hann hefir út af þessum orðum í 1. l anna bók (70 manna útlegg.): »hann var bo höndum sèr«; —: »Hvernig«, segir hann, »ge »átt sèr stað hjá manninum, og hver getr gjört s »mynd um það, bræðr mínir; því, hver er sá n »beri sjálfan sig á höndum sèr? Sèrhver ma »orðið borinn á höndum annara, en enginn á »eigin; vèr sjáum ekki, hvernig þetta getr skili »staflega um Davíð, en vel getum vèr skilið »Jesú Krist; hann var borinn á sínum eigin h »er hann fram býðr sinn eigin líkama, og segir: »er minn líkami; því þá bar hann sinn l »sínum höndum«[1].

1) S. Aug. in ps. XXXIII, Serm. I, n. 9.

Það er þessi leyndardómr, sem ber trú herrra Dokt. o *Pètrssonar ofriliði*, og sem hann ekki getr sannfærzt um,

2. Atriði. Um h. messufórn.

S. Páll segir í brèfi sínu til Ebreskra X, 10, 14, 18: »Vèr erum helgaðir með fórnfæringu líkama Jesú »Krists eitt skipti fyrir öll; — því með einni fórn hefir »hann að eilífu fullkomna gjört þá, er helgaðir verða; — »en þar sem þessar (ɔ: syndirnar) eru fyrirgefnar, þar »er ekki framar fórnfæringar þörf fyrir syndirnar«. Það eru þessi orð, er Mótmælendr vanalega bera á móti fórnarlærdómi katólsku Kirkjunnar. Og þó höfundrinn að »Sam.« skírskoti ekki til þeirra, þá fer hann þó þeim orðum, er í raun rèttri innihalda sömu mótbáru, þar sem hann segir: »Þessi lærdómr (ɔ: vor lærdómr um »h. messufórn) er hin ógurlegasta ósvífni, því hann ó»nýtir grundvallarlærdóm kristilegrar trúar, að Kristr sè

---

segir (Prèdik. á. 1856, bls. 250): „þegar Jesús sagði um brauðið: „þetta er minn líkami, og um vínið: þetta er mitt blóð, „þá sat hann enn lifandi hjá lærisveinum sínum, og blóðið rann í „æðum hans. Hann gat því ekki meint líkamlega nautn". Margt væri vissulega athugavert við þessi orð, en það mundi leiða oss of langt frá tilgangi vorum að fara þar um fleirum orðum; vèr leyfum oss að eins að tilfæra enn nokkur orð úr þeim sama stað hjá herra Prófessornum. Hann segir (s. s.): „Enginn af oss, k. „bræðr! er svo fáfróðr, að hann ímyndi sèr, að hann í kvöldmál„tíðinni verði hluttakandi í þeim líkama, sem hèkk á kross„inum, eða því blóði, sem þar út rann". Þessi kenning er flutt fyrir þeim fullorðnu á Íslandi; en í „Lærdómsbókinni" (prent. í Reykjavík, einmitt sama ár sem Prèd. bókin kom út) er börnunum kent, að í kvöldmáltíðinni „verði menn hluttakandi í Jesú Krists „líkama og blóði, sem fórnfært var til friðþægingar fyrir þá. Og í Guðspjallinu sjálfu, sem ræða herra Próf. er út af, stendr: „þetta er minn líkami, sem fyrir yðr verðr gefinn . . . Þessi „kaleikr er nýr sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yðr úthellist" Eg vil að eins biðja lesarann að lesa þessar greinir með athygli, og fella *svo dóm um það*, hvernig þær geta samrímzt sín á milli.

»einn meðalgangari milli Guðs og manna, og kennir, að »friðþægingar- og frelsisverk Drottins hafi ekki verið »nægilegt« (bls. 253). En til þess að sýna, hve þessi mótbára er ástæðulaus, ætlum vèr að útskýra með nokkrum orðum brèfið til Ebreskra og hina sönnu kenningu katólsku Kirkjunnar um fórnina.

Aðalefni brèfsins, er postulinn ritar til hinna Ebresku, er það, að sanna, með því að bera saman bæði sáttmálin hvort við annað, yfirburði hins nýja sáttmáls fram yfir það gamla. Sönnun fyrir yfirburðum og háleitleik nýja sáttmálsins finnr Postulinn einkum þar í, að brenni- og friðþægingarfórnir hins g. sáttmáls þurftu að ítrekast hvert ár, en af því yrði að álykta, að þær ekki hafi haft krapt í sèr til að verka sanna innvortis helgun og rèttlætingu. Öðruvísi — heldr postulinn áfram — er því varið með þá blóðugu fórn Jesú Krists. Hann hefir með því að gefa sig út fyrir oss, eða með fórnfæringu síns h. líkama, fram borið hina eina sönnu og fullgildu friðþægingarfórn, þá fórn, er verkar sanna rèttlætingu og ómælanlegt verð hefir, þar sem gjörvalt mannkynið fyrir þessa fórn kemst í sætt við Guð um aldr og æfi. En sè fyrirgefning syndanna »einu sinni« og »að eilífu« afrekuð með Krists fórnfæringu, sè eilíft sáttmál stofnað með hans dauða á krossinum, þá er enn fremr engin önnur fórn eptir, það er: allar fórnir hins g. sáttmáls, er einungis voru skuggi þeirra tilkomandi gæða, hafa ekki einungis náð fyllingu þeirra í Krists einu fórn, heldr er nú engin önnur fórn nauðsynleg eða möguleg. Þetta er meiningin í Ritningargrein þeirri, er vèr höfum tilgreint.

Hver katólskr maðr hlýtr að viðrkenna, að hèr er *tekin fram* grundvallarsetning gjörvallrar trúarinnar, en

hann er þar að auki sannfærðr um, að þessi grundvallarsetning trúarinnar ekki rýrist í hinu allraminnsta við framburð h. messufórnar. Mótmælendr skilja þetta nú á annan veg. Þeir vitna til Postulans orða á þeim tilgreinda stað því til sönnunar, að í N. T. megi ekki gefast nein óblóðug fórn, og að katólska Kirkjan fari því vill vegar, þegar hún einnig skoði Krists h. Kvöldmáltíð sem fórn, og láti prestinn bera hana fram daglega; menn segja nefnilega: það er ekki nema einn prestr, nefnilega Kristr; það er heldr ekki til nema ein fórn, nefnilega Krists fórn á krossinum, er fram er borin í eitt skipti fyrir öll, og gjörir hvers konar aðra fórn óþarfa. — Ekki þarf katólskum manni hèr að verða svaravant; því í fyrsta máta eiga menn ekki á fyrra staðnum að rannsaka, hvort manni sjálfum þyki óblóðug fórn ónauðsynleg eðr óþörf, heldr eiga menn að spyrja: Hefir Kristr ekki í sannleika innsett viðvarandi fórn í þeirri h. Kvöldmáltíð? Leiti menn svars í h. Ritningu upp á þessa spurningu, þá kennir hún oss í fyrsta máta, að þar segi svo um Krist: »Þú ert prestr að eilífu eptir Melchísedek« (Ebr. V, 6.; Sálm. CIX, 4); Melchísedek fórnaði ekki blóðugri fórn, heldr frambar hann óblóðuga fórn í »brauði og víni« (1. Mós. XIV, 18). Eptir samhljóða trú hinnar kristnu fornaldar var Melchísedek og hans fórn fyrirmynd og táknun Krists og hans fórnar. Eigi nú þessi fyrirmynd að hafa upplýzt í Kristi, þá er það einungis í hinni h. Kvöldmáltíð að þetta á sèr stað, því Kvöldmáltíðin er sú einasta mikilvæga athöfn í Endrlausnarans jarðneska lífi, við hverja hann viðhafði »brauð og vín«. Hafi Kristr í h. Kvöldmáltíð látið Melchisedeks fyrirmynd uppfyllast, hlýtr hin h. *Kvöldmáltíð* að hafa verið sannarleg fórn, at

eins og Melchísedeks athöfn vissulega var sannarleg fórn. — Í annan máta talar Spámaðrinn Malakías (I, 10, 11) um sannarlega og hreina matarfórn, er, eptir að allar fórnir voru af teknar hjá Gyðingum, átti að berast fram í hinum nýja sáttmála á öllum stöðum og á öllum tímum, og getr sömuleiðis þessi spádómr einungis fundið sína uppfyllingu í hinni h. Kvöldmáltíð, eða í þeirri h. messufórn; því einungis með henni halda menn hátíðlega athöfn sjálfs Endrlausnarans, er öll einkenni hefir sannrar fórnfæringar, og einnig er haldin hátíðleg á öllum stöðum, í öllum löndum og á öllum tímum. — Sjálfr Kristr tekr í þriðja lagi fram, að hann undir brauðmyndinni rètti að þeim þann líkama, er verði »gefinn út« eða fórnfært á krossinum, og í kaleiknum það blóð, er fyrir þá skuli »úthelt« og fórnað verða, það er sinn fórnarlíkama og sitt fórnarblóð. — Loksins minnist postulinn Páll einnig á þessa ævarandi óblóðugu matarfórn, þá er hann (Ebr. XIII, 10) segir: »Vèr höfum altarið (fórnarborð, θυσιαστήριον), af hvers fórnum þeir ekki hafa rètt að eta, er í tjaldbúðinni þjóna (ɔ: Gyðingarnir)«; og þá er hann (1. Kor. X, 18) setr það heiðna fórnarborð andspænis því kvöldmáltíðarlega fórnarborði í Drottins Kvöldmáltíð; því hvar gefst eða gafst í allri kristninni nokkur önnur heilög athöfn, er með nokkrú móti get álitizt að vera »fórn«, er menn geti »neytt af«, ef það ekki er hátíðarhald þeirrar h. Kvöldmáltíðar? Frètti menn þá kristnu fornaldartrú um þetta atriði, þá kemr hin háverðuga Kvöldmáltíðarfórn með slíkri samhljóðun hvervetna fram í öllum ritum hinna gömlu Lærifeðra, í öllum hinnar kristnu forntíðar minnismerkjum beinlínis *upp til Postulanna* daga, að hverskonar skynsamlegr efi

hverfr algjörlega. Heiðvirðir menn, t. a. m. hinn h. Jústínus, hinn h. Cypríanus, Tertúllíanus, hinn h. Cyrillus, og fleiri, hafa annaðhvort látið líf sitt fyrir trú sína á Krists einustu fórn á krossinum eða varið þessa trú gegn villukennurum, en um leið minntust þeir ætíð á þá kvöldmáltíðarlegu fórn í þeirri h. Kvöldmáltíð. Þeim hefir vissulega ekki komið til hugar, að menn á seinni tímum og að öldum liðnum mundu gjöra þá undarlegu uppgötvun, að þeir kirkjufeðrnir með þessu hefði rýrt verðleik krossfórnarinnar, eða gjört ráð fyrir, að friðþægingardauði Krists sè ónógt og óviðunanlegt frelsismeðal, eins og höf. að »Sam.« að orði kemst (bls. 253); eða ætla menn að þeim hefði getað komið til hugar, að meira en að fjórtán öldum liðnum skyldu vera þeir menn til, er segði (»Sam.« bls. 251): »Kristin »Kirkja þekti ekkert til þessa lærdóms katólsku Kirkj»unnar eða fórnarþjónustu hennar alt fram að 7. öld«, o: nokkrum öldum eptir lát þessara kirkjufeðra?!!! Tilfærum að eins einn stað úr ritum hins h. Cypríanus': »Ef Jesús Kristr, Drottinn vor og Guð, er sjálfr hæsti »prestr Guðs Föður, og frambar sig sjálfan, sem fórn »Föðurnum, og bauð, að þetta skyldi gjöra í hans »minningu, þá gengr sá prestr sannlega í stað Krists, »er gjörir það, er Kristr gjörði, og hann ber »þá í Kirkjunni sanna og fullkomna fórn fram »fyrir Guð föður«[1]. — Heyrum einnig nokkur orð hins h. Cyrillus' frá Jerúsalem: »Vèr biðjum«, segir hann, »fyrir þeim önduðu feðrum, byskupum og yfir höfuð að »tala fyrir öllum þeim, er andaðir eru, þar sem vèr »trúum því, að í þessu sè fólgin hin mikilvægasta að»stoð fyrir sálir þeirra, er menn þannig halda bæna-

1) S. Cypr. op, LXIII, LIV.

»gjörðir fyrir, meðan hin helga og allra háleitasta »fórn liggr fyrir augum vorum á altarinu«[1].

Þegar nú hin guðlega innsetning h. Messufórnar þannig er útlistuð, kemr það fljótt í ljós, hvaða samband að sé í milli h. messufórnar og krossfórnarinnar. Það liggr einkum til grundvallar fyrir þeirri mótbáru, er að framan er tilgreind, gegn hinni helgu messu, að messufórnin sé alt önnur og frá krossfórninni aðgreind fórn, svo að krossfórnin við messufórnina verði að missa nokkurs af sinni óendanlegu heild og verðleik, er nær til allra þjóða og allra tíma. En þessi skoðun er röng í alla staði. Katólska Kirkjan kendi ætíð og allsstaðar, að alt mannkynið sé endrleyst fyrir Krists einustu blóðugu fórn á krossinum; Kristr hefir nefnilega, er hann gaf út sinn líkama, framborið fullkomna friðþægingarfórn. Frá hans hálfu er endrlausnarverki heimsins »að eilífu« lokið, og var þessarar hans fórnar ómælanlegi verðleiki nægr til allra tíma og allra þjóða. En með því að Kristr hefir afrekað endrlausnina, eru þó ekki allir einstakir menn enn orðnir hluttakandi í henni. Þessi hluttekning í hans friðþægingarfórn fyrir hvern einstakan mann í þeim endrleysta heimi, getr einungis átt sèr stað með því að þeir leitist við að heimfæra til sín og að tileinka sèr krossfórnarinnar óendanlega verðleik, fyrir aðstoð þeirra frelsis- og náðarmeðala er Endrlausnarinn stofnaði og tilskipaði. Mótmælendr sjálfir viðrkenna einnig nauðsynina að tileinka sèr á einhvern hátt Krists endrlausnarverðskuldun, en þá greinir við oss á um máta þessarar tileinkunar og um meðalið til hennar. Eptir þeirra skoðun er trúin það einasta meðal, er maðrinn getr tileinkað með verð-

1) *S. Cyr. Jer.*, Catechesis XXIII.

skuldun Krists endrlausnardauða; katólska Kirkjan kennir þar á móti, að tileinkun endrlausnarnáðarinnar ekki fáist einungis fyrir trúna, heldr að auk hennar útheimtist von og kærleikr sem og lifandi trú. Í þessum sama tilgangi, til þess að vèr gætum orðið aðnjótandi verðskuldunar Krists endrlausnardauða, innsetti hann auk hinna annara náðarmeðala einnig h. messufórn; í henni er hinn sami Kristr, er burt tók syndir heimsins sem fórnarlamb á krossinum, sannlega nærverandi. Hann endrnýjar hèr í hinni h. messu sína verðskuldun, er endrleysti heiminn, og ber hana fram fyrir sinn himneska Föður, upp á það að vèr getum orðið hluttakandi í henni, en ekki til þess að afreka oss nýja endrlausn! þannig fellr sú mótbára, er áðr var tilgreind, um sjálfa sig.

Ef vèr, að öðru leyti, viljum gagnvart þessari mótbáru taka skýrara fram þær einstöku setningar, þá er h. messufórn 1. ekki annað en krossfórnin, þær eru báðar ein og hin sama fórn, því í þeim báðum fórnfærir Kristr sjálfum sèr. Hèr af leiðir þá 2., að h. Messufórn verðr ekki aðgreind frá h. krossfórn; messufórnin stendr í nauðsynlegu sambandi við krossfórnina, hún er lifandi og leyndardómsfull afmálun krossfórnarinnar, og hún fær allan sinn krapt og verðleik frá krossfórninni, sem sinni uppsprettu; 3. fer engin ný endrlausn fram með Messufórninni; við Krists fórn er engu aukið, en ávextirnir af þessari einu blóðugu fórn eiga með hennar óblóðugu endrnýjun og afmálun í hinni h. messu, að geta heimfærzt til vor og vèr orðið þeirra aðnjótandi. 4. Kristr er líkasti prestr hins nýja sáttmála, því eins og hann sjálfr er í þeirri h. messu fórnargáfan, þannig er hann einnig sjálfr

hinn fórnandi eða fórnarprestr. Kirkjunnar vígði prestr embættar og fórnar ekki í sínu eigin nafni, heldr, í nafni Krists og í Krists umboði; hinn dauðlegi prestr rekr því embætti sitt í annars stað, en sá í sannleika verkandi og fórnandi prestr í messunni er Jesús Kristr sjálfr. Þetta verðr allraljósast í hinni h. messu á hinni heilögu stundu breytingarinnar og sjálfrar fórnarinnar. Hèr segir prestrinn ekki: »þetta er Krists líkami«, »þetta er Krists blóð«, heldr segir hann: »þetta er minn líkami«, og: »þetta er mitt blóð«, af þeirri ástæðu, að hann hèr stendr og talar í Krists nafni og í hans stað. Af þessu er það auðsèð, hve höfundrinn að »Sam.« þekkir lítið til hinnar sönnu kenningar katólsku Kirkjunnar, eða hve hann lýsir henni ranglega, þar sem hann segir (bls. 249), að »hinn katólski klerkdómr í »messufórniuni gjöri sig að friðþægjara og meðal»gangara milli Guðs og manna!!«.

Loks viljum vèr enn gjöra þá athugasemd, að hinn h. Krysostomus gjörði sèr þegar á sinni tíð († 407) þessa sömu mótbáru, þá er hann í útskýringum sínum þýddi þann tilgreinda Biflíustað, og hann rekr þessa mótbáru á sama hátt, og það gefr oss hinn fegrsta vitnisburð um kenningu katólsku Kirkjunnar um þá Kvöldmáltíðarlegu fórn í hinni h. Messu. »Hvernig stendr þá »á því«, spyr hann, »fórnum vèr þá ekki hvern dag? »Já, sannlega fórnum vèr, en vèr fórnum til endrminn»ingar um Hans dauða, og þessi fórn er ekki nema »ein; það eru ekki margar fórnir, því hún var borin »fram einu sinni fyrir öll; það er afmálun af hinni blóð»ugu fórn í dauðanum, já hún er það einmitt sjálf; því »vèr fórnum ætíð hinu sama fórnarlambi, ekki einu hèr »*og öðru þar*, nei, í engan máta, heldr ætíð og alls-

»staðar einu og því sama fórnarlambi. Þess vegna »höfum vèr einungis eina fórn; eða leiðir það af því, »að hún er borin fram á mörgum stöðum, að það sè »fleiri en einn Kristr til? Nei, í engan máta; eins og »hann því, þó hann sè fram borinn á mörgum stöðum, »þó er einungis einn líkami og ekki margir líkamir, »þannig er og fórnin ekki heldr nema ein«.

3. Atriði. Um nautn hinnar h. Kvöldmáltíðar í hvorritveggja mynd.

Mótmælendr, er kenna, að það sè nauðsynlegt að neyta h. Kvöldmáltíðar í hvorritveggja mynd, koma fram með þessi orð Frelsarans: »drekkið allir hèr af« (Matt. XXVI, 27). En (að eg nefni nú ekki annað) athugandi er, að þessi orð voru sögð einungis við Postulana, er voru þá einir viðstaddir, og voru þá innsettir prestar o: fórnfærarar, og áttu þess vegna að neyta fórnarinnar, það er, líkama og blóðs Drottins í hvorritveggja mynd; þar fyrir var orðum Frelsarans jafnskjótt fyllilega fullnægt með því að, eins og h. Markus bætir við, »þeir drukku allir þar af« (Mark. Guðsp. XIV. 23). Þannig getr engan veginn dregizt úr þessum orðum boð fyrir alla kristna menn að neyta h. Kvöldmáltíðar í hvorritveggja mynd, eins og Prótestantar hafa sjálfir játað[1]. Satt er það, að þá er Jesús Kristr lofaði þessu h. Sakramenti þeim, er á hann trúðu, þá lofaði hann þeim með berum orðum bæði líkama og blóði sínu (Jóh. Guðsp. VI); en til þess er alls eigi nauðsynlegt að meðtaka hvoratveggja mynd, af því að líkami og blóð Frelsara vors eru í

1) Sjá Leibnitz, syst. theol. p. 254 sqq. — Kuinoël, comm. in libros N. T. hist. Matt. c. XXVI, 27, 28, o. s. frv.

heild þeirra í hvorri mynd fyrir sig; og það er það, er höfundrinn að »Sam.« neitar ekki sjálfr, það, er margir prótestantar játa og jafnvel breyta eptir með því að úthluta sakramentinu í annari mynd eptir vissum kringumstæðum[1]. Þannig segir einnig kirkjufundrinn í Tríent (sess. XXI, cap. 2): »Sá, er sagði: »Ef þèr etið »ekki hold Mannsins, og drekkið ekki hans blóð, hafið »þèr ekki líflð í yðr« (Jóh. Guðsp. VI, 53), hann sagði einnig: »Ef nokkur etr af þessu brauði, hann mun lifa »til eilífðar« (51). Sá, er sagði: »Hver, sem etr mitt »hold og drekkr mitt blóð, sá hefir eilíft líf« (54), hann »sagði einnig: »það brauð, er eg mun gefa, er mitt »hold, er eg mun gefa heiminum til lífs« (51). Loks»ins, sá er sagði: »Sá, er etr mitt hold, og drekkr »mitt blóð, sá er í mèr og eg í honum« (56), hann »sagði þó sjálfr: »Sá, er etr þetta brauð, mun lifa að »eilífu« (58). Það hefir aldrei verið álitið boð Drottins, að kristnir menn skyldu neyta hvorrartveggja myndarinnar, af því að því hefir jafnan verið trúað, og það jafnan kent í Kirkjunni alt frá upphafi hennar, að Jesús Kristr sè allr í mynd brauðsins og allr í mynd víns-

1) Georg. Callixtus, disp. c. comm. — Kemnitius, exam. cons. trid. p. 2 t. 1. — Conf. Wittemb. art. d. Euch. — Synode de Poitiers, 1560, ch. XII, t. de la Cène, art. 7. — Synode de la Rochelle, 1571, art. de la Cène. — Lúter sjálfr sagði þessi orð: „Ef „nokkur kirkjufundr skipaði eða leyfði hvoratveggja myndina, „þá mundum vèr, þrátt fyrir skipun eða leyfi fundarins, ekki með„taka nema aðra myndina, eða og hvoruga, en formæla þeim, er „mundu neyta hvorrartveggja“ („Christliche Weise Mess zu halten“, Wittemb., Th. 7., s. 367. b.). Er það ekki enn fremr auðsætt af slíkum orðum Lúters, að það var ekki andi Guðs, nè áhugi fyrir hinum hreina lærdómi Evangelii, er rèð í honum, heldr miklu fremr *andi mótspyrnu og* streitu móti katólsku Kirkjunni?

ins, og að trúaðir þar fyrir fyllilega fullnægi boði Drottins, það er, meðtaki Krist allan eða líkama hans og blóð, í hverri mynd sem þeim er veitt það. Þannig segja þeir, hinn h. Krysostomus, hinn h. Ágústínus, hinn h. Hieronymus og fleiri, í útskýringum sínum yfir þenna stað, að Kristr sjálfr hafi ekki veitt nema aðra myndina, o: mynd brauðsins, lærisveinunum frá Emaus (Lúk. XXIV, 30, 31); og er það annars ljóst af orðum Guðspjallsins sjálfs. Það stendr einnig ritað í h. Ritningu (Post.grnb. II, 42) um kristna í Jerúsalem, að »þeir höldu sèr stöðuglega við kenningu Postulanna, og í samneyti, og í BROTNINGU BRAUÐSINS, og í bænahaldi«[1]. Hinn h. Páll segir einnig í 1. brèfi sínu til Korintumanna, XI, 27.: »Hver sem etr þetta brauð EÐA drekkr af kaleik Drottins óverðuglega, sá verðr sekr við líkama Drottins og blóð[2]. Þessir staðir sýna ljóslega, að það

1) Í útleggingu þessa staðar er hèr farið beinlínis eptir orðum frumritsins; en þeir herrar, Prof. og Dr. P. Pètrsson og S. Melsteð þýða þenna stað þannig, (og fylgja í því Reykjavíkr- og Viðeyjarútgáfum): „Höldu þeir sèr stöðuglega við Postulanna kenningu í félagskap, SAMNAUTN og bænahaldi"; þetta er algjörlega rangt, en einkum af því að þeir þýða hin gríska orð: „τῇ κλάσει τοῦ ἄρτου", með: „SAMNAUTN"(!!). Þessir herrar hafa ekki í þessu fylgt öllum hinum íslenzku útgáfum, (nè öðrum prótestantiskum útgáfum á dönsku og frönsku, nè heldr biflíu Lúters á þýzku), er allar þýða rètt og hafa: „BRAUÐSINS BROTNINGU". Er það til þess að þýða þannig, að „prótestantiska Kirkjan gjörir (eins og sagt er í „Sam." bls. 154, 155) fyrst og fremst þá krúfu til guðfræðinga sinna, að þeir geti rannsakað Ritningarnar í hinni upphaflegu mynd, og þess vegna að þeir kunni frumtungurnar, sem Ritningin er rituð á?" Eða af hverju kemr það, að þessir herrar fylgja ekki frumritinu, þar sem þeir þó eiga að skilja það. — 2) Í grískunni stendr: ἢ πίνῃ, o: EÐA drekkr; þannig þýðir biflía Lúters á þýzku, og aðrar prótestantiskar útgáfur á dönsku og frönsku; *en allar íslenzkar* útgáfur hafa: „OG" fyrir „EÐA", og

var ekki álitið nauðsynlegt á tímum Postulanna að ne hvorrartveggja myndarinnar, og jafnvel, að Postular sjálfir höfðu þá venju að úthluta sakramentinu í ei mynd, eða að minsta kosti, að þeir úthlutuðu því o lega þannig. Það er líka ljóst af allri sögu Kirkjunn — og um þetta eru vottar Tertúllíanus[1] á 2. öld, Díonysíus frá Alexandríu[2] og h. Cyprianus[3] á 3. öld, Basilíus hinn mikli[4] og h. Krysostomus[5] á 4. öld, o. frv., — að hið h. Altarissakramenti var geymt einun í mynd brauðsins í bænahúsum og öðrum heimahúsu hjá hinum fyrstu kristnu, svo að þess yrði neytt, eigi væri við almenna þjónustugjörð, og svo að því y úthlutað veikum mönnum, er aðfram væri komnir. annan stað var þá sú venja, að veita hið h. Altari sakramenti í einni mynd ungum börnum, þá er þ voru skírð, og var það einn dropi úr kaleiknun Vèr sjáum einnig af ritum hins h. Leós mikla og hi h. Hieronymus', að það var þá frjálst mönnum að ne annaðhvort hvorrartveggja myndarinnar, eða að eins an arar[7]. Höf. að »Sam.« (bls. 242, 243) játar, að þ hafi opt komið fyrir í fornkirkjunni, að menn hafi ne að eins einnar myndar; hann bætir einungis við, að þ »sanni alls ekki það, sem Katólskir vilja«; en það san ar það fyllilega, þar sem Katólskir draga út úr þessu

---

þessu ótilhlýðilega dæmi fylgja þeir herrar, Próf. og Dr. P. Pètrs og S. Melsteð í Oxforðsútgáfu þeirra. Er það einkenni hreinski innar að breyta þannig Guðs orði, þá er það gagnar kenningu k ólsku Kirkjunnar?

1) ad uxor., l. II, c. 5. — 2) ap. Euseb. l. IV., c. 44. — Serm. de lapsis. — 4) ep. ad Cæsariam Patr. — 5) ap. Sozom. VIII, c. 5. — 6) S. Cypr. Serm. de lapsis. — 7) S. Leo. Serm. *de Quadrag.* — S. Hier. ap. pro lib. c. Jov.

eins það, að nautn sakramentisins í báðum myndum hafi ekki verið skoðuð sem nauðsynleg í fornkirkjunni.

Alt það, er hèr að framan hefir sagt verið, sýnir, að þetta efni alls ekki er neitt atriði trúarinnar sjálfrar, heldr að eins kirkjuaga, og að það stendr meðal þeirra hluta, er Drottinn fal Kirkjunni á hendr að laga, eptir því sem kringumstæður og velferð kristninnar mundu heimta það. Það er einnig auðsèð, að enginn af þeim kristnu, er trúa því, að Jesú líkami og blóð sè sannarlega til staðar í hinni h. Kvöldmáltíð, þarf að vera hræddr, þó hann neyti að eins annarar myndarinnar, því hann meðtekr alt það, er verulegt er í þessu h. Sakramenti, o: líkama og blóð Jesú Krists með allri fyllingu náðar hans. Þessi er hinn fyrsti grundvöllr, er Kirkjan byggir á, þá er hún lýsir því yfir, að menn geti tekið á móti þeirri helgun, er þessu sakramenti er ætlað að veita, með því að neyta að eins myndar brauðsins. En þó Kirkjan þannig hafi skipað, að trúaðir skuli neyta að eins þessarar einu myndar, þá kemr það ekki til af því, að henni þyki lítið koma til hinnar myndarinnar, — nè af því, að hún »líti ekki á það, hvort setningar hennar eru samkvæmar Guðsorði í h. Ritningu eða ekki«, og »hirði alls ekkert um, þó þær sè þvert á móti tilskipunum Krists sjálfs« (Sam. bls. 240, 241), eins og sýnt hefir verið að framan, — nè af því, að »hún eigni sèr myndugleika til, að setja lærdóma og lög eptir velþóknun« (s. s.), sem ekki er satt, — nè af því að hún vilji »leggja bannfæringu yfir aðra fyrir það, að þeir vilja fylgja tilskipun Drottins« (bls 244), sem ekki hefir sett slíka tilskipun, eins og að framan er sýnt, — heldr hefir hún gjört það einungis til þess

að koma í veginn fyrir það lotningarleysi, er leitt hefir af þeim tvístringi og skeytingarleysi, er á hinum seinni tímum hefir rutt sèr til rúms meðal þjóðanna, jafnframt og hún geymir sèr að taka sakramentið upp aptr undir þeim tveimr myndum, þegar þetta mætti virðast að vera til eflingar friðarins og einingarinnar og til velferðar kristninnar.

Hèr er eptir að athuga tvent, er höfundrinn að »Sam.» kemr fram með. 1. Hann ímyndar sèr (bls. 242), að 4 Páfar, er hann nefnir, og margir kirkjufundir, á Spáni, á Frakklandi og á Englandi, er hann nefnir ekki, hafi »dæmt það villulærdóm og afbökun sakramentisins, að draga kaleikinn undan í altarisgöngunni«. En vèr höfum sýnt að framan, að það sè engin tilskipun Drottins til að neyta hvorrartveggja myndarinnar, og að fornkirkjan alt frá tímum Postulanna hafi haft þá sömu kenningu, og þannig getr hvorki verið talað hèr um »villulærdóm» nè um »afbökun« sakramentisins. Eða þá, ef það, er höfundrinn ber fram, á að vera satt, hvers vegna hefir hann ekki tilfært eitt orð frá þessum 4 Páfum og af þessum mörgu kirkjufundum? Þangað til hann hefir tilfært þessi orð og sýnt, að þau sanni mál sitt, þá verðr hann að leyfa oss að trúa því, að þessi hans mótbára sè að eins eintómt hugsmíði. 2. Höfundrinn (bls. 239) kemr enn fremr fram með það, að kirkjufundrinn í Kóstnitz, 1415, hafi »þrátt fyrir« innsetningu Krists og sið fornkirkjunnar, skipað að »deila brauðinu einu öllum leikmönnum«; en þetta eru ber ósannindi, því kirkjufundrinn segir einungis, að þó Jesús Kristr hafi innsett hið h. Kvöldmáltíðar-sakramenti og úthlutað því um kvöldið og *undir máltíðinni*, þá hafi þó Kirkjan fylgt og fylgi

þeirri fornu venju, að menn neyti sakramentisins á morgnana og fastandi, en ekki á kvöldin eptir máltíðina. Hefir höfundrinn nokkurn tíma lesið gjörðir þessa kirkjufundar?

4. grein.

Um Skriptasakramentið.

Ljúkum upp h. Ritningu og athugum, hvað þar er kent áhrærandi myndugleika þann, er veittr hefir verið Postulunum, sem og eptirrennurum þeirra o: byskupunum og prestunum, til að fyrirgefa syndirnar í nafni Drottins. Athugum þau orð, er Jesús Kristr viðhefir, er hann tilkynnir Postulum sínum, að hann veiti þeim þenna allsherjar myndugleika: »Eg segi yðr fyrir sann, að hvað þér bindið á jörðu, skal á himni bundið vera, og hvað þér leysið á jörðu, skal á himni leyst vera (Matt. XVIII, 18). Og eptir upprisu sína frá dauðum, og í því hann ætlaði að stíga upp til himna til Föður síns, er hafði sent hann í heiminn, fal Drottinn vor og Endrlausnari Postulum sínum hátíðlega á hendr þenna myndugleika til að leysa og binda syndirnar, til að opna og aptrlykja dyrum himnaríkis. »Eins og Faðir minn sendi mig, eins sendi eg yðr« segir hann og eptir að hann hafði sagt þessi orð, blés hann á þá og sagði: »Meðtakið H. Anda, hverjum sem þér fyrirgefið syndirnar, þeim eru þær fyrirgefnar, og hverjum sem þér aptrhaldið þær, þeim eru þær aptrhaldnar« (Jóh. Guðsp. XX, 21, 22, 23). Postularnir eru skipaðir dómarar, og það allsherjardómarar samviznanna; sú aflausn, er þeir veita í nafni Drottins, afrekar beinlínis Guðs náð sjálf, og Jesús Kristr undantekr ekki neina *synd*, en orð hans eru almenn, og að

myndugleiki, er hann gefr lærisveinum sínum, er óbundinn: lærisveinarnir skulu hafa myndugleika til að fyrirgefa hvers konar syndir. Þetta er skýrt ákveðið í orðum Frelsarans. Hèr er að athuga: 1. að Frelsarinn segir ekki í þeim áðurnefndu Biflíustöðum: »hverjum sem þèr BOÐIÐ, að syndir þeirra hafi áðr verið fyrirgefnar«, nè: »hvað þèr BOÐIÐ að leyst sè«, eins og Mótmælendr segjast gjöra, heldr segir hann beinlínis: »hverjum sem ÞÉR FYRIRGEFIÐ syndirnar«, og »hvað ÞÉR LEYSIÐ«. — 2. Að það er ekki katólska Kirkjan, er »setr sig í Guðs stað, hrífr sèr valdið til að fyrirgefa syndirnar og gjörir sig að dómara yfir hjarta og samvizku manna«, eins og höf. að »Sam.«, bls. 219, vill láta menn halda, heldr er það Drottinn, er sjálfr fal Kirkju sinni á hendr vald til að leysa og binda, fyrirgefa syndirnar eðr aptrhalda þeim í nafni hans, og eins og hann gjörði það sjálfr. — 3. Að það, sem höfundrinn gefr í skyn (bls. 222), að syndalausnin sè í katólsku Kirkjunni »dómsúrskurðr prestsins í hans eigin nafni«, er einmitt hlægileg ímyndun höfundarins sjálfs. Allt það, er sagt er í þessari grein, sýnir ljóslega, að katólska Kirkjan trúir ekki því, er höfundrinn vill láta sýnast svo sem hún trúi. Hver er að öðru leyti sá maðr undir sólinni, er gæti fengið af sèr að trúa því, að slèttr og rèttr maðr geti fyrirgefið syndirnar í sínu eigin nafni? Vissulega enginn. Því fer fjarri að prestrinn fyrirgefi í sínu eigin nafni, heldr fyrirgefr hann í nafni Drottins, er veitir honum myndugleika til að leysa og binda, fyrirgefa og aptrhalda, í stað hans. Eins og vèr sjáum í h. Ritningu, að það hefir opt átt sèr stað, að Guð hefir kosið sèr menn sem verkfæri sín, til að kalla *dauða menn* til lífs aptr, svo er það einnig í Skripta-

sakramentinu, að Guð hefir prestinn sem verkfæri sitt til að fyrirgefa syndirnar og þannig að kalla syndarann frá andlegum dauða aptr til lífs náðarinnar.

Kirkjan hefir jafnan og alt frá upptökum hennar tekið þau tilgreindu Ritningarorð fyrir innsetningarorð Skriptasakramentisins. Það segir að vísu í »Sam.« bls. 217, að Pètr Lombardus hafi fyrstr sett skriptir í röð við hin Sakramentin. Vèr biðjum lesarann að lesa það, er sagt hefir verið um Sakramenti yfir höfuð, bls. 178. En menn verða að gæta þess, að Pètr Lombardus dó eptir miðju 12. aldar, á. 1164; en aptr á móti sjáum vèr, að þá þegar í byrjun 11. aldar, og jafnvel fyrr, er kristin trú var staðfest hèr á landi, höfðu kristnir menn 7 Sakramenti, og þar á meðal Skriptasakramentið; sjá kirkjusögu Íslands eptir Finn Jónsson v. 1., per. 2.; þegar Finnr ritaði sögu sína, voru Mótmælendr enn eigi búnir að finna það upp, að Pètr Lombardus hefði fyrstr sett skriptir í Sakramentaröð. Það á hèr að öðru leyti vel við að taka hèr fram meiningu Lúters sjálfs og Melanchtons, þessara fyrstu höfunda siðabótarinnar, um þetta sakramenti. Lúter segir skýrt í prèdikun sinni »um Skriptasakramentið« á. 1518 o: á 2. ári siðabótarinnar: »Hinn rètti, já, hinn einasti vegr, og hið rètta, »hið einasta meðal til að hreinsa sig frá saurindum synd»anna, er hið háleita, náðarfulla og heilaga Skripta»sakramenti, er Guð innsetti öllum syndurum til hugg»unar og hugsvölunar, þar sem hann, til hreinsunar gjör»vallrar kristilegrar Kirkju fal lyklana h. Pètri í hendr og »sagði (Matt. XVI, 19): Hvað sem þú bindr á jörðu o. s. »frv.[1]«. Melanchton fer einnig, þar sem hann tekr mál-

1) Að Lúter hafi einmitt gagnstætt þessum orðum kallað Skriptasakramentið „*kvalabekk sálnanna*“, eins og segir í „Sam.“ bls.

stað Augsborgarjátningarinnar, art. VII, bls. 200, (ed. ls
þessum orðum: Þannig eru sannarleg Sakramenti skí
»Kvöldmáltíð Drottins og Aflausn, sem er Skript
sakramentið«.

Þá er Kristr innsetti þetta sakramenti, mintist hai
ekki á syndajátninguna, að minsta kosti ekki í þei
orðum, er Guðspjallamaðrinn hefir upptciknað eptir hoi
um; þess gjörðist heldr ekki þörf, því syndajátning
átti sèr þegar stað og tíðkaðist almennt meðal Gyðing
hún er líka með berum orðum fyrirskipuð í lögum Mó
sis. Vèr lesum í 4. Móísisbók, 5. kap. 7. v.: »Guð ta
aði til Móísis og sagði: Seg þú börnum Ísraels, að þe
ar maðr eða kona gjörir sig seka í einhverri þeirri syn
er almennt viðgengst meðal manna, og brjóta gegn Guð
og drýgja einhverja yfirsjón, svo skulu þeir játa þá syn
er þeir eru orðnir brotlegir í«. Gætið að því, að Ritn
ingin segir ekki, að þeir skuli játa syndir sínar me
almennum orðum, eins og Mótmælendr vilja hafa þai
en þeir eiga að játa og viðrkenna það afbrot, er þe
hafa gjört sig seka í, og einmitt þetta lýtr auðsjáanleg
að sèrstaklegri og einskorðaðri syndajátningu. Það e
nauðsynlegt að bera þenna tilvitnaða Ritningarstað sam
an við orðin í 3. Móís.bók 5. kap. 5. v.: »Hafi einhve
drýgt einhverja af þessum syndum, þá skal hann ját
þá synd, er hann er orðinn sekr í«. En fyrir hverjur
átti þessi játning að fara fram? fyrir prestinum, ein
og allt samhengið í textanum vottar, og ljóslega sann
ast af sögninni hjá Gyðingum. Í hinum h. texta e
því bætt við, að syndarinn skuli, eptir að hann er bú
inn að játa synd sína, bera fram fórnargáfu, að prest

221, það er engin furða; en þetta sannar að eins það, að Lúte
hafi eigi hikað sèr við að segja um sama mál sitt í hverju orði.

arnir eigi að biðja fyrir honum og vegna syndar hans, og að syndin skuli vera honum fyrirgefin (3. Móisisb. V, 6). Postularnir þektu þetta boðorð um syndajátninguna; þeir vissu, eins og samtíðarmenn þeirra, að engin sönn iðrun er til án bljúgrar og einlægrar syndajátningar, og að öðru leyti, og með því að halda sér einungis til orðanna, er vér höfum tilgreint og vitnað til, géta menn fyllilega sannfærzt um, að Drottinn vor heldr fram boðinu um syndajátninguna, og staðfestir nauðsyn hennar. Hann setr Postulana og um leið alla þá, er tæki við prestsembættinu eptir þá og af þeim, fyrir dómendr samvizknanna, fær þeim í hendr vald og myndugleika til að leysa og binda, til að fyrirgefa og til að aptrhalda þeim syndum, er, um leið og þær saurga manninn, halda honum í ánauð, undir oki hins vonda. En hvernig getr nokkur dæmt um það, er hann ekki þekkir? Hvernig farið með það vald að fyrirgefa og aptrhalda syndunum, eins og vera ber, nema hann viti, hverjar syndirnar eru? En hvernig getr nokkur vitað, hverjar þær sé, nema syndarinn játi þær og skýri frá þeim? Þar eð prestarnir hafa vald til að leysa og binda, þá hljóta þeir að gjöra greinarmun á þeim syndum, er þeir eiga að leysa, og þeim, er þeir enn eiga að halda bundnum; þeir eru dómendr, og þar fyrir er það skylda þeirra að fella réttan og óvilhallan dóm, en til þess útheimtist sem nauðsynlegt skilyrði, að þeir þekki það mál, er þeir eiga að dæma; þeir eiga að leysa og binda eptir því sem ástatt er fyrir þeim, er beiðist hjálparmeðals gegn syndinni, en þeir geta ekki vitað, hvernig standi á fyrir syndaranum, nema af játningu hans, og eigin meðkenningu; hann þekkir einn sín eigin áform, sinn *innra mann*, og þau fylgsni, þar sem syndin dylr

það, er lakast er, því það útvortis í verknaðinum er ekki aðalatriðið í syndinni. Það er þá óumflýjanlega nauðsynlegt, að hinn sanniðrandi maðr játi synd sína, og láti þann, er á að dæma hann, sjá vonzku syndarinnar, eins og hún er í raun og veru, hvort heldr hann gjörir það í heyranda hljóði, eða heimulega. Það er hèr er sagt, eru sannindi, er ekki verðr á móti haft.

Að öðru leyti er kenning Jesú Krists ekki danðr bókstafr, og það er alls ekki einungis í Ritningunni einni, að menn eiga að leita að fullri og algjörðri skýringu hennar. Kristr hefir með kenningu sinni stofnað samfèlag, hvers líf og ódauðlegi næringarvökvi hún er. Það er hjá þessu samfèlagi, eins og það hefir komið í ljós frá því er það fyrst hófst, að menn eiga að leita eptir rèttum skilningi á lærdómum og kenningu Frelsarans, og að áreiðanlegri þýðingu og óyggjandi útlistun á orðum Ritningarinnar. Nú stendr það stöðugt, að það samfèlag, er hinn guðlegi Höfundr kristninnar stofnsetti, hefir jafnan trúað á nauðsyn syndajátningarinnar, og lagt sama skilning í Skriptasakramentið, er vèr leggjum í það enn í dag. Látum oss taka og íhuga nokkur dæmi frá fyrstu tímum kristninnar, til þess vèr getum enn betr einskorðað kenninguna og lærdóm katólsku Kirkjunnar að því leyti snertir þetta mikilvæga atriði. Hèr mætir oss þá fyrst vitnisburðr eins af lærisveinum Postulanna, þ. e., hins h. Clemens frá Rómaborg † á. 100. Látum oss athuga það, er stendr í broti því, er vèr höfum úr brèfi hans til hinna kristnu í Korintuborg: »Iðrumst af »öllu hjarta meðan vèr erum enn í heimi þessum, hverf»um frá hinu illa, er vèr höfum drýgt háðir holdinu, »svo vèr getum öðlazt sáluhjálp Drottins, á meðan vèr »*enn höfum* tíma til að gjöra iðrun og yfirbót, því þegar

»vèr erum komnir úr þessum heimi, þá getum vèr hvorki »framar játað syndir vorar nè gjört iðrun«[1]. Þessi helgi Páfi tekr hèr augsýnilega fram, sem alkunnugt og viðtekið í allri kristninni, að syndajátningin sè nauðsynleg, og verulegt atriði iðrunarinnar. — Tertúllíanus kemst, áðr en hann gekk villumeiningum Montanista á hönd, þannig að orðum í sinni fögru ritgjörð »um iðrunina«, hvar í hann hvetr þá, er fallið hefði í einhverja synd eptir að hafa hlotið skírn, til að játa syndir sínar, og minnir þá skorinort á, að þetta sè sá eini vegr til þess að geta öðlazt fyrirgefningu synda sinna: »Eg gjöri ráð »fyrir, segir hann meðal annars, »að allr þorri manna »vilji hliðra sèr hjá því að játa syndir sínar, af því að »þeir eru hræddir við að koma því upp um sig, að þeir »láti sèr vera annara um sitt útvortis álit en um sína »sáluhjálp. En hvern hag getum vèr haft af því, að »blygðast við að játa syndir vorar? Getum vèr dulið »þær fyrir Guði, þó vèr getum dulið þær fyrir sjónum »manna? Er það þá betra að verða fyrirdæmdr fyrir »einhvern glæp, er manni hefir tekizt að draga dul yfir, »en að verða hèr í heimi sakfeldr, af því maðr hefir »játað hann?«[2]. Er það mögulegt að koma kröptuglegar orðum að nauðsyn syndajátningarinnar? — Hinn h. Cypríanus, er ljós var og sómi Kirkjunnar í Afríku á 3. öld, minnist optar en einu sinni á þann myndugleika, er prestunum er veittr af Jesú Kristi, til að fyrirgefa syndirnar undir því skilorði, að þeir, er syndgazt hafa, játi þær með bljúgu og auðmjúku hjarta. Í sinni mælsku ritgjörð um hina trúuðu, er höfðu ratað í það mótlæti, að kasta trúnni, meðan stóð á ofsóknum Decíusar keisara, fer þessi h. byskup, þá er hann er bú-

1) ep. II, c. IX. — 2) l. de pœnit. c. X.

inn skorinort að átelja þá, er ekki gjöri iðrun, þessum orðum: »Hversu miklu lofsverðari, fyrir trú sína og ótta »fyrir dómi Drottins, eru þeir, er, enda þó þeir ekki »hafi gjört sig seka í skurðgoðafórnum, nè fengið yfir»valds vottorð um að hafa gjört það, heldr einungis af »því þeim hefir dottið í hug að gjöra það, koma og »játast fyrir prestum Drottins með angri og einlægni, »opna fyrir þeim fylgsni hjarta síns, lètta á sèr byrðinni, »er liggr þeim á hjarta, og leita sèr sáluhjálplegs með»als við sárum sínum, þótt þau sè hvorki mikil nè hættu»leg, vitandi, hvað skrifað stendr: »Guð lætr ekki að sèr »hæða«. Eg grátbæni yðr því, mínir elskulegu bræðr, »að sèrhver yðar játi sína synd, á meðan hann enn er »í þessum heimi, og á meðan tekið verðr á móti játn»ingu hans, á meðan sú fullnustugjörð, er hann gjörir, »og sú aflausn, er honum veitist af prestinum, er Guði »velþóknanleg«[1]. Mundi nokkur byskup á vorri nítjándu öld, er hann ritar mönnum í sínu byskupsdæmi út af nauðsyn syndajátningarinnar, fara öðrum orðum en þessi h. byskup fór þegar á 3. öld um þetta mál?

Þessi vottorð nægja, að eg ætla, til þess að sannfæra hvern þann, er ekki er háðr þeim hleypidómum, er ekki verðr bót mæld, um það, að Kirkjan hefir frá fyrstu tímum kristninnar lagt þann sama skilning í Skriptasakramentið, og tíðkað það eins og vèr enn þann dag í dag skiljum og tíðkum það, einungis með þeim greinarmun, er snertir að eins hina ytri og kirkjusiðalegu hlið málsins, þá nefnilega, að syndajátningin upphaflega fór stundum fram í heyranda hljóði, að minsta kosti hvað snerti nokkrar sèrstaklegar syndir, og að fullnustugjörðarverkin voru miklu þyngri þá en nú á dögum. — Alt

1) *l. de lapsis*, c. XXVIII, XXIX.

það, er vèr höfum hèr tekið fram um þetta efni, nægir vissulega til að sannfæra menn um, að höfundrinn að »Sam.« hefir hèr eins og allsstaðar rangfært kenningu vora. Vèr tökum að eins enn eitt orð úr bók hans. Hann segir bls. 221: »það er ómögulegt manninum að telja upp allar syndir». Já opt getr það átt sèr stað, að maðr geti ekki talið upp allar syndir sínar, það er satt, en þess gjörist heldr ekki þörf, því eins og segir í kirkjufundinum í Tríent (Sess. XIV. cap. 5) útheimtist ekki annað til sannrar syndajátningar, en að maðrinn játi með iðrandi og auðmjúku hjarta þær syndir, er hann eptir nákvæma rannsókn samvizku sinnar hefir fundið sig seka í.

5. grein.

Um hina Síðustu Smurningu.

Katólskir trúa því, að hin Síðasta Smurning sè sannarlegt sakramenti, er Frelsari vor hafi innsett og stofnað. Heyrið orð Postulans, er komin eru til vor, og boða oss og birta guðlega stofnun hinnar Síðustu Smurningar: »Sè einhver veikr yðar á meðal, þá kalli hann til sín presta Kirkjunnar, og þeir biðji yfir honum[1],

1) Í grískunni stendr: ἐπ' αὐτὸν, þ. e. yfir honum. Þannig þýða biblía Lúters á þýzku, allar hinar eldri útgáfur á íslenzku, sem og aðrar prótestantiskar útgáfur á dönsku og engelsku; en þeir herrar Próf og Dr. P. Pètrsson og S. Melsteð í Oxfordsútgáfu þeirra hafa: „fyrir honum“, eins og það væri á grísku: ἐπ' αὐτῶ, en þetta finst hvergi í frumritinu. Það er hörmulegt að sjá, að þessi Oxfordsútgáfa, er ætti að vera nákvæmari og betri en allar hinar, er þó öldungis röng á svo mörgum og mikilvægum stöðum. Hèr t. a. m., segja Katólskir, með því þeir fara beinlínis eptir þessum áðrnefndu orðum hins h. Jakobs, að þegar einhver kristinn maðr *er sjúkr, eigi prestrinn* að smyrja hann helgaðri olíu í nafni Drott-

smyrjandi hann viðsmjöri í nafni Drottins; og bæn trúarinnar mun frelsa hinn sjúka, og Drottinn mun viðrètta hann, og hafi hann drýgt syndir, munu þær verða honum fyrirgefnar (Jak. V. 14—15). »Þessi orð«, bætir Kirkjufundrinn í Trient við, »eins og Kirkjan hefir numið af hinni postullegu traditíón, er gengin er frá manni til manns, segja oss frá efni, formi, þénara og verkun þessa sáluhjálplega sakramentis«. Það er þessi postullega traditíón eða munnlega kenning Postulanna (er ávalt lifir og hefir geymzt í brjósti hins sanna trúarfèlags, er runnið er upp af blóði Jesú Krists), er staðfestir og einskorðar, hver sè rèttr skilningr á ritum Postulanna og annara Rithöfunda, þeirra er haft hafa guðlegan innblástr; og einmitt þessi munnlega kenning, er gengin er frá einni kynslóð til annarar fyrir aðstoð H. Anda, er líf er og andi Kirkjunnar, hefði nægt, þó Postularnir hefði ekkert ritað, til þess að útskýra kenningu Frelsarans. Orð h. Ritningar eru svo ljós, að þau útilykja hverskonar annan skilning og útþýðingu; því, hver er sá, er lesi þessi orð Postulans, er ekki sjái og skilji, ef hann, að öðru leyti, er óháðr hleypidómum, að í þessum orðum ræði um sakramenti, það er að skilja um sýnilegt merki, er sett sè af Guði til að tákna og veita náð hans. »Sè einhver veikr«, segir Postulinn, »hafi hann drýgt syndir, munu þær verða honum fyrirgefnar«;

---

ins, og um leið þiðja yfir honum með þeim bænum, er Sakramentis hinnar Síðustu Smurníngar fer fram með; alt þetta er ljóst af orðum gríska frumritsins; en með því höfundar Oxfordsútgáfunnar þýða: „fyrir honum", útilykja þeir augsýnilega hina sakramentislegu bæn, og binda merkíngu þessara orða við hverskonar bænir, er prestrinn *getr gjört eins* vel heima hjá sèr og allsstaðar; en til þess verða þ *afbaka* frumritið.

hvað útheimtist meira en þetta til þess að mynda Sakramenti í eiginlegum skilningi orðsins? Hèr er til staðar efni, form, sá er þjónar, og sá er þjónustaðr er, tilgangr og verkun ekki að eins líkamleg, heldr og andleg, í einu orði, náð Guðs. Alt það er innibinzt í Sakramenti, er tekið fram í textanum með svo skýrum orðum og með þeirri fyllingu, sem er meir en yfirfljótanleg. Heyrum að eins orð hins h. Innocentíusar 1., hann mun fræða oss um það, að fornkirkjan hefir lagt þann sama skilning í orð hins h. Jakobs postula, sem vèr enn í dag: »það er enginn efi um það« segir hann, »að »þessi orð hins h. Jakobs (V, 14, 15.) eigi að útþýðast »eða skiljast um hina trúuðu, er sjúkir eru og geta »verið smurðir hinni heilögu krisma-olíu« og þar á eptir »bætir hann við: »Við þá, er í skriptum eru, getr Smurn»ingin ekki verið viðhöfð, af því að hún er eitt af Sakra»mentunum. Eða, hvernig gæti þeim veitt verið »eitt af Sakramentunum, er neitað er um hin Sakramentin?«[1].

6. grein.

Um Vígslusakramentið.

Það er eitt af atriðum hinnar katólsku trúar, að Vígslan sè sannarlegt Sakramenti. Orð h. Ritningar, hin munnlega kenning Postulanna eða traditíónin, og eindregin vitnisburðr Kirkjufeðranna sanna það fyllilega, að náð Guðs veitist með hinni h. Vígslu, er fullgjörist fyrir orð og útvortis merki í nafni Drottins. Það er því óyggjandi, að Vígslan er sannarlega og eiginlega eitt af hinum 7 Sakramentum í katólsku Kirkjunni. Enda segir hinn h. postuli Páll í síðara brèfi sínu til Tímo-

1) ep. XXV, c. 8 ad Decentium.

teusar: »Eg minni þig á að glæða hjá þèr náð Guð er þèr er veitt með minna handa uppáleg ingu; því Guð hefir ekki gefið oss anda hugleysisin heldr anda máttar, kærleiks og stillingar«[1]. Handa upp leggingin, er Postulinn tekr hèr fram, innibindr, eins c kirkjufundrinn í Tríent lýsir yfir, öll þau skilyrði, er ei Sakramenti útheimtir, þ. e.: útvortis merki, er veitir Gu náð, sem verkfæri Guðs til þess; um það útvortis merk er fólgið er í handa uppáleggingu með bænum, er einni getið í Post. gjörn. bók VI, 6; það er Vígslan, er hi postullega tratitíón eða munnlega kenning og allir Kirkj feðrnir tileinka krapt til að afreka náðargjöf Guðs og t að veita þeim, er meðtaka hana, það einkenni, er aldr verðr afmáð. Vígslusakramentið myndar prestastèttin er innibindr biskups og prestsembættið. Engin trúa brögð eru þau til, er ekki hafi prestastèttina einkum í þessari aðalástæðu, að það geti ekki verið trúarbrögð nema þau hafi fórnargjörð. »Fórnargjörð og prestsem bættið«, segir kirkjufundrinn í Trient, eru svo innileg »sameinuð, að hvorttveggja hefir átt og á sèr sta »eptir öllum lögmálum. Eins og því katólska Kirkja »hefir viðtekið í hinu nýja sáttmáli, eptir innsetning »Drottins vors, hina sýnilegu fórnargjörð h. Kvöldmál »tíðar, þannig hljóta menn einnig að viðrkenna, að »Kirkjunni sè til nýtt, sýnilegt og útvortis prestsembætt »er komið sè í stað hins gamla (er var hjá Gyðingum[2] »Að þetta prestsembætti hafi verið sannarlega stofnað a »Drottni vorum og Endrlausnara, og að Postularnir o »þeir, er eru eptirmenn þeirra í prestsembættinu, hal »meðtekið af honum myndugleika til að helga og ti »að fórnfæra líkam hans og blóð, og til að úthluta

1) 2. Tím. I, 6. — 2) Ebr. VII.

»þeim[1], sem og til að leysa og binda syndirnar[2], það »er það, er hin h. Rit sýna, og það, er hin munnlega »kenning katólsku Kirkjunnar hefir jafnan kent«[3]. — Eptir það, er vèr höfum sagt í greininni um Sakramenti yfir höfuð, virðist oss ekki þörf á að tilfæra önnur orð en þessi, er hinn h. Ágústínus hefir, þar sem hann ritar á móti villu Donatistanna. Þeir hèldu, að prestar gæti með syndum sínum mist Vígslusakramentið, svo að það yrði að ítrekast, þá er þeir höfðu gjört iðrun, en að Skírnarsakramentið gæti menn ekki mist. En þessi eru orð hins h. Læriföðurs: »Skýri þeir sjálfir frá, »hvernig Skírnarsakramentið geti ekki glatazt, en Vígslu»sakramentið geti glatazt; því að ef hvorttveggja er »Sakramenti, sem enginn efast um, hvers vegna »skyldu menn geta mist annað þeirra, en hitt ekki? »hvorugu sakramentinu má gjöra rangt«[4].

7. grein.

Um Hjónabandið.

Um þetta atriði kennir katólska Kirkjan það, er jafnan hefir ætlað og kent verið hjá öllum kristnum mönnum, þ. e., að Hjónabandið sè sannarlegt Sakramenti, og að band þess sè óleysanlegt.

Það er þá fyrst, að Hjónabandið er Sakramenti. Eins og það var í upphafi sett sem eðlileg sameining til æxlunar mannkynsins, svo hóf Frelsari vor það og í lögmáli náðarinnar til Sakramentislegrar tignar, til æxlunar og uppfæðslu lýðs, er á að þjóna Guði og tilbiðja hann í þeim trúarbrögðum, er sonr hans Jesús Kristr, Frels-

1) Matt. XVI; Mark. XIV; Lúk. XXII; Jóh. Guðsp. XX; Ebr. V. — 2) Jóh. Guðsp. XX, 21—23; Matt. XVIII, 18. — 3) Sess. XXIII, cap. 1. — 4) c. ep. Parm. l. II, c. 13, n. 30.

ari vor, hefir stofnað. Þegar Drottinn vildi gefa oss glögt merki og trúa líkingu þessarar nánu einingar, er hann hafði gjört við Kirkju sína, og hinnar miklu ástar, er hann ber til vor, er limir erum líkama hans, þá hefir hann sýnt oss þenna mikla og guðlega leyndardóm með hinni heilögu og órjúfanlegu sameiningu manns og konu, af því Hjónabandið er hið nánasta af öllum þeim böndum, er sameina mennina sín í millum, og af því að eiginn maðr og eigin kona eru bundin hvört öðru hinni styrkvustu ást og hinum algjörvasta velvilja. Hèr af kemr það, að h. Ritning talar svo opt um hið guðlega samband, er sameinar Jesú Krist við Kirkju sína, svo sem væri það Hjónaband. Hinn h. Páll talar og um hið kristna hjónaband og ber það saman við þessa helgu og óleysanlegu sameiningu, sem er í milli Jesú Krists og Kirkju hans, og hann talar um þessa h. sameiningu, sem hún sè fyrirmynd þeirra manna, er í hjúskap eru. Hann endar líkingu sína með þessum orðum: »Þessi leyndardómr (μυστήριον) er mikill, en eg segi þetta um Krist og Kirkjuna« (Efes. V, 32). Hèr er komið undir, að skilja rètt þessi orð. Þetta orð: »leyndardómr«, þýðir, segja Mótmælendr, ekki það sama sem orðið: »Sakramenti«; látum svo vera. En þegar Mótmælendr segja, að Skírnin og h. Kvöldmáltíð sè Sakramenti, leggja þeir þá í orðið annan skilning en þann, er liggr í orðinu: »leyndardómr« (μυστήριον)? Þeir skilja eins og vèr við þessi tvö orð, sýnilegt merki, útvortis athöfn og orð, er tákna hlut, sem menn ekki sjá, og þá náðargjöf Guðs, er dylst fyrir vorum líkamlegu augum. En þar sem, eptir því sem þeir sjálfir hljóta að viðrkenna og eptir berum orðum h. Ritningar, Hjónabandið er merki og ímynd þessarar h. sam-*einingar, sem* er í milli Jesú Krists og Kirkju hans,

leiðir þar af, að þau útvortis merki upp á sameiningu milli hjónanna, tákna, að það verðr að vera á milli þeirra sameining, er sè eins heilög, eins innileg, og eins óleysanleg, eins og sameiningin milli Jesú Krists og Kirkju hans, sameining, er augsýnilega getr engan veginn átt sèr stað án öldungis sèrstaklegrar náðar Guðs. Heimta Mótmælendr annað en þetta til hugmyndarinnar um Sakramenti? Alt eins og Skírnin táknar náðina, er hreinsar sálu vora af syndinni, og eins og Kvöldmáltíðin táknar náðina, er nærir og styrkir sálu vora, þannig táknar Hjónabandið þá náð, er á helgan hátt sameinar huga og hjarta hjónanna. Eins og Jesús Kristr hefir sagt: »sá, er trúir og verðr skírðr, mun hólpinn verða« (Mark. XVI, 16), og enn fremr: »ef nokkur etr af þessu brauði, mun hann lifa til eilífðar« (Jóh. Guðsp. VI, 51), þannig hefir hann einnig sagt: »maðrinn má ekki skilja það, sem Guð hefir sameinað« (Matt. XIX, 6); það er þá líka náð Guðs, sem sameinar hjónin. — En hvað snertir sjálft orðið »leyndardómr«, þekkja Mótmælendr, ef til vill, annað orð í hinni grísku tungu en orðið μυστήριον, til að þýða bókstaflega með orðið: »Sakramenti?« Hèr við má samanbera það, er sagt hefir verið bls. 147—148.

Katólska Kirkjan kennir í annan stað, að Hjónabandið sè, hvað band þess snertir, alveg óleysanlegt, það er að skilja, að annað hjónanna geti með engu móti inn gengið nýtt hjónaband, meðan hitt er á lífi. Í sannleika, ef Jesús Kristr, eptir að hann hafði tekið Kirkjuna sèr fyrir brúði, og gefið henni í heimanmund sitt dýrmæta blóð með öllum þeim náðargjöfum, er þar af renna, hefði þegar gleymt henni og ofrselt hana villunni, ef hann hefði látið hana spillast svo mjög, að hún,

eins og Mótmælendr hafa látið sèr um munn fara, hefði orðið hin »babílóniska hóra«, þá hefði hann gefið með slíkum skilnaði lítið uppbyggilegt eptirdæmi þeim af sínum trúuðu, er ganga í hjónaband; en því fer betr, Guði sè lof, að þessi áburðr Mótmælanda er í rauninni ekki annað en guðlast gegn þeirri trúfesti, er Frelsari vor og Drottinn hefir heitið brúði sinni, hinni heilögu Kirkju. Slík trúfesti hefir Jesús Kristr viljað að sè milli þeirra trúuðu sinna, er sameinaðir eru með Hjónabandssakramentinu. Eptir að Mótmælendr voru búnir að taka Hjónabandið úr tölu sakramentanna, hafa menn sèð þær skaðsamlegu afleiðingar af villu þeirra. Þeir hafa haldið og halda þeirri skoðun fram, að það mætti leysa hjónabandið. Lúter og þeir, er honum fylgdu, hafa enda farið svo langt í þessu, að þeir hafa mælt hórdómi bót og löggilt fleirkvæni, með því þeir leyfðu landgreifanum af Hessen að hafa tvær konur í senn[1]. Höfundrinn að »Sam.« minnist, þrátt fyrir það, þó hann segist ætla sèr að bera katólska trú saman við trú Mótmælanda, ekki með einu orði á þenna lærdóm síns trúarfèlags, er kennir að leysa megi hjónabandið. Hann hefir, ef til vill, hugsað, að þessi kenning ekki gjöri flokki sínum mikinn sóma, og hann fer víst ekki skakt í þessu, því þessi

1) Höfundar siðabótarinnar og höfðingi þeirra fyrstr í flokki hafa gjört svo lítið úr sèr að skrifa undir hið svívirðilega og ókristilega bónarbrèf, er hórdómsmaðrinn Landgreifinn af Hessen bað þá að skrifa undir. Hið ósæmilega leyfisbrèf þeirra endar þannig: „Reiðubúnir og undirgefnir þjónar Hátignar yðvarrar: M. Lúther, Ph. Melanchton, M. Bucerus, A. Corvinus, Adam, G. Leningue, Just. Vinferte, D. Melanther". — Sjá áreiðanleg skírteini hjá Bossuet, í „Sögu hans um trúarbreytingar hinna protestantisku Kirkna". — Audin í „Æfisögu Lúters" III. bindi, sönnunarstaðina.

ing Mótmælanda kemr í bága við siðalögin og bein-
í stríð við skýr og vafalaus orð h. Ritningar.
um orð Drottins: »Maðrinn má ekki skilja það,
Guð hefir sameinað« (Matt. XIX, 6). Þessi
eru ljós. Og þau eru við höfð hjá Mótmælöndum,
jón eru gefin saman; en opt kemr það fyrir skamt
á eptir, að sá sami prestr, er hefir haft þessi orð
tveimr hjónum, er hann gaf þau saman, hafi þau
ı orð upp aptr yfir öðru af þessum hjónum, er
st öðru á ný, þó hitt lifi enn. Og þannig verðr
að Mótmælendr skilja það að, er Guð hafði
einað, og þar af leiðir aptr, að orð Drottins verða
uð. Höldum áfram að heyra orð Drottins: »Hver
segir skilið við konu sína og gengr að
ı aðra, drýgir hór, og hver sem tekr þá konu,
kilið hefir sig frá manni sínum, drýgir hór«
. XVI, 18); og enn fremr: »Hver sem segir
ið við konu sína og gengr að eiga aðra,
ı drýgir hór móti henni, og ef kona skilr við
ın sinn og giptist öðrum, þá drýgir hún líka
(Mark. X, 11, 12). S. Páll segir einnig: »Gipt
er að lögum bundin við manninn, meðan hann
r, en deyi maðrinn, þá er hún laus við lögmál
nsins. Þess vegna mun hún hórkona kallast,
ún verðr annars manns kona að manninlifanda« (Rómv. VII, 2, 3). Það finst, ef til vill,
rt það atriði í h. Ritningu, um hvert vilji Drottins
og Frelsara sè ljósara tekinn fram, en um þetta
i. Af þessari ástæðu hefir katólska Kirkjan ætíð
þoðið og fyrirdæmt hjónabandsleysingarbrotið; og
r hún af einhverjum mikilvægum rökum hefir fundið
ıi til að leyfa skilnað að samvistum, eða að borð

og sæng, þá hefir hún jafnan strengilega bannað þeim þannig aðskildu persónum, að gipta sig á ný, og skuldbundið þær til að lifa ógiptar, eðr að taka aptr saman. Þessu samkvæmt segir hinn h. Páll postuli: »Hinum giptu skipa eg, þó ekki eg, heldr Drottinn, að konan skuli ekki skilja við mann sinn; en ef hún er skilin við hann, þá sè hún ógipt, ellegar taki aptr saman við mann sinn« (1. Kor. VII, 10, 11).

Að þessi kennig katólsku Kirkjunnar um Hjónabandið sè miklu helgari, heilsusamlegri og heillaríkari fyrir mannlegt fèlag og sannarlegt siðgæði, en kenning hinna ýmsu trúarbragðaflokka, er sagt hafa skilið við þá almennu o: katólsku Kirkju, því mun enginn sá meðal Mótmælanda, er hreinskilinn er og heiðvirðr maðr, geta neitað, er hann rennir, þó ekki sè nema snöggvast, augum yfir þann afgrunn eymdar og spillingar, er kenning prótestantisku trúarinnar getr steypt mönnum í, og þegar hann sèr, hversu aumkunarlega hjónabandinu er komið hjá öllum þeim Mótmælöndum, þar sem lögmæti hjónaskilnaðar, og því einnig hórdómr (sem er nauðsynleg afleiðing þar af, eins og ljóst er af orðum h. Ritningar), er viðrkendr og honum mælt bót af þjónum hinnar svo kölluðu siðabótar. Þannig fer því fram í hinni hreinu evangelisku Kirkju!!

Hvað oss Katólska snertir, þá erum vèr sælir í hinni almennu trú, er uppi hefir verið og við haldizt alt frá dögum Postulanna, viðvíkjandi Hjónabandssakramentinu; og vèr þökkum gæzku Guðs af öllu hjarta fyrir það, að hann af sinni miklu náð hefir annazt, heiðrað og helgað upptök vorrar fæðingar, og það band, sem er hið helgasta og óslítanlegasta í mannfèlaginu, og undirstaða alls *siðgæðis.*

Þriðji þáttr.

Um dýrkunarlærdóm katólsku Kirkjunnar.

FYRRI KAPÍTULI.

Um Guðsþjónustuna.

Með því að byrja með að tala um tilbeiðslu, er vèr erum Guði einum um skyldugir, kennir katólska Kirkjan, að þessi tilbeiðsla sè einkanlega innifalin í því, að trúa því og játa það, að Guð sè Skapari og Drottinn allra hluta, og í því, að vèr bindum oss af öllum kröptum sálar vorrar með trú, von og kærleika við Hann, sem þann, er einn getr veitt oss lukku, með því að veita oss hin óendanlegu gæði, það er, Hann sjálfan. Þessi innvortis tilbeiðsla, er vèr vegsömum Guð með í anda og sannleika, á að vera sýnileg; það kemr fram einkanlega með fórn, er getr ekki verið borin fram nema fyrir Guð einn, af því fórn er stofnsett til þess, að gjöra opinbera játningu og hátíðlega viðrkenningu á Guðs almætti og okkar eigin vanmegni. Hin sama katólska Kirkja kennir, að öll Guðsdýrkun eigi að enda á Guði, eins og á sínu hæsta og einasta takmarki, og að öll guðleg dýrkun og tilbeiðsla, sem væri veitt skepnunum, hversu háleitar og heilagar sem þær geta verið, mundi vissulega og sannarlega ekki vera annað en skurðgoðadýrkun, er allir kristnir menn eiga að hafna með viðbjóð. — Að þessi, og engin önnur sè sú kenning, er katólska Kirkjan hefir jafnan haft og hefir, það er það, sem allir *Mótmælendr*, er búa yfir hreinskilnu hjarta,

játa og viðrkenna, og að öðru leyti þarf, til þess að geta haft fulla sannfæringu um þetta mál, ekki nema að þekkja lítið eitt til hinna katólsku kirkjusiða. Vèr skulum því ekki fara lengra út í þetta atriði.

Það er heldr ekki nauðsynlegt, að því er oss virðist, að leiða rök að því, að útvortis og sýnileg Guðsdýrkun sè nauðsynleg og ómissandi; því, hver er sá, er ekki viti, meðal annars, hvílík áhrif orðið hafi á hugsunina, verknaðrinn á viljann, ræðan á tilfinninguna, og það svo mjög, að hugsanir vorar ná ekki til fulls inn í meðvitundina, fyrr en þær eru búnar að ganga gegnum hin ytri skilningarvit, og eptir að vèr erum búnir að koma orðum að þeim, og menn eru búnir, að eg komist svo að orði, að sjá þær íklæddar orðinu? Ef maðrinn að öðru leyti er skyldr til að sýna Guði lotningu og dýrkun — og hver dirfist að neita því? — þá liggr sú skylda á manninum í heild sinni; hans ímyndunarafl, hans líkami og öll hans skilningarvit, andi hans og sála hafa þessa skyldu. Hinn h. Páll postuli flytr oss einmitt þetta boðorð: »Vegsamið Guð með yðar líkama« segir hann (1. Kor. VI, 20); og hvað gæti maðrinn að öðru leyti gjört við sína líkamlegu náttúru, ef hann ekki léti hana, og það í heild sinni, taka þátt í þessari Guðsdýrkun? Maðrinn er nefnilega ekki eintóm andleg vera, og það er ekki á valdi hans að afklæðast sínu manneðli eða líkamlegu eðli sínu; hann verðr að fá því einhvern starfa, meðan hann veitir Guði þá lotningu og tilbeiðslu, sem hann er skyldr til. Það sem holdlegt er í náttúru hans, hlýðir honum annaðhvort eða ber hann ófriði, og þó það ekki væri til annars en komast hjá því síðara, þá á maðrinn að gjöra sèr þessa náttúru undirgefna, og láta *hana* verða sèr samtaka í Guðstilbeiðslu sinni.

Þessar hugleiðingar, svo einfaldar, svo eðlilegar, svo aðgengilegar og auðskildar fyrir hvern þann, er að eins hefir heilbrigða skynsemi, eru einsamlar nægar til þess að réttlæta allar þær katólsku tíðagjörðir. Já, þær eru vissulega einhlítar til þess, að koma hverjum góðum og skynsömum manni í skilning um alla helgisiði katólsku Kirkjunnar, er að öðru leyti eru svo samhljóða hinum sanna anda kristindómsins, þótt menn bæði opt og bitrlega hafi fært að Katólskum út af þeim. Menn skilja þá knèfallið, er vèr beygjum líkama vorn með fyrir Guðs óendanlegu hátign og dýrð, upp á það að andi vor og hjarta vort ekki láti sig afvegaleiða af líkamanum, meðan vèr auðmýkjum oss og lítillætum fyrir Guði. Menn láta sèr þá einnig skiljast, hvers vegna vèr álítum það nytsamlegt, já mjög nytsamlegt, að minsta kosti fyrir allan þorra manna, að halda sèr niðrlútum, ef þeir geta það, meðan þeir biðjast fyrir, að falla fram og á knè; og hvernig förum vèr að? Vèr leitumst við af öllum huga og hjarta, að láta ekki huga vorn dragast á meðan af skilningarvitunum til annarlegra og gagnstæðra hluta; vèr tökum skilningarvitin á mála í þjónustu Drottins, með öllu því hugsunarafli, sem oss er gefið, alt eins og hygginn herforingi gjörir við upphlaupsmenn og hugleysingja, er hann ekki þorir að trúa, hann blandar þeim innan um hina dátana, er hann þekkir að drengskap, og þrýstir þeim með þessu móti til að berjast. Og þegar á alt er litið, hvað geta menn brugðið oss um í þessu tilliti? Gjörum vèr annað en að fylgja dæmi Jesú Krists, hins guðlega Frelsara vors? Sjáum vèr ekki, að hann »fèll á knè og bað« (Lúk. XXII, 41)? Og segir h. Ritning oss ekki, að hann »hafi fallið fram á sína ásjónu og beðið (Matt. XXVI, 39)? Og stendr það ekki

ritað: »Svo sannarlega sem eg lifi, segir Drottinn, fyrir mèr skulu öll knè sig beygja, og allar tungur vegsama Guð« (Rómv. XIV, 11)? Og þó skyldu finnast þeir menn, er ekki eru betr kristnir en svo, ekki betr en svo gagnteknir af sama anda Evangelii, að þeir hæðast og gjöra gys að knèfalli voru? hvernig getr það verið, að það finnist þeir menn, er sè svo athugalausir, að þeir gjöri oss að athlægi enda fyrir það, er vèr gjörum beinlínis eptir dæmum vors guðlega Endrlausnara? þetta gegnir vissulega furðu! það er því ekki til neins fyrir þá, að eyða hèr orðum og verki; þeirra gys, aðhlátr þeirra og sáryrði skulu aldrei skelfa oss, aldrei skulu þau aptra oss frá að fylgja voru guðlega eptirdæmi, því Jesús Kristr er ekki einungis kominn í heiminn til þess að flytja kenningu sína, heldr og til þess að gefa oss eptirdæmi. »Eins og eg«, segir hann, »hefi gjört, þá gjöri þèr einnig«. Já sannarlega, hans dæmi viljum vèr fylgja í öllu, ekki einungis í þeim hlutum, er nauðsynlegir eru heldr og í öllum þeim hlutum, er oss eru sjálfráðir; og ekki getum vèr fengið af oss að trúa því, að vèr fyrir þessa skuld eigum það skilið, að oss sè borið á brýn að Guðsþjónustugjörð vor sè lík hinni gyðinglegu Guðsþjónustugjörð. Það varðar oss litlu, hvað Gyðingar hafa gjört. Vor guðlegi Endrlausnari hefir gefið oss eptirdæmi í því efni, og h. Ritning getr þess á fleirum stöðum en einum. Gyðingar tilbiðja einnig Guð; ættum vèr þá að hætta að tilbiðja hann, til þess að þóknast nokkrum mönnum, og til þess þeir gæti ekki fengið tækifæri til að bera oss saman við Gyðinga? Nei, í engan máta.

Guðsþjónusta, útvortis og sýnileg Guðsþjónusta er því algjörlega nauðsynleg, að minsta kosti fyrir allan *þorra manna; og* Mótmælendr, er búa yfir guðræknilegri

tilfinningu, játa það einnig og eru þessu samdóma. En nú er þessi spurning ein eptir: Í hverju er þessi Guðsþjónusta fólgin, og hvernig á maðrinn að tilbiðja Guð? Maðrinn getr ekki leyst sjálfr úr þessari spurningu. Guð sjálfr verðr að vera dómari í því, hverja þjónustu maðrinn eigi að veita honum. Það er því ekki á hvers einstaks manns valdi að skapa sèr sjálfum, hvernig hann eigi að tilbiðja Guð, heldr er það Guðs eins að gjöra það, eða þeirra, er hann sjálfr hefir sett hèr á jörðu til þessa eins og sína fulltrúa; og Mótmælendr neita þessu heldr ekki, einmitt fyrir þá sök, að þeir hafa tekið sèr þann myndugleika að breyta Guðsþjónustugjörðinni, eins og þeir höfðu breytt kenningunni og lærdóminum; en eins og hver skynsamr maðr getr sèð og skilið af því, er vèr erum búnir að taka fram um Kirkjuna og myndugleika hennar, þá er hún ein innsett sem fulltrúi Guðs hèr á jörðu; og það er auðsèð, að Mótmælendr, meðan þeir ekki eru búnir að sýna og sanna, að þeir hafi fengið umboð af Guði til að flytja kenningu sína, ekki eiga sjálfir ráð á því að breyta Guðsþjónustunni, eins og þeir ekki heldr eiga það, hvað kenninguna snertir.

Þess ber vel að gæta, að sú Guðsþjónusta, er vèr Katólskir höldum enn þann dag í dag, er hin sama, er alt af hefir verið haldin og höfð um hönd í Kirkjunni í sameiningu með þeirri aðalathöfn, er hún er bygð á, o: hinni h. messufórn. Þegar vèr töluðum um messufórnina, sýndum vèr það, að hún hefir ætíð átt sèr stað í Kirkjunni; og Mótmælendr lýsa því annaðhvort sorglegri vankunnáttu í kirkjusögunni, eðr og hlutdrægni, sem er enn þá sorglegri, þegar þeir mótmæla því, að Messufórnin eigi að vera og hafi ætíð verið aðalatriði í allri Guðsþjónustu Kirkjunnar, og eins og ágrip hennar allrar.

Vèr viljum gjöra hèr eina athugasemd, sem
mikilvæg.

Kristindómrinn er endrreisn mannlegrar náttúru fy
Krist. Alt það er nær til mannlegrar náttúru, og
það, er getr sameinazt henni, hlýtr að taka þátt í
njóta góðs af afleiðingum þeim, er þessari endrbót e
samfara. Öll verk Guðs standa í sambandi hvert
annað, frá Kerubim til jurtarinnar, frá henni til stein
ins. Aðdáanleg keðja gengr frá einum hring til anna
gegnum öll stig sköpunarinnar, og samtengir þau m
blíðri og innilegri einingu. Maðrinn einkum er sa
einingarliðr milli hins ósýnilega andanna heims og hi
sýnilega heims líkamanna; maðrinn stendr mitt á m
beggja heima, á hæsta stigi í öðrum þeirra, á því læg
í hinum, og án þess að hafa truflandi áhrif á hvorug
nálægir þessa tvo heima hvorn öðrum, og tengir
saman. Maðrinn er samansett vera, er fær vökva
næringu bæði af jörðunni og af himni ofan, hann g
hvorki hafnað eða slitið sig frá þessum nè hinum heir
hann getr ekki breytt stöðu sinni, ekki úrkynjast e
gjörzt göfugri án þess að það í sama skilningi hafi
hrif á þá stöðu, er hann er miðpunktr í. Á gullal
hans upprunalegu ákvörðunar hlýddi öll náttúran man
inum eins og konungi sínum, og átti í honum að up
hefjast til hinna andlegu yfirburða og vegsemdar,
með því að fráhverfast Guði fyrir vanbrúkun síns frjál
ræðis dró maðrinn hið andlega niðr í hið holdlega,
þetta afhvarf hafði áhrif á gjörvalla náttúruna. Hún kom
upp frá þessu í baráttu við mannînn, og hann svipti ha
hinum upphaflega tilgangi hennar, með því að gjö
hana samseka í sinni óreglu og synd.

Sá, er rèð bót á þessari miklu óreglu, hið san

Orðið, er hafði skapað og tilsett hina upphaflegu reglu, Kristr, er kominn í heiminn til þess að reisa hið fallna. Í þessu augnamiði tók hann á sig mannlegt eðli, það er að skilja vorrar sálar og líkama vors, í einu orði, gjörvalt það eðli, er frummyndar vorn líkama og viðheldr lífi hans. Frelsari vor og Drottinn hefir, eins og svo fagrlega og djúpvitrlega er tekið fram í vorum helgu Ritum, streymt niðr frá himnum ofan, og sprottið fram úr jörðu[1]. Þannig var hann báðr öllum þeim nauðþurftum og öllum vanmætti veikrar náttúru er vèr erum undirorpnir, og það fyrir skuld syndarinnar, er hann kom til að friðþægja fyrir. En einmitt með þessari friðþægingu hefir hann endrreist náttúruna, helgað hana og innsett aptr með oss í sèr á það stig, er vèr höfðum felt hana frá; og í ummyndun hans og uppstigningu til himna er það ekki einungis vor eigin náttúra, heldr og hið jarðneska frumefni náttúru yfir höfuð að tala, er þegar eru byrjuð að verða í honum hluttakandi þeirrar vegsemdar, sem hann hefir búið veginn fyrir, og sem vèr á síðan munum geta náð.

Jesús Kristr hefir þannig í sinni persónu endrreist mannlegt eðli í öllum greinum þess, og um leið alt hið sýnilega og ósýnilega, er þar nær að; og því fer hinn h. Páll postuli þessum fögru orðum: Kristr »er ímynd »ósýnilegs Guðs, frumgetningr allrar skepnu; því að í »honum er alt skapað, það sem á himnum er, og það »sem er á jörðu, hið sýnilega og hið ósýnilega, bæði »hásæti og herraveldi, höfðingjadómar og yfirráð; allir »hlutir eru skapaðir fyrir hann og til hans. — Það þókn»aðist (Guði) að öll fylling skyldi búa í honum og að »koma öllu í sátt við sig fyrir hann, með því hann samdi

1) Esajas, XLV, 7.

»frið fyrir blóð hans á krossinum, bæði því er á jörðu »er, og því er á himnum er«[1].

Þegar þetta er nú statt og stöðugt, sem og það, að sú dýrkun, er vèr veitum Guði, er ekki annað en afleiðing og heimfærsla af þeirri, er vort Höfuð og Herra vor, Jesús Kristr, fyrstr allra veitti Guði sínum Föður, þá liggr það fólgið í því guðlega fyrirkomulagi og niðrskipun, að vèr í minningu endrbótarinnar og hinnar almennu friðþægingar gjörum hluttakandi í þessari dýrkun ekki einungis sátargáfur vorar, heldr einnig krapta líkama vors, og enda annara líkamlegra hluta í ríki náttúrunnar, er þeim eru háðir, og að vèr í aptrhvarfsferð vorri drögum alt til baka með oss Guði til vegsemdar, eins og vèr drógum í fráhvarfi voru alt með oss inn í vora óreglu og synd. Að vísu eru þessi þrjú stig í hluttöku hinnar guðlegu dýrkunar ekki öll jafnmikilvæg, hin andlega dýrkun og tilbeiðsla á að vera og er hin fyrsta og hæsta; en hin sýnilega Guðsdýrkun, útvortis tilbeiðsla, getr, þar sem hún er mynduð og löguð eptir hinni andlegu, ekki annað en fylgt henni á eptir, og hún hlýtr aptr að sínu leyti að mynda og að laga á sama hátt náttúruna, sem hún er umkringd af, og sem hún ræðr yfir. Þetta þrent leiðir af sjálfu sèr. Sá er elskar, hann getr ekki látið vera að tala um ástina, og að fara orðum um hana, og hann lætr ekki þar við lenda, heldr fær hann líka alla þá, er hann nær til og kringum hann eru, til að gjöra slíkt hið sama, og það er svo langt frá því, að hann með því að fara þannig að, kæfi niðr eða úttæmi ástartilfinninguna, sem hèr er það ríkjandi afl, að hún miklu fremr verðr enn þá breiðni við alt það, er hlutaðeig-

1) *Kóloss.* I, 15, 16, 19, 20.

andi leggr í sölurnar, og hún lyptist hærra upp við hvert aptrkast eða mótspyrnu. Vèr höfum í h. Ritningu fagrt dæmi upp á þenna sannleika. Lítum á Maríu Magdalenu: guðleg ást hafði gagntekið sálu hennar. Hvernig ber hún sig þá að? Lætr hún lenda við það, að votta þessa ást sína með innri tilfinningu og að eins andlega? Geymir hún ástina í brjósti sèr? Nei, engan veginn. Hún flýtir sèr að leita upp Frelsara sinn, Herra sinn og Drottin, og undir eins og hún nær fundi hans, varpar hún sèr fyrir fætr honum, hún krýpr að þeim, með tárin í augunum, hún umfaðmar þá, hún kyssir þá hvað eptir annað, hún þerrar þá með hárlokkum sínum, og veitir lotningu sína ekki einungis af öllu hjarta sínu og öllu sínu hugskoti, heldr og með öllum sínum líkama; hún gjörir enn meira en þetta: hún tekr fram smyrsla-krús, kostagrip mikinn, er ekkert átti skylt við huga hennar eða líkama, og lætr hana taka þátt í dýrkun og lotningu þeirri, er hún vottaði blíðum Frelsara með huga sínum og líkama; eins og hjarta hennar var sundrkramið, þannig brýtr hún þessa smyrsla-krús, og tæmir hana eins og hún hafði tæmt sig að tárum; hún vill hefna fyrir Guð með þessari sinni veglyndu útsóunarsemi, fyrir þá syndsamlegu brúkun, er þessi smyrsli voru ætluð til gegn honum, og í staðinn fyrir það, að brúkunin var veraldleg og syndsamleg, varð hún nú guðrækileg og helguð, alt eins og ástin, er knúði hana til að frambera smyrslin, var guðrækileg og heilög. En var þessi hennar dýrkun og lotning fyrir það ekki tilbeiðsla í anda og sannleika? Heyrum vèr Drottin. Drambsemi Fariseanna hneyxlaðist á þessum lotningarvotti, er þeim þótti ganga úr hófi fram; en Jesús lýsir ánægju sinni yfir honum, og tekr sèr af því tilefni til

að finna að þeim köldu viðtektum og rýrum sóma, er hann hafði fengið hjá þeim manni, er hafði boðað hann til sín: «Sér þú konu þessa?» segir hann; «eg kom »í hús þitt, og þú gafst mèr ekki vatn að þvo í fætr »mína, en hún vætti þá með tárum sínum og þerraði »þá með hári sínu. Koss gafst þú mèr engan, en frá »því eg kom hér, hefir hún ekki hætt að kyssa fætr »mína. Ekki smurðir þú höfuð mitt með viðsmjöri, en »hún hefir smurt fætr mína með smyrslum. Vegna þess »segi eg þèr, að hennar mörgu syndir eru henni fyrir»gefnar, með því hún elskaði svo mikið«[1]. Þannig verðr það, að hin sama innvortis Guðsdýrkun færir með sèr og rèttlætir þá útvortis dýrkun, vegna þess sameiningarbands, er óslítanlega sameinar andann og líkamann, og fyrir það aptr alla sýnilega líkami umhverfis í heiminum, og að hin sanna Guðsþjónusta ummyndar og endrbætir alla hluti, með því að leiða þá aptr til Höfundar og Endrbætara allra hluta; og þannig er það, að öll náttúran, eptir því sem kostr er á, upplífguð af anda síns drottnara, eða mannsins, sameinar sig honum í lotningarfullri tilbeiðslu, og verðr honum samferða og samverkandi í aptrhvarfi hans, eins og hún áðr hafði ofrselt sig honum og orðið honum samsek í hans óreglum.

Það er á þessum breiða, örugga og eðlilega grundvelli, að hin sanna Guðsdýrkun, hin almenna eða katólska Guðsdýrkun, stendr og hvílir.

Þessar athugasemdir geta, vonum vèr, gjört hverjum heilvita manni skiljanlegt það skraut og þá prýði, er á sèr stað í vorum kirkjum og alla þá viðhöfn, er kemr fram í helgisiðum Katólskra. Eg bið lesendr mína að vara sig á því, að festa trúnað á öllu því geipi, er í

1) *Lúk.* VII, 44—47.

þessu efni kemr fram hjá höfundinum að »Sam.«. Eg veit ekki, hvort mèr skjátlast, en mèr kemr það svo fyrir, að alt, er vèr höfum sagt í bók þessari, minni mann á að hafa gætr á sjálfum sèr gagnvart því, er höfundrinn að »Sam.« lætr sèr um munn fara. Það ræðr að líkindum, að það sè ógjörningr að fara út í hvert einstakt atriði í þeim mikla grúa af ástæðulausum og ósönnuðum sakargiptum, er hann ber oss Katólskum á brýn. Vèr ætlum oss því einungis að taka fram eitt eða tvö atriði[1].

Höfundrinn segir, að Guðsþjónustugjörð katólsku Kirkjunnar »hafi ekki þann tilgang, að uppfræða eða uppbyggja söfnuðinn«, að hún sè »dauð þjónusta, að hún »sverji sig í mörgu tilliti í

1) Þar sem höfundrinn (bls. 292, 293) er að tala um helgisiði vora, þá sýnir hann enn í þessu, hve lítt hann er gagntekinn af kristilegum anda og lítt fróður í þeim efnum, sem hann þó dæmir með þeirri djörfung, er enginn sá mundi leyfa sèr, er hefði kynt sèr þetta efni. Já, hve óskiljanlegt er það ekki að sjá mann, er vill álítast kristinn, og sýnist sem hann trúi á almætti Krists, að gjöra sèr að spotts- og athlátrsefni þá blessun, er veitt er í nafni Krists? — Fyrsta bók Móisesar kennir oss (III, 17), að Guð hafi, af óendanlegu rèttlæti sínu, bölvað líflausum hlutum til refsingar þeirrar syndar, er vorir fyrstu foreldrar drýgðu. Þessari bölvun getr eigi orðið af lètt, og hún eigi snúizt í blessun, nema með almætti Jesú Krists og verðleikum hans. Þetta æðsta vald, er Jesús Kristr hefir fengið prestum sínum í hendr, hafa þeir um hönd, er þeir blessa þá hluti, er maðrinn hefir sèr til nota. Getr þá nokkur kristinn maðr kallað það (eins og höfundrinn að „Sam.“ gjörir) hjátrú, að ætla, að Kirkjan geti með bænum sínum, fyrir verðleika Jesú Krists, helgað að nýju þá hluti, er skapaðir hafa verið manninum til nota, en Guð hefir í rèttlátlegri reiði bölvað? Eða segir ekki S. Páll sjálfr (I Tim. IV, 5): „Öll skepna Guðs .... helgast af Guðsorði og bæninni?

ætt við hina heiðnu þjónustugjörð«[1]; en sè þessu þannig varið, þá hljóta menn um leið að játa, að þau áhrif, er slík ókristileg þjónusta geti haft á hjörtu manna, hljóti að vera þessu lík og að minsta kosti mjög þýðingarlítil. En hvernig stendr þá á því, að Mótmælendr eru svo hræddir við hana? Hvað kemr þá til þess, að mèr t. a. m. er skipað »að sjá um, að enginn meðlimr íslenzku þjóðkirkjunnar sè viðstaddr við þjónustugjörð mína?« Ef katólska Kirkjan »setr sèr ekki það mið, að hafa með orðinu andleg áhrif á huga og hjarta mannsins«, ef hún jafnvel »útilykr þjónustu orðsins«, ef það er »einkennilegt Guðsþjónustu katólsku Kirkjunnar, að boðun orðsins, prèdikunin, verði þar alveg út undan«, og ef hinn katólski prestr er »ekki kennimaðr«[2], þá þurfa Mótmælendr víssulega ekki að vera hræddir við, að katólskir prestar dragi og laði menn til sín; en hvað kemr þá til þess, að Mótmælendr geta ekki þolað, að þeir ljúki upp sínum munni, þar sem þó Vinasambandsmenn (er flytja kenningu, sem er þó miklu fráleitari kenningu hinna svo kölluðu rèttrúuðu Lútersku, en kenning katólsku Kirkjunnar) hafa leyfislaust og frjálslega mátt prèdika hvervetna á öllu Íslandi? Sè það svo, að hin katólska Guðsþjónusta hafi í mörgum greinum á sèr gyðingatrúarblæ og jafnvel heiðinglegan, og að hún megi »með fullum rètti« (?!) kallast »andstyggileg hjáguðadýrkun« (!!) og »Baalsdýrkun« (!!), eins og höfundrinn að »Sam.« opt er að klifast á[3], þá leiðir þar af auðsjáanlega, að hún getr ekki verið óttaleg; Mótmælendr ætti þá sömuleiðis, í staðinn fyrir að vera að hamla mönnum frá að vera viðstöddum

1) Samb. bls. 294, 295. — 2) s. s. og bls. 296. — 3) bls. 253 *og 292—303 víða.*

við slíka ókristilega og andstyggilega Guðsþjónustugjörð, að láta sem flesta vera viðstadda, til þess að þeir geti haft andstygð og viðbjóð á henni.

En hèr kemr önnur mótbára höfundarins að »Sam.«. »Hin katólska Guðsþjónusta, segir hann bls. 300, er »bygð á þeirri ímyndun, að tíðagjörðin ein og ytri »helgisiðir afli manninum sèrlegra verðugleika »og helgunar í augum Drottins og hafi það mið, »að friðþægja Guð við manninn». En hvar hefir hann sèð það? Hver hefir sagt honum þetta? Það er eintómt hugsmíði hans og hègómleg ímyndun. Vissulega hefir engin katólsk bók nè nokkur katólskr maðr frætt hann um það; því það má fullyrða, að það finst enginn sá einfeldningr, sem, ef hann er spurðr um það, hvort hann trúi því, að bænin sè einungis fólgin í orðum, hvort hann hafi þá skoðun, að hin sanna tilbeiðsla og dýrkun sè öll fólgin í ytri helgisiðum, og hvort hann haldi það, að hin katólska Guðsþjónusta ekki sè annað en ytri þjónusta, og að ytri helgisiðir og ytri þjónusta geti hreinsað manninn, og helgað hann í augliti Guðs, það finst enginn, segi eg, sem ekki mundi hlæja að þvílíkum spurningum, og halda, að það væri verið að gera gys að honum. Því getr nokkur sá verið til, er trúi slíkri heimsku og hègiljum, gagnstæðum öllum kristindómi? Og það er sannarlega bágt að trúa því, að nokkur sá, er hefir nokkra trúarhugmynd, geti leitt sèr í hug, að kristnir menn geti þannig fært gys að hinum fyrstu undirstöðu-atriðum kristilegrar trúar.

Vèr eigum eptir að taka fram eitt atriði, er að vísu virðist nokkuð meira varið í, en í alla þá fánýtu orðamælgi og dylgjur höfundarins, þar sem hann fer að tala um latneska *málið*, er tíðagjörðir í katólsku Kirkjunni

fara fram á; hann kemst þar svo að orði bls. 299: »Ef »snúið væri tíðagjörð kirkjunnar á aðrar tungur, gæti hver »leikmaðr með eigin augum prófað inntak messusöngs»ins, og borið það saman við lærdóm h. Ritningar, og »með því móti leiðzt í freistni, að ráðast á kenningu »katólsku Kirkjunnar. Þetta sèr katólska Kirkjan alt »glöggiega, og kýs því heldr samkvæmt grundvallarreglu »sinni, að láta alþýðu vera án uppfræðingar og upp»byggingar, heldr en að stofna valdi sínu og áliti í þann »háska, sem óvíst er hvort hún muni geta ráðið fram »úr». Það er í sannleika mjög svo leiðinlegt og ekki heldr greitt aðgöngu að þurfa að eiga orðastað við þann mótstöðumann, hvers orð menn verða alt af að bera til baka eða rengja sem ósönn, og það í þeim atriðum, sem svo er hægt að fá þekkingu á. En þetta erum vèr þó neyddir til að gjöra enn á þessum stað. Vèr getum sýnt, hverjum sem hafa vill, franskar, enskar og danskar útleggingar af messusöngsbókum vorum; því þær eru og hafa ætíð verið þýddar á þjóðmálin allsstaðar, þar sem nokkur katólskr söfnuðr er til, svo að hver og einn getr haft bók sína og fylgt allri Guðsþjónustunni; og þetta gjöra líka allir menn hjá Katólskum, er lesandi eru[1]; og af þessu er auðsætt, að Guðsþjónustugjörð Kirkjunnar er engan veginn fyrir alþýðu »óskiljanlegr leyndardómr», eins og höfundinum þóknast að í-

1) En þeim mönnum, er ekki kunna að lesa, eru tíðagjörðir Guðsþjónustunnar útskýrðar munnlega frá prèdikunarstólnum eðr og í sèrstaklegum lestrum, er fyrir þá ern gjörðir. Og því verðr vissulega eigi neitað, að fyrir þá menn er Guðsþjónustugjörðin eigi síðr uppbyggileg á latínu en á móðurmáli þeirra, því að þegar margir menn syngja saman (og jafnvel þó fáir sè) þá er eigi áu bókar hægt *að skilja það, er* sungið er.

nynda sèr (bls. 299). Þessi fáu orð nægja til að sýna, að höfundrinn hefði getað komizt hjá því að koma með þessi ósannindi, með þessar ástæðulausu og hégómlegu mótbárur, hefði hann að eins kynt sèr ofrlítið það efni, er hann tók sèr til umræðu. Katólska Kirkjan viðheíir og heldr bæði í öllum guðfræðislegum efnum, sem og þeim, er snerta siðalærdóm og tíðagjörðir, hið latneska mál; og hver skynsamr maðr mun játa, að þetta er mjög vitrlega gjört, því latínan er sú tunga, sem ekki er neinum breytingum undirorpin, eins og á sèr stað með öll lifandi mál, er alt af hljóta að breytast. Menn þýða lærdóminn og tíðagjörðirnar fyrir alþýðumenn á þeirra eigin tungu, og menn geta því breytt þýðingunni eptir kröfum málsins, en latínan viðhelzt ætíð óbreytt, eins og lærdómr Kirkjunnar, siðafræði hennar og tíðagjörðir, og hver helzt útlegging á hverju máli sem hún svo er samin, á að vera samhljóða því latneska frumriti. Það er í augum uppi, að það á vel við, að hin almenna Kirkja, sem er útbreídd meðal allra þjóða, sem eru svo ólíkar og margbreyttar, hafi það mál, sem er almennt, og að sú Kirkja, er á að vaka yfir og varðveita eiuingu og staðfestu í trúarefnum hafi það mál, er ekki sè undirorpið breytingum. Vissulega heíir Kirkjan að styðjast við loforð síns guðlega Stofnara, fyrir því, að hún skuli geta geymt þann fjársjóð óskaðaðan, er henni hefir verið trúað fyrir; en þar í liggr, að Kirkjan á að neyta allra hinna nauðsynlegu eða gagnlegu meðala, er þar til útheimtast, en alls ekki þeirra, sem eru því augnamiði gagnstæð, t. a. m. hún getr ekki neytt sundrungar, eða neins þess, er gæti leitt til hennar, í því augnamiði að koma á einingu. Með þessu móti er séð fyrir því, að halda *uppi einingu og* staðfestu, og jafnframt er borin

umbyggja fyrir þörfum alþýðunnar með útleggingum á mál þeirra. — Þessar ótrúlegu mótbárur frá hálfu Mótmælanda sýna enn betr, hvað röksemdir þeirra eru fátæklegar og aumar, og mótsagnir þeirra ástæðulausar, er þeir verða að styðjast við, sem vilja áfella katólsku Kirkjuna. Mótmælendr gefa henni á þá einu hlið að sök, að hún hafi breytt og breyti trúarlærdómunum, en á hina bera þeir henni bitrar ákærur, og gjöra hana að athlægi fyrir það, að hún velr öll þau hagfeldustu meðöl til að varðveita og viðhalda trúnni óbreyttri.

SÍÐARI KAPÍTULI.

Um Helga menn.

1. grein.

Um tignun og áköllun Helgra manna.

Vèr lesum í h. Ritningu, að Guð hafi opt boðið mönnum að leita hjálpar í fyrirbænum bræðra sinna, er enn lifa á jörðunni, og að hann hafi lofað að bænheyra þá[1]; vèr lesum einnig í N. T., að Postularnir hafi opt boðið mönnum að biðja fyrir þeim, og hver fyrir öðrum[2]. Drottinn vor Jesús Kristr hefir sjálfr boðið oss að biðja fyrir öðrum, jafnvel óvinum, og þeim, er gjöra oss ilt: »Eg býð«, segir hann, »að þèr biðjið fyrir þeim, er rógbera yðr og ofsækja«[3]. En getr hlíðr Frelsari vor birt ljóslegar og skýrara vilja sinn um það, að allir kristnir menn skuli biðja hver fyrir öðrum, en þá er hann sjálfr virðist að kenna oss, hvernig vèr eigum að biðja? Ekki býðr hann oss að segja: »Faðir

1) 1. b. Móis. XX, 7, 17; 2. b. Móis. VIII, 29—31; 3. b. Móis. V, 6, 18; IX, 7, XII, 7; o. s. frv. — 2) Lúk. VI, 28; 2. Kor. XIII, 7, 9; Kól. I, 3, 9; IV, 3; 1. Thess. V, 17; 2. Thess. III, 1; *Ebr. XIII, 18*; o. s. frv. — 3) Matt. V, 44.

MINN«, heldr: »Faðir VOR«; ekki skipar hann oss að segja: »Gef MÈR«, heldr: »Gef OSS í dag vort daglegt brauð«; og enn fremr: »fyrirgef OSS (en ekki: mèr) VORAR skuldir«; því að, vèr erum allir bræðr, og Guð er Faðir allra, og þar fyrir biðjum vèr hann, að hann gefi bræðrum vorum alt það gott, er vèr óskum fyrir sjálfa oss. Það er þá í þessari meiningu, í þessum anda kærleikans, eptir þessu ástandi bróðurlegs samfèlags, að Kirkjan kennir oss, að það sè »gott og nytsamt að ákalla Helga menn«[1]; og Katechismus kirkjufundarins í Tríent ályktar þannig af þessari kenningu: »Ef sú meðalganga, er h. Ritning tileinkar Jesú »Kristi, skerðist við meðalgöngu hinna Helgu manna, er »með Guði ríkja á himnum, yrði hún ekki síðr að skerð»ast við meðalgöngu þeirra trúuðu, er lifa enn með oss »í þessu lífi«[2], því að það er öldungis á sama hátt, að vèr biðjum lifandi menn um fyrirbæn þeirra, sem framliðna Helga menn. Þessi rökseindaleiðsla hins Rómverska Katechismus er mjög einföld og án alls efa svo framúrskarandi, að ekkert verðr á móti haft; hún er einnig með öllu samkvæm kristinni og heilbrigðri skynsemi, og það verðr því aldrei sýnt, að hún sè í minsta máta ósamkvæm hinni kristnu kenningu. Það er vissulega af þessari ástæðu, að höfundrinn að »Sam.« hefir ekki einu sinni reynt að ráðast á hana, en hann varð fyrst að rangfæra hana; og af þessu kemr það, að menn lesa hjá honum, bls. 263: »Til sönnunar Helgra manna dýrkun[3] bera Katólskir opt fyrir, að menn

1) Conc. Trid. sess. XXV, decr. de inv. etc. — 2) part. 4, cap. VI, quis orandus sit. — 3) Allir kirkjufundir, allir Pápar, byskupar, prestar og allir leikmenn hjá Katólskum hafa ætíð tekið fram með *berum orðum og í einu hljóði* og gjöra það enn í dag, að þeir hafa

biðji hèr á jörðu hver fyrir öðrum«. En hvar hefir höfundrinn fundið það? Í hans eigin hugarlund, en hvergi annarsstaðar; því að vèr höfum ekki þessa röksemdaleiðslu nema að eins til þess, að sýna það, að meðalganga Frelsara vors skerðist ekki við áköllun Helgra manna, en alls ekki til þess að »sanna Helgra manna dýrkun«; eptir þessu er það hægt að sjá, hve ástæðulaust höfundrinn ályktar þannig: »þetta sannar alls ekki það, sem þeir ætlast til«, því að, vèr ætlumst engan veginn til þess, er hann vill láta menn halda; en miklu síðr ætlum vèr með þessari röksemdaleiðslu að sanna þenna óguðlega lærdóm, er höfundrinn vill láta menn halda að vèr kennum, þar sem hann segir: »þá leiðir engan veginn af því, að vèr eigum að sýna þeim (Helgum mönnum) guðlega lotningu«(!!). Nei, þetta guðleysi leiðir vissulega ekki þar af, en þar af leiðir það, er vèr áðr sögðum, þ. e., að meðalganga Frelsarans skerðist ekki við áköllun Helgra manna. Menn munu sjá, vona eg, og verða sannfærðir um, að ef höfundrinn hefði í þessu að eins viljað sýna lítið eitt af einlægni, þá hefði hann komizt hjá því að eigna oss þá fásinnu, er hann ber oss á brýn.

Hinn sami Katechismus Kirkjufundarins í Trient gefr oss vel að skilja, hve mikill sè mismunr milli þessarar

aldrei tilbeðið Helga menn eða veitt þeim „guðlega lotningu" (S. 268), heldr að þeir hafi að eins veitt og veiti þeim þá lofsverðu tign, er þeim sem Guðs vinum og góðum kristnum mönnum ber. En fáeinir Prótestantar, og þar á meðal höfundrinn að „Sam.", segja, að Katólskir tilbiðji Helga menn, veiti þeim guðlega lotningu!... — Hverjum eiga menn heldr að trúa? Oss Katólskum, er segjum frá því, er vèr gjörum og trúum, eða Mótmælöndum, er ekki vita eða vilja ekki vita, hvað vèr gjörum og hverju vèr trúum, *en vilja að eins finna eitthvað að því?*...

áköllunar til Guðs um hjálp, og áköllunar Helgra manna; því hann segir: »Vèr biðjum Guð að gefa oss gæði, »eða að frelsa oss frá illu; en af því Helgir menn eru »Honum þóknanlegri heldr en vèr, þá biðjum vèr þá, að »þeir taki að sèr vorn málstað og að þeir árni »oss þeirra hluta, er vèr þurfum við. Þar af kemr, að »vèr brúkum tvennskonar bænarform; í stað þess, að »vèr áköllum Guð og segjum: »Miskuna þú oss»; »bænheyr þú oss», látum vèr oss nægja að ákalla »Helga menn með ávarpinu: »bið fyrir oss«[1]. Af þessu ætti menn að geta skilið, að hvernig sem bænir þær, er vèr snúum til hinna Helgu manna, eru orðaðar, þá er þó meining Kirkjunnar sem og hinna trúuðu sú sama, er frá hefir verið skýrt, eins og þessi Katechismus staðfestir það á eptir.

En það er gagnlegt og á við, að athuga með alvörugefni sjálf orð kirkjufundarins í Tríent, þar sem hann vildi fyrirskipa byskupunum, hvernig þeir ætti að kenna um Helgra manna áköllun: »Helgir menn, er »ríkja með Jesú Kristi, flytja til Guðs bænir sínar »mannanna vegna; því er það gott og nytsamt», segir hann«, að ákalla þá (Helga menn) í auðmjúku bænar»ávarpi og að leita hjá þeim bæna, liðsinnis og fulltings, »til þess að Guð veiti oss sína velgjörninga fyrir sinn »Son Jesú Krist, Drottin vorn, sem EINN er vor »Endrlausnari og Frelsari»[2]. Því næst fyrirdæmir kirkjufundrinn þá, er flytja gagnstæða kenningu. Menn sjá því, að áköllun Helgra manna er, samkvæmt áliti kirkjufundarins, að flýja til fyrirbæna þeirra til þess að öðlast velgjörninga Guðs fyrir Jesú Krist. Því það, er vèr öðlumst með fyrirbænum Helgra manna, það

1) *part. 4. l. c.* — 2) Sess. XXV, l. c.

öðlumst vèr ekki nema að eins fyrir Jesú Krist, og í nafni hans, af því sjálfir þeir Helgu menn biðja ekki nema fyrir Jesú Krist, og eru ekki bænheyrðir nema í nafni hans, því að hann er einn Endrlausnari og Frelsari Helgra manna og vor. Þessi er sú kenning katólsku Kirkjunnar, er kirkjufundrinn í Tríent hefir ljóslega og skýlaust útlistað í fám orðum[1].

1) Höfundrinn að „Sam." sjálfr getr eigi annað en játað, að fundrinn í Tríent hafi ekkert boðið mönnum í þessu efni, heldr að eins sagt, að „það sè gott og nytsamt, að ákalla Helga menn" (bls. 259). En hann heldr sèr eigi lengi við það, er satt er, því á sömu blaðsíðu nokkrum línum neðar hefir hann þessi eptirtektaverðu orð: „fundrinn í Tríent segir, að menn EIGI að flýja til Helgra manna", og einnig, bls. 261: „Katólska Kirkjan BÝÐR að ákalla Helga menn". — En hvar hefir fundrinn sagt það? Það er vissulega ekki í þeim orðum, er höfundrinn hefir tilfært, og sem vèr gefum hèr, og það er þó út úr þessum sömu orðum, sem höfundrinn vill teygja þetta boð. — Hann hefir sagt sjálfr í formála sínum, bls. V, að hann hafi aldrei „teygt út úr orðum Kirknanna annað en það, sem beinlínis liggr fólgið í trúarjátningum þeirra"; en hèr segir hann, að þessi áðurnefndu orð fundarins í Tríent sè eigi að skilja eins og þau hljóða. Hvers vegna er „þetta ekki þannig að skilja"? hann svarar því sjálfr: „Allr lærdómr kat. „Kirkjunnar um engla og helga menn, segir hann, sýnir, að fundrinn „hafi lagt dýpri þýðingu í orð sín, en þau í fyrsta áliti sýnast að „benda til". En hvar finst þessi „allr lærdómr"? Það lætr höfundrinn menn ekki vita; og orsökina til þess er auðvelt að sjá, það er að eins af því að fundrinn hefir ekki það minsta orð um þetta boð. — Eg bið menn vel að gæta þessarar aðferðar hjá höfundinum; hann segir (259): „Fundrinn hefir verið mjúkr í orðum... í lær„dóminum um Helga menn..... hann KVEÐR ekki FASTARA „að orði en svo: að það sè gott og nytsamt að ákalla Helga „menn.... af þessu kynni að virðast, sem kat. Kirkjan gjöri eng„um að skyldu að fylgja þessum lærdómi.... En þetta er ekki „þannig að skilja (?!).... því FUNDRINN Í TRÍENT segir, að „*menn EIGI* að *flýja* til Helgra manna" o. s. frv. Hvílík hugsunar-

Eptir þessári útlistun getum vèr ekki skilið, hvernig nokkur getr borið oss á brýn, að vèr snúum oss til Föðursins í öðru nafni heldr en í Jesú nafni, þá er vèr biðjum meðlimi Jesú Krists, er einnig eru vorir meðlimir, börn hans, er vorir bræðr eru, og Helga menn hans, er vor frumgróði eru, að biðja ásamt oss og fyrir oss í nafni hins eina Endrlausnara og Frelsara vors og þeirra, að biðja vorn sameiginlegan Drottin og Guð í nafni vors sameiginlega Meðalgangara, Jesú krists. Nei, vèr getum ekki skilið það, því að orð trúarjátningar vorrar eru svo ljós og skýlaus, að engimn maðr getr á nokkurn hátt dregið úr þeim annað en það, er vèr erum búnir að útlista, nema með því móti að hann fylgi að eins í því dæmi höfundarins að „Sam.“, þ. e., með því að rangfæra orð trúarjátningar vorrar, breyta sumum, sleppa öðrum, og bæta aptr öðrum við. Vèr tilfærum hèr hvort andspænis öðru, orð kirkjufundarins í Tríent, og orð þau er höfundrinn eignar kirkjufundinum, þýðingu vora og þýðingu hans.

Orð fundarins.	Orð þau, er höfundrinn tilfærir.
..... bonum atque utile esse suppliciter eos (o: sanctos) invocare; et ob beneficia impetranda a Deo PER FILIUM EJUS JESUM CHRISTUM, DOMINUM NOSTRUM, QUI SOLUS NOSTER REDEMPTOR ET SALVATOR EST, ad eorum orationes, OPEM auxiliumque confugere.	bonum et utile est, suppliciter invocare sanctos, et ob beneficia impetranda a deo .... ad eorum orationes, OPERA auxiliumque confugere.

samkvæmni! en hreinskilnin! en sannleiks- og rèttlætisástin! ekki skulum vèr tala um hana!!!

Þýðing vor.

Það er gott og nytsamt að ákalla þá (o: Helga menn) í auðmjúku bænarávarpi, og að leita hjá þeim bæna, LIÐSINNIS og fulltings til þess að Guð veitt oss sína velgjörninga FYRIR SINN SON JESÚ KRIST, DROTTIN VORN, SEM EINN ER VOR ENDRLAUSNARI OG FRELSARI.

Þýðing höfundarins.

Það er gott og nytsamt, að ákalla helga menn í auðmjúku bænarávarpi, og að flýja til bæna þeirra, VERKA og fulltingis vegna velgjörninga þeirra, sem þeir afla oss hjá guði.....
.....
.....

Af þessu geta menn séð, að höfundrinn hefir: »VERKA« fyrir: »LIÐSINNI«, og að hann hefir slept þeim mikilvægustu og nauðsynlegustu orðum, er allr skilningr kenningar vorrar liggr í: »FYRIR SINN SON o. s. frv«. Hefði hann tilfært orð trúarjátningar vorrar eins og þau eru, mundu þau þá hafa leyft honum að álykta, eins og hann gjörir, að það »liggi í augum uppi« að kenning vor um Helga menn »geti ekki samrímzt við lærdóminn um Krist sem Endrlausnara heimsins og Meðalgangara milli Guðs og manna« (bls. 261), að hún geti ekki samþýðzt þeim grundvallarlærdómi kristindómsins, að Kristr hafi opnað oss aðgang til Guðs« (s. s.), og enn fremr, að það leiði af henni, »að friðþægingar- og frelsisverk Krists sé ekki einhlítt« (bls. 262)? Nei, vissulega ekki; en þó vildi hann umfram alt hafa þessar ósönnu ályktanir, og þá gat hann eigi komizt betr út af því, en með því að brúka þessa króka, þessa óvísindalegu og óhreinskilnu aðferð, er vèr nú sögðum frá. Ætla menn, að sannleikrinn hafi þörf á slíkum vopnum? Eða ef mótstöðumenn katólsku Kirkjunnar geta ekki ráðizt á kenningu hennar um Helga menn, nema með þess konar aðferð, sýnist þá ekki mönnum, að *kenning* hennar sé bygð á mjög styrkum og stöðug-

um grundvelli? Vèr förum ekki hèr fleirum orðum um þessa ókristilegu aðferð, og leggjum hana að eins undir óvilhallan dóm hvers kristins og skynsams lesara og undir dóm samvizku sjálfs höfundarins.

Hinn sami kirkjufundr í Tríent útskýrir ljóslega með fám orðum, hver sè andi Kirkjunnar, þá er hún færir Guði hina h. messufórn til að tigna minningu Helgra manna. Þessi tign, er vèr veitum þeim í fórnarþjónustunni, er innifalin í því að nefna þá sem trúaða Guðs þjóna í þeim bænum, er vèr flytjum honum; að þakka honum fyrir þær sigrvinningar, er þeir hafa öðlazt; og í því að biðja hann auðmjúklega, að hann láti til leiðast okkar vegna af fyrirbænum þeirra. Fyrir 14 öldum hafði hinn h. Ágústínus sagt, að menn ætti ekki að ímynda sèr, að fórnin væri borin fram fyrir hina h. Píslarvotta[1], þó að menn eptir þeim sið, er þá var viðhafðr um þann tíma í hinni almennu Kirkju, bæri þessa fórn fram yfir hinum h. líkömum þeirra, og í minningu þeirra, það er að segja á þeim stöðum, þar sem hinar dýrmætu leifar þeirra voru geymdar. Þessi hinn sami h. kirkjufaðir hafði bætt því við, að minning hinna h. Píslarvotta væri haldin við hið h. borð, þá er hin h. fórn væri fram borin, ekki til að biðja fyrir þeim, eins og menn gjöra fyrir öðrum dauðum mönnum, heldr til þess að þeir biðji fyrir oss[2]. Eg tilfæri meiningu hins h. byskups, af því að Kirkjufundrinn í Tríent hefir við næstum því hin sömu orð, til að kenna hinum trúuðu, að Kirkjan beri ekki fórnina fram fyrir Helga menn, heldr fram fyrir Guð einan, er hefir krýnt þá dýrðarkórónu, og einnig að prestrinn snúi sèr

1) De Civ. Dei. l. VIII, c. 28. — 2) tract. LXXXIV in Joan. nr. 1; *serm. XVII. de* verb. Apost.

ekki að hinum h. Pètri, eða að hinum h. Páli, til að segja þeim: eg ber fórnina fram fyrir þig; heldr gjörir hann Guði þakkir fyrir sigr þeirra, hann biðr fulltings þeirra, til þess að þeir, er vèr minnumst á jörðunni, virðist að biðja fyrir oss á himnum[1]. Þannig er það, að vèr tignum Helga menn til að öðlast náðargjafir Guðs með fyrirbænum þeirra, og hin helzta náðargjöf, er vèr höfum von um að öðlast, hún er sú, að geta breytt eptir þeim, er voru svo trúir og drengilegir stríðsmenn Drottins; og vèr erum upphvattir til að gjöra það, þá er vèr gætum að hinum lofsverðu eptirdæmum þeirra, og tignum hina sælu minningu þeirra.

Allir samvizkusamir menn, er vilja gæta vel að þessari kenningu, er vèr höfum framsett, mega til að játa, að eins og vèr ekki neitum Guði um nokkurn af þeim fullkomlegleikum, er heyra til hans óendanlegu veru, eins eignum vèr ekki hinum sköpuðu skepnum nokkurn af þeim eiginlegleikum eða nokkra af þeim verkunum, er ekki geta átt heima nema hjá Guði einum; vèr virðum ekki annað hjá Helgum mönnum, heldr en sjálfs Guðs náðargjafir, vèr tignum hjá þeim einungis þá dýrð, er sjálfr Guð í sinni ómælanlegu gæzku og rèttlæti hefir vegsamað þá með; og eins og öll tign, er veitt er þjóni, stefnir til herra hans, svo einnig tignum og vegsömum vèr Guð með því að vèr tignum helga þjóna hans, og jafnvel tignum vèr Helga menn að eins af því, að vèr erum sannfærðir um, að vèr með því móti tignum Guð sjálfan, og aukum þannig þá lotningu og dýrkun, er vèr veitum honum sem Skapara og Herra allra hluta, einum alvöldum Guði, svo að Guð í öllum greinum vegsamist fyrir Jesú Krist,

1) *Sess. XXII, cap. 3.*

»og hans sè dýrðin og máttrinn um aldir alda»[1]. Af öllu því, er á undan er komið, er það auðsætt, að tignun Helgra manna kennir oss EKKI, eins og höfundrinn að »Sam.» segir, «að gleyma Guði», að hún eignar EKKI »breyskum mönnum þá tign, sem Guði einumber», að hún kennir oss EKKI að «gleyma hinum eina Sáluhjálpara», og að hún kennir oss EKKI heldr að »tigna skepnuna fram yfir Skaparann»[2]; þvert á móti, lærdómr vor um Helga menn er ágætt meðal fyrir oss til að minnast á góðan Guð með meira þakklæti; hann kennir oss, að sá, er þorir að eigna breyskum mönnum guðlega tignun, sè ókristilegr hjáguðadýrkari; hann eykr hugmynd vora um hinn eina Sáluhjálpara, því það er fyrir hann og í nafni hans að Helgir menn biðja fyrir oss, og það er af sáluhjálplegri verðskuldun hans að fyrirbænir Helgra manna fá alla verðleika þeirra, eins og frá uppsprettu allra gæða; og loks kennir hann, að sá, er tignar skepnuna fram yfir Skaparann, sè heiðingi.

2. grein.

Um Myndir og Helga dóma.

Að því er myndirnar snertir, bannar kirkjufundrinn í Tríent með berum orðum að ímynda sèr, að það sè nokkur guðdómr eða kraptr í þeim, er menn eigi að tigna þær fyrir; hann bannar að biðja þær um neina náð og að setja neitt traust til þeirra, og hann ætlast til, að öll sú virðing, er þeim er sýnd, heimfærist til frummyndanna, er myndirnar tákna[3]. Öll þessi orð trúarjátningar vorrar eru jafnmörg merki, er miða til að greina oss frá skurðgoðadýrkurum, er höfundrinn að »Sam.« á svo marg-

1) 1. Pèt. IV, 11. — 2) Samb. bls. 263. — 3) Sess. XXV *decr. de invoc. etc.*

faldan hátt úrskurðar oss að vera í ætt við; því að vèr erum langt frá því að trúa, eins og skurðgoðadýrkarar gjörðu og gjöra, að nokkur guðdómr búi í myndunum, og eignum þeim engan krapt, nema að eins þann, að vekja hjá oss minninguna um frummyndirnar. Á þessum grundvelli hvílir sú virðing, er menn veita myndunum. Enginn getr neitað því, t. a. m., að mynd Jesú á krossinum, þá er vèr skoðum hana, uppveki sterklega í oss minninguna um þann, er oss hefir elskað og sjálfan sig gefið út fyrir oss[1]. Meðan myndin stendr fyrir augum vorum og lætr svo dýrmæta minningu viðhaldast í sálu vorri, þá erum vèr fúsir til að auðsýna með einhverjum táknum, hversu mikil þakklátsemi vor er, og vèr sýnum með því að auðmýkja oss fyrir myndinni, hversu mikil undirgefni vor er við hina guðlegu frummynd hennar. Þegar vèr einnig veitum mynd einhvers Postula eða Píslarvotts virðingu, þá er það ekki tilgangr vor að heiðra myndina, heldr að heiðra Postulann eða Píslarvottinn í myndinni. Þannig talar handbók byskupanna[2]; og kirkjufundrinn í Tríent lætr hið sama í ljósi, þar sem hann segir, að sú virðing, er vèr veitum myndunum, heimfærist þannig til frummyndanna, að með myndum þeim, er vèr kyssum og föllum á knè fyrir, tilbiðjum vèr Jesú Krist, og heiðrum Helga menn, er myndirnar líkjast[3]. Þar að auki geta menn sèð, í hverjum anda Kirkjan virðir myndirnar, með því að gæta vel að þeim heiðri, er hún veitir krossinum og guðspjallabókunum. Allir sjá, að hún tilbiðr fyrir krossinum þann, er sjálfr hefir borið syndir vorar upp á trèð[4]; og sömuleiðis, ef börn hennar hneigja

1) Galat. II, 20. — 2) Pontif. Rom. de ben. icon. — 3) l. c. — *Pèt. II, 24.*

höfuðið fyrir guðspjallabókinni, ef þau standa upp af virðingu, þá er hún er borin fram fyrir þau, og ef þau kyssa hana með lotningu, þá heimfærist öll þessi virðing til hins eilíflega sannleiks, er oss í henni er framboðinn.

Maðr verðr að vera lítt sanngjarn til þess að geta kallað skurðgoðadýrkun þá guðrækilegu tilfinning, er kemr oss til að taka ofan og hneigja höfuð vort fyrir h. krossmerki í minning þess, er krossfestr hefir verið fyrir elsku sína til vor; og sá væri alt of blindr, er ekki sæi þann mikla mismun, sem er milli þeirra, er höfðu traust á skurðgoðunum, af því þeir trúðu því, að einhver guðdómr eða einhver dygð væri, svo að segja, sameinuð við þau, og milli þeirra, er segja, eins og vèr, að þeir vilji ekki hafa myndirnar nema til þess, að lypta upp til himna anda vorum, til þess að tilbiðja þar Guð, virða Helga menn og í þeim Guð sjálfan, er höfundr er allrar helgunar og allrar náðar.

Á sama hátt eiga menn að skilja þann heiðr, er vèr veitum helgum dómum, eptir því er gjört var á fyrstu öldum kristninnar; og ef mótstöðumenn vorir athuguðu, að vèr álítum um Helgra manna líkami, að þeir hafi verið fórnfærðir Guði annaðhvort með píslarvætti eðr þjáningu holdsins og meinlætum, þá mundu þeir ekki ímynda sèr, að þessi heiðr, er vèr veitum þeim fyrir þessa sök, geti dregið oss frá þeim heiðri, er vèr veitum Guði sjálfum. Vèr getum sagt yfir höfuð, að ef þeir vildi gefa vel gaum að því, hvernig sú elska, er vèr höfum til einhvers manns, nær, án þess að skiptast, til barna og vina hans, og þar næst eptir ýmsum tröppustigum til þess, er setr oss hann fyrir sjónir og gengr í hans stað, eða til þess, sem er eptir af honum, í einu orði

alls þess, er minnir oss á hann; og ef þeir skildi, að heiðrinn hefir sama gang, af því að heiðrinn í rauninni er ekkert annað, heldr en ást blönduð ótta og virðingu; ef þeir, að lokunum, gæfi gaum að því, að öll ytri tign og dýrkun hinnar katólsku Kirkju hefir uppruna sinn í Guði sjálfum, og hverfr aptr til hans; þá mundu þeir sjálfsagt aldrei trúa því, að þessi heiðr, er Guð sjálfr hvetr til, geti vakið vandlæting hans, heldr mundu þeir, þvert á móti, sjá, að ef Guð, svo vandlætingasamr sem hann er um ást mannanna til sín, skoðar oss ekki, eins og að vèr skiptum oss á milli hans og skepnunnar, þá er vèr elskum náunga vorn fyrir sakir elskunnar til hans, þessi hinn sami Guð, þó hann sè vandlætingasamr um virðingu hinna trúuðu, skoðar þá ekki, eins og að þeir skipti í sundr þeirri dýrkun, er þeir eiga að veita honum einum, þá er þeir vegna þeirrar virðingar, er þeir hafa til hans, heiðra þá, er hann sjálfr hefir heiðrað.

Það er þó satt, að, af því hin sýnilegu virðingarmerki eru ekki öll nauðsynleg, þá hefir Kirkjan, án þess að umbreyta nokkru í kenningu sinni, getað aukið meir eða minna þessa ytri siði eptir ýmislegu ásigkomulagi tímans, staðanna og kringumstæðnanna; því hún vill ekki, að börn sín sè undirgefin, sem þrælar, hinum sýnilegu hlutum, heldr einungis að þau sè uppvakin, og eins og ámint af þeim til þess a snúa sèr til Guðs, til að bera fram fyrir hann í anda og sannleika hina skynsamlegu þjónustu, er hann heimtar af skepnum sínum.

Menn geta sèð af þessari kenningu, hversu satt það er, er eg áðr hefi sagt, að hinn mesti hlutr ágreiningsins milli vor og mótstöðumanna vorra mundi verða að engu, með því einungis að skilja rètt orðin, ef menn vildi að eins *höndla þetta* efni með kærleika, og ef þeir hugleiddi

stillilega útskýringar þær, er vèr höfum áðr gefið, og innihalda skýlausa kenningu kirkjufundarins í Tríent; þeir mundu þá hætta því, að brixla oss um, að vèr gjörum lítið úr meðalgöngu Frelsara vors, Jesú Krists, og að vèr áköllum Helga menn, eða að vèr veitum myndunum tilbeiðslu á þann hátt, er ekki getr átt nema við Guð.

Það er og satt, að með því að áköllun og nafn meðalgangarans, í vissum skilningi, geta ekki átt nema við Guð og Jesú krist, þá er hægt að misbrúka þessi orð til að gjöra kenningu vora illa þokkaða; en ef menn skilja þau hreint og beint í þessari merkingu, er vèr gefum þeim og áðr er útlistuð, þá munu þessar mótbárur missa allan sinn krapt; og ef einhverjir aðrir lítilvægari erfiðleikar verða eptir fyrir vora fráskildu bræðr, þá mun hreinskilnin neyða þá til að játa, að þeim hafi verið fullnægt í aðalumkvörtunarefni þeirra.

EPTIRMÁLI.

Vèr höfum þannig lokið voru ætlunarverki, er bundið hefir verið miklum erfiðleikum og haft í för með sèr leiðindi og þreytu. Eg segi erfiðleikum, því að, hvað getr verið erfiðara í raun og veru, en að þurfa að hrinda öllum þeim grúa af meiðyrðum, ósönnum sakargiptum, og smásmuglegum útúrsnúningi, er vèr höfum þurft að hrinda, og að draga eitthvað það út úr þeim, er fótr yrði festr á? Hvað getr verið leiðinlegra og meira þreytandi, en að þurfa við hvert fótmál að bera beinlínis til baka þau atriði, er að öðru leyti eru auðsæ og hægt að komast niðr í? Eg hefi leitazt við að útlista öll þau vèrulegustu atriði í hinni katólsku trú, en eg hefi orðið að leiða hjá mèr mörg þau atriði, er voru minna áríðandi og ekki eins mikið undir komið og þeim, er eg hefi tekið fram. Eg hefi ekki heldr tekið fram allar þær tímatalsvillur, er koma fyrir hingað og þangað hjá höfundinum að »Sam.«, og ekki heldr minzt á útleggingu hans af þeim tilvitnunarstöðum, er hann hefir tekið úr ýmsum ritum til þess að færa sönnur á mál sitt, enda þótt þýðingu þessari sè opt mjög ábótavant; og mörgu öðru hefi eg alveg slept t. a. m. mörgum mótsögnum, er finna má í bók hans; því ef eg hefði átt að taka alla bókina fyrir í heild sinni, þá hefði eg þurft að fara í hverja línu, en, eins og hver maðr getr skilið, hefði þetta ekki verið vinnandi verk fyrir mig. Eg vona, að eg hafi í þeirra augum, er líta rètt á málið, náð tilgangi mínum; en hvað þá snertir, er vilhallir eru í skoðun sinni, þá, er hafa augu til að sjá, en vilja þó ekki sjá, vitum vèr, því miðr, ekkert annað, *er vèr gètum* gjört fyrir þá, — og það gjörum vèr fús-

lega — en að biðja allsvaldanda Guð um að gefa þeim hreinan vilja og sanngjarnt hjarta.

Eg verð einnig að ætla, að eg hafi sýnt það ljóslega fyrir alla þá, er færir eru um að leggja dóm á málið, að vèr Katólskir ekki sèum valdir að, eða háðir öllum þeim hègiljum og vitleysum, er sumir menn ekki þreytast á að bera oss á brýn, enda þótt vèr sèum fyrstir til þess, að neita þeim og kasta frá oss með viðbjóð. Vèr lýsum því yfir fyrir augliti Guðs, er rannsakar hjörtun og nýrun, fyrir augliti Drottins vors Jesú Krists, er á síðan mun dæma oss alla, vèr lýsum því yfir, segi eg, að vèr höfum andstygð á öllum þeim öfgum og hègiljum, og á öllu því guðleysi, er menn svo ástæðulaust eigna oss, og vèr leggjum mál vort og þeirra á dóm hins rèttláta Dómara samvizknanna, og látum þá bera fyrir honum ábyrgð orða sinna, jafnframt því og vèr biðjum Guð af öllu hjarta, að hann snúi þeim til blessunar öllum þeim röngu og ósönnu sakargiptum, er þeir gagnvart oss gjöra sig seka í. Vèr felum það Guði, er rannsakar samvizkurnar, og góðfúsum lesara á vald, að dæma um það, hvort aðferð þeirra hefir sína rót og undirstöðu í sorglegri vanþekkingu, eða í vondum vilja, eða í hvorutveggja[1], og vèr ávörpum hvern góðan og óvilhallan mann þessum orðum:

»Látið öll hindrvitni fara um stundarsakir, auðmýkið yðr fyrir Drottni, biðjið hann að láta sitt ljós lýsa í hjörtum yðar, og einsetjið yðr að láta það lýsa yðr á rèttan veg, og yðr mun verða bjartara fyrir augum en

1) Hver heilvita maðr mun viðrkenna, að hreinskilinn rithöfundr, sem ber virðingu fyrir sjálfum sèr og lesurum sínum, verðr að þekkja nákvæmlega kenningu þá, er hann ræðst á og óvirðir með svo *miklum ofsa*.

á hinum bjartasta sólskinsdegi. Biðjið Guð um að gefa yðr sína náð, til þess að geta hafnað öllu manngreinaráliti, og allri tímanlegri hliðsjón, er kemr frá hinum vonda anda, er með þessu móti bægir fjölda sálna frá aptrhvarfi, og yðr mun veitast þessi náð; leitið Guðs ríkis, þess ríkis, er h. Ritning boðar yðr, það er Kirkju Krists, þessarar Kirkju, er stofnuð er og staðfest á hellubjargi, er nær frá Frelsaranum og Postulum hans til aldaloka, er stendr stöðug og óbifanleg, og hin hrokafullu hlið helvítis ekki fá sigrast á[1]; þessarar Kirkju, er hús er Guðs lifanda[2], ríki Davíðs forfeðr Drottins, er honum er gefið af Guði sínum Föðr[3], sauðahús Jesú Krists[4], ein hjörð með einum hirði[5], sá líkami, er Jesús Kristr er höfuð að[6], brúðr Drottins[7]; þessarar Kirkju, er ávalt er undirgefin Jesú Kristi og trúföst honum í öllu[8], er hann elskar, eir ðnn fyrir og hjúkrar eins og líkama sínum[9], er ekki blett hefir nè hrukku, eða neitt þess háttar, heldr heilög er og lýtalaus[10]; þessarar Kirkju, er máttarstólpi er sannleikans og grundvöllr hans[11]; er ein er og verðr að vara ein til aldaloka[12]; ljós heimsins, sú borg er á fjalli er bygð og fær ekki duliztl[13]; þessarar Kirkju, er á að kenna öllum þjóðum, og án þess að henni geti skjátlazt í nokkru, sannleikann, allan sannleika, ekki annað en hreinan sannleika, og hefir til þessa starfa aðstoð H. Anda

1) Matt. XVI, 18. — 2) 1. Tim. III, 15. — 3) Lúk. I, 32. — 4) Jóh. Guðsp. X, 16. — 5) s. s. — 6) Kóloss. 1, 18. — 7) Efes. V, 24—32. — 8) Efes. V, 24. — 9) s. s. 25, 29. — 10) s. s. 27. — 11) 1. Tim. III, 15. — 12) Jóh. Guðsp. X, 16; Efes. IV, 4; o. s. frv. — 13) Matt. V, 14.

og hjálp Jesú Krists, Drottins vors og Frelsara, til enda veraldarinnar[1]; leitið þessarar Kirkju í auðmýkt hjarta yðar og með bænum til Guðs, og þér munuð finna öll þessi kennimerki hjá hinni almennu eða katólsku Kirkju, og einungis hjá henni; hjá þessari Kirkju, er án afláts er sú liðandi, sú ofsókta, sú fyrirlitna, sú margprófaða og reynda eins og gull í ofni, ög er svo margir menn, eins og átti sèr stað með vorn Endrlausnara, Jesú Krist, hinn guðlega Stofnara hennar, vega að í blindum ákafa þeirra; því »lærisveininn er »eigi fyrir meistara sínum«, sagði Drottinn, »ekki »heldr þjónninn fyrir sínum húsbónda; lynda má »lærisveininum, að hann hafi sömu kjör, sem meist»arinn, og þjóninum, sem húsbóndi hans; en hafi »þeir kallað hússföðurinn Belsibúl, munú þeir miklu »heldr kalla þjóna hans það«[2]; og enn fremr: »í »heiminum munuð þèr hafa þrenging, en verið »öruggir, EG hefi sigrað heiminn»[3]. Og Kirkjan er örugg, og óbifanleg, hún stendr stöðug og fyrir utan hræðslu og skelfing, og hvílir á armi Drottins og á orði hans: »Eg er með yðr alla daga alt til enda veraldar«, og hver, er fylgir henni, mun ekki ganga í myrkri, því Hann, er ljós er heimsins, er með henni[4], og hann leiðir hana við hönd á hinni jarðnesku vegferð hennar; og hver sá, er trúlega fylgir henni á eptir, mun inn ganga með henni í bústað hins eilífa friðar, í ríki himnanna, í eilífa veizlusali Drottins vors og Frelsara Jesú Krists. Ó! að þèr allir getið öðlazt þessa náð, er hverri annari er meiri! Það er þessi

1) Matt. XVI, 18; XVIII, 19. — Jóh. Guðsp. XIV, XVI, 13; — 1. Tim. III, 15. — 2) Matt. X; — 3) Jóh. Guðsp. XVI, 33. — 4) Jóh. Guðsp. VIII, 12.

einlæga ósk, það er þessi bæn, er vèr dag hvern gjörum yðar vegna og fyrir yðr«.

Athugasemd. Ef höfundrinn að »Sam.«, eða hver annar sem vera skyldi, svarar þessari bók vorri, eins og vèr vonum, þá biðjum vèr hann, að tilfæra og það ljóslega og greinilega tilvitnanir sínar, svo að þær geti fundizt undir eins, en ekki gjöra eins og hann hefir gjört hvervetna í bók sinni, þ. e., að tilgreina að eins nafn rithöfundar eða rits; því annars verðr þess konar tilvitnunum beinlínis neitað, með því þær hafa ekkert að þýða, eins og hver maðr getr skilið. Vèr höfum enn von um það, að hann muni halda sèr fast við umtalsefnið og við þá hlið á umtalsefninu, er rætt er um, en ekki reika hingað og þangað í kringum efnið án þess þó að snerta það, eins og sumir hèr á landi eru vanir að gjöra.